












# FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað

3. mars 2012
54. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




**GEGGJAÐ STUÐ** Um fjögur þúsund unglingar úr félagsmiðstöðvum landsins komu saman í Laugardalshöllinni í gærkvöldi á feiknarlegu Samfésballi þar sem fjölmargir hljómlistarmenn stigu á stokk og skemmtu ánægðum gestum. Í kvöld verður síðan úrslitakvöld Söngkeppni Samfés þar sem þrjátíu atriði keppa um sigurinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Byrjað á hrunráðherrum

**Geir H. Haarde og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir bera fyrst vitni í landsdómsmálinu. Forsætisráðherra er á meðal þeirra sex sem kallaðir verða fyrir á þriðjudag. Þá sest Davíð Oddsson einnig í vitnastúkuna.**

**DÓMSMÁL** Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra og sakborningur, verður fyrstur í vitnastúku í landsdómsmálinu á mánudag. Samkvæmt áætlun á Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar og utanríkisráðherra í aðdraganda hrunsins, einnig að bera vitni á mánudag. Það fer þó eftir því hvort hún nái til landsins í tæka tíð, en Ingibjörg Sólrún starfar sem yfirmaður UN Women í Kabúl, höfuðborg Afganistans.

Heimildir Fréttablaðsins herma að stefnt sé á að alls sex vitni verði kölluð fyrir á þriðjudag. Fyrst eiga fjórir ráðherrar úr ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, sem Geir veitti forstöðu fram í febrúar 2009, að setjast í vitnastúkuna. Þeir eru Árni M. Mathiesen, fyrrverandi fjármálaráðherra, Björgvin G. Sigurðsson, sem var efnahags- og viðskiptaráðherra, Össur Skarphéðinsson sitjandi utanríkisráðherra og Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra. Óvissa er þó um að Árni verði kominn til landsins, en hann starfar sem aðstoðarframkvæmdastjóri Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna í Róm á Ítalíu.

Í kjölfarið mun Arnór Sighvatsson, fyrrverandi aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands og núverandi aðstoðarseðlabankastjóri, bera vitni. Að því loknu mun Davíð Oddsson, sem var formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands frá september 2005 og fram í febrúar 2009, setjast í vitnastúkuna. Davíð, sem er einnig fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins og forsætisráðherra til þrettán ára, er í dag annar ritstjóra Morgunblaðsins. Alls er búist við því að á sjötta tug vitna verði kölluð fyrir í málsmeðferðinni.

Alþingi samþykkti 28. september 2010 að ákæra Geir fyrir Landsdómi. Við sama tækifæri hafnaði þingið því að ákæra Ingibjörgu Sólrúnu, Björgvin og Árna. Alþingi höfðaði síðan málið með ákæru 10. maí 2011.

Landsdómur vísaði tveimur ákæruliðum frá í október síðastliðnum. Eftir standa fjórir ákæruliðir. Bjarni Benediktsson lagði fram tillögu um að afturkalla ákæruna á hendur Geir í desember síðastliðnum. Alþingi samþykkti á fimmtudag með 33 atkvæðum gegn 27 að vísa tillögunni frá. Því munu vitnaleiðslur hefjast á mánudag, 5. mars. **- þsj**



## Þakklátasta leikkonan

*Ástríðan og hræðslan í lífi Maríu Hebu Þorkelsdóttur.*

**fólk** 26



## Projekt Berlin

*Dagur Sigurðarson og Füchse Berlin hafa náð ótrúlegum árangri á skömmum tíma.*

**handbolti** 42

## Sérar svara spurningum

*Þrír af átta frambjóðendum til biskupsembættis segjast munu taka þátt í Gay Pride.*

**biskupskosningar** 30

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu

Sjávarútvegur | Allt | Allt atvinna













## SPURNING DAGSINS



*Siggi, varstu látinn fjúka?*

„Nei, en ég sá storm í aðsigi og ákvað að forða mér.“

Sigurður Þ. Ragnarsson, Siggi stormur, sagði sig úr Samstöðu eftir ágreining innan flokksins.“

Mál Baldurs Guðlaugssonar á leið fyrir Mannréttindadómstól Evrópu:

# Baldur kærir mannréttindabrot

**DÓMSMÁL** Baldur Guðlaugsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri, hefur falið lögmönnum á LEX að útbúa kæru til Mannréttindadómstóls Evrópu vegna meðferðar innherjasvikamáls hans í íslenska réttarkerfinu.

Hæstiréttur staðfesti um miðjan febrúar tveggja ára fangelsisdóm yfir Baldri vegna sölu hans á bréfum í Landsbankanum fyrir 192 milljónir rétt fyrir bankahrun.

Í tilkynningu frá LEX segir að það sé mat lögmanna stofunnar að með dómnum hafi í veigamiklum atriðum verið brotinn réttur á Baldri í skilningi ákvæða Mannréttindasáttmála Evrópu.



BALDUR GUÐLAUGSSON

Í tilkynningunni er vísað til ákvæða um bann við endurtekinni málsmeðferð og réttláta málsmeðferð.

Segir þar að hann hafi ekki notið réttlátrar málsmeðferðar í fernum skilningi: Hann hafi verið sakfelldur sem tímabundinn innherji en ákærður fyrir að hafa verið svokallaður annar innherji, Hæstiréttur hafi ekki tekið tillit til veigamikilla atriða í vörn Baldurs, sönnunarbyrðinni hafi verið snúið við og í síðasta lagi leiki mikill vafi á því að málið hafi notið óvilhallrar meðferðar fyrir dómi.

Kæran verður send til Mannréttindadómstólsins á næstunni, segir í tilkynningunni. Hún frestar ekki réttaráhrifunum af dómi Hæstaréttar. **- sh**

Hlýindi í febrúar hafa áhrif:

# Vara við frjókornum elris

**NÁTTÚRUFAR** Hlýr febrúarmánuður hefur dugað kínverska elrinu í Grasagarðinum til að opna og teygja úr karlreklunum sem nú hanga niður, þannig að vindur hefur greiðan aðgang að frjóhirslum og þar með geta frjókornin dreifst út í andrúmsloftið.

Á þetta er bent á vef Náttúrufræðistofnunar og að elrifrjó geti kallað fram ofnæmiseinkenni hjá þeim sem þegar eru komin með ofnæmi fyrir birkifrjóum. **- óká**



**KHAMEINI** Erkiklerkur Írans greiðir atkvæði í kosningum. NORDICPHOTOS/AFP

Kjarnorkuáætlun Írana:

# Obama segir alvöru í hótun

**ÍRAN, AP** Obama forseti segir að Bandaríkjunum sé full alvara með því að hernaður gegn Íran komi til greina, ef Íranar koma sér upp kjarnorkuvopnum.

Hins vegar varaði hann Ísraelsmenn jafnframt við því að grípa einhliða til aðgerða, sem geti orðið meira til tjóns en til góðs.

Hann sagði að stjórnvöld bæði í Ísrael og Íran geri sér fulla grein fyrir því, „að þegar Bandaríkin segja það ekki ásættanlegt að Íranar hafi kjarnorkuvopn, þá meinum við það sem við segjum.“

Litlar líkur þykja á mikilli stefnubreytingu í Íran í kjölfar þingkosninga í gær. **- gb**

# Vafasamt að bera við þagnarskyldu

**Óviðunandi er að læknar beri sjálfir ábyrgð á skráningum brjóstafyllinga. Miðlæg skráning er nauðsynleg, en landlæknir er vanmáttugur í eftirliti, segir læknaprófessor. Vafasamt er að bera við þagnarskyldu til að veita ekki upplýsingar.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Vafasamt er að læknar beri fyrir sig trúnaðar- og þagnarskyldu gagnvart sjúklingum þegar kemur að því að veita landlækni upplýsingar um konur sem gengist hafa undir brjóstastækkunaraðgerð. Þetta segir Tómas Guðbjartsson prófessor í skurðlæknisfræði við Háskóla Íslands og yfirlæknir á Landspítalanum í leiðara nýjasta tölublaðs Læknablaðsins.

Landlæknisembættið óskaði eftir upplýsingum frá lýtalæknum um brjóstastækkunaraðgerðir eftir að upp komst að iðnaðarsílíkon hafði verið sett í PIP-púða sem settir voru í rúmlega 400 konur hér á landi. Lýtalæknar telja sig bundna trúnaði gagnvart sjúklingum og vísuðu málinu til Persónuverndar, sem nú hefur málið til skoðunar.

„PIP-málið hefur komið af stað þarfri umræðu um eftirlitshlutverk landlæknisembættisins og fleiri stofnana eins og Lyfjastofnunar, og hversu vanmáttugar þessar stofnanir eru í eftirliti með læknastarfsemi utan sjúkrahúsa,“ segir Tómas. Hann segir sífellt meiri áherslu hafa verið lagða á skráningu fylgikvilla í skurðlækningum og tenginu þeirra við ígræði undanfarin ár.

Vegna þess að brjóstastækkanir fara fram á einkastofum og án þátttöku sjúkratrygginga hefur skráning á notkun brjóstafyllinga verið á ábyrgð lýtalækna sjálfra. Það er óviðunandi að mati Tómasar.

Miðlæg skráning ígræða sé nauðsynleg, jafnt í lýtalækningum sem öðrum sérgreinum skurðlækninga. „Þess vegna veldur áhyggjum að lýtalæknar hafi nýlega neitað landlækni um upplýsingar um konur sem gengist höfðu undir brjóstastækkunaraðgerð.“

Þetta eftirlitshlutverk á ekki að eiga að vera á ábyrgð einstakra lækna, sem sumir haldi skrár í einkatölvum, að mati Tómasar. Í lögum um landlækni og lýðheilsu er skýrt tekið fram að embættið eigi að hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustu á landsvísu. „Í sömu lög vantar hins vegar augljóslega úrræði til að beita viðurlögum, séu þessar upplýsingar ekki veittar.“

Tómas segir hætt við að úrskurður Persónuverndar, sem nú er beðið, geti flækt og tafið málið. „Verði það raunin er brýnt að breyta lögunum þannig að enginn vafi leiki á valdheimildum landlæknisembættisins. Hér vega hagsmunir sjúklinga þyngst.“ **thorunn@frettabladid.is**



**PIP-PÚÐI** Þörf umræða um eftirlitshlutverk landlæknis og fleiri stofnana hefur farið af stað í kjölfar PIP-málsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Ofsóknir gegn Jens lýtalækni

Umræðan í kringum PIP-brjóstafyllingarnar og sílíkonaðgerðir í landinu hafa snúist upp í ofsóknir gegn Jens Kjartanssyni lýtalækni. Þetta segir Ottó Guðjónsson, formaður Félags íslenskra lýtalækna, í grein í nýjasta tímariti Læknablaðsins.

Ottó segir fjölmiðlaumfjöllun um málið hafa keyrt algjörlega um þverbak og einkennst af dylgjum og rógburði. Þá geti Félag lýtalækna ekki fallist á að ábyrgðin liggi hjá Jens varðandi PIP-púðana, heldur alfarið hjá framleiðandanum. **- sv**

Skuldajöfnuðu samráðstjón:

# Dögun áfrýjar samráðsmáli

**DÓMSTÓLAR** Útgerðarfyrirtækið Dögun hefur ákveðið að áfrýja til Hæstaréttar dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Olís á hendur fyrirtækinu.

Helga Melkorka Óttarsdóttir, lögmaður Dögunar, segir að áfrýjunin verði lögð fram eftir helgina, en á föstudag rennur út þriggja mánaða áfrýjunarfrestur fyrirtækisins.

Olís höfðaði mál á hendur Dögun fyrir að skuldajafna á móti kröfu olíufélagsins tjóni sem fyrirtækið taldi sig hafa orðið fyrir vegna samráðs Olís, Essó og Skeljungs vegna áranna 1994 til 2001. Héraðsdómur féllst ekki á að sönnur hefðu verið færðar á tjón Dögunar vegna samráðsins. **- óká**

Forsetaframboð í þriðja sinn:

# Ástþór býður sig fram á ný

**BESSASTAÐIR** Ástþór Magnússon ætlar að gefa kost á sér í forsetakosningum í sumar. Þetta er í þriðja skipti sem Ástþór býður sig fram.

Ástþór tilkynnti um framboðið á blaðamannafundi á heimili sínu í gær. Hann segir fjölda fólks hafa haft samband við sig og hvatt sig til framboðs. „Framboðið er jafnframt áskorun til fjölmiðla, sitjandi forseta og stuðningsmanna hans að virða rétt þjóðarinnar til að velja sér forseta í opnu og lýðræðislegu ferli.“ **- þeb**

## ÖRYGGISMÁL

### IKEA innkallar ofngrindur

Neytendastofa vekur athygli á innköllun IKEA á ofngrindum úr NUTID og FRAMTID ofnum. Ofngrindin sem fylgdi getur dottið niður við notkun og valdið brunaslysum. Ofnskúffur eru hins vegar sagðar hafa passað. Innköllunin nær aðeins til ofna með framleiðsludagsetningu 1134-1150(ár/vika) og ákveðin vörunúmer.

## AKRANES

### HB styrkir Bíóhöllina

Stjórn HB Granda ætlar að leggja fimm milljónir króna í endurnýjun sýningarbúnaðar Bíóhallarinnar á Akranesi. Áður hafði bæjarstjórn Akraness hrint af stað söfnunarátaki og veitt 8 milljónum til verkefnisins.


## Sjálfsöryggi og sátt

KMS Kvíðameðferðarstöðin

### Sjálfstyrkingarnámskeið

Sjálfsöryggi og sátt er nýtt 10 skipta (20 klst.) námskeið á vegum Kvíðameðferðarstöðvarinnar þar sem kenndar eru aðferðir til að bæta sjálfstraust. Lítið sjálfstraust getur hamlað fólki í daglegu lífi, haft veruleg áhrif á lífsgæði og valdið þrálátri vanlíðan.

Námskeiðið byggir á aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar, jafnframt því sem lögð er áhersla á árvekni (mindfulness) og sátt (acceptance). Á námskeiðinu læra þátttakendur leiðir til að bæta öryggi í samskiptum og leikari kemur í heimsókn og fjallar um framkomu og líkamstjáningu.

Námskeiðið hefst miðvikudaginn 14. mars kl. 15 og munu sálfræðingar Kvíðameðferðarstöðvarinnar stýra námskeiðinu.

*Skráning og fyrirspurnir í síma 534-0110 eða kms@kms.is*
*Nánari upplýsingar: www.kms.is*


Starfsfólk Rauða krossins komið til borgarinnar Homs með hjálpargögn:

# Komast ekki inn í Baba Amr

**SÝRLAND, AP** Stjórnvöld í Sýrlandi komu í veg fyrir að starfsfólk Rauða krossins kæmist inn í hverfið Baba Amr í Homs með hjálpargögn til íbúa þar, sem vikum saman bjuggu við linnulitlar sprengjuárásir stjórnarhersins.

Hjálparstarfsfólkið er engu að síður komið inn í borgina Homs og mun bíða þar eftir því að tækifæri gefist til að fara inn í Baba Amr.

Lík tveggja erlendra blaðamanna, sem létu lífið í árásum á Homs, voru flutt frá borginni í gær til höfuðborgarinnar Damaskus. Tveir aðrir erlendir blaðamenn, Edith Bouvier og William Daniels, komu hins vegar til Frakklands í gær, viku eftir að Bouvier særðist í árásunum á Homs. Þau höfðu komist til Líbanons í fyrradag.

Frakkar sögðust í gær hafa ákveðið að loka sendiráði sínu í Sýrlandi og fleiri vestræn ríki hafa gert slíkt hið sama.

Sýrlenskir uppreisnarmenn segja að sýrlensk stjórnvöld standi enn fyrir því að taka einstaklinga úr röðum uppreisnarmanna af lífi án dóms og laga.

Talsmaður mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna sagði óstaðfestar fréttir hafa borist um að sautján manns hafi verið drepnir í Baba Amr eftir að stjórnarherinn náði hverfinu á sitt vald nú í vikunni. **- gb**




**MÓTMÆLI GEGN ASSAD FORSETA** Fjöldi manns hélt út á götur í bænum Binnish í Sýrlandi í gær. NORDICPHOTOS/AFP




**Öll innimálning**
**20% afsláttur***
**alla helgina um land allt!**

## ÓKEYPIS Litaprufur

**Gefum litaprufur á laugardag milli kl 13-15 í Skútuvogi, hámark tvær prufur á mann!**



# MÁLNINGARDAGUR FJÖLSKYLDUNNAR

### Húsasmiðjunni Skútuvogi

## Málaðu fyrir Páska
## 20% afsláttur

20% afsláttur af allri innimálningu, lökkum, loftamálningu og fleira.

## Kynnum Lady Pure Color

Einar Lárus Ragnarsson kynnir nýju möttu málninguna frá Jotun kl. 13-15.
Lady Pure Color, matta málningin sem allir eru að tala um!

## Litgreinir - við finnum litinn!

Einn fullkomnasti stafræni litgreinir landsins á staðnum!
Komdu með hvaða hlut sem er, við skönnum með stafrænum litgreini og blöndum fyrir þig málningu í sama lit! **Blöndum alla liti!**

## Lita og málningarráðgjöf

Fáðu lita og málningarráðgjöf hjá málningarsérfræðingum Húsasmiðjunnar.

## Andlitsmálun

Andlitsmálun fyrir börnin, kl. 13-16.

**TILBOÐ**
**299**
~~399~~



**Soudal akrýlkítti 25% afsláttur***
**alla helgina um land allt!**

**Soudal Akrýlkítti**
310 ml hvítt.
6510075




**1.995**
VERÐ VERND
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Juðari**
Power Plus 135W.
5245212



**Andlitsmálun fyrir börnin**

**Ókeypis ís fyrir börnin á laugardag**






*Afsláttur gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.

**Pylsa eða pizza og kók 199 kr.**
**Kaffi Garður Skútuvogi opið til kl. 17 um helgar.**

**ÍS aðeins 99 kr.**

**HÚSASMIÐJAN**

## GENGIÐ 03.03.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,5 | 126,1 |
| Sterlingspund | 199,77 | 200,75 |
| Evra | 166,22 | 167,16 |
| Dönsk króna | 22,355 | 22,485 |
| Norsk króna | 22,387 | 22,519 |
| Sænsk króna | 18,83 | 18,94 |
| Japanskt jen | 1,5384 | 1,5474 |
| SDR | 193,86 | 195,02 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 228,9994

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Yfirdýralæknir óttast ekki Schmallenberg-veiru en útilokar ekki að hún berist hingað:

# Fylgjast með útbreiðslu veiru

**LANDBÚNAÐUR** „Já, við höfum verið að fylgjast með útbreiðslu á þessari veiru. En við höfum ekki stórar áhyggjur, svo lengi sem flugan sem ber þetta finnst ekki hér á landi," segir Halldór Runólfsson yfirdýralæknir um veiru sem hefur lagst á búpening í Evrópu.

Á síðari hluta árs 2011 varð veikinda vart í nautgripum og sauðfé í Þýskalandi, Hollandi og Belgíu, af völdum veiru sem ekki hefur greinst áður. Hún hefur verið nefnd Schmallenberg-vírus. Veiran berst milli dýra með skordýrum, oftast smámýi sem ekki lifir á Íslandi svo vitað sé. Því er talið ólíklegt að þessi nýja veira berist hingað til lands.

Veiran hefur nú borist til Englands, en sauðburður er nýlega hafinn í landinu. Bresku bændasamtökin gáfu það út á sunnudag að sumir bændur hafi misst allt að fjórðung nýfæddra lamba.

Halldór segir að eftir að hafa aflað upplýsinga hjá Náttúrufræðistofnun þá liggi fyrir að flugan hafi ekki fundist hér. „En hvað verður með hækkandi hitastigi – er erfitt að spá fyrir um," segir Halldór. **- shá**



**SAUÐBURÐUR** Sauðburður er nýhafinn í Englandi og herjar þar á tugi búa. Veiran veldur vansköpun og dauða lamba. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stjórnvöld svara á næstunni:

# Mannréttindi bætt fyrir 2016

**MANNRÉTTINDI** Fulltrúi Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna kynnir 15. þessa mánaðar afstöðu Íslands til 52 af 84 tilmælum ráðsins til stjórnvalda frá því í Genf í október síðastliðnum.

„Helsta gagnrýnin sem kom fram varðandi mannréttindi á Íslandi varða fangelsismál, málefni erlendra ríkisborgara, launamun kynjanna, ofbeldi gegn konum og börnum," segir á vef BSRB. Stjórnvöld eru sögð ætla að koma tilmælunum til framkvæmda fyrir árið 2016. **- óká**



**SAMKOMULAG** Velferðarráðherra, forstjóri VMS og bæjarstjóri Kópavogs handsala samninginn. MYND/KOPAVOGUR.IS

Nýtt atvinnuverkefni:

# Atvinnutorg fyrir ungt fólk í Kópavogi

**VINNUMARKAÐUR** Atvinnutorgi fyrir ungt fólk var hleypt af stokkunum í Kópavogi í gær.

Markmiðið er, að því er fram kemur í tilkynningu frá Kópavogsbæ, að auka virkni ungs fólks á aldrinum 16 til 25 ára sem hvorki er í vinnu né skóla, og aðstoða það við að fóta sig á vinnumarkaði eða í námi.

Atvinnutorgið er tilraunaverkefni Kópavogsbæjar, Vinnumálastofnunar og velferðarráðuneytisins og er til þriggja ára.

Nú þegar eru til reiðu þrjátíu 50% störf hjá velferðarsviði bæjarins sem nýta á í þessi verkefni. **- þj**

## HALDIÐ TIL HAGA

Vegna mistaka féll niður síðasta lína leiðara blaðsins í gær. Lokamálsgrein leiðarans, sem fjallaði um uppsögn forstjóra Fjármálaeftirlitsins, er rétt þannig: „Yfirlýsingar lögmanns Gunnars fyrir hans hönd í fréttatilkynningu í gær um „sorgardag", „Sovét-Ísland", og að nú hafi Gamla Ísland sigrað Nýja Ísland eru fram úr hófi dramatískar og ekki trúverðugar. Stjórn FME virðist einmitt hafa ákveðið að taka slaginn í þágu Nýja Íslands, með því að tryggja að trúverðugleiki þeirra sem rannsaka bankahrunið sé hafinn yfir vafa."

# Lögmaður Gunnars segir sig frá málinu

**Gunnar Andersen, grunaður starfsmaður Landsbankans og Ingi F. Vilhjálmsson, fréttastjóri DV, voru yfirheyrðir af lögreglu í gær. Skúli Bjarnason segir trúnaðarbrest ástæðu þess að hann fer ekki lengur með mál Gunnars.**

**LÖGREGLUMÁL** Gunnar Andersen, fyrrverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins, var yfirheyrður af lögreglu í gærmorgun vegna kæru FME á hendur honum vegna brots í starfi. Skúli Bjarnason er hættur sem lögmaður Gunnars og segir trúnaðarbrest ástæðuna.

Starfsmaður Landsbankans, sem grunaður er um að hafa tekið saman upplýsingar um Guðlaug Þór Þórðarson alþingismann að beiðni Gunnars, var yfirheyrður í gær.

Þá var Ingi F. Vilhjálmsson, fréttastjóri DV, einnig yfirheyrður en hann er sakaður um að rjúfa bankaleynd með því að birta upplýsingarnar um Guðlaug Þór. Ingi F. er með réttarstöðu sakbornings.

Lögregla óskaði eftir frekari gögnum frá Landsbankanum og FME til viðbótar við þau gögn sem fylgdu kæru FME á fimmtudag.

Eins og greint var frá í fréttum í gær kærði FME Gunnar til lögreglu fyrir að hafa aflað trúnaðargagna frá Landsbankanum með ólögmætum hætti. Gögnin varða fjármál Guðlaugs Þórs Þórðarsonar alþingismanns.

Skúli Bjarnason hæstaréttarlögmaður, sem gætt hefur hagsmuna Gunnars Andersen vegna deilna hans við stjórn FME, sagði sig frá málinu í gær. „Nýjar upplýsingar sem fram komu í uppsagnarbréfi í gær og skýrðust með ákveðnum hætti í gærkvöldi, komu mér algerlega í opna skjöldu og eru til þess fallnar að setja málið í nýjan farveg," segir í yfirlýsingu frá Skúla. Þar kemur fram að Skúli sé enn þeirrar skoðunar að Gunnar hafi verið beittur rangindum vegna uppsagnar hans sem forstjóra. Hans aðkoma að þeim hluta málsins standi óhögguð.

Landsbankinn hefur staðfest að upplýsingar um ólöglega miðlun trúnaðargagna hafi bankinn tilkynnt stjórn FME. Starfsmaður bankans, sem var yfirheyrður í gær, hefur verið sendur í ótímabundið leyfi á meðan rannsókn málsins stendur yfir. Honum var því ekki sagt upp störfum, eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær. **- shá, sh, þsj**

## Yfirlýsing Skúla á svig við siðareglur?

Því hefur verið fleygt í samtölum Fréttablaðsins við löglærða menn að yfirlýsing Skúla Bjarnasonar, þar sem hann greinir frá því að hann fari ekki lengur með mál Gunnars Andersen vegna trúnaðarbrests, kunni að vera á svig við siðareglur Lögmannafélags Íslands. Texta yfirlýsingarinnar megi túlka sem svo að Skúli fari langt með að lýsa Gunnar sekan af því meinta broti sem kæra FME lýtur að, enda vitnar hann til upplýsinga sem var að finna í uppsagnarbréfi Gunnars frá stjórn FME.

Brynjar Níelsson, formaður LÍ, treysti sér ekki til að meta hvort um brot á siðareglum félagsins væri að ræða, þegar álitaefnið var borið undir hann í gær. Brynjar fellst hins vegar á að yfirlýsing Skúla sé sérstök og án hliðstæðu, eftir því sem næst verður komist. Brynjar bendir þar á að Skúli sjái ástæðu til að tilkynna það sérstaklega að trúnaðarbrestur hafi orðið milli hans og skjólstæðings síns.





**VIRKJANIR** Bæjarstjórn Grindavíkur samþykkti á dögunum að hefja deiliskipulagsbreytingar vegna tilraunaborana HS Orku í Eldvörpum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILLA

Bæjarstjórn Grindavíkur:

# Skipulagsvinna vegna borana í Eldvörpum

**ORKUMÁL Grindavíkurbær mun á næstunni hefja vinnu við breytingu á deiliskipulagi við Eldvörp í bæjarlandinu vegna fyrirhugaðra tilraunaborana HS Orku.**

**HS Orka hafði óskað eftir því við skipulags- og umhverfisnefnd bæjarins að vinna færi í gang og lagði fram lýsingu og matslýsingu vegna borteiganna. Bæjarstjórn samþykkti svo tillögu nefndarinnar um að ráðast í skipulagsvinnuna.**

**Fram hefur komið að Alterra, móðurfélag HS Orku, stefni að því að virkja um 50MW úr Eldvörpum og nýta vegna álvers Norðuráls í Helguvík.** **- þj**

Inflúensutilvikum fækkar:

# Flensan virðist á undanhaldi

**HEILBRIGÐISMÁL** Fjöldi tilkynninga til sóttvarnalæknis um inflúensulík einkenni virðist hafa náð hámarki, að því er fram kemur á vef Landlæknisembættisins.

„Samkvæmt fjölda tilkynninga fyrri hluta þessarar viku samanborið við vikuna á undan, var toppurinn sennilega í síðustu viku. Gera má því ráð fyrir að tilfellum fari fækkandi næstu vikur." Tekið er fram að bæði börn og fullorðnir leiti til læknis með einkenni. **- óká**




## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**HELDUR HVASST** hjá okkur um helgina og verða suðvestlægar áttir ríkjandi með éljum eða slydduéljum vestan til á landinu en vætu eystra í dag. Kólnar ekki neitt að ráði fyrr á morgun og þá fyrst vestanlands. Lítur úr fyrir stormasaman mánudag.




### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Basel | 16° |
| Berlín | 8° |
| Billund | 5° |
| Frankfurt | 13° |
| Friedrichshafen | 15° |
| Gautaborg | 5° |
| Kaupmannahöfn | 5° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 13° |
| Mallorca | 16° |
| New York | 15° |
| Orlando | 31° |
| Ósló | 4° |
| París | 17° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 2° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is




Íslenska ánægjuvogin er könnun sem Samtök iðnaðarins, Stjórnvísi og Capacent Gallup standa sameiginlega að.

Könnun Seðlabankans leiðir í ljós vantrú á peningastefnunni:

# Markaðsaðilar svartsýnir á verðbólgu

**EFNAHAGSMÁL** Markaðsaðilar á skuldabréfamarkaði búast ekki við því að Seðlabankanum takist að ná verðbólgumarkmiði sínu á næstu tveimur árum. Þá gera þeir ráð fyrir 4,3% meðalverðbólgu næstu 10 ár sem er talsvert umfram markmiðið um 2,5%. Þetta eru niðurstöður könnunar sem Seðlabankinn stóð fyrir á meðal markaðsaðila um væntingar þeirra til þróunar hagstærða næstu misseri.

Könnun sem þessi verður framvegis lögð fyrir markaðsaðila ársfjórðungslega en hún er að erlendri fyrirmynd.

Leitað var til alls 27 markaðsaðila á skuldabréfmarkaði, nánar tiltekið banka, lífeyrissjóða, verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, verðbréfamiðlana og eignastýringarfyrirtækja.

Niðurstöður könnunarinnar voru þær að markaðsaðilar búast við því að verðbólga verði 5% eftir eitt ár og 4,7% eftir tvö ár. Verðbólga mældist 6,5% þegar könnunin var send út en samkvæmt verðbólguspá Seðlabankans verður verðbólgan komin niður í 3,6% í lok árs. Þá búast markaðsaðilar við 4,3% meðalverðbólgu næstu tíu árin.

Í takt við þessar væntingar um verðbólgu búast markaðsaðilar við því að stýrivextir Seðlabankans hækki um 0,75 prósentustig á þessu ári. Þá hækki bankinn vexti um 0,25 prósentustig til viðbótar á fyrsta fjórðungi næsta árs. - mþl



**SEÐLABANKINN** Markaðsaðilar virðast hafa litla trú á getu Seðlabankans til að ná verðbólgumarkmiði sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**KJÖRKASSINN**



*Fylgdist þú með leikjum íslensku landsliðanna í knattspyrnu í vikunni?*

| | |
|---|---|
| Já | 20,6 |
| Nei | 79,4 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Hefur þú farið í bíó á árinu?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir


**Prófkvíðanámskeið**

KMS Kvíðameðferðarstöðin

Flestir finna fyrir einhverjum kvíða í kringum próf. Hæfilegur kvíði getur verið hvetjandi og gagnlegur þegar mikið liggur við en þegar kvíði er orðinn þrálátur, veldur vanlíðan eða hefur áhrif á frammistöðu er ástæða til að grípa inn í.

Kvíðameðferðarstöðin stendur nú fyrir 7 skipta (14 klst) námskeiði við prófkvíða.

Námskeiðið byggir á aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar og er miðað við þá sem að finna fyrir miklum og hamlandi kvíða í prófum eða í prófaundirbúningi.

Námskeiðið hefst þriðjudaginn 20. mars kl. 15 og munu Ólafía Sigurjónsdóttir og Sigurbjörg J. Ludvigsdóttir sálfræðingar stýra námskeiðinu.

*Skráning og fyrirspurnir í síma 534-0110 eða kms@kms.is*
*Nánari upplýsingar: www.kms.is*


# Innstæðutryggingar alltaf út í krónum

**Már Guðmundsson seðlabankastjóri kallar eftir því að lögfesta verði svokallaðar þjóðhagsvarúðarreglur til að styðja við hagstjórn og Seðlabanka. Efnahags- og viðskiptaráðherra tekur undir með Má og segir mikla vinnu fyrir höndum.**

**EFNAHAGSMÁL** Már Guðmundsson seðlabankastjóri kallar eftir því að verulegar takmarkanir verði settar við lánveitingum í erlendri mynt til heimila. Þá telur hann æskilegt að festa í lög að innstæðutryggingar verði aðeins greiddar út í íslenskum krónum.

Þetta var meðal þess sem kom fram í erindi Más á ráðstefnu sem Landsbankinn stóð fyrir á fimmtudag undir yfirskriftinni „Staðan á Íslandi – fjármálastöðugleiki".

Gerði Már gjaldeyrishöftin að umtalsefni og sagði það mikilvægt til lengri tíma litið að afnema höftin sem séu skaðleg. Már bætti þó við að áður en til almennrar losunar kæmi þyrfti að huga að nýjum ramma utan um peningastefnuna sem og almenna efnahagsstjórn á Íslandi. Þá væri æskilegt að lögfesta ákveðnar þjóðhagsvarúðarreglur með það fyrir augum að auka stöðugleika í hagkerfinu.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

Talaði Már meðal annars um að minnka þyrfti áhættu þjóðarbúsins vegna fjármagnshreyfinga og bankastarfsemi yfir landamæri. Taldi hann því næst upp sex varúðarreglur sem skynsamlegt gæti verið að lögfesta á Íslandi þar á meðal tvær reglur er varða starfsemi innlendra banka erlendis. Annars vegar að takmarkanir yrðu settar á slíka starfsemi sem gæti kallað á ábyrgð íslenskra skattborgara og hins vegar að innstæðutryggingar yrðu aðeins greiddar út í krónum.

Steingrímur J. Sigfússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, er sammála Má um að þessi atriði þurfi að skoða vandlega. Varðandi innstæðutryggingar segist hann taka undir með Má að æskilegt sé að lögfesta að innstæðutryggingar verði aðeins greiddar út í krónum en bendir á að Íslendingar eru þó í þessum málaflokki bundnir af evrópsku lagaverki.

Þá segir hann að fara þurfi vel yfir hvort ástæða sé til að takmarka lánveitingar í erlendri mynt. Nauðsynlegt sé að læra af reynslu síðustu ára og vonandi sé hægt að tryggja að fjármálakerfið verði heilbrigðara í framtíðinni með löggjöf og í framkvæmd. Loks segir hann enn mikla vinnu bíða á þessu sviði. magnusl@frettabladid.is



**MÁR GUÐMUNDSSON** Seðlabankastjóri kallar eftir því að lögfestar verði svokallaðar þjóðhagsvarúðarreglur til að styðja við hagstjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Hvað eru þjóðhagsvarúðarreglur?

Seðlabankinn gaf í desember árið 2010 út ritið Peningastefnan eftir höft, þar sem leitast var við að gera grein fyrir helstu sjónarmiðum sem koma til álita þegar tekin er ákvörðun um fyrirkomulag gengis- og peningamála á Íslandi eftir að gjaldeyrishöftin hafa verið afnumin. Í ritinu kemur fram að sú skoðun njóti vaxandi fylgis meðal sérfræðinga að Seðlabankanum nægi ekki að hafa það eina stjórntæki til að geta breytt stýrivöxtum. Til að tryggja bæði verð- og fjármálalegan stöðugleika þurfi Seðlabankinn fleiri stjórntæki. Í því samhengi hefur verið litið til svokallaðra þjóðhagsvarúðarreglna eða -tækja (macro-prudential tools) sem skilgreina má sem reglur eða önnur verkfæri sem snúa að stöðugleika fjármálakerfisins í heild fremur en að einstökum fjármálastofnunum. Nánar tiltekið er með þessum tækjum reynt að horfa á samspil þjóðarbúsins í heild, tengsl milli fjármálastofnana og þeirra markaða sem þau starfa á og verðlagningar áhættu í fjármálakerfinu. Markmið þeirra verður þá annars vegar að draga úr hvata til ósjálfbærrar skuldsetningar á þenslutíma og hins vegar að gera fjármálakerfið betur í stakk búið til þess að takast á við fjármálaáföll.

Héraðsdómur telur breytt deiliskipulag í Húsahverfi í Grafarvogi vera löglegt:

# Þakhýsi sem sneri aftur fær að vera

**DÓMSMÁL** Þakhýsi á Suðurhúsum 4 fær að vera þar áfram samkvæmt dómi Héraðsdóms Reykjavíkur.

Nágrannarnir í næsta húsi kröfðust þess að þakhýsið yrði fjarlægt. Eigendur þess höfðu áður tekið það niður í desember 2008 eftir að Hæstiréttur dæmdi það ólöglegt en settu það aftur upp í ágúst í fyrra eftir að Reykjavíkurborg breytti deiliskipulagi Húsahverfis þannig að viðbyggingin rúmaðist innan skipulagsins. Það sama gildir reyndar einnig um margar aðrar framkvæmdir við íbúðarhús í hverfinu sem ekki uppfylltu skilmála fyrra skipulags.

Rök nágrannanna fyrir dómi voru meðal annars þau að samkvæmt skipulagslögum væri óheimilt að breyta skipulagi þannig að þegar gerðar framkvæmdir sem áður voru ólöglegar verði lögmætar. Þar með hafi nýtt byggingarleyfi fyrir þakhýsinu verið ógilt. Héraðsdómur féllst ekki á þetta.

Að auki töldu nágrannarnir þakhýsið raska hagsmunum þeirra. Þau hafi byggt hús sitt samkvæmt fyrra deiliskipulagi og væntst þess að það mundi standa áfram. Héraðsdómur fellst hins vegar ekki á að nágrannarnir hafi getað gert ráð fyrir því að fyrra deiliskipulagið myndi „standa óbreytt um aldur og ævi". - gar



**Þakhýsi dæmt niður en komið upp aftur**

**Hjón í Grafarvogi höfða nýtt dómsmál vegna þakhýsis sen nágrannar fjarlægðu 2008 eftir dóm Hæstaréttar í kjölfar málareksturs hjónanna. Deiliskipulagi var síðar breytt. Þakhýsið er nú aftur komið á sama stað – ofan á húsi nágrannana.**

**DÓMSMÁL** „Það þarf ekki síst að vekja athygli á þessum yfirgangi hjá borginni," segir Arngunnur R. Jónsdóttir, sem enn á ný glímir við þakhýsi sem nágrannar höfðu áður fjarlægt eftir dóm Hæstaréttar en hafa nú sett upp aftur í kjölfar breytinga á deiliskipulagi í Húsahverfi í Grafarvogi.

Eigendur Suðurhúsa 4 komu fyrir viðbyggingu á þaki húss síns í ágúst 2006. Borgin hafði gefið út byggingarleyfi án þess að sinna því að setja framkvæmdina í grenndarkynningu. Því gafst nágrönnum ekki tækifæri til að gera athugasemdir við þakhýsið. Í ljós kom að viðbyggingin var í andstöðu við þágildandi deiliskipulag. Eigendur Suðurhúsa 4 létu því hífa bygginguna af húsi sínu í desember 2008.

„Það gengu aldrei frá þakinu að fullu – eins og þau gerðu ráð fyrir að viðbyggingin kæmi aftur á sama stað. Síðan fór borgin í að breyta deiliskipulaginu í hverfinu. Í því fólst að þau gætu sett þakhýsið upp aftur," segir Arngunnur og undirstrikar að við deiliskipulagsbreytinguna hafi eingöngu verið horft til aukins fermetrafjölda en ekki til þess hvort byggt væri upp eða til hliðar eða hvernig götumyndin yfirleitt ætti að vera.

Um miðjan ágúst í fyrra var þakhýsið komið upp að nýju. Arngunnur og maður hennar kærðu til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála sem ekki varð við kröfu þeirra um að ógilda nýja deiliskipulagið. Nefndin sagði gamla skipulagið aldrei hafa verið virt sem skyldi. Áhrifin gagnvart Suðurhúsum 2 væru ekki slík að leitt gæti til ógildingar.

**Í SUÐURHÚSUM 2** Hjónin í Suðurhúsum 2 fengu því áorkað með atbeina Hæstaréttar að þakhýsi nágranna þeirra var tekið niður. Nú er það komið upp aftur og blasir við þeim út um borðstofugluggann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**DÆMD OFAN AF HÚSINU** Viðbyggingin í Suðurhúsum 4 var fjarlægð í desember 2012. MYND/STÖÐ 2

Arngunnur segir lögfræðing sinn á annarri skoðun. Í lögunum sé skýrt að ekki megi breyta skipulagi til samræmis við þegar gerðar framkvæmdir sem ekki hafi uppfyllt lagaskilyrði. Málið er nú aftur komið til dómstóla.

„Þessi bygging er einfaldlega að eyðileggja fyrir okkur," segir Arngunnur. „Hún tekur af okkur sól og útsýni og það eru gluggar á þessum turni sem snúa beint út að stofunni hjá okkur svo þaðan er útsýni inn til okkar."

Ekki hvað síst segist Arngunnur ósátt við hlut Reykjavíkurborgar sem í engu hafi tekið tillit til hagsmuna þeirra hjóna. Málavextina rekur hún nánar í grein sem bíður birtingar í Fréttablaðinu. „Það þarf að varpa ljósi á það gegndarlausa ofríki sem viðgengist hefur í borginni af hálfu skipulagsyfirvalda," segir meðal annars í greininni.

gar@frettabladid.is

**FRÉTTABLAÐIÐ 20. FEBRÚAR** Fyrir stuttu kom fram hér í blaðinu að hjónin í Suðurhúsum 2 segja þakhýsi nágrannanna skerða útsýni og taka frá þeim birtu.




Arna Friðriksdóttir sjúkraþjálfari B.Sc. | Eva Sigurjónsdóttir sjúkraþjálfari B.Sc. | Svava Sigurðardóttir sjúkraþjálfari B.Sc.,MTc.

GÓÐAR FRÉTTIR ÚR KÓPAVOGI

Við bjóðum Örnu Friðriksdóttur velkomna í raðir sjúkraþjálfara hjá Sjúkraþjálfun Kópavogs.
Við fögnum því líka að Eva Sigurjónsdóttir og Svava Sigurðardóttir eru mættar til starfa á nýjan leik.

Nú leggjast fjórtán starfsmenn okkar á eitt um að veita þér stuðning til bættrar heilsu og aukins atgervis.

SJÚKRAÞJÁLFUN KÓPAVOGS
- stendur með þér -

Hamraborg 12 · 200 Kópavogi
Sími 564 1766 – 554 5488 · sjk@sjk.is · www.sjk.is





BYLGJAN 989 25 ÁRA

Hemmi Gunn
– og svaraðu nú!
Fjölbreyttur og fjörugur þáttur

alla sunnudaga klukkan 16.
Njótið vel

# RISA

## DVD MARKAÐUR







**ALLIR TITLAR 999 KR.**

**FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!**













Allt úrvalið er fáanlegt í Hagkaup Smáralind, Kringlunni, Skeifunni og Garðabæ, minna í öðrum verslunum.

24 Hagkaup **OPIÐ** allan sólarhringinn Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

**HAGKAUP** Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hver hefur um stundarsakir tekið við forstjórastöðu í Fjármálaeftirlitinu?
2. Við hvaða handknattleiksfélag var Kári Kristján Kristjánsson að framlengja samning?
3. Hver af meðlimum hljómsveitarinnar The Monkees féll frá í vikunni?

SVÖR

1. Unnur Gunnarsdóttir, yfirlögfræðingur FME 2. Þýska félagið Wetzlar 3. Davy Jones, söngvari

Tæplega fertugur maður fórst í eldsvoða í einbýlishúsi í Ólafsvík:

# Fannst látinn í brennandi húsi

**BRUNI** Maðurinn sem lést í eldsvoða í Ólafsvík í fyrrinótt hét Theódór Árni Emanúelsson. Hann var 38 ára gamall, ókvæntur og barnlaus.

Slökkvilið Snæfellsbæjar fékk tilkynningu um eld í húsinu um klukkan 2.20. Nágranni hafði þá séð glóð inn um glugga hússins. Þegar slökkviliðið kom á staðinn kom í ljós að eldurinn hafði kraumað í nokkra hríð og húsið var fullt af reyk.

Tveir reykkafarar voru sendir inn í húsið og þeir fundu manninn meðvitundarlausan á efri hæð timburhússins. Kallað var eftir lækni og björgunarþyrlu Landhelgisgæslunnar og lífgunartilraunir reyndar á vettvangi. Þær skiluðu ekki árangri. Maðurinn var fluttur á heilsugæslustöð og úrskurðaður látinn þar.

Vel gekk að slökkva eldinn en húsið er mikið skemmt. Eldsupptök eru enn ókunn en lögregla hefur óskað eftir aðstoð tæknideildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu við rannsóknina.

Bænastund var haldin á vinnustað mannsins í Ólafsvík í gær og aðstandendum hans veitt áfallahjálp. - sh



**ÓLAFSVÍKURKIRKJA** Aðstandendum mannsins var boðin áfallahjálp í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Brotum vísað til lögreglunnar:

# Veiðileyfin má ekki framselja

**TÓMSTUNDIR** Umhverfisstofnun kannaði ábendingu um að hreindýraveiðileyfi hafi verið auglýst á internetinu og komst að því að um misskilning hafi verið að ræða.

Á vef stofnunarinnar er bent á að óheimilt sé að framselja slík veiðileyfi, sem eingöngu er úthlutað með útdrætti. „Auglýsingin hefur verið fjarlægð og stofnunin lítur svo á að málinu sé lokið," segir á vefnum og áréttað að öllum ábendingum um sölu eða framsal á veiðileyfum eða tilraunum til slíks verði vísað til lögreglu. - óká

Forsetadóttir í fjölmiðlanefnd:

# Dalla til fjölmiðlanefndar

**FJÖLMIÐLAR** Dalla Ólafsdóttir hefur verið ráðin aðstoðarframkvæmdastjóri og lögfræðingur fjölmiðlanefndar. Hún hefur störf 1. júní næstkomandi.



DALLA ÓLAFSDÓTTIR

Dalla lauk prófi frá lagadeild Háskóla Íslands árið 2008. Þá lauk hún BA prófi í stjórnmálafræði frá sama skóla árið 2002. Frá árinu 2009 hefur Dalla starfað sem lögfræðingur hjá ASÍ.

Alls bárust 35 umsóknir um starfið, en þrír umsækjendur ákváðu að draga umsókn sína til baka. - sv

Um fimm prósent Dana mæta í kirkju í hverri viku:

# Kirkjur í Danmörku tvöfalt fleiri en þarf

**DANMÖRK** Rúmlega helmingur danskra kirkjusókna eru of litlar og fáliðaðar til að þeim verði haldið úti áfram. Þetta segja sérfræðingar innan dönsku þjóðkirkjunnar.

Samkvæmt nýjustu tölum þjóðkirkjunnar eru færri en þúsund sóknarbörn í 1.144 sóknum, en sóknir þjóðkirkjunnar eru 2.201. Í fjörutíu sóknum voru sóknarbörnin færri en hundrað.

Sókn með færri en þúsund sóknarbörn á erfitt með að viðhalda kirkjustarfi, og því er augljóst að sóknirnar eru of margar, er haft eftir aðalritara Kirkefondet, sem er stofnun innan þjóðkirkjunnar.

Þótt meðlimum þjóðkirkjunnar hafi fækkað mikið á undanförnum áratugum hefur aðeins níu kirkjum verið lokað frá árinu 1849. Þjóðkirkjan á 2.354 kirkjur, en innan við 275 þúsund manns eða fimm prósent Dana mæta í kirkju í hverri viku.

Málefni kirkjunnar hafa verið í umræðunni í Danmörku undanfarið. Átta biskupar af ellefu sögðu í viðtali við BT fyrr í mánuðinum að þeir byggjust við því að fjölda kirkna yrði lokað á næstu árum.

Búist er við því að kirkjumálaráðherra Danmerkur leggi fram frumvarp í haust sem myndi heimila sóknarnefndum að taka ákvörðun um lokun viðkomandi kirkju. - þeb

# Siggi stormur úr Samstöðu

**Lilja Mósesdóttir sendi Sigurði Þ. Ragnarssyni tölvupóst í gær sem ætlaður var öllum öðrum í stjórn Samstöðu. Bréfið er útskýring á brotthvarfi hans úr flokknum. Sigurður segir efni þess ýkjur og lygar.**

**STJÓRNMÁL** Sigurður Þ. Ragnarsson hefur sagt skilið við Samstöðu, nýstofnað stjórnmálaafl Lilju Mósesdóttur alþingismanns. Brotthvarf Sigurðar er rakið til innanbúðardeilna sem koma fram í tölvubréfi Lilju til stjórnarmanna. Efni bréfsins átti ekki að koma fyrir sjónir Sigurðar enda fjallar bréfið um hann. Lilja sendi það hins vegar til hans fyrir mistök.

„Það eru fleiri en Bjarni Harðarson sem eiga erfitt með að senda frá sér tölvupóst skammlaust," segir Sigurður Þ. Ragnarsson, betur þekktur sem Siggi stormur, og vísar þar til tölvupósts sem Bjarni, þá upplýsingafulltrúi í landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytinu, sendi á fjölmiðla en var ætlaður samstarfsmanni í ráðuneytinu.

„Þetta bréf Lilju er hins vegar fjarri sannleikanum; sumt af því upplogið. Þetta finnst mér sýna úr hverju Lilja er gerð og mér dettur ekki til hugar að kjósa stjórnmálahreyfingu sem hún á aðild að," segir Sigurður, sem var annar varaformaður flokksins.

Lilja sendi fjölmiðlum fréttatilkynningu í gærmorgun þess efnis að Sigurður hefði sagt skilið við Samstöðu. Það virðist hafa komið stuðningsmönnum flokksins á óvart því Marinó G. Njálsson, lengst af kenndur við Hagsmunasamtök heimilanna, skrifaði Lilju í gærmorgun og spurði frétta. Svar sitt til Marinós sendi Lilja hins vegar til Sigurðar fyrir mistök.

Bréf Lilju segir Sigurður ýkt eða upplogið. Um það atriði að honum finnist stjórnin ekki hafa sýnt sér virðingu eftir blaðamannafund og þess vegna hafi hann krafist afsagnar stjórnarmanns, segir Sigurður að þar sé snúið út úr orðum hans. Hann hafi sagt í harðorðu bréfi til ákveðins manns að menn ættu að sýna fólki kurteisi því annars myndu menn hrökklast frá flokknum, en þar var vísað til Auðar Hallgrímsdóttur atvinnurekanda, sem er í varastjórn Samstöðu. „Það að sök viðkomandi hafi verið að hún hafi ekki hrósað mér á blaðamannafundi er þvaður. „Ég sagði í gríni þegar hún var að hrósa Lilju fyrir frammistöðuna – „það er eitthvað annað en við hin" – sem var bara smá skot."



**SAMSTAÐA KYNNT Í FEBRÚAR** Sigurður og Lilja komu fram fyrir hönd Samstöðu í febrúar. Þá strax virðist þó hafa verið komin vík milli vina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sigurður segir að það sem lýtur að því að varaformaður geti ekki vísað fólki úr stjórn dæmi sig sjálft. Hann segir það lygi að óánægja hans hafi síðar beinst að öðrum í stjórninni og það sama eigi við um árangurslausar sáttatilraunir síðustu vikna.

Í fréttatilkynningu Samstöðu í gær kemur fram að stjórn flokksins tjái sig ekki frekar um málið.

svavar@frettabladid.is

## Tölvupóstar Marinós, Lilju og Sigurðar

**■ Marinó G. Njálsson til Lilju Mósesdóttur klukkan 9.50 í gærmorgun:**

*Hér [frétt Vísis] les ég frétt um að Siggi sé hættur í Samstöðu. Hvað er í gangi?*

*Marinó*

**■ Svar Lilju klukkan 9.21:**

*Sæll Marinó*

*Við settum meðfylgjandi yfirlýsingu á www.xc.is. Sendum hana líka á fjölmiðla í morgun.*

*Sigga fannst stjórnin ekki sýna sér nógu mikla virðingu. Hann krafðist þess m.a. í bréfi til eins stjórnarmeðlims að viðkomandi segði af sér. Sök viðkomandi stjórnarmeðlims var m.a. að hann hafði ekki hrósað Sigga fyrir frammistöðu hans á blaðamannafundinum í Iðnó. Þetta gerðist í byrjun febrúar. Eins og þú veist, þá getur varaformaður ekki vísað fólki úr stjórn og við reyndum að gera honum grein fyrir því ásamt því að koma á sáttum. Eftir þessa uppákomu fór óánægja hans að beinast að öðrum í stjórninni. Við höfum reynt í nokkrar vikur að ná sáttum við Sigga án þess að það hafi borið árangur. Ég harma það en við reyndum okkar besta.*

*Kveðja*
*Lilja*

**■ Viðbrögð Sigurðar til hópsins klukkan 10.04.**

*Ég er ekki viss um að þetta sé alveg sannleikanum samkvæmt. Í það minnsta stílfært. Gott að eiga svona bréf frá Lilju, þó ekki sé nema sem þakklætisvott!*

*Sigurður*

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Vextir á nýjum sjóðfélagalánum lækka

- Fastir vextir lækka í 3,90%
- Breytilegir vextir 2,98%

» Lánsrétt eiga sjóðfélagar
» Fastir vextir haldast óbreyttir út lánstímann
» Ekkert uppgreiðslugjald
» Lánin eru verðtryggð fasteignalán



Nánari upplýsingar um skilmála og lánakjör á www.live.is og á skrifstofu sjóðsins.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna | Kringlunni 7 | 103 Reykjavík | Sími 580 4000 | skrifstofa@live.is | www.live.is

# BÍLAKAFFI

## RENNDU VIÐ HJÁ OKKUR Á LAUGARDAGSRÚNTINUM Í DAG

LAND ROVER · SUBARU · BMW · HYUNDAI · D-MAX · OPEL · NISSAN · RENAULT




5 ÁRA ÁBYRGÐ
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

## KYNNIÐ YKKUR TILBOÐ Á VÖLDUM BÍLUM

Sölumenn okkar koma þeim sem eru í bílahugleiðingum á óvart með skemmtilegum glaðningi.

## KAFFI OG BLÖÐRUR

Við fengum frábærar viðtökur frá þeim fjölmörgu sem lögðu leið sína til okkar til að fagna með okkur nýju nafni. Á laugardögum er tilvalið að kíkja við í kaffi og finna rétta bílinn til að reynsluaka.

5 ÁRA ÁBYRGÐ
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

## HVAÐ FÆST FYRIR GAMLA BÍLINN?

Við tökum að sjálfsögðu notaða bílinn sem greiðslu upp í nýjan og á laugardögum er tilvalið að fá upplýsingar hjá sölumönnum um hvernig það getur litið út.




**TAKA FERSKIR Á MÓTI ÞÉR!**

Sölumenn okkar hafa alltaf tíma til að setjast niður með þér yfir rjúkandi bolla. Líttu inn í kaffi, spjall og reynsluakstur. Við tökum höfðinglega á móti þér.

B|L

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533

**BL** Sævarhöfða 2 110 Reykjavík 525 8000

# Styrkir úr Pokasjóði

**Stjórn Pokasjóðs hefur ákveðið að auglýsa eftir umsóknum um styrki fyrir árið 2012.**

**Frestur til að sækja um styrk úr Pokasjóði rennur út 18. mars nk.**

**Umsóknir skulu fylltar út á www.pokasjodur.is en þar eru allar upplýsingar um sjóðinn, fyrirkomulag og styrki.**

Í ár hefur verið ákveðið að einskorða styrki við tvö málefni, mannúðarmál og umhverfismál.

Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki úr sjóðnum.

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT 18. MARS

POKASJÓÐUR


Tilkynningum til barnaverndarnefnda fækkaði um 6,5 prósent á milli ára:

# 63 börn tilkynntu mál sín sjálf

**SAMFÉLAGSMÁL** Tilkynningum til barnaverndarnefnda fækkaði um 6,5 prósent milli áranna 2010 og 2011. Fjöldi tilkynninga í fyrra var 8.661 en 9.264 árið á undan.

Langflestar tilkynningarnar komu frá lögreglu, eða 49 prósent. 63 börn tilkynntu mál sín sjálf til barnaverndarnefnda í fyrra, en þau voru 53 árið 2010.

Mest fækkaði tilkynningum utan höfuðborgarsvæðisins, eða um 17 prósent, en aðeins um 2 prósent innan þess.

Á vef Barnaverndarstofu kemur fram að þess beri að geta að tilkynningar til barnaverndarnefnda verði einungis að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun innan hverrar nefndar að kanna málið áfram í kjölfar tilkynningar.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á árinu 2011 var 7.158, en þau voru 7.616 árið 2010.

Í skýrslu Barnaverndarstofu kemur einnig fram að í rannsóknarviðtölum í Barnahúsi í fyrra voru 202 en 223 árið á undan. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl, eða 68,8 prósent. - sv

**Hlutfallið 2011**

| | |
|---|---|
| 44,4% | vegna áhættuhegðunar |
| 31,6% | vegna vanrækslu |
| 23,1% | vegna ofbeldis |
| 0,9% | vegna heilsu eða lífi ófædds barns var stefnt í hættu |

# Afnám gjaldeyrishafta er nauðsyn

**Efnahagsbatinn á Íslandi hefur verið knúinn áfram með einkaneyslu. Mikilvægt er að haldið sé áfram að bæta það sem bæta þarf, segir Julie Kozcak hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Nauðsynlegt en erfitt að afnema gjaldeyrishöft.**

**EFNAHAGSMÁL** „Það er engin auðveld lausn til þegar kemur að gjaldeyrishöftunum," segir Julie Kozcak, sem haft hefur yfirumsjón með málefnum Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS). Hún kynnti í gær mat sjóðsins á stöðu Íslands.

Þó efnahagsáætlun landsins og AGS sé formlega lokið þá fylgist sjóðurinn grannt með gangi máli og kemur sínum sjónarmiðum á framfæri til stjórnvalda þegar hann telur þörf vera á.

Í tilkynningu frá sjóðnum segir að lykillinn að frekari efnahagsbata landsins, til lengri tíma, sé afnám gjaldeyrishafta, en búast megi við því að það verði bæði erfitt og tímafrekt verkefni, sem hugsanlega geti tekið mörg ár.

Sjóðurinn leggst gegn því að ráðist verði í frekari almennar niðurfærslur á verðtryggðum skuldum heimilanna þar sem aðgerðir af því tagi séu bæði kostnaðarsamar og ómarkvissar. Ekki síst er það vegna þess að þeir sem illa standa fái ekki þá hjálp sem þeir þurfa, á meðan vel statt fólk fái ónauðsynlega hjálp. Þá er sérstaklega tekið fram að staða ríkissjóðs sé þannig að hann geti ekki tekið á sig kostnað vegna þessara aðgerða.

Kozcak segir ástæður vera til að hafa áhyggjur af verðbólguhorfum en hún mælist 6,3 prósent í augnablikinu en markmið Seðlabankans er 2,5 prósent.



**JULIE KOZACK** Sendifulltrúi AGS á Íslandi hefur haft yfirumsjón með málefnum landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Mat í fimmtán liðum**

Tilkynning Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um mat á stöðu sjóðsins á horfum hér á landi, er í fimmtán liðum. Farið er vítt og breitt yfir stöðu mála í íslenska hagkerfinu. Hagvaxtarspá sjóðsins fyrir 2012 gerir ráð fyrir 2,5 prósenta hagvexti á þessu ári. Sjóðurinn telur að verðbólga muni byrja að lækka í átt að 2,5 prósent verðbólgumarkmiði Seðlabankans á næsta ári.

Nýjasti dómur Hæstaréttar er varðar vaxtakostnað vegna ólöglegra gengistryggðra lána, er sagður valda óvissu fyrir heimilin, fyrirtæki og fjármálakerfið, en það er þó sagt vera komið með traustan efnahag. Mikilvægt sé þó að fylgjast vel með styrk þess, með prófunum og ströngu eftirliti.

Í mati sjóðsins kemur fram að staða efnahagsmála í heiminum, ekki síst í Evrópu, geti haft áhrif á þróun mála hér á landi, þó Ísland sé betur varið fyrir áföllum en mörg önnur ríki. Það er ekki síst vegna þess að íslenska fjármálakerfið sé ekki eins háð erlendum mörkuðum í augnablikinu og fjármálastofnanir í öðrum löndum. magnush@365.is


KUÐUNGURINN 2011

**Umhverfisviðurkenning umhverfisráðuneytisins**

Úthlutunarnefnd á vegum umhverfisráðuneytisins óskar eftir tilnefningum um fyrirtæki eða stofnun, sem vegna verka sinna og athafna á síðasta ári, er þess verðugt að hljóta umhverfisviðurkenninguna Kuðunginn fyrir árið 2011.

Óskað er eftir því að stutt greinargerð fylgi með tilnefningunni. Fyrirtæki og stofnanir geta hvort heldur tilnefnt sig sjálf eða verið tilnefnd af öðrum.

Tillögur skulu berast umhverfisráðuneytinu eigi síðar en sunnudaginn 25. mars n.k. merktar „Kuðungurinn", á póstfangið postur@umhverfisraduneyti.is eða með pósti í umhverfisráðuneytið, Skuggasundi 1, 150 Reykjavík. Nánari upplýsingar á www.umhverfisraduneyti.is/kudungurinn.

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

www.umhverfisraduneyti.is

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 57442 03/12



# ALICANTE

## FRÁ 37.500 KR

Fyrir nokkrum árum fór ég til Alicante með systrum mínum og mömmu. Það var ofsalega gaman. Ég buslaði í sjónum, lék mér í Terra Mitica, sá öll dýrin í Terra Natura og skellti mér í vatnsrennibrautirnar. Það er líka ofsalega gaman að labba um og skoða. Og mikið var ánægjulegt að hitta aftur vin minn, gamla herramanninn hann Lino, sem var svo skemmtilegur og góður.














+ Bókaðu flug á www.icelandair.is

ICELANDAIR

Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar. Þessi ferð gefur frá 1.800 til 5.400 Vildarpunkta aðra leiðina.

Theo Hoen, forstjóri Marels, óttast að verði gjaldeyrishöft ekki brátt losuð þurfi fyrirtækið að yfirgefa Ísland:

# Óttast að Marel þurfi að fara úr landi

**VIÐSKIPTI** Theo Hoen, forstjóri Marels, óttast að fyrirtækið þurfi að yfirgefa landið verði gjaldeyrishöft lengi við lýði. Þá sé nauðsynlegt að skýra hvernig peningamálum verði hér háttað til frambúðar.

Hoen flutti erindi á ráðstefnu sem Landsbankinn stóð fyrir í fyrradag undir yfirskriftinni „Hvað þarf til að halda íslenskum fyrirtækjum í landi?“

Hoen sagði margt jákvætt við að hafa höfuðstöðvar á Íslandi. Hér væru langtímahluthafar sem gæfu fyrirtækinu tækifæri til að vaxa og dafna. Þá fengi það rými til að athafna sig svolítið utan sviðsljóssins þar sem fyrirtæki í íslensku kauphöllinni nytu minni athygli en til dæmis fyrirtæki í kauphöllinni í heimalandi Hoen, Hollandi.



THEO HOEN

Þá væri hér vel menntað vinnuafl og samfélag sem styddi dyggilega við starfsemina.

Hoen sagði aftur á móti ýmsa ókosti við Ísland, helst gjaldeyrishöftin og krónuna.

Höftin og gengisáhætta vegna flökts krónunnar gerðu það að verkum að alþjóðlegir fjárfestar vildu ekki fjárfesta í Marel þrátt fyrir að lítast vel á fyrirtækið.

Sagðist Hoen því óttast að sá vegur sem Marel væri á hér innanlands væri blindgata yrði ekki leyst úr þessum vanda.

Tók Hoen dæmi af bandarískum fjárfesti sem ætti stóran hlut í Marel.

Hoen hafði eftir honum að hann þyrfti að reikna með 20 til 30 prósenta afföllum af virði hluta sinna vegna gengisáhættu. Af þessum sökum fái Marel fáa erlenda fjárfesta sem séu alþjóðlegu fyrirtæki nauðsynlegir.

Þá gerðu höftin Marel einnig erfitt fyrir að veita starfsmönnum kauprétti sem væri svo aftur nauðsynlegt til að lágmarka starfsmannaveltu.

Loks nefndi Hoen skort á tæknimenntuðu vinnuafli sem ókost við íslenskt atvinnulíf. **- mþl**



**VINDLAFRAMLEIÐSLA** Starfsmaður vindlaverksmiðjunnar La Carona á Kúbu lætur fátt trufla sig við vinnuna. NORDICPHOTOS/AFP

Skortur á fitusýrum:

## Heilinn eldist og minnkar

**VÍSINDI** Skortur á omega-3-fitusýrum í mat getur valdið því að heilinn eldist hraðar og missi þar með hluta af hæfileika sínum til þess að muna og hugsa. Þetta sýna niðurstöður rannsóknar heilbrigðisvísindamanna við Kaliforníuháskóla sem Science Daily greinir frá.

Rannsóknin tók til 1.575 manna og var meðalaldur þeirra 67 ár. Heili þeirra sem voru með minnsta magnið af omega-3-fitusýrum í blóðinu var minni en þeirra sem voru með mesta magnið. Minni þeirra sem voru með minnstu heilana var verst. **- ibs**

Engin lögreglurannsókn:

## Kæru á hendur Snorra vísað frá

**LÖGREGLUMÁL** Kæru Péturs Maack, sálfræðings á Akureyri, á hendur Snorra Óskarssonar í Betel, hefur verið vísað frá af lögreglustjóranum á Akureyri.

Pétur kærði Snorra fyrir ummæli um samkynhneigð á bloggsíðu hans í síðasta mánuði, en Snorri var þá grunnskólakennari við Brekkuskóla á Akureyri. Vikudagur greinir frá því að niðurstaða sýslumannsembættisins sé sú að ummæli Snorra falli ekki undir brot á grein í almennum hegningarlögum eða brot á öðrum ákvæðum hegningarlaga. **- sv**



**SAMNINGUR UNDIRRITAÐUR** Helle Thorning-Schmidt, forsætisráðherra Danmerkur, sem nú fer með formennsku í ráði Evrópusambandsins, undirritar samning um fjármálabandalag. Angela Merkel Þýskalandskanslari bíður eftir að röðin komi að sér. NORDICPHOTOS/AFP


Tvær góðar!

**Drive** ryksuga í bílskúrinn
- 1200W
- 20 lítra
- sogkraftur > 16KPA
- fjöldi fylgihluta

6.990,-

**Spandy** heimilisryksugan
- 1600W
- afar hljóðlát
- mikill sogkraftur > 18KPA
- Hepa filter
- margnota poki

5.990,-



Klettháls Rvk
Akureyri
Reykjanesbæ
Húsavík
Vestmannaeyjum

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is


# Spánverjar standa ekki við loforðin

**Sama daginn og 25 af 27 ríkjum Evrópusambandsins stofna fjármálabandalag berast fréttir af því að fjárlagahalli Spánar fari fram úr umsömdu hámarki.**

**ESB, AP** Leiðtogar Evrópusambandsins hafa samþykkt að Serbía fái stöðu umsóknarríkis, en Rúmenía og Búlgaría þurfa enn um sinn að bíða eftir því að fá aðild að Schengen-sambandinu.

Endanlegri ákvörðun um greiðslu til Grikklands var frestað fram á fund fjármálaráðherra Evrópusambandsins í næstu viku, þegar samningar um niðurfellingu banka á skuldum gríska ríkisins verða frágengnir.

Þá hafa 25 af 27 ríkjum Evrópusambandsins tekið ákvörðun um stofnun fjármálabandalags, sem á að tryggja aga í fjárlagagerð ríkjanna. Auk Breta ákváðu Tékkar að standa utan við bandalagið.

Þessar ákvarðanir voru teknar á tveggja daga leiðtogafundi Evrópusambandsins í Brussel, sem hófst á fimmtudag og lauk í gær.

Á sama tíma bárust hins vegar þær fréttir frá Spáni að fjárlagahallinn þar verði í ár 5,8 prósent, sem er 1,4 prósentustigum hærri spænsk stjórnvöld höfðu lofað Evrópusambandinu.

„Ég ráðgaðist ekkert við leiðtoga Evrópusambandsins en mun tilkynna framkvæmdastjórninni þetta í apríl,“ sagði Mariano Rajoy, forsætisráðherra Spánar. „Þetta er fullveldisákvörðun af hálfu Spánar.“

Hann sagði reyndar stefnt að koma fjárlagahallanum niður í þrjú prósent á næsta ári, sem verður þá í samræmi við áætlun Evrópusambandsins. Hann vildi jafnframt fullvissa alla um að hann stæði eftir sem áður við áform um strangt aðhald í ríkisfjármálum.

Spánverjar höfðu óskað eftir því við Evrópusambandið að mega fara eitthvað yfir 4,4 prósenta halla, en fengu ekki jákvæð svör.

Leiðtogar Evrópusambandsins lögðu áherslu á það í gær að nú þegar fjármálabandalagið er orðið að veruleika og nokkurn veginn búið að ganga frá björgunarpakka handa Grikkjum, þá þurfi að fara að huga af alvöru að því að auka hagvöxt á evrusvæðinu.

Ágreiningurinn við Spán sýnir hins vegar vel þann vanda sem Evrópusambandið stendur frammi fyrir, að þurfa að minnka skuldasúpu evruríkjanna en um leið örva hagvöxtinn til að geta staðið undir niðurgreiðslu þessara sömu skulda.

„Við erum í viðkvæmri stöðu,“ sagði Angela Merkel Þýskalandskanslari. „Kreppan er engan veginn búin.“ **gudsteinn@frettabladid.is**


Mundu eftir að kjósa!

Kosning til stjórnar VR stendur til kl. 12 á hádegi þann 9. mars nk. Nánar á heimasíðunni **www.vr.is.**



Virðing
Réttlæti
VR

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

# Góðar fermingargjafir á tilboði!

Vandaðar heilsudýnur sem ekki þarf að snúa!




Pokagormar

Luxury pillow top

Aukalag af smáum gormum

Latex millilag

**STÆRÐIR OG VERÐ** Pillow top

| | | |
|---|---|---|
| 120 x 200 cm | 134.900,- | nú 93.800,- |
| 160 x 200 cm | 155.000,- | nú 108,500,- |
| 180 x 200 cm | 169.000,- | nú 118.300,- |

30%

30%



Ekta latex heilsukoddi
7.100,- nú 4.970,-

25%



Skrifborð 149.500,- nú 112.125,-
Stóll 19.800,- nú 14.850,-

**Mikið úrval af gjafavöru og húsgögnum!**

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

HEIMA HÚSIÐ

Opið virka daga 10-18
laugardaga 11-16

Ondrugi mood lifum
GALLERY GÓLF
PARKET • FLÍSAR

# HELGAR

## OPIÐ ALLA HELGINA




**Philips 42PFL7606T**
- 42" 3D Full HD Smart LED sjónvarp
- Pixel Precise HD
- 400 Hz Perfect Motion
- Ambilight Spectra 2 baklýsing
- 4 HDMI og 2 USB tengi
- NetTv netvafri

**VERÐ**
**229.995**
FRÁBÆRT VERÐ




PHILIPS

ambi light

**Philips 50PFL7956T**
- 50" 3D Smart LED 21:9 sjónvarp
- Full HD 1920 x 1080 Pixel Precise HD
- 400 Hz Perfect Motion
- Ambilight Spectra 2 baklýsing
- 4 HDMI og 2 USB tengi
- NetTv netvafri

**VERÐ**
**349.995**
FRÁBÆRT VERÐ




**Philips 46PFL6606T**
- 46" FHD LED Pixel Precise sjónvarp
- 1920x1080p upplausn
- 400 Hz Perfect Motion
- Háskerpu stafrænn HDTV móttakari
- NetTv netvafri (Wi-Fi möguleiki)

**VERÐ**
**229.995**
FRÁBÆRT VERÐ



Blu-ray Disc

## PHILIPS BLU-RAY SPILARI FYLGIR ÞESSUM 3 TÆKJUM UM HELGINA

**Philips 42PFL7606T - Philips 46PFL6606T - Philips 50PFL7956T**

## 25% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM PHILIPS RAKVÉLUM, SLÉTTUJÁRNUM, KRULLUJÁRNUM OG HÁRBLÁSURUM






## SJÓNAUKAR

## 15% AFSLÁTTUR



Nikon OLYMPUS tasco

**1000 krónur af öllum seldum Philips skeggsnyrtum og hárklippum í marsmánuði renna til Krabbameinsfélagsins**

# RTILBOÐ

## LAUGARDAG 11-16 og SUNNUDAG 13-17




**Philips 40PFL5206H**
- 40" LED LCD Pixel Plus HD sjónvarp
- Full-HD 1920x1080p upplausn
- 100 Hz Perfect Motion
- Stafrænn DVB-T móttakari
- USB margmiðlunartengi

**TILBOÐ 129.995**
FULLT VERÐ 159.995

## STÖÐVAR 2 VILDARTILBOÐ

PHILIPS 2 | VILD




**Philips 32PFL5606H**
- 32" LED LCD Pixel Plus FHD sjónvarp
- Full-HD 1920x1080p upplausn
- 100 Hz Perfect Motion
- Stafrænn DVB-T móttakari
- USB margmiðlunartengi

**TILBOÐ 99.995**
FULLT VERÐ 129.995

## HEYRNARTÓL

YFIR 70 GERÐIR Í BOÐI

**25% AFSLÁTTUR**



## PHILIPS VÖGGUR FYRIR iPAD, iPHONE, iPOD OG ANDROID SÍMA



**15% AFSLÁTTUR**

**MIKIÐ ÚRVAL!**



Bluetooth

android technology

Made for iPod iPhone iPad






**Heimilistæki** ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ - www.ht.is - ÞÚSUNDIR VÖRUTEGUNDA - www.ht.is - FRÁBÆR TILBOÐ - www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ


TOSHIBA
Toshiba Satelite C660-2JX
15,6" INTEL CORE i3, 6GB MINNI OG 750 GB
15,6"
-20.000
99.990
Fullt verð 119.990
iPad
10% AFSL.
AF ÖLLUM IPAD 2
10,1"
ASUS
ASUS EEE 1011PX 114S
10,1" ASUS EEE MEÐ INTEL ATOM DUAL CORE
49.990
android
-10.000
7" 19.990
10" 29.990
UNITED
SPJALDTÖLVUR MEÐ MULTI-TOUCH
-5.000
Logitech
Logitech G19
LEIKJALYKLABORÐ MEÐ LCD SKJÁ
29.990
Fullt verð 34.990
17,3"
TOSHIBA
Toshiba Satellite C670-15F
17,3" MEÐ INTEL CORE i3 ÖRGJÖRVA
-10.000
99.990
Fullt verð 109.990
23,6"
-5.000
acer
Acer G245HBbd
23,6" MEÐ 80.000:1 SKERPU
24.990
Fullt verð 29.990
-10.000
A.C.Ryan
VEOLO ANDROID SJÓNVARPSFLAKKARI
49.990
Fullt verð 59.990
TÖLVULISTINN
Heimilistæki
OPNUNARTÍMI:
Föstudag 9-18
Laugardag – 11-16
Sunnudag – 13-17


HELGARTILBOÐ
OPIÐ ALLA HELGINA
Á SUÐURLANDSBRAUT
-20.000
ASUS
ASUS Zenbook
13,3" INTEL CORE i7 MEÐ SSD. AÐEINS 1.1 KG
259.990
Fullt verð 279.990
-20.000
TOSHIBA
15,6"
TOSHIBA Toshiba Satellite L755-1J2
15,6" INTEL CORE i7 MEÐ GEFORCE GT 525M
159.990
Fullt verð 179.990
15,6"
-20.000
Toshiba Satellite L755D-14N
15,6" 4 KJARNA AMD MEÐ 8 GB MINNI
139.990
Fullt verð 159.990
-5.000
WD TV HD Live media
HD LIVE ÞRÁÐLAUS MARGMIÐLUNARSPILARI
29.990
Fullt verð 34.990
-3.000
RAZER
RAZER CARCHARIAS
FULLKOMIN LEIKJAHEYRNARTÓL
14.990
Fullt verð 17.990
27"
PHILIPS
Philips 273E3LSB
27" W-LED SKJÁR MEÐ 20.000.000:1 SKERPU
44.990
RAZER
NAGA 5600DPI MMO LEIKJAMÚS
-29%
9.990
Fullt verð 13.990
0% VEXTIR
Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI
tl.is
TÖLVU LISTINN
REYKJAVÍK SUÐURLANDSBRAUT 26 Sími 414 1700
AKUREYRI GLERÁRGÖTU 30 Sími 414 1730
EGILSSTAÐIR KAUPVANGI 6 Sími 414 1735
KEFLAVÍK HAFNARGÖTU 90 Sími 414 1740
SELFOSS AUSTURVEGI 34 Sími 414 1745
HAFNARFJÖRÐUR REYKJAVÍKURVEGI 66 Sími 414 1750

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Eina röksemdin fyrir að halda í krónuna:

# Gleymd orð um gengisfellingar

Fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra, Árni Páll Árnason, sagði í Fréttablaðinu í gær að ummæli Steingríms J. Sigfússonar, þáverandi fjármálaráðherra, um íslenzku krónuna hefðu staðið í vegi fyrir erlendri fjárfestingu á Íslandi. „Forsenda erlendrar fjárfestingar og tiltrúar á íslenska krónu er að menn telji að stjórnvöld muni forðast gengisfellingar í lengstu lög. Ef menn skilgreina kosti íslenskrar krónu einvörðungu þá að hægt sé að fella hana, felast í því skilaboð til útlendinga um að hún sé mjög óviss eign og best sé að eiga ekkert undir henni,“ sagði Árni Páll.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is


Við orðum Árna brást Steingrímur, eftirmaður hans í embætti, með því að segja að hann myndi ekki eftir „að hafa nokkru sinni rætt um mikilvægi þess að geta fellt gengið“ eins og haft var eftir honum hér í blaðinu í gær.

Þetta er skrýtið minnisleysi. Steingrímur hefur margoft látið slík orð falla. Til dæmis á landsfundi Vinstri grænna í október: „[Þ]að eru okkar eigin efnahagslegu stýritæki, þar með talið eiginn gjaldmiðill, sem eru að duga okkur til að komast út út kreppunni. Og hvers vegna skyldu þau þá ekki geta dugað vel áfram? [...] Hin mikla gengislækkun var ekki án fórna en það voru engar innistæður fyrir hágengi rugltímans og ekki skrýtið og engin ráðgáta að krónan lenti í frjálsu falli eftir hrun og efnahagsóstjórn um árabil.“

Steingrímur hefur talað enn skýrar í viðtölum við erlenda fjölmiðla, sem erlendir fjárfestar eru líklegir til að fylgjast betur með en ræðum á landsfundum VG (þótt margir þeirra fylgist raunar ágætlega með fréttum á Íslandi). Í *Wall Street Journal* í maí í fyrra ítrekaði fjármálaráðherrann þáverandi að Ísland væri betur sett með krónuna, vegna þess að hún gerði íslenzkar afurðir ódýrari erlendis og greiddi þannig fyrir efnahagsbata. „Gengisfelling er aldrei án kostnaðar en hún hefur klárlega skapað útflutningi okkar gott samkeppnisforskot og styður raunhagkerfið í gegnum kreppuna,“ sagði Steingrímur þar. Nokkurn veginn sömu ummæli viðhafði hann í viðtali við BBC í október, þar sem hann sagði að fall krónunnar hefði búið til „myndarlegt samkeppnisforskot“.

Það er skrýtið að Steingrímur segist ekki muna eftir þessu, því að möguleikinn á gengislækkun er í raun einu rökin fyrir því að halda í krónuna. „Sveigjanlegur“ gjaldmiðill sparar stjórnvöldum aga við hagstjórnina og gerir kleift að færa peninga frá launþegum til útflutningsatvinnuveganna eftir þörfum með því að færa þeim síðarnefndu hærri tekjur en lækka raunlaun og kaupmátt þeirra fyrrnefndu í gegnum hækkun á innfluttum vörum. Veigamikill hluti af fórnunum, sem Steingrímur J. kýs að fara ekki mjög nákvæmlega út í, felst svo í hækkun skulda fólks og fyrirtækja, hvort sem þær eru í erlendri mynt eða verðtryggðum íslenzkum krónum.

Það er gersamlega ómögulegt að sannfæra Íslendinga um að halda eigi í krónuna af því að hún sé svo sveigjanleg og telja um leið útlendum fjárfestum trú um að hún sé stöðugur og trúverðugur gjaldmiðill og fallin til að fjárfesta í. Það væri ljómandi gott að stjórnmálamenn áttuðu sig á þeirri mótsögn í eigin málflutningi.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



## Áskorun um kröfulýsingu

Ferðaskrifstofuleyfi Vesturheims sf. kt. 660706-0110, Engihjalla 25, 200 Kópavogi hefur verið fellt úr gildi þar sem félaginu hefur nú verið slitið.

Starfsemi ferðaskrifstofunnar var tryggingaskyld samkvæmt V. kafla laga nr. 73/2005 um skipan ferðamála. Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. laganna er tryggingunni ætlað að endurgreiða fé sem viðskiptavinur hefur greitt vegna alferðar, sem enn er ófarin og til heimflutnings viðskiptavinar úr alferð. Tryggingin nær einnig til þess að gera viðskiptavini kleift að ljúka alferð í samræmi við upphaflega áætlun hennar.

Með vísan til 19. gr. laga nr. 73/2005 um skipan ferðamála er hér með skorað á viðskiptavini Vesturheims sf. að leggja fram skriflegar kröfulýsingar í tryggingarféð innan 60 daga frá birtingu áskorunar þessarar.

Kröfulýsingum skal beint til Ferðamálastofu, Strandgötu 29, 600 Akureyri. Með henni skulu fylgja nauðsynleg sönnunargögn um kröfuna, svo sem farseðlar og kvittanir.

Virðingarfyllst,
F.h. Ferðamálastofu
Helena Þ. Karlsdóttir, lögfræðingur
helena@ferdamalastofa.is
Sími: 535 5500






AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Sparnaðarhyggja í stað eyðsluhyggju

Að baki stjórnmálahugmyndum liggur mismunandi gildismat. Þá er einnig allur gangur á því hvort menn horfa á viðfangsefni stjórnmálanna af þúfu skammtímahagsmuna eða sjónarhæð langtímahagsmuna.

Meðan Ísland var bundið af efnahagsáætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins voru langtímasjónarmið sterkari en skammtímasjónarmið og aðhaldssemi ofar eyðsluhyggju. Þetta hefur hins vegar verið að breytast býsna hratt á síðustu mánuðum. Ekki er úr vegi að bera þessi umskipti saman við það gildismat sem lá að baki viðbrögðum við efnahagsáföllunum á ofanverðum sjöunda áratugnum.




ÞORSTEINN PÁLSSON


Þá var gripið til margvíslegra ráðstafana sem bæði stjórnvöld og vinnumarkaðurinn áttu aðild að. Ein þeirra var sú að setja á fót verðjöfnunarsjóð í sjávarútvegi til þess að draga úr áhrifum verðsveiflna á erlendum mörkuðum og bæta með því stöðugleikann í þjóðarbúskapnum.

Önnur var sú að forystumenn launafólks og atvinnurekenda sömdu um stofnun almennra lífeyrissjóða. Báðar þessar ráðstafanir sýndu að þrátt fyrir kreppu, kjaraskerðingu og atvinnuleysi töldu menn rétt að leggja á ráðin um einhver mestu sparnaðaráform í sögu landsins. Horft var til lengri framtíðar og gildi sparnaðar tekið fram yfir eyðsluhyggju.

Um leið og vinstri stjórnin kom til valda 1971 var þessum gildum vikið til hliðar. Fyrsta verkið var að ganga hraustlega í verðjöfnunarsjóðinn. Það var ekki gert til að jafna sveiflur heldur til að auka eyðslu. Það átti að bæta kjörin og styrkja ríkissjóð. Þetta varð hins vegar neistinn sem kveikti verðbólgubál næstu tveggja áratuga. Lífeyrissjóðirnir voru enn of veikburða til að freista.

## Nú eru þeir freisting

Nú eru lífeyrissjóðirnir orðnir öflugir. Þá freista þeir. Í djúpri kreppu fyrir fjórum áratugum var gildi lífeyrissparnaðarins leiðarljós sem smám saman færði menn að því marki að eiga þar traustar undirstöður velferðarkerfis og fjármálalífs í landinu. Síðustu vikur hefur öll stjórnmálaumræða hins vegar snúist um hverjir treysti sér til að ganga lengst í loforðum um að eyða þessum sparnaði.

Áform stjórnarflokkanna hafa komið fram í afar skýrum og einörðum yfirlýsingum forystumanna þeirra: Formaður velferðarnefndar Alþingis vill steypa öllum lífeyrissjóðum í einn. Tilgangurinn er augljóslega sá að láta launafólk á almennum vinnumarkaði borga skuld ríkissjóðs við lífeyrissjóði opinberra starfsmanna.

Innanríkisráðherrann vill draga fjármuni út úr lífeyrissjóðunum til þess að lána til verkefna sem ríkissjóður getur ekki aflað skatttekna fyrir. Lífeyrissjóðirnir eru lokaðir inni í of þröngu hagkerfi og eiga ekki annarra kosta völ. Í flestum tilvikum á að halda lánum sjóðanna utan við bókhald ríkissjóðs. Þegar ríkissjóður verður orðinn eini skuldari sjóðanna verður auðvelt að breyta kerfinu í gegnumstreymiskerfi því með öllu er óvíst að ríkissjóður geti aflað tekna til að endurgreiða lánin.

Loks vill formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis skattleggja viðbótarlífeyrissparnað landsmanna nú þegar en ekki jafnóðum og hann er greiddur út. Gulrótin er sú að þetta borgi sig að gera strax áður en tekjuskatturinn verður hækkaður enn og aftur á næsta kjörtímabili.

Svipuð hugmynd kom fyrst fram hjá þingmönnum Sjálfstæðisflokksins. Réttlætingin var sú að koma í veg fyrir þær almennu skattahækkanir sem ríkisstjórnin boðaði í upphafi og hefur nú gert að veruleika. Eigi að síður var hugmyndin varasöm og er enn fráleitari nú eftir að skattahækkanirnar eru staðreynd.

## Lífeyrissparnaður í stað erlendra lána

Í aðdraganda hrunsins náði eyðsluhyggjan yfirhöndinni. Þá voru það erlend lán sem uppfylltu drauma manna. Nú standa þau ekki til boða. Þá á að nota lífeyrissparnaðinn. Gildismatið er það sama: Eyðsluhyggja. Erlendir lánardrottnar töpuðu mest í bankahruninu. Næst verða það lífeyrisþegar.

Þessi nýi boðskapur kemur í kjölfar skattabreytinga sem er beinlínis stefnt gegn ráðdeildarsemi og eignamyndun. Á sama tíma má lesa úr reikningum Seðlabankans að heimilin eru að auka yfirdráttarskuldir sínar og útlán til fyrirtækja dragast saman. Það eru ekki verksummerki endurreisnar.

Menn eru að glíma við að búa til afturvirkt réttlæti. Það er göfug hugsun. Verkurinn er hins vegar sá að leiðirnar sem þeir benda á fela flestar í sér framvirkt ranglæti.

Það er nokkur ráðgáta hvers vegna stjórnarandstöðuflokkarnir tefla ekki fram öðrum kosti með nýrri efnahagsáætlun þar sem sparnaðarhyggjan leysir eyðsluhyggjuna af hólmi. Það skyldi ekki vera að þögli meirihlutinn bíði eftir slíkri leiðsögn.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Lagerútsala!

## 2 dagar eftir










stillanleg rúm • einbreið rúm • tvíbreið rúm • gaflar • sængur • svefnsófar • sængurverasett o.fl.




**Bak við Holtagarða!!**

ekki missa af þessu!!

lagerútsalan í fullum gangi

**30-70%** afsláttur

lau - sun frá kl. 12 - 17

Reykjavík
Lagarsalan er í Holtagörðum en verslunin er í Faxafeni 5
Sími 588 8477
**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**

Betra BAK

AF NETINU

### Afskriftaþorsti ágerist



Afskriftaþorsti hefur hlaupið í þingmenn í tilefni fyrirsjáanlegra kosninga á næsta ári. Þeir sjá, hvernig fylgið hrannaðist að Lilju Mósesdóttur, sem leggur til, að Seðlabankinn gefi skuldurum peninga. Íslenzkir kjósendur eru nógu heimskir til að elska sjónhverfingar. Þess vegna er Helga Hjörvar mikið í mun að stjórnarflokkarnir taki þátt í yfirboðum í afslætti skulda. Krafan um geigvænlegar eignatilfærslur verður höfuðmál næstu alþingiskosninga. Þá munu mestu sölumenn snákaolíu fá mest fylgi. Afskriftaþorsti er útbreiddur í samfélaginu um þessar mundir og mun seiða til sín skelfingu lostna þingmenn.

http://www.jonas.is/

**Jónas Kristjánsson**


**Innflutningur – Heildsala**

Lítið innflutningsfyrirtæki er til sölu eftir 15 ára farsæla starfsemi.

Góð viðskiptasambönd við birgja og traustir viðskiptavinir.

Gefur góðar tekjur og hentar vel tveimur samhentum starfsmönnum.

Nánari upplýsingar veitir Arna Hilmarsdóttir hjá H. Sigurðssyni Mosfellsbæ.

Símar: 566-6501, 616-3138 og netfang: arnahilmars@vortex.is


# Páskabrella súkkulaðiforstjórans

Lífeyrissjóðir


**Helgi Magnússon**
formaður Lífeyrissjóðs verslunarmanna




Auðmaður úr Hafnarfirði, Helgi Vilhjálmsson, oft kenndur við eitt af fyrirtækjum sínum, sælgætis- og páskaeggjagerðina Góu, birti í vikunni opnuauglýsingar í dagblöðum. Þar ræðst hann á lágkúrulegan hátt að lífeyrissjóðum landsmanna, einkum þó Lífeyrissjóði verslunarmanna og framkvæmdastjóra hans.

Hann hefur oft áður gert atlögur að lífeyrissjóðunum – og gjarnan í aðdraganda páskanna. Þessi vorboði segir okkur að nú sé stutt í páska og sala á páskaeggjum í aðsigi. Það er ekki annað hægt en að gruna þennan athafnamann um þá græsku að ætla með einkennilegum málflutningi sínum um lífeyrissjóði að vekja athygli á sér og páskaeggjaframleiðslu sinni í enn eitt skiptið.

Þessi aðferð Góuforstjórans er óttalegur dónaskapur við fólkið í landinu og fjölmiðla. Með þessari háttsemi sinni er hann að ætla okkur það að við séum svo grunnhyggin að við sjáum ekki í gegnum markaðsbrellur. Það er verið að freista þess að vekja athygli á framleiðsluvörum Góu þegar páskaeggjakauptíðin fer í hönd. Sem betur fer erum við neytendur ekki svo einfaldir að við látum plata okkur með slíkum hætti.

**Áralangar útistöður**

Helgi Vilhjálmsson hefur um árabil átt í útistöðum við lífeyrissjóðina og m.a. haldið því fram að sjóðirnir ættu að standa fyrir framkvæmdum sem þeim er engan veginn heimilt að sinna og væru lögbrot. Þar er m.a. átt við áralangt tal hans um að sjóðirnir ættu að reisa hjúkrunar- eða dvalarheimili fyrir aldraða. Honum hefur ítrekað verið bent á að slíkar framkvæmdir eru ekki í verkahring lífeyrissjóðanna, samkvæmt núgildandi lögum, enda hafa þeir engar heimildir til þess. Helgi skilur þetta alveg en hann velur að halda áfram einkennilegum málflutningi sínum til að vekja athygli á sér og fyrirtækjum sínum. Lífeyrissjóðir hafa hins vegar tekið þátt í fjármögnun slíkra verkefna með kaupum á skuldabréfum sem hafa gert réttum aðilum kleift að koma verkefnunum í höfn. Lífeyrissjóður verslunarmanna hefur m.a. komið að fjármögnun af því tagi með öðrum lífeyrissjóðum.

**Umhyggja?**

Á Helga Vilhjálmssyni hefur mátt skilja að hann bæri sérstaka umhyggju fyrir sjóðfélögum og talið sig vera að ráða þeim heilt með því að hvetja þá til að greiða ekki í sjóðina þrátt fyrir skýrar lagaskyldur þar um. Ég verð því miður að efast um heilindi hans í þessum efnum.

Sá grunur læðist að manni að umhyggja hans beinist einkum að eigin rekstri og tekjuöflun þar sem einskis er svifist til að vekja á sér athygli.

Nú gerir hann að sérstöku umtalsefni að framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs verslunarmanna skuli hafa bifreið til afnota samkvæmt starfssamningi eins og algengt er hjá helstu yfirmönnum víða í fyrirtækjum og stofnunum. Það eru fleiri en ráðherrar sem hafa afnot af bifreiðum. Ég er viss um að Helgi Vilhjálmsson er svo reyndur í íslensku viðskiptalífi að honum sé fullkunnugt um það. En vonandi gleður það súkkulaðiforstjórann og alla aðra löghlýðna borgara að framkvæmdastjóri sjóðsins greiðir fulla skatta af þessum hlunnindum eins og mælt er fyrir um í skattalögum.

> Þessi aðferð Góuforstjórans er óttalegur dónaskapur við fólkið í landinu og fjölmiðla. Með þessari háttsemi sinni er hann að ætla okkur það að við séum svo grunnhyggin að við sjáum ekki í gegnum markaðsbrellur.

Mér leiðist að þurfa að svara Helga Vilhjálmssyni vegna þessa máls því ég ber virðingu fyrir mörgu sem hann hefur gert vel í á löngum ferli. Hann er einn af þeim duglegu Íslendingum sem brotist hafa áfram af eljusemi og krafti og komið sér vel fyrir í veraldlegum efnum.

En það er hins vegar leitt þegar auðlegð fyllir menn hroka og ranghugmyndum sem leiða til þess að þeir telji sig þess umkomna að ráðast gegn öðrum með rakalausum áróðri og svívirðingum – ár eftir ár – og jafnan undir yfirskini umhyggju fyrir fólki.


HÚSGAGNAHÖLLIN

HÚSGÖGN OG SMÁVARA

FYRIR HEIMILIÐ!



25% AFSLÁTTUR

**STYLO** 2 sæta sófi. Svart leður. B:158 D:85 H:85 cm. **STYLO** 3 sæta sófi. Svart leður. B:200 D:85 H:85 cm.

2 SÆTA SÓFI 119.990 FULLT VERÐ: 159.990

3 SÆTA SÓFI 164.990 FULLT VERÐ: 219.990



**BE ON FIRE** Kerti. Margir litir og stærðir. Verð frá **99** kr.



LAMPI 1.990 Fullt verð: 2.990

**ANNE** Borðlampi. margir litir.



8 BOLLA 6.990 Fullt verð: 9.990

4 BOLLA 4.990 Fullt verð: 7.990

**BODUM CHAMBORD** 4 eða 8 bolla kanna.



**ZONE DOLOMIT** Sápupumpa. Margir litir.

490 Fullt verð: 990

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200

OPIÐ Virka daga 10-18 laugardaga 12-18 sunnudaga lokað


# Látum börnin borga

Fjármál


**Sighvatur Björgvinsson**
fv. ráðherra




Hugkvæmni þeirra er vissulega mikil, sem háværastar kröfur gera um að aðrir borgi skuldir en þeir, sem til þeirra stofnuðu (og tala margir þar undir rós um skuldamál sjálfra sín). Lengi vel voru einkum sungin þar þrjú stef:

1. Látum útlendingana borga brúsann með góðu – eða illu (ekki vantar nú rembinginn!).
2. Látum hina borgarana í bænum axla byrðarnar – þ.e. skattborgarana.
3. Sendum afa og ömmu reikninginn. Látum þau borga með lífeyrinum.

Mörg tilbrigði hafa verið samin við þessi stef – enda skortir fólkið ekki hugkvæmnina! Eitt nýjasta tilbrigðið er samið af doktor í hagfræðum sem jafnframt hefur kennt við háskólann. Henni, því þetta er kona, datt í hug að búa til nýja útgáfu af rússneskri rúllettu. Hún er þannig að prenta á massa af seðlum, senda þá úr prentsmiðju gegnum Seðlabankann í sjóð, þaðan inn til skuldaranna, frá þeim í bankana og þaðan aftur í Seðlabankann. Með þessari útgáfu af rússneskri rúllettu segir doktorinn að hægt sé að gera allt fyrir alla án þess að það kosti nokkurn nokkuð.

Ef svona rúllettur eru kenndar í viðskipta- og hagfræðideild HÍ er ekki undarlegt að fólk útskrifað þaðan hafi sett landið á höfuðið á aðeins fjórum árum. Þetta er nefnilega bara tilbrigði við stef nr. 2. Það eina, sem er alveg öruggt sé þessi rússneska rúlletta spiluð er að byssukúlan lendir í hausnum á skattborgaranum. Í augum doktorsins kostar það svo sem ekki neitt. Í augum hans er skattborgarinn séríslensk auðlind, sem er þar að auki ókeypis.

Í þessari hljómkviðu heyrðist þó á dögunum nýtt stef. Þá var gerð tillaga um að skattstofn, sem á að nýtast kynslóð barna skulduga fólksins, yrði skattlagður fyrirfram og peningarnir notaðir til þess að greiða skuldir foreldranna. Niðurstaðan er nákvæmlega sú hin sama og ef tillagan hefði verið gerð um að tekið yrði lán fyrir foreldrana sem börnin síðan ættu að borga. En það er næsta eðlilegt þegar nálgast kosningar, að pólitíkusar beri kvíðboga fyrir kjósendum. En að láta sér detta í hug, að þeir sem ekki hafa atkvæðisrétt greiði fyrir atkvæðin – er það nú ekki svolítið langsótt. Getur það verið að menn vinni pólitíska sigra á slagorðinu: LÁTUM BÖRNIN BORGA!

AF NETINU

### Útlending í FME!

„Þegar núverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins var ráðinn árið 2005 lagði ég til að útlendingur yrði ráðinn forstjóri og færði fyrir því skýr rök. Stjórnvöld hefðu betur farið að mínum tillögum þá.
Nú verður nýr forstjóri Fjármálaeftirlitsins ráðinn. Það á að vera útlendingur."
Þetta bloggaði ég 25. janúar 2009.
Enn einu sinni kemur í ljós að afar oft hef ég rétt fyrir mér þótt það falli í grýttan jarðveg þegar ég kem því á framfæri …
… afsakið hrokann, en svona er það bara!

http://blog.eyjan.is/hallurm/

**Hallur Magnússon**

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is




# Portúgal

## Draumastaður fjölskyldunnar



**Flugsæti 84.500 kr.**
**og 15.000 Vildarpunktar***
*Verð án Vildarpunkta 94.500 kr.
Innifalið: Flug fram og til baka, brottför 22. maí.

## Beint vikulegt flug með Icelandair í allt sumar frá 8. maí*



### Alfagar II ★★★★ hótel

Fjögurra stjörnu hótel. Fallegar og vel útbúnar íbúðir. Í hótelgarðinum er sundlaug með rennibraut, tennisvöllur og knattspyrnuvöllur.

**Verð frá 99.200 kr.***
**og 15.000 Vildarpunktar**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2–11) í íbúð m/1 svefnh. í 7 nætur. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð m/1 svefnh. og garðsýn: 113.900 kr. og 15.000 Vildarpunktar.
*Verð án Vildarpunkta 109.200 kr. m.v. 2+2. Verð án Vildarpunkta 123.900 kr. m.v. 2.



### Prainha Village ★★★ raðhús

Raðhúsin eru stór, rúmgóð, vel útbúin með einkasundlaug. 10 mínútna akstur í H&M verslun. 5 veitingastaðir og matvöruverslun á svæðinu.

**Verð frá 117.300 kr.***
**og 15.000 Vildarpunktar**

á mann m.v. 2 fullorðna og 3 börn (2–11) í smáhýsi m/2 svefnh. og einkalaug í 7 nætur 22. maí. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í smáhýsi m/2 svefnh. og einkalaug: 166.500 kr. og 15.000 Vildarpunktar.
*Verð án Vildarpunkta 127.300 kr. m.v. 2+2. Verð án Vildarpunkta 176.500 kr. m.v. 2.



Allt innifalið

### Adriana Beach Club & Resort ★★★★

Smáhýsahótel þar sem „allt er innifalið". Máltíðir eru allar innifaldar í verði og allir innlendir drykkir.

**Verð frá 120.555 kr.***
**og 15.000 Vildarpunktar**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2–11) í þríbýli m/aukarúmi í 7 nætur, 22. maí. Allt innifalið. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli: 138.200 kr. og 15.000 Vildarpunktar.
*Verð án Vildarpunkta 130.555 kr. m.v. 2+2. Verð án Vildarpunkta 148.200 kr. m.v. 2.



### Vila Galé Cerro Alagoa ★★★★

Fjögurra stjörnu hótel á besta stað á Albufeira. Herbergin eru smekkleg, rúmgóð, parketlögð og með nýtískulegum innréttingum.

**Verð frá 107.300 kr.***
**og 15.000 Vildarpunktar**

á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn (2–11) í tvíbýli m/aukarúmi í 7 nætur 22. maí. Morgunverður. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í í tvíbýli m/morgunverði: 118.700 kr. og 15.000 Vildarpunktar.
*Verð án Vildarpunkta 117.300 kr. m.v. 2+1. Verð án Vildarpunkta 128.700 kr. m.v. 2.

*Fyrsta brottför er 8. maí og næsta 22. maí, upp frá því er flogið vikulega.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

Ferðaskrifstofa – Leyfishafi Ferðamálastofu

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!



FRÁBÆRT VERÐ!

**1498** kr. kg

Lambalæri, þú velur: ókryddað, eða með kryddjurtum, New York, hvítlauk og rósmarín eða trönuberja og eplamarineringu!



**3998** kr. kg

Lambafille með fituröndk



38% afsláttur

**989** kr. kg

Verð áður ~~1598~~ kr. kg

Grísakótilettur, þú velur: New York, ítalska eða hvítlauk og rósmarín marineraðar



30% afsláttur

**1599** kr. kg

Verð áður ~~2298~~ kr. kg

Grísalundir, erlendar



34% afsláttur

**989** kr. kg

Verð áður ~~1498~~ kr. kg

Grísakótilettur

EXPO • www.expo.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

## Veldu einhverja tíu ávexti á ávaxtamarkaði Krónunnar



## ávaxta-markaður Krónunnar



## – og þú borgar AÐEINS 39 kr. STYKKIÐ






## Gjafakort Krónunnar fæst á www.kronan.is


25% afsláttur
1358 kr. kg
Lambasirloinsneiðar
1499 kr. kg
Verð áður ~~1998~~ kr. kg
Lambalærissneiðar
6 stk. í pakka
398 kr. pk.
Rösti kartöflur, 6 stk. í pk.
799 kr. kg
Tandoori kjúklingur, heill
1198 kr. kg
Kjúklingur með lime og rósmarín
GOTT Í BAKSTURINN
ALLRA Suðu Súkkulaði 70%
ALLRA Suðu Súkkulaði
Allra súkkulaði
70% súkkulaði 208 kr.
Suðu súkkulaði 256 kr.
12 stk. í pakka
KLEINUR 12 stk.
399 kr. pk.
Ömmu kleinur, 12 stk. í pk.
4x2 l kippa
Coca-Cola
799 kr. pk.
Coca Cola, 4x 2 l
KÍKTU Á kronan.is – meira fyrir minna
Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

# Brunaliðið leitar að bókum

Menning
Sindri Freysson
rithöfundur



1. Fyrir sextíu árum skrifaði bandaríski rithöfundurinn Ray Bradbury bókina Fahrenheit 451 (brunamark pappírs er 451 gráða á Fahrenheit, um 232,8 gráður á Celsíus). Bókin gerist í framtíðarríki þar sem lestur er bannfærður. Vígaleg sérsveit – Brunaliðið – geysist um vopnuð kröftugum eldvörpum og brennir til ösku bækur hvarvetna sem þær finnast. Engin bók er óhult.

2. Bradbury upplýsir lesendur um að bókaáhuga hafi dvínað smám saman á nokkurra áratuga skeiði samfara því að athygli almennings beindist að ágengum fjölmiðlum og einföldu afþreyingarefni sem þjónaði alfarið hagsmunum markaðsaflanna.

Þegar fram liðu stundir geymdu eingöngu bækur hugmyndafræðilega óþekkt og dirfsku, ögrandi kenningar og nýstárlegar skoðanir. Hinir ýmsu hagsmunaðilar og jaðarhópar sem stóð ógn af þessum frjálsa og gagnrýna bókaheimi – til dæmis trúarsamtök, þjóðarbrot og peningaaðall – réðust því á þær á sífellt heiftúðugri hátt.

Að lokum gáfust stjórnvöld upp og bönnuðu bækur til að móðga enga, til að allir geti unað sáttir við sitt fyrir framan risaskjáina sem engum storka. Bannið þróast síðan út í þrautskipulagða og harðsvíraða eldeyðingu bóka. Í söguheimi Fahrenheit 451 drepur almenningur tímann og hugann á afþreyingarsíbylju á risavöxnum sjónvarpskjáum, tilfinningalíf þess er mauksoðið, þekking þess yfirborðskennd og bjöguð. En í felum má þó finna Bókafólkið, hóp fólks sem hefur lagt heilu bækurnar á minnið til að varðveita þær þangað til og ef bókabanninu verður hnekkt. Ofsótt fólk með forboðnar bækur á heilanum.

3. Bradbury hefur sagt að bókin fjalli ekki um fasíska ritskoðun heldur lýsi því hvernig sjónvarpið og fjölmiðlar eyðileggi áhugann á lestri bókmennta, sem leiði til þess að fólk taki að skynja þekkingu sem samsafn ómerkilegra staðreynda eða jafnvel gervi-staðreynda, hlutdrægar upplýsingar sem skortir allt samhengi. „Menn þurfa ekki að brenna bækur til að eyðileggja menningarheim. Bara að fá fólk til að hætta að lesa bækur,“ segir Bradbury. Rússneski Nóbelsverðlaunahafinn Joseph Brodsky tók í svipaðan streng og sagði til vera verri glæpi en að brenna bækur, „svo sem að lesa þær ekki“.

4. Þeir glæpir fara í vöxt, já kannski má segja að glæpaalda sé riðin yfir græskulausa íslenska þjóð. Þjóð sem sæmir sig titlinum bókaþjóð þegar hún ölvast af eigin ágæti, þegar hún hreykir sér á fölskum forsendum óskhyggjunnar. Því bókaþjóðin liggur á sóttarsæng, jafnvel banabeði ef hún bandar frá sér lækningu.

5. Undanfarna mánuði hefur hópur rithöfunda þingað að eigin frumkvæði um bágborna stöðu lestrar, læsis og bóka á Íslandi. Við vildum vekja fólk til vitundar um að alvarlegur háski steðjaði að bókaþjóðinni svokölluðu, háski ólæsis og í kjölfarið dauði bókarinnar. Við vildum vekja til vitundar um að lestur er lífsnauðsyn í nútímasamfélagi, að lestur hafi eitthvað fram að færa sem aðrir miðlar hafa ekki. Enginn vill skylda börn eða fullorðna til að lesa, aðeins að minna á að til er hafsjór skemmtilegra bóka og að lestur er gefandi á ótal vegu. Við blésum til ráðstefnu í liðnum mánuði, Alvara málsins – bókaþjóð í ólestri – sem tókst framar öllum vonum en markar þó aðeins upphaf baráttu sem aldrei má linna.

6. Stríðið er auðvitað löngu hafið og lesturinn og bókin sæta stórskotahríð. Vorið 2009 taldi þriðji hver unglingsstrákur í 10. bekkjum landsins að lestur væri tímasóun. Sjötta hver stúlka var á sama máli. Helmingur drengja kvaðst bara lesa tilneyddur og þriðja hver stúlka. Alls 57% nemendanna sögðust allt eins geta hugsað sér að hætta að lesa bækur alfarið. Í augum þessara krakka er lestur kvöð, ánauð, óþekktur heimur sem þau kæra sig ekki um að kynnast eða hrökkluðust frá eftir stuttaraleg kynni. Bókin er þeim lokuð.

7. Könnun sem gerð var sama ár leiddi í ljós að 65% barna á aldrinum 10-15 ára höfðu sjónvarp í sínu herbergi, 91% áttu farsíma og 58% höfðu tölvu eða fartölvu í sínu herbergi. Ég reikna með að þessar tölur hafi hækkað enn frekar síðan þá – herbergi sumra unglinga minna meira á stjórnstöð geimfars en íverustað ungmennis á viðkvæmu skeiði andlegs og líkamlegs þroska. En tölva og bók þurfa ekki að vera svarnir óvinir, enda getur himinn og haf skilið að tölvunotkun og tölvunotkun. Rannsóknir sýna að þeir sem lesa mikið af rafrænu efni lesa einnig mikið af hefðbundnu og öfugt.

En það er ekki sama hvað er lesið. Þeir sem nýta sér netið einkum til að leita og afla sér upplýsinga hafi meiri ánægju af lestri og lesa meira en aðrir, en þeir sem nýta sér netið aðallega til að tengjast samskiptavefjum og hafa samskipti við aðra lesa minna og standa sig verr á lestrarprófum. Lestrarfærnin ræðst með öðrum orðum af nýtingu upplýsingatækninnar, eðli og innihaldi.

> Sumir halda að ólæsisplágunni verði afstýrt með tilkomu tækninýjunga á borð við lesbretti og spjaldtölvur. Fögur er trúin. Við getum lyft rafkyndlum hátt á loft til að lesa við bjarma þeirra en lestölva leysir ekki framlag lesandans af hólmi.

8. Sumir halda að ólæsisplágunni verði afstýrt með tilkomu tækninýjunga á borð við lesbretti og spjaldtölvur. Fögur er trúin. Við getum lyft rafkyndlum hátt á loft til að lesa við bjarma þeirra en lestölva leysir ekki framlag lesandans af hólmi. Að auki er lunginn af útgefnum bókum heimsins ekki til á rafrænu formi og verður aldrei. Rafbækur eru viðbót við þær hefðbundnu og ef þær laða til sín nýja lesendur og halda í þá sem þegar hafa ánetjast töfrum bókarinnar eru þær góðra gjalda verðar – en fólk má ekki vera svo grunnhyggið að halda að þær fyrirbyggi hættuna á ólæsi. Því ólæsi er ekki tæknilegt vandamál. Það er hugarfarslegt vandamál, það er samfélagslegt vandamál. Það er djöfulleg tímasprengja sem mun gera óskunda í nánustu framtíð þjóðarinnar.

9. Leyfi mér að lokum að vitna í einn samherja minn í lestrarátakinu Bókaþjóð í ólestri, Pétur Gunnarson rithöfund: „Íslenskan er svo fámenn að við megum engan lesenda missa.“ Við skulum vona að afkomendur okkar standi ekki dag einn frammi fyrir Brunaliði í fullum herklæðum í leit að bókum – til að brenna.





Opnum glæsilegustu garðyrkjudeild landsins í Skútuvogi um helgina!




Fræ 25% afsláttur um helgina

# RÆKTUNARHELGI

## Ókeypis
### FRÆÐSLUNÁMSKEIÐ

**Sáning sumarblóma, mat- og kryddjurta** *Fullbókað!*
8. mars Skútuvogi kl. 19:30-20:45

**Sáning sumarblóma, mat- og kryddjurta**
14. mars Grafarholt kl. 19:30-20:45

**Sáning sumarblóma, mat- og kryddjurta og allt um ávaxtatré og berjarunna**
14. mars Fitjum Reykjanesi kl. 18:00-19:15

**Sáning sumarblóma, mat- og kryddjurta**
15. mars Skútuvogur 19:30-20:45
15. mars Selfoss kl. 18:00-19:15

**Sáning sumarblóma, mat- og kryddjurta og allt um ávaxtatré og berjarunna**
20. mars Egilsstaðir kl. 18:00-19:15

**Sáning sumarblóma, mat- og kryddjurta og allt um ávaxtatré og berjarunna**
21. mars Akranesi kl. 19:00-20:15

**Allt um ávaxtatré og berjarunna og rétt kvæmi** *Fullbókað!*
22. mars Skútuvogur kl. 19:30-20:45

**Sáning sumarblóma, mat- og kryddjurta og allt um ávaxtatré og berjarunna**
29. mars Akureyri kl. 18:00-19:15

**Sumarbústaðalandið fjölbreyttur trjágróður**
12. apríl Skútuvogur kl. 19:30-20:45

**Allt um ávaxtatré og berjarunna og rétt kvæmi**
12. apríl Selfoss kl. 18:00-19:15

Skráðu þig í síma 525 3000 virka daga eða á namskeid@blomaval.is



RÁÐGJÖF ALLA HELGINA
VORLAUKAR OG FRÆ

## TILBOÐ
10 Túlipanar
799 kr.





tilboð
Sáðbakki fyrir glugga
1.199 kr
~~1.699 kr~~

tilboð
10 ltr. JONGKIND mold
399 kr
~~499 kr~~

Fjölbreytt úrval sáðbakka!



tilboð
Primula 3 stk.
999 kr

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Hafnarfirði - Akureyri
Egilsstaðir - Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær

# Þakklátasta leikkona landsins

Margir fengu til sín falleg orð í langri þakkarræðu **Maríu Hebu Þorkelsdóttur,** sem hlaut Edduverðlaun fyrir besta leik í aukahlutverki á dögunum. ***Hólmfríður Helga Sigurðardóttir*** ræddi við hana um ástríðuna fyrir leiklistinni en hræðsluna við bransann, eiginmanninn til tólf ára, foreldrabetrungana syni þeirra og dótturina sem fæddist andvana en lifir í hjörtum fjölskyldunnar.



**ÁTTA EDDUTILNEFNINGAR Á EINU HEIMILI** María Heba Þorkelsdóttir leikkona var í fyrsta skipti tilnefnd til Edduverðlauna í ár, fyrir leik sinn í Okkar eigin Osló. Hún hreppti hnossið í fyrstu atrennu. Eiginmaður hennar, Kristófer Dignus, hefur sex sinnum verið tilnefndur til Edduverðlaunanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Það stóð nú aldrei til að halda svona langa ræðu. Elma Lísa, vinkona mín sem fékk Edduverðlaunin í fyrra, var búin að vara mig við og sagði að ég yrði að vera búin að ákveða hvað ég ætlaði að segja ef ég færi upp. Mér fannst það mjög óþægilegt, því mér finnst tilhugsunin um að halda ræðu mjög stressandi. Þegar ég svo mætti þarna í Gamla bíó var ég alveg sannfærð um að ég væri ekkert að fara upp, svo ég var alveg róleg. En það var auðvitað alveg æðislega gaman að heyra nafnið sitt kallað upp,“ segir María, sem fékk verðlaun sem besta leikkona í aukahlutverki á Edduverðlaununum. Þegar hún tók við verðlaununum hélt hún langa og hjartnæma ræðu og lét ekkert á sig fá þótt reynt væri að flæma hana af sviðinu með því að hækka í tónlistinni. „Ég hélt kannski langa ræðu en mér tókst nú samt að gleyma að þakka framleiðendum myndarinnar þeim Hrönn Kristinsdóttur og Önnu Maríu Karlsdóttur hjá Ljósbandi fyrir að sigla skipinu í höfn. Það hefur þá verið bætt úr því. Takk stelpur!“

Stærsta plássið í þakkarræðunni hlaut leikstjórinn og góðvinur Maríu Hebu, Reynir Lyngdal. Eiginkona hans, Elma Lísa, er ein af nánustu vinkonum Maríu. „Mér líður alltaf best með fólki sem ég treysti. Ég fúnkera best í öruggu og traustu umhverfi, svo það hjálpaði mér að vinna með Reyni,“ segir hún. „Hann er mjög næmur listamaður og heldur blíðlega utan um leikarana sína.“

**Sautján ár á föstu**

Þetta er í fyrsta skipti sem María hefur verið tilnefnd til Edduverðlaunanna. Eiginmaður hennar, Kristófer Dignus, hefur hins vegar sex sinnum verið tilnefndur, þar með talið nú síðast fyrir framleiðslu á þættinum Andri á flandri. „Hann er alltaf tilnefndur, hann vinnur bara aldrei,“ segir María stríðnislega og hlær sínum dillandi hlátri.

Kristófer á samt sinn hluta af styttunni hennar Maríu. „Við styðjum hvort annað í vinnunni, enda höfum við bæði góðan skilning og innsæi í það sem hitt er að gera. Eitt af persónueinkennum Emblu í Okkar eigin Osló var að lykta af fólki. Það var hugmynd komin frá Kristófer,“ segir María.

Það var árið 1995 þegar hún var ekki nema 21 árs sem hún kynntist Kristófer. Sumarið 2000 þegar hún var á fyrsta ári í Leiklistarskólanum giftu þau sig og eiga því tólf ára brúðkaupsafmæli í sumar.

**Hvolparnir slást**

Þau María og Kristófer eiga tvo syni, Ara, sem er að verða sjö ára, og Högna, sem er þriggja ára. María Heba fær stjörnur í augun þegar þá ber á góma. „Þetta eru miklir gullmolar. Við Krissi horfum stundum á þá, lítum svo á hvort annað og vitum að við erum bæði að hugsa hvað þeir eru miklu klárari en við sjálf. Ari er alla jafna mjög kátur, kurteis og með fallegt hjarta. Svo er mikil dramataug í honum, sem móðir hans vill meina að komi frá föður hans. Högni er mikill skaphundur, fljótur upp og jafnfljótur niður aftur. Þeir eru miklir félagar. Áður en þeir fara að sofa á kvöldin heyrist: „Ég elska þig Ari. Ég elska þig meira Högni.“ Svo slást þeir inn á milli eins og hvolpar.“

**Hún var nefnd Katrín**

Á milli sonanna fæddist þeim hjónum andvana dóttir. Það var árið 2006. „Hún var nefnd Katrín og ég tel hana með mínum börnum þó hún sé ekki hjá okkur. Ég var gengin rúma sjö mánuði þegar ég hætti að finna hreyfingar og það kom í ljós að hún var látin. Hún var falleg lítil stúlka með tíu fingur og tíu tær. Það kom aldrei nein skýring á þessu. Þetta bara gerðist.“

Áfallið var mikið, en þau komu standandi út úr raunum sínum. Það þakkar María Heba fólkinu í kringum fjölskylduna. „Þegar maður lendir í svona áfalli upplifir maður sig í frjálsu falli og maður fær þá tilfinningu að maður muni alltaf halda áfram að detta. En svo kemur eitthvert net af fólki sem þykir vænt um mann, er að hugsa til manns, senda manni góða strauma og styrk. Og það bara grípur mann.“

> Þegar maður lendir í svona áfalli upplifir maður sig í frjálsu falli og maður fær þá tilfinningu að maður muni alltaf halda áfram að detta. En svo kemur eitthvert net af fólki sem þykir vænt um mann, er að hugsa til manns, senda manni góða strauma og styrk. Og það bara grípur mann.“

**Og verður aldrei tabú**

Af því að ganga í gegnum svo skelfilega reynslu segist María Heba hafa lært margt nýtt. Meðal annars það að andvana fædd börn eru algjört tabú. „Fólki finnst sú tilhugsun svo skelfileg, að einhver þurfi að ganga í gegnum það að fæða andvana barn. Ég skil það. Það er skelfilegt. En ég skynjaði mjög fljótt að hún mætti aldrei verða tabú hjá okkur hjónunum, ef við ætluðum að hafa þetta af. Við tölum um hana og höldum upp á afmælið hennar. Ari talar um hana og veit að hann á systur á himnum.“

Maríu er sérstaklega minnisstæð heimsókn Þórhildar Þorleifsdóttur leikstjóra, skömmu eftir að þetta gerðist. „Þórhildur hefur gengið í gegnum þá reynslu að missa barn. Ég man hvað ég var ánægð með hana að dingla bara á dyrabjölluna hjá mér. Mér fannst það svo hugrakkt. Ég man að hún talaði um að fólk héldi að það muni deyja við það að missa barn. En lífsviljinn er svo sterkur. Við deyjum ekki.“

**Embla var ekki erfið**

Embla, karakterinn sem María Heba túlkar í Okkar eigin Osló, er mörgum ógleymanleg. María Heba tókst á við hlutverkið af mikilli einlægni og virðingu, sem hún segir grundvallaratriði. „Þegar ég var að undirbúa mig heimsótti ég meðal annars fjölskyldu vinkonu minnar í Noregi og sú heimsókn var mér mikill innblástur,“ segir María Heba. „Í þessu tilviki eins og alltaf bar ég virðingu fyrir persónunni, enda er það grundvallaratriði að leikarar haldi með sínum karakter, reyni að finna einhvern sameiginlegan flöt með honum. Ég hef oft verið spurð hvort það hafi ekki verið erfitt að leika Emblu, en mér fannst það aldrei erfitt.“

**Á nýjum vettvangi**

Þó að María Heba sé nýkrýndur Edduverðlaunahafi er hún ekki starfandi leikkona nú um stundir. Í fyrra ákvað hún nefnilega að söðla um og ná sér í kennsluréttindi í listkennsludeild Listaháskólans. Nú kennir hún unglingum á leiklistarbraut Fjölbrautaskólans í Garðabæ. „Ég hef alveg ofsalega gaman af því að kenna og nýt þess í botn. Það er frábært að vinna með unglingum, þó að ég hafi verið mjög kvíðin fyrir því fyrst. Þeir eru svo opnir og frjóir. Lífið er yfirleitt ekki enn þá búið að gefa þeim nein kjaftshögg, svo þeir eru fullir af eldmóði. Í FG fer fram flott starf og þar er góður og jákvæður andi. Það er gengið út frá því að skólinn sé í þjónustu nemenda, sem ætti að vera grunnhugsun í öllu skólastarfi.“

Hún hafði samt aldrei haft á stefnuskránni að fara út í kennslu, þó að það komi ekki á óvart sé litið til þess umhverfis sem hún er sprottin úr. „Ég er umvafin kennurum á alla kanta. Foreldrar mínir eru báðir kennarar, tengdamamma mín líka og tengdapabbi er prófessor við Háskólann í Edinborg.“

**Ekki hætt að leika**

Þú ert þó ekki hætt að leika? „Nei, ég vona ekki. Ég vildi helst geta blandað þessu saman, leiknum og kennslunni. Ég geri alveg brjálæðislega fína Leoncie eftirhermu, þó ég segi sjálf frá. Hún er draumahlutverkið mitt og ég á alveg eftir að takast á við það. Hún og Vigdís Finnbogadóttir.“

Hún er þó mishrifin af því umhverfi sem leikarar vinna í. „Ég elska að leika, alveg sérstaklega í leikhúsi, þó að að sumu leyti hafi bíó og sjónvarp boðið mig meira velkomna heldur en leikhúsið. Hjartað mitt slær samt einhvern veginn alltaf í leikhúsinu. En fyrir mér skiptist vinna leikarans stundum í tvennt; það er bransinn annars vegar og fagið hins vegar. Ég er ekki sjálfsörugg í bransanum. Þar á sér stað einhver dans, leikur og stundum harka sem ég er ekki góð í. Ég er pínu hrædd við bransann. En ég er hins vegar ekkert hrædd við fagið. Þar er ég hugrökk, hef sjálfstraust og ástríðu.“




Komdu og gerðu góð kaup á skómarkaði Ellingsen **dagana 1.–10. mars.**
Vandaðir gönguskór, kuldaskór, barnaskór og gúmmískór á frábæru verði!

Columbia Sportswear Company · Muck · Viking · Nike



**COLUMBIA RAVENOUS GÖNGUSKÓR**
Stærðir 42–49
**16.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 24.990 KR.



**CONWAY GÖNGUSKÓR**
Stærðir 36–47
**11.992 KR.**
VERÐ ÁÐUR 14.990 KR.



**TAY SPORT KULDASTÍGVÉL**
Stærðir 41–48
**17.520 KR.**
VERÐ ÁÐUR 21.900 KR.



**COLUMBIA TALUS GÖNGUSKÓR**
Stærðir 36–42
**24.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 36.990 KR.



**NIKE MANOA KULDASKÓR**
Stærðir 36–46
**17.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.



**VIKING GÚMMÍSKÓR**
Stærðir 35–47
**3.992 KR.**
VERÐ ÁÐUR 4.990 KR.



**NIKE RONGBUK GÖNGUSKÓR**
Stærðir 41–49
Til í bláu og svörtu
**19.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.



**MONTRAIL BADROCK GÖNGUSKÓR**
Stærðir 42–46
**27.992 KR.**
VERÐ ÁÐUR 34.990 KR.



**VIKING JOLLY GÚMMÍSTÍGVÉL**
Barnastærðir 21–35
**3.992 KR.**
VERÐ ÁÐUR 4.990 KR.



**COLUMBIA ROPE TOW KULDASKÓR**
Barnastærðir 32–39
**9.490 KR.**
VERÐ ÁÐUR 13.990 KR.



**COLUMBIA SHASTA RIDGE GÖNGUSKÓR**
Stærðir 38–43
**21.592 KR.**
VERÐ ÁÐUR 26.990 KR.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • **ellingsen.is**

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 120682


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
LAUGARDAGUR OPNUM KLUKKAN 10 LAUGARDAGUR OPNUM
FERSKUR KJÖRFUGLSKJÚKLINGUR GOTT VERÐ
1995 KR. KG
KJÖRFUGL KJÚKLINGABRINGUR
695 KR. KG
KJÖRFUGL KJÚKLINGALEGGIR
595 KR. KG
KJÖRFUGL KJÚKLINGABITAR
Ali
698 KR. KG
ALI GRÍSAKJÖT
FERSKUR GRÍSABÓGUR
695 KR. KG
KJÖRFUGL HEILL FERSKUR
Lambalæri
TILBÚIÐ Í OFNINN Í ÁLBAKKA
1998 KR. KG
ÍSLANDSLAMB JURTAKRYDDAÐ
ÚRBEINAÐ LAMBALÆRI
3598 KR. KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
FROSIÐ LAMBAFILLET
KJARNAFÆÐI
ÍSLANDS NAUT
1998 KR. KG
ÍSLANDSNAUT
FERSK UNGNAUTA-PIPARSTEIK
Óðlingur
Ljúflingur
398 KR. 250 GR
KÚ OSTUR 250 GR
BLÁR OG HVÍTUR MYGLUOSTUR
HEIMILISBRAUÐ
259 KR. 770 GR
MYLLU 770 GR. HEIMILISBRAUÐ
REYKT LÚXUSSKINKA
Íslenskt álegg sem uppfyllir skilyrði skráargatsins
BÓNUS BRAUÐÁLEGG 120 GR.
SILKISKORIN LÚXSUSSKINKA OG
REYKT LÚXSUSSKINKA
EKKERT VIÐBÆTT VATN
359 KR.
ÍSLENSKT HEIÐALAMB
1395 KR. KG
KJARNAFÆÐI FERSKT
KRYDDAÐ HEIÐALAMB
5stk.
BÓNUS
VÍNARPYLSUR
BÓNUS PYLSUR 10 STK
359 KR. ca. 480 gr.
PYLSUBRAUÐ 5 STK
139 KR.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur




| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | 8 | | | 1 | | 4 |
| 3 | | | | | 9 | | 2 | |
| | 4 | | | | 7 | | | |
| | 9 | | | 2 | 1 | | | 6 |
| | | 4 | 6 | | 3 | 9 | | |
| 8 | | | 9 | 7 | | | 1 | |
| | | | 3 | | | | 9 | |
| | 1 | | 2 | | | | | 7 |
| 5 | | 8 | | | 6 | | | 1 |

ÚRLAUSN Á SUDUKO GÁTU Á BONUS.IS 49

# Átta takast á um biskupsstólinn

**Frambjóðendur til biskups** hafa aldrei verið fleiri en í ár, eða átta talsins, tvær konur og sex karlar. Skoðanir þeirra eru misjafnar eins og gengur, en flest leggja áherslu á breytta kirkju, ekki frekari aðskilnað við ríkið og almennan stuðning við baráttumál samkynhneigðra. *Sunna Valgerðardóttir* lagði spurningar fyrir frambjóðendurna, um breytingar, stjórnarskrána og Gay Pride.

## ÚRELT STJÓRNARSKRÁRÁKVÆÐI UM KIRKJUNA



**Kristján Valur Ingólfsson** • Vígslubiskup í Skálholti • Fæddur 1947

1 Nauðsynlegt er að leggja enn meiri áherslu á trúariðkunina og trúfræðsluna í þjóðkirkjunni og vinna þá endurskoðun skipulags og stjórnsýslu þjóðkirkjunnar sem kallað er eftir, út frá þeim forsendum. Síðan þarf að stofna til stefnumóta trúar og lífs á ólíkum sviðum mannlífsins, ekki síst á vettvangi náttúrunnar og menningarinnar.

2 Samkvæmt lögum um þjóðkirkjuna frá 1997 er hún sjálfstæð og sjálfs sín ráðandi eins og önnur trúfélög í landinu. Það eina sem eftir er frá gömlum tíma er það ákvæði stjórnarskrárinnar að ríkið hafi sérstökum skyldum að gegna við þjóðkirkjuna. Ég tel að það ákvæði sé úrelt og eigi að falla út. Aðskilnaður að lögum er hins vegar bara ein hlið málsins. Samfylgd ríkis og kirkju birtist með ýmsum hætti og verður enn um sinn.

3 Meginreglan hefur verið sú að biskup Íslands tekur ekki þátt í göngum af neinu tagi nema í tengslum við kirkjuathafnir. Ég tel að það eigi líka við í þessu tilfelli.

## VILL EKKI FREKARI AÐSKILNAÐ RÍKIS OG KIRKJU



**Agnes M. Sigurðardóttir** • Prófastur í Vestfjarðaprófastsdæmi og sóknarprestur í Bolungarvíkurprestakalli • Fædd 1954

1 Ég vil að breytingar séu til bóta, ekki breytinganna vegna. Það þarf alltaf á vera á vaktinni gagnvart því sem betur má fara. Það er mikilvægast innan kirkjunnar að brúa bilið milli yfirstjórnar og grasrótar. Milli dreifbýliskirkju og þéttbýliskirkju og milli sérþjónustu og safnaðarþjónustu.

2 Ég tel núverandi fyrirkomulag gott. Þjóðkirkjan er sjálfstæð stofnun sem ber réttindi og skyldur að lögum. Fullur aðskilnaður ríkis og kirkju er erfiður í framkvæmd og getur aldrei orðið að fullu. Þjóð og kirkja hafa átt samfylgd frá alda öðli. Tengsl ríkis og kirkju eru byggð á sögulegum og menningarlegum forsendum. Og það siðferði er kirkjan boðar hefur mótað hugsunarhátt þjóðarinnar og er grundvöllur lagasetningar hér á landi.

3 Ég myndi hugleiða það ef fram á það væri farið af ábyrgum aðila.

## KIRKJAN VERÐUR AÐ BREYTAST STÖÐUGT



**Örn Bárður Jónsson** • Sóknarprestur í Neskirkju • Fæddur 1949

1 Kirkja framtíðarinnar er sú sem þekkir sögu sína og samtíð og dregur lærdóm af hvoru tveggja. Hún á möguleika í framtíðinni með því að taka stöðugum breytingum, kirkja sem gengur í sig og breytir því sem breyta þarf en heldur fast í það í grunni sínum sem er óbreytanlegt og eilíft. Þjóðin þarfnast slíkrar kirkju.

2 Kirkjan verður að vera sterk af sjálfri sér. Framtíð kirkjunnar verður ekki tryggð með lagasetningum eða greinum í stjórnarskrá. Þjóðkirkjan er sjálfstæð og var skilin frá ríkinu með lögum árið 1997. Samningar eru í gildi milli ríkis og kirkju um fjármál. Þjóðkirkjan er ekki ríkiskirkja og því spyr ég: Hvað er átt við með aðskilnaði?

3 Ég styð og hef stutt réttindabaráttu samkynhneigðra og fagna sigrum þeirra en hef ekki tekið þátt í Gleðigöngunni.

## ÞJÓÐKIRKJAN VILL FRIÐ TIL AÐ ÞJÓNA FÓLKI VEL



**Sigurður Árni Þórðarson** • Prestur í Neskirkju • Fæddur 1953

1 Kirkjan er að nútímavæðast. Góðar breytingar hafa orðið á skipulagi þjóðkirkjunnar. Ég vil kalla barnafræðara kirkjunnar til átaks í þágu barna og barnafjölskyldna því börnin eru mestu dýrmætin. Ég vil líka hefja græðarastarf innan kirkjunnar með því að efla samstarf við presta, djákna og sóknarnefndarfólk um land allt. Glatt fólk þjónar vel.

2 Aðskilnaðurinn er að mestu orðinn, en þjóðarsamtalið um framtíðarsamskipti þjóðar, ríkis og kirkju er varla byrjað. Kirkjan hefur ekki og sækist ekki eftir forréttindum, heldur að þjóna fólki. Þjóðkirkjan vill frið til þess að þjóna fólki vel og um allt land.

3 Já. Ég tek mér stöðu þar sem ég held, að Jesús Kristur hefði viljað vera. Hann stóð alltaf með fólki. Gleðigangan er í þágu réttlætis í samfélagi okkar. Mínar göngur eru göngur til gleði og Gay Pride er til ganga til góðs.

## GAGNRÝNIR AÐ RÍKIÐ HALDI EFTIR TRÚFÉLAGSGJÖLDUM



**Sigríður Guðmarsdóttir** • Sóknarprestur í Grafarholti • Fædd 1965

1 Efla þarf umræðu um tengsl trúar, fjölhyggju og jafnréttis í samfélaginu. Ég er samþykk frumvarpsdrögum um að biskupinn losni við rekstrarumsýslu. Gera þarf stjórnsýslu og starfsmannastefnu skilvirkari, styðja söfnuðina og auka lýðræði. Kjör konu til biskups væri sýnilegt tákn um nýja tíma.

2 Tengsl ríkis og kirkju eru þríþætt, stjórnarskrárbundin tengsl, eignarréttarsamningatengsl og innheimta trúfélagsgjalda. Ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla um kirkjuskipan ríkisins verður samhliða næstu forsetakosningum. Ég er kosningunni samþykk og kalla eftir umræðum. Eignarréttarsamkomulagið 1997 stendur undir launum presta og biskupa og starfi á landsvísu og byggir á eignum þjóðkirkjunnar sem verið hafa í umsjón ríkisins. Ríkið hefur frá níunda áratugnum annast innheimtu fyrir öll trúfélög. Ég gagnrýni að ríkið skuli nú halda eftir fjórðungi trúfélagsgjalda, sem er að sliga fátækar kirkjur, ekki síst á landsbyggðinni.

3 Ég hef gengið í gleðigöngunni með litríkt fjaðraskrúð og held því áfram.

## VILL ALLS EKKI MISSA AF GAY PRIDE



**Þórhallur Heimisson** • Sóknarprestur í Hafnarfjarðarkirkju • Fæddur 1961

1 Grundvallarverkefnið fram undan er að endurreisa traustið milli kirkjunnar og þjóðarinnar. Það þarf að auka lýðræðið í kirkjunni og styðja við allt það frábæra starf sem er unnið í grasrótinni. Og það þarf að efla samtalið milli kirkjunnar og annarra trúfélaga, lífsskoðunarfélaga og mannræktarsamtaka.

2 Kirkjan er ekki lengur ríkiskirkja heldur sjálfstæð stofnun sem hefur bæði réttindi og skyldur samkvæmt lögum. Hún starfar sem slík um allt land og tryggir að landsmenn geti allir notið þjónustu hennar. Hvort þjóðkirkjan skuli afnumin úr stjórnarskránni þarf þjóðin að kjósa um, samkvæmt stjórnarskránni sjálfri. Ég tel mestu máli skipta að kirkjan geti þjónað þjóðinni allri sem fyrr, hvernig svo sem tengsl kirkju og ríkis verða í framtíðinni.

3 Ég og mín fjölskylda höfum alltaf í gegnum árin tekið daginn frá til að taka þátt í Gay Pride. Þetta er frábær dagur sem við viljum alls ekki missa af. Hvort sem ég verð kosinn biskup eða ekki mun ég svo sannarlega halda áfram að mæta á Gay Pride eins og ég hef alltaf gert.

## VILL EKKI TAKA ÞÁTT Í GLEÐIGÖNGUNNI



**Gunnar Sigurjónsson** • Sóknarprestur í Digraneskirkju • Fæddur 1960

1 Ég vil að þjóðkirkjan stefni fram í krafti styrkleika sinna en gangist við veikleikum sínum og læri af mistökum sínum. Ég vil að þjóðkirkjan standi styrkan vörð um þau sem höllum fæti standa í samfélaginu. Ég vil að þjóðkirkjan virði trúfélagsaðild fólks þegar kemur að kirkjulegum athöfnum en bjóði öllum að ganga í þjóðkirkjuna sem til hennar leita um athafnir. Ég vil að þjóðkirkjan veiti stjórnvöldum aðhald og viðnám og vandi um fyrir þeim með hógværðaranda. Ég vil sjá virkari breytinga- og verkefnastjórnun. Ég vil sjá meiri glaðværð í boðun kirkjunnar.

2 Aðskilnaður ríkis og kirkju átti sér stað 1997. Ég vil ekki breytingar á því fyrirkomulagi sem felur þjóðkirkjunni þá sérstöku skyldu að þjóna um land allt en njóta á sama tíma fulls sjálfstæðis gagnvart ríkisvaldinu. Ég vil að gjaldfrjáls sálusorgun þjóðkirkjunnar standi öllu landsmönnum til boða án tillits til trúfélagsaðildar.

3 Nei.

## BISKUPAR ÆTTU AÐ VERA TVEIR EÐA FLEIRI



**Þórir Jökull Þorsteinsson** • Fyrrv. sendiráðsprestur í Kaupmannahöfn • Fæddur 1959

1 Mikilvægast er að breyta hugarfarinu sem menn nálgast kirkjuna með. Kirkjan er sátt við sérhvert skipulag sem skilar tilgangi starfs hennar. Ég álít samt að fjölga þurfi fullgildum biskupsdæmum úr einu dönsku í tvö eða fleiri íslenzk. Ég vona að það geti á sinn hátt stuðlað að endurnýjun hugarfarsins.

2 Samband ríkis og kirkju er arfur frá þeim tíma er Ísland tilheyrði ríki Danakonungs. Aðkallandi er að skoða í einlægni hvað eftir er af þessu sambandi. Óháð óvissu um nýja stjórnarskrá er þjóðkirkjan fullfær um að finna stað sinn meðal landsmanna. Fyrir mestu er að sátt skapist í þessum efnum og stefnumið nýs biskups munu án efa taka af því mót.

3 Ég legg áherzlu á að fagnaðarerindið er hafið yfir þjóðerni, litaraft, kynferði, kynhneigð, efnamun og menningarhátt. Ekkert slíkt er hrösunarefni fyrir Guði. Ég mun því ekki með neinum sérlegum hætti bera mig eftir því að taka þátt í viðburðum sem gera því skóna.

## SPURNINGAR TIL BISKUPSFRAMBJÓÐENDA

1. Hverju er mikilvægast að breyta innan kirkjunnar?
2. Hver er þín afstaða til fulls aðskilnaðar ríkis og kirkju?
3. Mundir þú taka þátt í Gleðigöngunni (e. Gay Pride)?

ILVA

# TAX-FREE HELGI



## AF ÖLLUM VÖRUM



## OG VIÐ MEINUM ÖLLUM VÖRUM!



## 3. - 4. MARS

ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík s: 522 4500
laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-18:30

© ILVA Ísland 2012 Virðisaukaskatturinn er reiknaður af við kassann. Afsláttarprósenta er 20.32%. Gildir fyrir allar vörur í verslun, nema á ILVA kaffi.
Að sjálfsögðu stendur ILVA skil á virðisauka til ríkissjóðs. Verðlækkunin er alfarið á kostnað ILVA.

# Segjast hlusta en gera það ekki

**Þau Emilía Björt Ásgeirsdóttir, Andri Fannar Arnarson, Hjördís Eva Ólafsdóttir og Davíð Leví Ólafsson eru nemendur í Norðlingaskóla. Þau sögðu *Sigríði Björgu Tómasdóttur* frá fordómum í garð unglinga, tæknigleði og áhrifamiklu gervilunga.**

Norðlingaskóli er einn af nýrri skólum Reykjavíkurborgar. Í stóru opnu rými eru unglingabekkirnir þrír samankomnir og þar hittir Fréttablaðið fyrir fjögur ungmenni, þau Emilíu Björt Ásgeirsdóttur sem er í níunda bekk og tíundu bekkingana Andra Fannar Arnarson, Hjördísi Evu Ólafsdóttur og Davíð Leví Ólafsson. Við komum okkur fyrir í herbergi á annarri hæð skólans og hefjum samtal um samskipti fullorðinna og unglinga og förum í framhaldinu út um víðan völl.

*Er hlustað á unglinga?*

**Andri Fannar:** Ég hef hugsað mjög mikið um þessi mál og mér finnst vera hlustað á okkur til þess að hlusta á okkur. Hlustað en samt ekki hlustað.

**Hjördís Eva:** Það er oft komið fram við okkur eins og við séum bara krakkar og eiginlega verr. Til dæmis á Olísstöðinni hér í Norðlingaholti, það mega eiginlega bara fullorðnir og krakkar sitja þar, ekki unglingar.

**Davíð Leví:** Sem er glatað því þetta er eini staðurinn fyrir utan félagsmiðstöðina sem hægt er að hanga á hér í Norðlingaholtinu.

**AF:** Allt vegna þess að það komu strákar úr Árbænum og sprautuðu tómatsósu á bak við bekk.

**HE:** Þetta voru ekki einu sinni strákar úr Norðlingaholtinu!

**DL:** Fólk sem er eldra en fertugt, það fer að tala við yngra fólk eins og það sé hálfvitar og segir svo ungu fólki að tala við eldra fólk eins og það sé alviturt.

**HE:** Ég tek eftir því að mamma hneykslast oft á því þegar afgreiðslufólk í búðum segir ekki góðan dag, en það geta allir átt slæman dag.

### Of róleg eða of æst

**DL:** Fullorðnir vilja alltaf að við séum að sinna einhverju „smalltalki“.

**HE:** Þeim finnst við oft alltof róleg, eða of æst og þykir sjálfsagt að allir hafi millistig og séu alltaf fullkomnir.

**AF:** Ég hef líka tekið eftir því að fólk hlustar oft ekki á okkur, þrátt fyrir að við vitum mikið um eitthvað málefni. Taka ekki alveg mark á okkur því við höfum ekki horft með þeim á fréttirnar.

**Emilía Björt:** Ég fæ oft þessa spurningu, hvernig vissir þú þetta, þú varst ekki að horfa á fréttirnar?

**AF:** En það er allt á netinu og við notum netið mjög mikið.

**DL:** Allt nema Egill Skallagrímsson, ég er búinn að leita að upplýsingum um hann í tvo daga og það er ekki neitt um hann, ég er ekki að leita að ljóðaskrám heldur hvenær hann gerði hlutina.

### Engin tæknihræðsla

**HE:** Foreldrar okkur halda stundum að við séum ekki að gera neitt annað í tölvunni en að finna sjónvarpsþætti, en við erum að gera alveg helling.

**EB:** Þau kunna heldur ekki endilega jafn vel og við á tölvur.

**AF:** Ég held að það fari eftir menntun, smiðir, læknar og hjúkrunarfræðingar, þeir kunna á vinnupakkann og svo ekki meir.

**DL:** Pabbi hefur reyndar kennt mér margt, og ég honum.

**EB.** Ég held að ég kunni meira en mamma á tölvur.

**AF:** Ég held að það sé til tækniánægja og tæknihræðsla, síðarnefnda felst í því að taka fram bæklinginn og reyna að skilja áður en byrjað er að prófa. Sem er ekki aðferðin mín.

**HE:** Við erum reyndar oft að leita að sjónvarpsþáttum í tölvunni. Samt líður mér alltaf illa þegar ég hleð niður uppáhaldsþáttunum mínum, en ég get ekki annað.

**AF:** Því þeir koma ekki til Íslands fyrr en eftir mörg ár.

**EB:** Við hlustum líka mikið á tónlist í tölvum.

**AF:** Margir hlusta á Youtube eða Pirate Bay fyrst og kaupa svo lögin á iTunes.

*Eru ykkur settar tímaskorður í tölvunni?*

**EB:** Það var þannig, eiginlega ekki lengur.

**AF:** Ég geri það sjálfur, ég fer stundum út þegar ég finn að ég er búinn að vera of lengi í tölvunni.

*Hvernig eru samskiptin ykkar á milli?*

**HE:** Við þekkjumst öll svo vel, því við höfum verið saman í skóla síðan hann var pínulítill.

**AF:** Við erum öll vinir og höngum saman.

**EB:** Líka á milli árganga, það er einn bekkur í hverjum árgangi hér.

**HE:** Okkur þykir mjög vænt um skólann okkar.

**AF:** Eitt verður að koma fram að kennararnir og allt starfsfólkið í þessum skóla skilur okkur töluvert betur en allir aðrir.

**DL:** Þau eru ekki að reyna að stjórna okkur heldur að hjálpa okkur.

**HE:** Þau vilja að við gerum hlutina sjálf og verðum sjálfstæð.

### Leiðir foreldrar verri en reiðir

*Er ætlast til þess að þið standið ykkur vel?*

**EB:** Ég set pressu á sjálfa mig og vil standa mig vel.

**HE:** Ég líka, ef ég fæ 8,5 í einkunn þá fæ ég samviskubit.

**DL:** Stelpurnar eru meira svona, það er meira verið í samningaviðræðum við okkur.

**AF:** Það er ekkert leiðinlegra en þegar foreldrar segjast vera vonsviknir með mann, það er glatað. Það er miklu auðveldara að díla við reiða foreldra heldur en leiða foreldra.

*Hvað með eftirlit, sætið þið ströngum reglum?*

**AF:** Langflestir vita að það er ekkert vit að fara að drekka í grunnskóla og engan langar til að byrja að reykja.

**DL:** Ekki eftir að Ragnar [kennari] kom með gervilunga og sýndi okkur hvað kom mikil tjara úr einni sígarettu, það var ógeðslegt.

*Krakkarnir eru góðir vinir og hafa fylgst lengi að í skóla, hvernig fer í vor þegar 10. bekk lýkur?*

**AF:** Árgangurinn splundrast svolítið, við erum að fara út um allt. Ég fer til Noregs.

**DL:** Ég líka, fjölskyldan er að flytja þangað.

**HE:** Ég stefni á Versló.

**EB:** Ég ætla að sækja um alla skólana og athuga hvort ég komist inn í þá.

**HE:** Við værum samt mest til í að fara í framhaldsskóla hér.

*Eitthvað sem þið viljið koma á framfæri að lokum?*

**DL:** Strætókerfið er ömurlegt, það er eitthvað sem fullorðnir mættu laga.

**AF:** Maður er klukkutíma að fara allt, ég hef verið fljótari en Strætó að hjóla niður á Hlemm.

**HE:** Lélegt strætókerfi bitnar mest á unglingum.



**SAMRÝMD** Hjördís Eva, Andri Fannar, Davíð Leví og Emilía Björt hafa fylgst að um árabil í Norðlingaskóla og þekkjast því vel. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## UNGLINGUM OFT SÝND VANVIRÐING

Margrét Júlía Rafnsdóttir, verkefnastjóri hjá Barnaheillum, segir flesta gera sér grein fyrir því að hvorki megi beita börn líkamlegu né kynferðislegu ofbeldi. Það sé hins vegar líka réttur barna að vera vernduð fyrir andlegu ofbeldi. Í því geti falist skeytingarleysi og vanræksla, en framkoma fullorðinna við börn geti líka brotið á réttindum þeirra, eins og þau séu tryggð í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. „Börn eiga rétt á vernd gegn hvers kyns ofbeldi, innan og utan heimilis. Við þekkjum þessi réttindi en eigi að síður er börnum, og kannski ekki síst unglingum iðulega sýnd vanvirðandi háttsemi. Því bregður oft við að við teljum okkur geta komið öðruvísi fram við börn en fullorðna. Það er til að mynda mikið um það að komið sé öðruvísi fram við unglinga sem vinna úti, til dæmis í búðum, en fullorðna. Ef þau ráða ekki við hlutverk sitt af einhverjum ástæðum þá er ekki við þau að sakast heldur fullorðna.

Sonur minn sem er 24 ára í dag sagði mér til að mynda frá því að það hefði aldrei verið komið jafn illa fram við hann og þegar hann var í sinni fyrstu vinnu á kassa í Hagkaup. Annað atvik sem ég sjálf upplifði átti sér stað í Bónus. Þar varð ég vitni að því að kona hellti sér yfir kerrustrák með miklum dónaskap. Ég kallaði til konunnar og spurði hana hvort hún myndi tala svona við starfsmanninn ef hann væri fullorðinn. Hún játaði á sig dónaskapinn og svo kom í ljós að pilturinn var á sínum fyrsta degi í vinnunni og var auðvitað að gera sitt besta eins og búast mátti við.



**MARGRÉT JÚLÍA** Börn eru besta fólk og unglingar sömuleiðis.

Börn eru nefnilega besta fólk og við ættum að hafa í huga þegar við ræðum við börn og unglinga að við eigum að koma fram við þau eins og við viljum að sé komið fram við börnin okkar. Fullorðnir gera oft ráð fyrir að unglingar séu að gera eitthvað slæmt, og unglingar eru auðvitað alls konar fólk og oft mjög fjörugir, en meirihlutinn er mikið sómafólk og frá góðum heimilum. Ef þau koma illa fram þá eru einhverjar skýringar þar að baki, þau eru kannski með einhverjar raskanir eða eru vanrækt, og það er ekki þeirra sök.“

Margrét Júlía segist fullviss um að andlegt ofbeldi gegn börnum leynist víðar en fólk geri sér grein fyrir. „Það flokkast undir andlegt ofbeldi að vera í sífellu að setja út á börn, að leggja of mikið á þau og gera til þeirra óraunhæfar kröfur. Svo eiga fullorðnir ekki að líta á börnin sín sem sálufélaga og sjá börn sem framlengingu á sjálfum sér. Okkar hlutverk er að koma börnunum okkar til manns, ekki að vera vinir þeirra, þó að það sé auðvitað gott líka,“ segir Margrét Júlía og bætir við að lokum að mikilvægt sé að tilkynna það til viðeigandi yfirvalda vakni grunur um að barn sé beitt ofbeldi.

## 20 ÁR FRÁ STAÐFESTINGU BARNASÁTTMÁLANS

**Barnasáttmálinn var formlega samþykktur á allsherjarþingi S.Þ. haustið 1989.** Allar aðildarþjóðir S.Þ. hafa staðfest sáttmálann nema Bandaríkin og Sómalía. Staðfestingin felur í sér að lög og reglur eigi að vera í samræmi við sáttmálann og aðildarríkin geri það sem í þeirra valdi stendur til að framfylgja lögunum.

Megininntak Barnasáttmálans er að gefa börnum grið, tækifæri og áhrifamátt. Um er að ræða alþjóðlega viðurkenningu á því að börn þarfnist sérstakrar verndar umfram fullorðna, þeim séu tryggð full mannréttindi og eigi rétt á að alast upp við öryggi og í friði, burtséð frá búsetu, kynferði, kynþætti, trú eða félagslegum aðstæðum.

Þess má geta að sáttmálinn hefur ekki verið bundinn í lög hér á landi meðal annars vegna ákvæða í sáttmálanum um að ekki megi vista unga afbrotamenn (börn á aldrinum 15-18) með fullorðnum afbrotamönnum. Nánari umfjöllun um sáttmálann er að finna á vefsíðu umboðsmanns barna www.barn.is.

**Börnum er tryggð vernd gegn ofbeldi og vanrækslu í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna**

**19. grein. Vernd gegn ofbeldi og vanrækslu**
Börn eiga rétt á vernd gegn hvers kyns líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi, misnotkun, skeytingarleysi og vanrækslu, innan eða utan heimilis. Stjórnvöld skulu veita börnum sem sætt hafa illri meðferð og fjölskyldum þeirra viðeigandi stuðning.

**34. grein. Kynferðislegt ofbeldi**
Börn eiga rétt á vernd gegn hvers kyns misnotkun sem á einhvern hátt getur stefnt velferð þeirra í hættu.

**20 ÁRA**
**Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna**

**Í ár eru 20 ár liðin frá því að Ísland staðfesti Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.** Í tilefni stórafmælis sáttmálans mun Fréttablaðið fjalla reglulega í helgarblaði um málefni sem tengjast Barnasáttmálanum með einum eða öðrum hætti.



# TAX FREE HELGI

## Í ÖLLUM VERSLUNUM RÚMFATALAGERSINS!

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT
AF ÖLLUM VÖRUM
FÖSTUDAG TIL SUNNUDAGS

Tax Free tilboð jafngildir **20.32%** afslætti.
Afslátturinn er á kostnað Rúmfatalagersins.
Virðisauka er að sjálfsögðu skilað til ríkissjóðs.

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP




RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**Rúmfatalagerinn er á 4 stöðum : Korputorgi - Smáratorgi - Skeifunni - Akureyri**



**FALLINN Í VALINN** Árni Þór Sigurðsson, þingmaður Vinstri grænna, féll við þegar hann fékk egg í höfuðið fyrir utan Alþingishúsið 1. október. Árni var þá, eins og þingheimur, á leið til kirkju við upphaf þings. Fjöldi mótmælenda hafði komið saman, gerði hróp og köll að þingmönnum og kastaði eggjum, sem flest lentu á þinghúsinu, en eitt í höfði þingmanns. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**HART BARIST** Viktor Bjarki Arnarsson úr KR og Tryggvi Guðmundsson úr ÍBV áttust við í jafnteflisleik í ágúst. KR-ingar urðu tvöfaldir meistarar í knattspyrnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Bestu myndirnar frá árinu 2011

Hamfarir, mótmæli og eftirminnileg augnablik frá fyrra ári ber nú sem endranær fyrir augu á árlegri sýningu Blaðaljósmyndarafélags Íslands á myndum ársins. *Ljósmyndarar Fréttablaðsins* eiga þar fjölda mynda eins og undanfarin ár og eins og sjá má eru viðfangsefni þeirra fjölbreytt. Sýningin verður opnuð í dag og stendur til 7. apríl en hún er haldin í Gerðarsafni í Kópavogi. Við opnunina í dag verður og kynnt hvaða myndir hljóta viðurkenningu sem bestu ljósmyndir ársins 2011.

**FRAMHALD Á SÍÐU 36**



**HRINGURINN ROFINN** Grípa þurfti til óvenjulegra ráða til að ferja fólk og bíla þegar hringvegurinn fór í sundur við Múlakvísl í kjölfar Kötluhlaups síðastliðið sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# SÝNING UM HELGINA





T@B L400 TD
kr. 3.990.000.

TEC
verð frá kr. 3.990.000.



T@B 320
kr. 2.850.000.

## KOMDU OG VELDU ÞÉR FERÐAVAGN OG LIT FYRIR SUMARIÐ



PALOMINO
verð frá kr. 1.890.000.



ÆGISVAGNINN
kr. 1.090.000.

**Opið**
**Laugardag 11:00-16:00**
**Sunudag 13:00-16:00**

**SEGLAGERÐIN ÆGIR**

Eyjarslóð 5 101 Reykjavík
S: 511 2200 www.seglagerdin.is

FRAMHALD AF SÍÐU 34



**HAMFARIR** Gríðarlegt öskufall fylgdi gosi í Grímsvötnum í maí síðastliðnum. Þegar verst var sá ekki á milli húsa á Kirkjubæjarklaustri og þurfti fólk að halda kyrru fyrir. Ekki lifðu allar skepnur öskufallið af eins og sést á myndinni sem tekin var í Landbroti þann 24. maí en skepnudauði var þó minni en óttast var í fyrstu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**DORRIT BREGÐUR Á LEIK** Dorrit Moussaieff lét vel að lukkudýri FH-inga að loknum handboltaleik í Kaplakrika í mars síðastliðnum þar sem forsetahjónin voru heiðursgestir. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, fylgdist glettinn með frúnni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Á UPPLEIÐ** Tónlistarmaðurinn Sindri Már Sigfússon eða Sin Fang gaf út sína aðra sólóplötu í mars 2011, Summer Echoes, en hún hafði að geyma „tólf litrík popplög,“ eins og sagði í Fréttablaðinu og var vandað vel til verksins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.



**TÍMAMÓT** Samþykkt var á Alþingi 29. nóvember síðastliðinn þingsályktunartillaga um að viðurkenna Palestínu sem sjálfstætt og fullvalda ríki. Alls greiddu 38 þingmenn atkvæði með tillögunni en 13 sátu hjá. Fjölmennt var á þingpöllum þegar atkvæðagreiðslan fór fram og fögnuðu áhorfendur niðurstöðu þingsins með lófataki. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**JÓLIN KOMA** Nýstofnað Félag Litháa á Íslandi hélt jólaball fyrir félagsmenn sína í desember síðastliðnum. Eins og venja er á slíkum böllum leit jólasveinn inn og gladdi ungviðið með gjöfum. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

SJÁVARÚTVEGUR

LAUGARDAGUR 3. MARS 2012 | **Kynningarblað** Námið, sjómennskan og þjónusta við sjávarútvegsfyrirtæki



Bjarni hefur séð um hreinlætisáætlanir Olís í sautján ár. „Öll sjávarútvegsfyrirtæki, fiskvinnslur og skip þurfa að hafa hreinlætisáætlun til að fá vinnsluleyfi og flestir leggja mikinn metnað í þessi mál.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Þjónusta við sjávarútvegsfyrirtæki stór liður í starfsemi Olís

**Þó að sala og þjónusta á eldsneyti sé veigamesti liðurinn í starfsemi Olís þá vegur önnur þjónusta við sjávarútvegsfyrirtæki einnig þungt.**

Olíuverzlun Íslands, eða Olís, rekur eins og kunnugt er fjölda þjónustustöðva undir vörumerki Olís ásamt sjálfsafgreiðslustöðvum undir vörumerki ÓB – ódýrt bensín um allt land. Fyrirtækið sérhæfir sig í sölu og þjónustu á eldsneyti auk þess sem það býður upp á ýmsa nauðsynjavöru fyrir bíleigendur. Það býður líka upp á fjölþætta þjónustu fyrir verktaka- og flutningafyrirtæki en stærsti liðurinn í starfseminni er þjónusta við sjávarútvegsfyrirtæki.

### Áhersla á gerð hreinlætisáætlana og eftirlit með þeim

„Fyrirtæki í sjávarútvegi eru okkar stærstu viðskiptavinir og teljum við okkur veita þeim betri þjónustu en samkeppnisaðilar Olís ,“ segir sölufulltrúinn og hreinlætisráðgjafinn Bjarni Valdimar Eggertsson og nefnir hreinlætismálin sérstaklega. „Við sjáum um öll gæðakerfi og útbúum hreinlætisáætlanir auk þess að bjóða upp á kennslu og ráðgjöf á því sviði. Þá förum við í reglulegar heimsóknir þar sem við tökum sýni, förum yfir þrifin og gefum ráðleggingar varðandi það sem betur má fara.“

Bjarni Valdimar hefur séð um hreinlætisáætlanir fyrirtækisins í sjö ár en hefur starfað samtals sautján ár í greininni ef fyrri störf eru talin með. Hann segir sífellt gerðar meiri kröfur um að þær séu vel úr garði gerðar og uppfylltar. „Öll sjávarútvegsfyrirtæki, fiskvinnslur og skip þurfa að hafa hreinlætisáætlun til að fá vinnsluleyfi og flestir leggja mikinn metnað í þessi mál. Kröfur erlendra kaupenda eru miklar og þurfa þessir hlutir að vera í lagi til að framleiðsluvaran fái samþykki þeirra,“ segir Bjarni Valdimar.

### Vörur og þjónusta um allt land

Olís þjónustar sjávarútvegsfyrirtæki með ýmsum hætti og fyrir utan að selja allt eldsneyti þá býður fyrirtækið upp á vörur eins og hreinsiefni, pappír, rafgeyma, fatnað og einnota vörur til skipa og tengdra fyrirtækja. „Þá erum við með útgerðarvörudeild þar sem er hægt að nálgast nánast allar vörur til útgerðar. Má þar nefna allar gerðir af trollum, netum, lásum, vírum og trollhemlum. Við erum sömuleiðis með gott víraverkstæði og sjáum meðal annars um allar splæsingar. Þá seljum við smurolíu og annað sem flotinn þarf að nota.“

Bjarni Valdimar segir fyrirtækið vera með sérfræðinga á hverju sviði. „Við erum svo lánsamir að vera með reynda starfsmenn með langan starfsaldur og hér liggur mikil þekking. Við erum með umboðsmenn í nánast hverjum firði enda mikið af okkar viðskiptavinum á landsbyggðinni. Þar erum við með lagera og útibú og sjáum til þess að vara og þjónusta séu til staðar þegar skipin koma í land.“

ARROW SOLUTIONS

**HREINLÆTIÐ Í FYRIRRÚMI**

**Olís** er með umboð fyrir alls kyns vörur, þar á meðal Arrow-hreinsiefnin sem margir þekkja, og hafa verið á markaði á Íslandi frá árinu 1972.



### ÞJÓNUSTA FYRIR ÚTGERÐARAÐILA

Uggi, upplýsingagátt Fiskistofu, inniheldur ýmsa þjónustu fyrir útgerðaraðila. Þar má meðal annars sækja rafrænt um ýmis leyfi og finna innsláttarform til að hafa áhrif á frádrátt einstakra tegunda vegna breyttra aðferða við úthlutun aflamarks fiskveiðiárið 2011/2012. Bráðlega verður þar að finna upplýsingar varðandi aflaheimildir og athafnir skipa útgerðarinnar. Sækja þarf sérstaklega um aðgang á vefsíðu Ugga. Slóðin á upplýsingagáttina er *https://uggi.fiskistofa.is/pages/*.

### BREYTT VIÐMIÐUNARVERÐ



Ákveðið var að lækka viðmiðunarverð á þorski í viðskiptum milli skyldra aðila um sjö prósent og lækka viðmiðunarverð á ýsu í viðskiptum milli skyldra aðila um fimm prósent á fundi úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna 29. febrúar. Á móti var ákveðið að hækka viðmiðunarverð á ufsa í viðskiptum milli skyldra aðila um sex prósent. Breytingin á viðmiðunarverðinu tók gildi í gær.

Þetta kemur fram á vef Verðlagsstofu skiptaverðs, verdlagsstofa.is.


Eigum til á lager

UNIVERSAL MOTORS

rafmótora frá 0,37kw - 75Kw

Getum útvegað stærri með stuttum fyrirvara frá Bretlandi.

Mjög hagstætt verð!



Allar gerðir af dælum fyrir fiskiskip

- Lensidælur
- Spúldælur
- Brunadælur
- Tannhjóladælur
- Brunndælur
- Kælivatnsdælur



LAUSN TIL FRAMTÍÐAR

VÉLAR ehf.
www.velarehf.is

Vatnagörðum 16, 104 Reykjavík,
Sími 568 6625, velar@velarehf.is




Vilbergur Magni Óskarsson, skólastjóri Skipstjórnarskóla Tækniskólans, með nemendur í skipstjórnarnámi í afar raunverulegum siglingahermi í gamla Sjómannaskólanum við Háteigsveg. MYND/GVA

# Rómantískt sjómannslíf

**Sjómannslíf er heillandi og rómantískt í hugum margra og víst að ímynds hins sanna sjómanns er sveipuð hetjudáð og ævintýraljóma. Vilbergur Magni Óskarsson skólastjóri Skipstjórnarskóla Tækniskólans segir sjóinn enn lokka og laða.**

*Hvað prýðir góðan skipstjóra?* „Hann þarf að búa yfir foringjahæfileikum, vera ákveðinn, yfirvegaður og mjög andlega sterkur. Það geta allir verið skipstjórar þegar veðrið er gott og ekkert amar að, en þegar gefur á bátinn og eitthvað bjátar á greinir á milli hverjir hafa hæfileika og getu til að vera við skipstjórn, lesa í veður og haga siglingum eftir því.“

*Eru skipstjórn og vélstjórn eina réttindanámið sem þarf til sjós?* „Já, en vakthafandi hásetar á farskipum þurfa að ljúka námskeiðinu „Aðstoðarmaður í brú“ og allir sjómenn verða að ljúka námi í Slysavarnaskóla sjómanna.“

*Hvaða munur er á skipstjóra og vélstjóra?* „Munurinn er talsverður; vélstjóri sér um vélarrúmið og að halda vélum skipsins gangandi, en skipstjórar sjá um að sigla skipinu. Þeir sem ljúka námi í skipstjórn byrja til sjós sem stýrimenn og vinna sig upp í að verða skipstjórar.“

*Er nám á skipstjórnarsviði vinsælt?* „Já, og verður æ vinsælla. Vélstjórinn hefur ávallt verið vinsælli því þeim réttindum fylgja einnig atvinnumöguleikar í landi. Mikil aukning hefur orðið í dreifinámi skólans, sem mætir til dæmis þörfum sjómanna á miðunum sem sjá sér ekki fært að taka sér námshlé en vilja ná sér í réttindin. Þá taka æ fleiri bæði vélstjórnar- og skipstjórnarréttindi, sem getur vissulega komið sér vel á sjó.“

*Í hvaða skipaflota stefna nemendur að námi loknu?* „Flestir vilja ná sér í réttindi fyrir fiskiskipaflotann og svo fragtskipin. Skipaflotinn er fjölbreyttur og flestir sem ljúka skipstjórnarprófi bæta við sig farmannaprófi. Þá öðlast þeir alþjóðleg réttindi sem miðast við ótakmarkaða stærð skipa og opnast tækifæri til starfa hvar sem er í veröldinni. Mikil eftirspurn er eftir skipstjórnarmönnum um allan heim.“

*Sækja konur jafnt í vélstjórnar- eða skipstjórnarnám?* „Sjómennska er enn ríkjandi karlmannsstarf, en í fyrra útskrifuðum við þrjár konur þótt í vetur sitji engin í skólanum. Fáeinar eru í dreifnámi. Flestir nemenda okkar koma hins vegar gagngert hingað til náms, hafa sótt sjóinn áður og ákveðið að leggja sjómennskuna fyrir sig.“

*Er sjómannslífið rómantískt?* „Já, sjómennska, og ekki síst stýrimannastarfið, hefur yfir sér rómantískan sjarma. Starfið hefur þó breyst á síðustu árum og minna um löng stopp í erlendum höfnum með tilheyrandi ævintýraljóma.“

*Er kaupið gott í sjómannastétt?* „Já, sjómenn kvarta ekki yfir launum sínum og alltaf er vöntun á góðum mönnum til starfa á sjó.“

*Er sjómennskan hættulegt starf?* „Sjómannastörf eru vissulega hættulegri en mörg önnur, en slysatíðni meðal sjómanna hefur lækkað mikið á undanförnum árum með aukinni þjálfun í slysavörnum og betri aðbúnaði um borð. Nemendur eru því fullir tilhlökkunar og bjartsýni yfir að hefja störf á sjó að námi loknu.“

### BEST OG VERST VIÐ SJÓMENNSKU

**„Það neikvæðasta** við sjómennsku eru langar fjarvistir að heiman, en á móti koma löng og vel launuð frí á móti,“ segir Vilbergur. „Sjóveiki fer svo yfirleitt af mönnum fyrstu dagana á sjó og oftast fyrir lífstíð, en hjá einum og einum örlar alltaf á smávegis sjóveiki eftir langt frí í landi, en hún hverfur fljótt svo menn láta hana ekki á sig fá.“


SALTKAUP H/F

Alhliða umbúðalausnir, salt og íbætiefni fyrir sjávarútveg



Saltkaup hf. • Cuxhavengata 1 • 220 Hafnarfjörður
Sími: 560 4300 • www.saltkaup.is




Oddi fyrir þig, þegar hentar, eins og þér hentar.

ODDI

Prentun frá A til Ö

**Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja.**
Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

# Fór á sjóinn til að safna fyrir íbúð

**Rakel Sölvadóttir, framkvæmdastjóri hjá sprotafyrirtækinu Skema, er alin upp í sjómannsfjölskyldu. Faðir hennar, afi og bræður hafa stundað sjómennsku. Rakel sótti sjóinn í tvö ár og fór meðal annars í Smuguna.**

Rakel er alin upp á Akranesi og fór á sjó í fyrsta sinn þegar hún var 10 ára. Fjölskyldan flutti síðan á Þingeyri þar sem faðir hennar, Sölvi Steinberg Pálsson, var skipstjóri á Sléttanesinu. Hann var yngsti skipstjóri landsins á sínum tíma sem sótti nýjan togara til Noregs, þá 23 ára.


Rakel Sölvadóttir

„Ég var á leið í háskólanám í tölvunarfræðum og þar sem við bjuggum úti á landi sá ég fyrir mér dýra leigu í Reykjavík samhliða því að halda mér uppi. Mér datt því í hug að skella mér á sjó og safna fyrir íbúð," segir Rakel þegar hún er spurð um sjómennskuævintýrið.

## Unnið og sofið

„Pabbi vildi ekki í fyrstu að ég færi á sjóinn og krafðist þess að ég myndi sækja um starfið eins og allir aðrir. Ég fór ekki í forgang heldur þurfti að fara aftast í röð umsækjenda. Þegar einn skipverji veiktist fékk ég pláss sem háseti. Tveir fyrstu túrarnir voru í Smuguna. Við vorum á sjó í 60 daga í einu. Ég fann ekkert fyrir sjóveiki, enda er sjómannslíf í genunum," segir Rakel. „Sléttanesið var vel útbúinn frystitogari og maður gekk í öll störf. Það var unnið í sex tíma og sofið í sex. Stundum var svo mikið að gera að hvíldin var aðeins þrír tímar. Þú mátt ekki hafa það eftir mér en það voru engin kerlingarstörf um borð," segir Rakel og hlær.

## Áhugaverður karlaheimur

„Starfið tók vel á og ég hef aldrei verið eins vel á mig komin og á þessum tíma. Ein önnur kona var um borð og hafði verið lengi, mikill nagli. Hún ráðlagði mér að þiggja ekki hjálp frá samstarfsmönnum ef hún byðist. Karlarnir um borð voru afskaplega ljúfir og maður fær nýja sýn í þeirra heim á sjónum. Samskiptin voru á jöfnum grunni og þeir gátu alveg sýnt tilfinningar, gleði eða reiði, ekkert síður en konur gera. Sjómennskan var frábær lífsreynsla. Mér fannst áhugavert að kynnast þessum karlaheimi og sjá þeirra hlið á lífinu. Ég ber mikla virðingu fyrir þessari stétt því það er ekki auðvelt að fara frá fjölskyldu sinni í langan tíma," segir Rakel.

„Ég þekki það frá æskuheimili mínu hvernig tiplað er á tánum þegar sjómenn koma í land. Fólk þorir ekki að koma í heimsókn því það vill ekki raska ró fjölskyldunnar sem er að sameinast aftur. Þetta er hins vegar röng hugsun því sjómenn hafa sannarlega þörf á mannlegum samskiptum og góðum félagsskap í landi."

## Krúnurökuð í fyrsta túr

Þegar Rakel var á sjónum var ekki nútímatækni komin um borð í skip. „Nei, við vorum ekki á Facebook í þá daga. Ef við þurftum að hafa samskipti í land var talað í gegnum talsstöð og öll skip í nágrenninu gátu fylgst með samtalinu. Það voru því engin leyndarmál sögð."

Þegar Rakel er spurð hvort hún hafi fundið fyrir hræðslu úti á rúmsjó hváir hún. „Nei, mér fannst spennandi að vera í ölgusjó. Ég kunni betur við læti en rólegheit. Þeir sem fara á sjó þurfa að vera töffarar og það er gott að hafa brynju. Maður fer í gegnum busavígslu í fyrsta túrnum sem er lærdómsrík. Þegar ég fór í Smuguna þurftu nýliðar annaðhvort að safna skeggi eða krúnuraka sig. Ég hafði ekkert val í þeim efnum. Rándýr hárgreiðslan mín fékk því að fjúka."

Rakel viðurkennir að sjómannslífið hafi kennt sér margt sem nýtist í dag. „Ég bý að þessari reynslu og hún fer aldrei út af ferilskránni. Maður þroskast mikið í þessu starfi. Ég myndi ekki fara aftur á sjó en vildi ekki vera án reynslunnar," segir Rakel sem keypti bæði bíl og íbúð þegar hún kom í land. Í dag rekur hún eigið fyrirtæki, Skema, sem kennir börnum forritun og hugbúnaðargerð.


Rakel þurfti að krúnuraka sig þegar hún fór í fyrsta túrinn. Nýliðar þurftu annaðhvort að safna skeggi eða krúnuraka sig.


Rakel fór á sjó í fyrsta skipti þegar hún var 10 ára með föður sínum, Sölva Steinberg Pálssyni skipstjóra.

# Fiskevegn-línan ein sú vinsælasta

**Beitusölufyrirtækið Tobis að Lónsbraut 2 í Hafnarfirði hefur tekið við umboði á línu og línubúnaði frá norska fyrirtækinu Fiskevegn. Línan er afar vinsæl og vel metin af þeim sem gera út á línu hér á landi. Vegna aukinna umsvifa hefur starfsmönnum Tobis fjölgað úr einum í þrjá.**

Fiskevegn er lína sem hefur verið ein sú vinsælasta, bæði hér á landi og annars staðar um langt skeið og því er verulegur fengur fyrir okkur að taka við umboði fyrir þetta merki," segir Þórleifur Ólafsson, eigandi og framkvæmdastjóri beitusölufyrirtækisins Tobis. Fyrirtækið mun annast sölu á línunni og öllum tengdum búnaði, ásamt þeirri þjónustu sem þarf. Sem dæmi um hve línan er vel metin má benda á að seint á síðasta ári tóku Norðmenn í notkun fullkomnasta og stærsta línuskip Norður-Atlantshafsins. Skipið heitir Fröyanes og er allur línubúnaður um borð frá Fiskivegn. „Þeir sem þegar hafa keypt af okkur línuna eru afar ánægðir með hana," segir Þórleifur en Tobis á von á nýrri sendingu innan bráðar og er stærstur hluti hennar seldur nú þegar.

Tobis, sem hefur verið starfrækt í sex ár, var áður til húsa í Reykjanesbæ. Vegna aukinna umsvifa með tilkomu hins nýja umboðs var ákveðið að flytja starfsemina að Lónsbraut 2 í Hafnarfirði. „Við þurftum stærra og hentugra húsnæði með góðri lageraðstöðu. Þá erum við líka nær aðaltraffíkinni hér í Hafnarfirði," útskýrir Þórleifur. Hann var áður eini fasti starfsmaðurinn en með tilkomu Fiskevegn-umboðsins hafa tveir starfsmenn bæst í hópinn, það eru þeir Haraldur Guðfinnsson sölustjóri og Sigurður Óli Þórleifsson sölumaður.


Fiskevegn-línan er vinsæl og vel metin.


Tobis er beitusölufyrirtæki.


Þórleifur Ólafsson, eigandi Tobis, með þá Sigurð Óla Þórleifsson sölumann og Harald Guðfinnsson sölustjóra til sitt hvorrar handar.

Tobis starfar þó áfram í beitusölu og selur tvö til þrjú þúsund tonn á ári. Fyrirtækið selur beitu á Íslandi, Grænlandi, í Noregi, Rússlandi og víðar. Þórleifur segir smokkfiskinn vera vinsælustu beituna enda hafi hann reynst mjög vel fyrir flestar fiskitegundir. Erfitt hefur þó verið að fá smokkfisk vegna lélegrar smokkfiskvertíðar í Suður-Atlantshafi að sögn Þórleifs. „Samt erum við vel sett hvað birgðir af smokkfiski varðar," segir Þórleifur en nefnir einnig aðra vinsæla beitu hjá Tobis sem er Saury en auk þess er fyrirtækið með margar aðrar innfluttar fisktegundir.

Íslensk beita er einnig á boðstólum og þá helst makríll, síld og loðna.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið og starfsemi Tobis er að finna á vefsíðunni www.tobis.is.




**Mottumars er nú hafinn.** Þeir sem ekki vilja eða treysta sér til að safna yfirvaraskeggi geta samt verið með, til dæmis með því að kaupa sérstaka mottuboli sem Dogma hefur framleitt til styrktar Mottumars. Mottubolirnir eru seldir á 3.200 krónur í verslun Dogma á Laugavegi, í Smáralind eða Kringlunni og í verslun Krabbameinsfélagsins í Skógarhlíð.




**NÁMSAÐSTOÐ**

**Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?**

**íslenska - stærðfræði - enska - danska - efnafræði - lestur eðlisfræði - þýska - franska – spænska – stafsetning o.fl.**

**Öll skólastig - Réttindakennarar**

*Nemendaþjónustan sf* **www.namsadstod.is** **s. 557 9233**





**NÝTT – VATTJAKKAR**

FLOTTIR BÁÐUM MEGIN

Einlitir/köflóttir

**kr. 27.900,-**

Sjá yfirhafnir á laxdal.is

BERNHARÐ LAXDAL

Laugavegi 63 • S:551 4422



*Gæði & Glæsileiki*

**Mikið úrval af fallegum skóm og töskum**

www.gabor.is





XXL

yfir kálfann

**Sérverslun með**

**Gabor**® **25 ár á Íslandi**

FÁKAFENI 9 - Sími: 553 7060

Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16


**Jónína Leósdóttir, rithöfundur og forsætisráðherrafrú, með nýja bók.**



# *Fitubollan sem fór í kjörþyngd á einu ári*

FRETTABLADID/VALLI

Jónína Leósdóttir rithöfundur skrifaði dagbók í heilt ár um leið og hún vann að því markmiði sínu að komast í kjörþyngd. Bókin nefnist Léttir og segir frá stríði Jónínu við aukakílóin.

„Ég ætlaði upphaflega aldrei að koma þessari dagbók fyrir sjónir almennings. Ég skrifaði þetta einungis til að stappa stálinu í sjálfa mig þegar ég var að byrja enn eitt átakið við að ná af mér tugum aukakílóa," segir Jónína. „Ég byrjaði átakið vegna þess að mér leið orðið verulega illa yfir ofþyngdinni. Skriftirnar hófust í apríl 2007 og þegar ég fann árangurinn datt mér í hug að þetta gæti átt erindi til fólks í sömu sporum. Bókin fjallar ekki um megrunarkúra heldur er hún lýsing á þeirri líðan að burðast með 30 kíló utan á sér," útskýrir Jónína.

„Þegar átakið er hafið tekur maður eftir að ótrúlega mikið er skrifað um ofþyngd og megrun í fjölmiðlum. Ég safnaði saman því sem ég las og færði upplýsingar og fróðleik í dagbókina. Síðan krydda

FRAMHALD | 2


# Hjálp náttúrunnar við aukakílóum

KONJAK

KONJAK er ný grenningarvara fyrir fulloðna í ofþyngd. KONJAK inniheldur náttúrulegar trefjar, (glucomannan) sem eru unnar úr konjak plöntunni sem vex í Asíu

Þegar KONJAK er notað samhliða léttu mataræði má auka þyngdartap um allt að 60%. Það þýðir að fyrir hvert kíló sem þú missir af eigin rammleik getur þú með hjálp KONJAK misst allt að 1,6 kg.

Glucomannan eru fyrsta náttúrulega efnið sem sérfræðingar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu hafa viðurkennt að raunverulega hjálpi við þyngdartap.

Glucomannan eru vatnsuppleysanlegar trefjar sem eru þeim eiginleikum búnar að þær geta dregið til sín 2-300 falda þyngd sína af vatni. Þegar töflurnar leysast upp í maga myndast því massi sem fyllir upp í magann og flýtir fyrir seddu tilfinningu.

VIÐURKENNT AF EFSA

MEZINA

Nánari upplýsingar á **www.gengurvel.is**

Fæst í apótekum, heilsubúðum, heilsuhillum stórmarkaða og á www.femin.is






**Árleg barna- og unglingabókaráðstefna** verður haldin í Gerðubergi í dag frá klukkan 10.30 til 13.30. Umfjöllunarefnið er bækur fyrir yngstu börnin. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.













Framhald af forsíðu

ég með húmor því maður verður að geta hlegið að þessu. Í bókinni eru lýsingar á þessu basli mínu í heilt ár," segir Jónína. „Ég missti 23 kíló fyrsta árið en eftir að dagbókinni lauk hef ég losnað við sjö kíló í viðbót," segir hún enn fremur en meðal þess sem kemur fram í bókinni er eftirfarandi hugleiðing.

### Fitubolluflíkur í skápnum

„Já, ég er vaxin upp úr þeim stærðum sem fást í venjulegum verslunum. Enn og aftur orðin of feit, þrátt fyrir allar fyrri heitstrengingar. Líklega orðin þyngri en ég hef nokkru sinni verið, þyngri en þegar ég var ólétt. (Annars hef ég ekki hugmynd um hversu mörg kíló er um að ræða. Baðvogin og ég, við erum sko ekki vinkonur.) Þetta er verulega pirrandi og niðurdrepandi fyrir sálina og ég er ákveðin í að fitubolluflíkurnar sem ég festi kaup á í dag verði aðeins skamman tíma í fataskápnum. Ég ætla ekki að halda áfram að kaupa fötin mín í sérverslunum með yfirstærðir."

### Göngutúrar og garnagaul

En hvað var það sem gagnaðist Jónínu best í stríðinu við aukakílóin?

„Ég fór ekki í þekkta megrunarkúra heldur kalla ég þetta gg-kúrinn, það þýðir göngutúrar og garnagaul. Þetta er nú ekki flóknara en að hreyfa sig meira og borða minna. Í bókinni birti ég nokkrar góðar uppskriftir en þær eru ekki týpískar megrunaruppskriftir. Ég minnkaði matarskammtana í stað þess að borða bara laufblöð. Ég finn mjög mikinn mun á mér, enda var ég meintur hjartasjúklingur þegar þetta byrjaði og stefndi í hjartaþræðingu. Ég fékk mikla verki í brjóstkassa og var send í rannsóknir og fékk margvísleg lyf. Ég hef verið með astma allt mitt líf og hef því ekki góð lungu en með því að léttast um öll þessi kíló hefur heilsa mín og líðan gjörbreyst til batnaðar. Ég hugsa stundum um það núna þegar ég fer í gönguferð hvernig það væri að vera með þrjátíu kílóa bakpoka dinglandi á sér."



„Þetta er mjög persónuleg og afhjúpandi bók. Maður fer varla nær sér en að tala um fitukeppina á sjálfum sér," segir Jónína um nýju bókina Léttir. FRETTABLADID/VALLI

### Afhjúpandi bók

Þessi bók er ólík þeim sem þú hefur skrifað áður.

„Þetta er mjög persónuleg og afhjúpandi bók. Maður fer varla nær sér en að tala um fitukeppina á sjálfum sér. Mér fannst það virkilega óþægilegt og ekki síst núna þegar bókin er komin út. Ég var tilbúin með bókina haustið 2008 en þá kom hrunið og mér fannst hún ekki eiga erindi á markaðinn þá. Ég vona að bókin geti orðið aðhald fyrir lesendur eins og hún var fyrir mig," segir Jónína sem fékk nýlega þriggja mánaða listamannalaun í fyrsta skipti og situr við skriftir alla daga.

Um helgina ætlar Jónína að fara í Þjóðleikhúsið og sjá Vesalingana og segist hlakka mikið til. „Ég fór í Þjóðleikhúsið um síðustu helgi en þar á undan hafði ég ekki farið lengi í leikhús."

*elin@frettabladid.is*



# Vorverkin í gang fyrir græna fingur

**Guðríður Helgadóttir garðyrkjufræðingur segir að nú sé rétti tíminn til að sá fyrir kryddjurtum, klippa tré og snyrta runna.**

„Það er gott að byrja undirbúning fyrir garðinn í mars, sérstaklega huga að þeim plöntum sem tímafrekt er að forrækta. Kryddjurtir þurfa til dæmis langan tíma. Það er þó ekki tímabært að sá fyrir kál- og salatplöntum nema fólk hafi gróðurhús,“ segir Guðríður sem hefur verið með fróðlega garðyrkjuþætti á sjónvarpsstöðinni ÍNN.

„Það tekur nokkrar vikur fyrir kryddplöntur að vaxa upp úr pottinum. Basilika er seinvaxin og þarf góðar aðstæður. Það má ekki hafa hana í suðurglugga og moldin þarf alltaf að vera rök,“ segir Guðríður og bætir við að basil sé afar vinsæl planta en kóríander fylgi henni fast á eftir. „Nú eru allar vinsælustu uppskriftirnar með kóríander og þess vegna eru margir að rækta það. Það er hægt að rækta kóríander utandyra en ekki basiliku.“

Guðríður segir að um miðjan apríl þurfi að huga að matjurtunum og sá fyrir þeim. Um mánaðamótin maí/júní eru plönturnar síðan settar út í garð. „Kálplöntur þurfa fimm til sex vikur í uppeldi áður en þær eru settar út. Salatplöntur taka mun minni tíma eða þrjár vikur.“

## Ræktað á svölunum

Þegar Guðríður er spurð um þennan aukna ræktunaráhuga hér á landi svarar hún. „Fólk er að missa sig í ræktuninni sem er frábært. Það er svo gaman að upplifa þennan áhuga, sérstaklega fyrir okkur sem höfum verið að predika garðyrkju í mörg ár og þá helst fyrir einhverja sérvitringa. Ég hef komið á litlar svalir sem voru eins og flottasta gróðurhús. Fólk ræktar alls kyns mat- og kryddjurtir í pottum. Garðyrkja er gefandi og skemmtileg. Sumir eru óhræddir að gera tilraunir með pottaræktun með góðum árangri. Þeir sem rækta í pottum þurfa að sinna plöntunum daglega og gæta að vökvun. Kálplöntur og sumar salatplöntur blómstra eða njóla ef þær þorna. Þegar fólk fer í frí þarf því að fá einhvern til að vökva eða koma sér upp sjálfvirkum vökvunarbúnaði,“ segir Guðríður.

Á undanförnum árum hefur þeim tegundum sem fólk ræktar fjölgað til muna hér á landi. Klettasalat er til dæmis auðvelt að rækta. „Garðar hér á höfuðborgarsvæðinu eru orðnir svo skjólgóðir að auðvelt er að prófa sig áfram með nýjar salattegundir,“ segir Guðríður.

## Vandasamt að fella tré

Hrósar kannski samstarfsfólkinu, ef það er ekki skakkt :-) Þú talar tungum og þekkir vefinn og notkun hans í markaðssetningu innanlands sem erlendis, gegnum félagsmiðla og á annan hátt. Ert aðalmaðurinn; kona eða karl eða bæði, skiptir ekki máli. Þú stýrir stórum bílaflota fyrir þrjú þekkt vörumerki í hraðri sókn; Dollar Rent A Car Iceland, Thrifty Car Rental Iceland og Saga Car Rental, eitt íslenskt og tvö ammerísk að uppruna. Og þú ert Framkvæmdastjóri-nn eða Framkvæmdastýra-n!

*Þú sækir um starfið í dag eða í síðasta lagi 6. mars nk. Í dag er mjög góður dagur til að sækja um starf Framkvæmdastjóra.*

*Sæktu um á brimborg.is*

Meira um okkar óskir: Þú ert viðskiptamenntuð/-menntaður eða hefur mikla reynslu af rekstri, stjórnun, sölu- og markaðsmálum. Þú ert ósérhlífin(n), heiðarleg(ur), áreiðanleg(ur) og stundvís. Þú hefur hæfileika til að byggja upp og hlúa að öflugri liðsheild. Skipulagshæfileiki, og natni við smáatriði eru vel metnir eiginleikar. Framúrskarandi enskukunnátta er skilyrði. Hæfni í einu norðurlandamáli er æskileg. Þekking á þýsku, frönsku, spænsku eða ítölsku er mikill kostur og reynsla úr ferðaþjónustu. Alhliða reynsla af notkun tölva, tölvupósts, vefja, félagsmiðla til samskipta og markaðssetningar. Reynsla af notkun töflureikna og ritvinnslu ásamt MS Dynamics Ax eða Navision er skilyrði. Gilt bílpróf er skilyrði og meirapróf er kostur.



# RAFMAGNSVERKFRÆÐINGUR

**Össur hf. leitar að metnaðarfullum og reynslumiklum rafmagnsverkfræðingi til að starfa við þróun á Bionic vörum fyrirtækisins.**

Í boði er spennandi framtíðarstarf hjá einu eftirsóttasta fyrirtæki landsins sem leiðir alþjóðlega nýsköpun á sviði stoðtækja og stuðningsvara. Bionic vörur Össurar eru örtölvustýrðar og auka hreyfigetu með aðstoð gervigreindar sem aðlagar stoðtæki að einstaklingum og aðstæðum þeirra.

**Starfssvið**
- Þróun á Bionic vörum
- Hönnun og útlagning á örtölvustýrðum rafrásum
- Samskipti við framleiðendur rafrása

**Hæfniskröfur**
- MSc. próf í rafmagnsverkfræði
- Að minnsta kosti 3 ára starfsreynsla
- Reynsla af hönnun og útlagningu rafrása
- Reynsla af örtölvuforritun
- Reynsla af heilbrigðissviði er kostur
- Reynsla af Altium Designer er kostur
- Framúrskarandi enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Umsókn ásamt ferilskrá þarf að berast á work@ossur.com fyrir 11. mars 2012. Vinsamlega setjið í fyrirsögn tölvupóstsins hvaða starf er sótt um. Nánari upplýsingar veitir starfsmannadeild í síma 515-1300.

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja. Hjá félaginu starfa um 1800 manns í 15 löndum. Gildi félagsins eru Heiðarleiki - Hagsýni - Hugrekki.

WWW.OSSUR.COM

ÖSSUR

*Life Without Limitations®*

## ERT ÞÚ METNAÐARFULLUR SÖLUMAÐUR?

Vegna aukinna verkefna getur Viðskiptatorg / Leiguhús bætt við sig sölumanni.

Sölumaður þarf að vera m.a samviskusamur, duglegur, sjálfstæður og metnaðarfullur. Laun eftir árangri. Umsóknir sendist á gjy@vidskiptatorg.is fyrir 11. jan 2012

VINNUMÁLA STOFNUN

## Ráðgjafi á Suðurlandi

**Leitað er að kraftmiklum og jákvæðum einstaklingi með hæfni í mannlegum samskiptum.**

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Ráðgjöf við atvinnuleitendur
- Skipulag og þróun úrræða fyrir atvinnuleitendur
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði náms- og starfsráðgjafar, félagsráðgjafar eða sambærilegt nám
- Þekking á atvinnuleysis- og almannatryggingarkerfinu
- Þekking á vinnumarkaði og menntakerfi á Íslandi
- Góð kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli
- Góð tölvukunnátta skilyrði
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, skipulagshæfni og fagleg vinnubrögð

Vinnumálastofnun á Suðurlandi er staðsett á Austurvegi 56, Selfossi og útibú er í Vestmannaeyjum. Ráðgjafi vinnur með atvinnuleitendum á svæði þjónustuskrifstofunnar og hans bíður að sinna krefjandi verkefnum með jákvæðum og metnaðarfullum samstarfshópi.

Um er að ræða fullt starf og eru laun greidd samkvæmt launakerfi starfsmanna ríkisins. Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Áhugasamir geta kynnt sér starfsemi stofnunarinnar á heimasíðu hennar www.vinnumalastofnun.is

**Umsóknarfrestur er til 19. mars 2012**. Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ragnheiður Hergeirsdóttir skrifstofustjóri hjá Vinnumálastofnun á Suðurlandi í síma 512-7780, netfang ragnheidur.hergeirsdottir@vmst.is

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist starfsmannastjóra á netfangið eirika.asgrimsdottir@vmst.is og skulu umsóknir merktar því starfi sem sótt er um.

# Fagurkeri með krafta í kögglum

## Óskum eftir starfsfólki í útstillingadeild



**Starfsmenn í útstillingadeild þurfa að búa yfir:**

- Áhuga á innanhúshönnun
- Samstarfs- og samskiptahæfni
- Handlagni og auga fyrir smáatriðum
- Frumkvæði
- Drifkrafti
- Álagsþoli

### Útlitshönnuður

Starfið felst m.a. í því að skipuleggja og koma í framkvæmd breytingum á verslun og á starfsmanna-svæðum í samræmi við viðskiptadagatal IKEA.

- Menntun á sviði útstillinga er kostur
- Þekking á AutoCad er kostur
- Reynsla af svipuðu starfi er kostur

Starfið krefst líkamlegrar vinnu t.d. uppsetninga á hillukerfum, ljósauppsetninga o.þ.h.

*Nánari upplýsingar veitir Una Ólöf Gylfadóttir, „First visual merchandiser," í síma 520 2500 eða í tölvupósti (una.gylfadottir(hjá)ikea.is).*

### Grafísk vinnsla

Starfið felst m.a. í grafískri vinnslu á efni fyrir verslunina, þ.m.t. skiltagerð og annarri myndrænni framsetningu innan verslunar.

- Þekking á Adobe InDesign/Illustrator/Photoshop/ Acrobat skilyrði

Starfið krefst vandvirkni, auga fyrir smátriðum og hæfileika til að vinna undir álagi. Ráðið verður í stöðuna í mars og ráðningin er tímabundin til 30. apríl 2013.

*Nánari upplýsingar veitir Þórunn Pétursdóttir útstillingastjóri í síma 520 2500 eða í tölvupósti (thorunn. petursdottir(hjá)ikea.is).*

Vinnutími í báðum störfum er frá kl. 8 til 16 virka daga. Umsóknarfrestur er til 15. mars.

IKEA®

© Inter IKEA Systems B.V. 2012




# Við viljum ráða bestu barþjóna landsins

**Icelandair hótel Reykjavík Marina** er glæsilegt nýtt hótel með óhefðbundnar áherslur. Á bar og veitingasölu hótelsins verður einstakur metnaður lagður í að skapa gestum upplifun sem á engan sinn líka og við heitum því að bjóða upp á ferskustu, frumlegustu og fagmannlegustu kokteila innan landhelginnar.

Því vantar okkur rétta fólkið í þessi störf:

- Barþjóna með mikinn metnað
- Þjónustufólk í vaktavinnu
- Þjónustufólk í hlutastarf
- Aðstoðarfólk í eldhús

**Ólafur Örn Ólafsson**, veitingastjóri Reykjavík Marina, **tekur á móti umsóknum og veitir nánari upplýsingar á netfanginu oo@icehotels.is**

Icelandair hótel Reykjavík Marina er nýjasta Icelandair hótelið. Það er staðsett við gömlu höfnina, á einum besta útsýnisstað borgarinnar og steinsnar frá hjarta miðborgarinnar. Marina leggur áherslu á lifandi, skemmtilegt og skapandi umhverfi.

REYKJAVÍK NATURA · REYKJAVÍK MARINA · Í KEFLAVÍK · FLÚÐIR · KLAUSTUR · HÉRAÐ · AKUREYRI · HAMAR

Icelandair Hotels
www.icelandairhotels.com

# Ert þú framúrskarandi?

## Rue de Net leitar að metnaðarfullum forritara



**Við leitum að aðila sem hefur reynslu af:**

- Microsoft Dynamics NAV forritun
- Forritun viðskipta- og verslunarkerfa
- Almennri forritun í bókhaldi

**Einnig er kostur ef viðkomandi þekkir:**

- Microsoft SQL og vinnslu gagnagrunna
- Forritun í Microsoft .NET umhverfinu (Visual Studio og C#)
- Almennri vefforritun og vefþjónustum Microsoft (ASP.NET og WCF)

Við leitum að aðila sem hefur brennandi áhuga á forritun og ef eitthvað vantar uppá reynsluna er gott umhverfi til að læra hjá okkur. Við leggja áherslu á fjölskylduvænt vinnuumhverfi og gerum vel við fólkið okkar.

Ekki hika við að hafa samband en allar nánari upplýsingar veitir Lind Einarsdóttir hjá Talent Ráðningum, lind@talent.is. Umsóknarfrestur er til og með 19. mars nk. Umsækjendur er vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, talent.is.

REYNSLA, ÞJÓNUSTA OG PERSÓNULEG RÁÐGJÖF

Rue de Net hefur yfir að ráða samstíga hópi sérfræðinga með áralanga reynslu af rekstri viðskiptakerfa, innleiðingu og samþættingu viðskiptalausna. Við leggjum áherslu á nána og persónulega ráðgjöf þar sem ráðgjafi Rue de Net kemur að verkferlinu frá byrjun til enda, frá sölu til afhendingar vöru, lausnar og þjónustu.

Rue de Net Reykjavík - Vesturgötu 2a, 101 Reykjavik - Sími: 414 5050 - ruedenet@ruedenet.is

rue de net
www.ruedenet.is

# www.vinna.is

Reykjavíkurborg
Upplýsingatæknimiðstöð Reykjavíkur

## Hugbúnaðarsérfræðingur og Verkefnastjóri

Upplýsingatæknimiðstöð Reykjavíkurborgar leitar að öflugum starfsmönnum í þróunarhóp en Reykjavíkurborg rekur eitt stærsta og fjölbreyttasta upplýsingatækniumhverfi landsins með um 25.000 tölvunotendur.
Leitað er að einstaklingum sem hafa áhuga á að vinna í öflugum hópi starfsmanna við að leysa fjölbreytt verkefni.

**Hugbúnaðarþróun/veflausnir**

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið
- Þróun veflausna hjá Reykjavíkurborg
- Vefþróun í Content XXL vefumsjónarkerfi
- Tengingar við önnur kerfi
- Þarfagreining og ráðgjöf varðandi veflausnir
- Samskipti og ráðgjöf við svið og stofnanir borgarinnar

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Tölvunarfræði eða sambærileg menntun
- Starfsreynsla við hugbúnaðargerð og vefforritun
- Reynsla af forritun í .NET
- Góð þekking á HTML, CSS, Java Script og SQL fyrirspurnum
- Haldgóð þekking á gagnagrunnum
- Þekking á vefþjónustum og gagnatengingum
- Þekking á virkni og uppbyggingu vefumsjónarkerfa
- Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi

**Verkefnastjóri upplýsingatækniverkefna**

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið
- Verkefnastýring upplýsingatækniverkefna
- Skilgreining verkefna og gerð þarfagreininga
- Kennsla og kynningar
- Ráðgjöf og þjónusta við svið og stofnanir Reykjavíkurborgar

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Starfsreynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af uppsetningu og smíði kerfa æskileg
- Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi
- Hæfni til að setja fram skýrar hugmyndir í rituðu og mæltu máli
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Upplýsingatæknimiðstöð Reykjavíkurborgar, UTM, fer með forystuhlutverk í upplýsinga–tæknimálum borgarinnar. UTM gegnir þjónustuhlutverki við viðskiptavini sína sem eru svið og stofnanir Reykjavíkurborgar og er ætlað að annast rekstur og þróun upplýsingatæknibúnaðar borgarinnar.
Nánari upplýsingar um starfið veita Hjörtur Grétarsson upplýsingatæknistjóri Reykjavíkurborgar (hjortur.gretarsson@reykjavik.is) og María Guðfinnsdóttir þróunarstjóri Upplýsingartæknimiðstöðvar Reykjavíkurborgar (maria.gudfinnsdottir@reykjavik.is) í síma 411 1900.
**Umsóknafrestur er til 12. mars 2012.** Sækja skal um starfið á vefsíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is, undir Auglýsingar, Störf í boði.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

**Vakin er athygli á þeirri stefnu Reykjavíkurborgar að jafna hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

---

**Finndu sköpunargáfu þinni farveg.** Þú vilt læra meira og nýta hæfileika þína í hópi frábærra fagmanna. Komdu til okkar sem störfum saman undir fána Brimborgar. Virkjum sköpunargáfuna saman. Sendu okkur þína umsókn og tölum svo saman.

**Við erum hátæknifyrirtæki** og bjóðum hágæða vörur frá þekktustu framleiðendum heims. Við bjóðum vörumerki eins og Ford, Volvo, Citroën, Mazda. Volvo vörubíla. Volvo vinnuvélar. Volvo Penta bátavélar. Volvo strætisvagna og Volvo rútur. Hiab bílkrana og Nokian hjólbarða.

**Við horfum öðruvísi á heiminn.** Við trúum því að nýsköpunarþörfin gefi okkur, fjölskyldu okkar og viðskiptavinum forskot á lífið. Forskot sem gerir Brimborg að betri kaupstað, betri þjónustustað og betri vinnustað – öðrum þræði öruggum stað að vera á. Við trúum því að næmur skilningur á óskum og þörfum viðskiptavina okkar sé æðsta markmiðið. Lærðu með okkur.

Umsóknarfrestur er til 12. mars n.k.

# Söluráðgjafi nýrra og notaðra Ford bifreiða óskast til starfa!

**Stutt lýsing á starfi**
- Ráðgjöf til viðskiptavina varðandi kaup og rekstur bifreiða.
- Sala á nýjum og notuðum bílum, vara- og aukahlutum og tengdri þjónustu.
- Umsjón með umhverfi söludeildar þ.m.t. í sýningarsal og á útisvæði.
- Aðstoð við pantanir, markaðsgreiningu, markmiðasetningu og aðra vinnu sem til fellur.

**Megin hæfniskröfur**
- Framhaldsskólamenntun eða sambærileg menntun.
- Sölumannshæfileika.
- Löggiltur bifreiðasali - æskilegt.
- Almenn þekking og reynsla af bifreiðum.
- Hafa gilt bílpróf - meirapróf æskilegt.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Almenn tölvuþekking.
- Dönskukunnátta æskileg.
- Talnaglögg/ur.

**Nánari upplýsingar**

Vinnutími er frá 9:00 -17:00 virka daga og annan hvern laugardag kl. 11:30 -16:20.

Brimborg leitast við að ráða til samstarfs fagfólk af báðum kynjum með gildismat sem samrýmist kjarnagildum og megin reglum fyrirtækisins. Fólk sem metur mikils orð og gjörðir eins og heilbrigði, ábyrgð, tillitsemi, umburðarlyndi, árangur, frumkvæði, þekkingarleit og samvirkni.

Skelltu þér á netið www.brimborg.is og sæktu um starfið. Nánari upplýsingar veitir mannauðs- og gæðasvið Brimborgar í síma 515 7088.

**Umsóknarfrestur er til 12. mars 2012.**
**Þú sækir um á netinu, www.brimborg.is.**
**Nú er tækifærið - við bíðum eftir þér.**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

VOLVO Ford CITROËN LINCOLN DAIHATSU mazda VOLVO PENTA HIAB PIRELLI nokian DEKK

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | www.brimborg.is | brimborg@brimborg.is

---

# SBJ RÉTTINGAR EHF

SBJ-réttingar óska eftir að ráða bílasmið og bílamálara.
Upplýsingar í síma 892 1822.

SBJ-réttingar ehf.,
Kaplahrauni 12, 220 Hafnarfirði

---

## Barnafataverslun

Barnafataverslunin POLARN O. PYRET leitar starfsmanni í verslunina í Smáralind.

Leitað er eftir jákvæðum og skipulögðum einstaklingi með þjónustulund og reynslu af verslunarstörfum.

Vinnutími er samkomulag en felur einnig í sér vinnuframlag annan hvorn laugardag. Um 80% starf er að ræða.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknareyðublöð liggja frammi í verslununum í Kringlunni og Smáralind.

POLARN O. PYRET
SMÁRALIND OG KRINGLUNNI

---

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Innritun í framhaldsskóla fyrir haustönn 2012

**Forinnritun nemenda í 10. bekk verður 12. til 30. mars**

Forinnritun nemenda í 10. bekk (fæddir 1996 eða síðar) hefst mánudaginn 12. mars og lýkur föstudaginn 30. mars. Nemendur fá bréf frá ráðuneytinu með veflykli að innritunarvef og leiðbeiningum afhent í grunnskólunum. Foreldrar/forráðamenn nemenda fá bréf í pósti frá ráðuneytinu með upplýsingum um innritunina. Ráðuneytið hvetur nemendur í 10. bekk eindregið til að taka þátt í forinnrituninni.

**Innritun annarra en 10. bekkinga verður 4. apríl til 31. maí**

Innritun eldri nemenda (fæddir 1995 eða fyrr) sem ekki eru nú í framhaldsskóla eða ætla að skipta um skóla hefst miðvikudaginn 4. apríl og lýkur fimmtudaginn 31. maí. Umsækjendur þurfa að sækja veflykil að innritunarvef á menntagatt.is.

**Lokainnritun nemenda í 10. bekk verður 4. maí til 8. júní**

Nemendur í 10. bekk hafa frest til sækja um nám í framhaldsskóla eða breyta umsóknum úr forinnritun til miðnættis föstudaginn 8. júní. Einkunnir þeirra verða sendar rafrænt frá grunnskólum til framhaldsskóla eftir skólaslit.

**Starfsbrautir fyrir fatlaða**

Rafrænni innritun á starfsbrautir lauk 29. febrúar sl. Þeir sem hafa ekki nú þegar sótt um geta sent viðkomandi framhaldsskóla skriflega umsókn til 1. apríl nk. Stefnt er að afgreiðslu allra umsókna á starfsbrautir fyrir lok apríl.

**Fjar- og dreifnám og nám í kvöldskóla**

Innritun í fjar- og dreifnám og í kvöldskóla fer fram samkvæmt fyrirkomulagi sem einstakir framhaldsskólar auglýsa. Upplýsingar um framhaldsskóla má fá á menntagatt.is.

**Nánari upplýsingar um innritun í framhaldsskóla má fá á menntagatt.is og í mennta- og menningarmálaráðuneytinu í síma 545 9500/9546.**

# Starfsmaður í móttöku

Vegna ört stækkandi hóps viðskiptavina Vöku óskum við eftir starfsmanni í móttöku hálfan daginn.

**Hæfniskröfur:**

- Gott viðmót og áhugi að bæta sig í starfi.
- Stundvísi og snyrtimennska.
- Góð mannleg samskipti.
- Þjónustulund.
- Öguð vinnubrögð.
- Almenn tölvukunnátta.

**Aðeins reyklausir einstaklingar koma til greina í starfið.**

Áhugasamir geta sótt um með því að senda umsókn á **starf@vakahf.is**

VAKA er eitt fjölhæfasta bílaþjónustufyrirtæki landsins, nú bæði í **Skútuvogi** og á **Smiðjuvegi**.

Dekkjaþjónusta | Bifreiðaverkstæði | Varahlutir

Bifreiðaflutningar | Úrvinnsla bíla | Bón og þvottur

VAKA

Á VERÐI FYRIR ÞIG

---

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins en lýtur sérstakri stjórn. Seðlabankinn fer með stjórn peningamála á Íslandi og er meginmarkmið hennar stöðugleiki í verðlagsmálum. Seðlabankinn skal enn fremur sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd.

# Laust starf hjá Seðlabanka Íslands

## Gjaldeyriseftirlit - sérfræðingur

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa í gjaldeyriseftirliti bankans. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík.

Meginviðfangsefni gjaldeyriseftirlits lúta að almennu eftirliti með framkvæmd laga um gjaldeyrismál, rannsókn mála vegna meintra brota gegn lögum um gjaldeyrismál og reglum settum á grundvelli þeirra, afgreiðslu og ákvarðanatöku varðandi beiðnir um undanþágur frá gjaldeyrislögum og almennu leiðbeiningar- og upplýsingahlutverki gagnvart einstaklingum og lögaðilum

**Helstu verkefni:**

- Gagnaöflun og greining upplýsinga
- Vöktun fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskiptafyrirmæli
- Greining og mat á áhættuþáttum með hliðsjón af lögum um gjaldeyrismál
- Aðstoð og samstarf við rannsókn meintra brota
- Aðkoma að mótun regluverks og eftirlitsferla

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Rík greiningarhæfni á tölulegum upplýsingum nauðsynleg
- Þekking og reynsla af fjármálastarfsemi æskileg
- Þekking á uppbyggingu og starfsemi fjölþjóðlegra fyrirtækja er kostur
- Góð þekking á upplýsingatækni og gagnavinnslu
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Gott vald á íslensku og færni í að tjá sig í ræðu og riti
- Góð tungumálakunnátta í ensku
- Hæfni til að starfa sjálfstætt sem og í hópi

*Nánari upplýsingar um starfið veitir Pétur Steinn Pétursson, forstöðumaður eftirlits, í síma 569-9600.*

**Sótt skal um störfin á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.sedlabanki.is, í síðasta lagi 17. mars næstkomandi. Umsóknir gilda í sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.**

---

# Ráðgjöf og sala fjármálaafurða

**Ráð er nýtt fyrirtæki sem annast ráðgjöf og sölu á skaðatryggingum, líftryggingum, lífeyristryggingum og annarri fjármálaþjónustu. Markmið félagsins er að veita einstaklingum og fyrirtækjum framúrskarandi þjónustu á sviði þarfagreiningar og áhættumats vegna tryggingakaupa ásamt ráðgjöf um lífeyrismál, bæði hvað varðar lífeyrissjóði og viðbótartryggingavernd.**

Ráð ehf. óska eftir ráðgjöfum til að annast ráðgjöf og sölu á skaðatryggingum, líftryggingum og lífeyristryggingum fyrir Tryggingamiðstöðina hf. og Sparnað ehf.

Leitað er að einstaklingum sem eru sjálfstæðir í vinnubrögðum með góða samskiptahæfileika og áhuga á sölu fjármálaafurða. Óskað er eftir því að umsóknir innihaldi upplýsingar um menntun og starfsferil, stutta lýsingu á viðkomandi umsækjanda og styrkleikum hans til að gegna störfum á framangreindu sviði.

Umsóknir skulu sendar í tölvupósti á rad@rad.is eða í pósti til Ráða ehf., Holtasmára 1, 201 Kópavogi fyrir 19. mars næstkomandi. Frekari upplýsingar veitir Hafliði Kristjánsson í síma 862 0008 eða á tölvupóstfanginu haflidi@rad.is

RÁÐ

Ráð ehf. | Holtasmára 1 | 201 Kópavogi

ZEBRA

# Stjórnandi sem drífur fólk með sér!

## Bílabúð Benna leitar eftir öflugum starfskrafti




Við leitum að drífandi og metnaðarfullum einstaklingi með þægilegt viðmót og ríka þjónustulund. Viðkomandi tekur þátt í að móta og framfylgja þjónustustefnu fyrirtækisins. Um er að ræða framtíðarstarf hjá spennandi og öflugu fyrirtæki í sókn.

### Verkstjóri þjónustuverkstæðis

PORSCHE

Starfssvið:
- Almenn verkstjórn / Stjórnun verkefna
- Mannahald
- Samskipti við viðskiptavini

Hæfniskröfur:
- Menntun í bifvélavirkjun
- Lagni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af verkstjórn
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði, eldmóður og vinnusemi
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

CHEVROLET




Umsóknir berist til Bílabúðar Benna, Vagnhöfða 23, 110 Reykjavík eða á tölvupóstfangið atvinna@benni.is fyrir mánudaginn 12. mars. Nánari upplýsingar veitir Jóhannes Egilsson, þjónustustjóri.

Bílabúð Benna ehf er þjónustufyrirtæki bílaáhugamannsins stofnað 1975.
Bílabúð Benna ehf er m.a. umboðsaðili nýrra bíla frá Porsche, Chevrolet og SsangYong.

Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23 - 110 Reykjavík - 590 2000 - www.benni.is - benni@benni.is

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# Hjúkrunarfræðingur

Hjúkrunarfræðingur óskast til starfa á deild 12 sem er endurhæfingardeild geðsviðs fyrir einstaklinga með geðraskanir. Starfshlutfall er 100% og veitist starfið eftir samkomulagi.

Deildin er 10 rúma deild en einnig eru á deildinni dagsjúklingar. Deildin sérhæfir sig í endurhæfingu einstaklinga með alvarlega geðsjúkdóma með það að markmiði að einstaklingurinn öðlist aukna færni, verði virkur í þjóðfélaginu og njóti eins góðra lífsgæða og unnt er. Hjúkrunin er einstaklingshæfð og teymi er um hvern sjúkling.

Um er að ræða fjölbreytt starf með skemmtilegu og metnaðarfullu starfsfólki. Á deildinni er lagt upp úr góðri samvinnu allra starfshópa og að starfsfólk sýni frumkvæði í starfi.

## Helstu verkefni og ábyrgð

» Ákveður, skipuleggur og veitir hjúkrunarmeðferð í samráði við skjólstæðinga
» Ber ábyrgð á meðferð, samkvæmt starfslýsingu hjúkrunarfræðinga á Landspítala
» Tekur virkan þátt í teymisvinnu

## Hæfnikröfur

» Íslenskt hjúkrunarleyfi
» Faglegur metnaður og framúrskarandi samskiptahæfni
» Reynsla af geðhjúkrun er æskileg en ekki skilyrði
» Áhugi á geðhjúkrun skilyrði

## Nánari upplýsingar

» Upplýsingar veita Sylvía Ingibergsdóttir, deildarstjóri, sylviai@landspitali.is, sími 543 4210/ 824 5302 og María Einisdóttir, mannauðsráðgjafi, netfang mariaein@landspitali.is, sími 543 4034/ 824 5404.
» Umsókn skulu fylgja náms- og starfsferilskrá. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.
» Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Maríu Einisdóttur, mannauðsráðgjafa, LSH Stjórn geðsviðs 34A við Hringbraut.

Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf". Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má nálgast umsóknareyðublöð hjá LSH mannauðssviði, Eiríksgötu 5. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

# www.vinna.is



Viltu starfa í spennandi fyrirtæki þar sem sköpunargáfan fær að njóta sín?

# Getum bætt við okkur snillingum!

sagafilm
WE KNOW HOW

Við leitum að öflugum grafíker og einstökum onliner til að gera gott betra í stærsta og öflugasta framleiðslufyrirtæki landsins á sviði auglýsinga, sjónvarpsþátta og kvikmyndagerðar. Hefur þú það sem til þarf?

## Öflugur Grafíker

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Góð samskipta- og skipulagshæfni, jákvæðni og stundvísi.
- Frumkvæði og framúrskarandi sköpunargáfa.
- Hröð en umfram allt vönduð vinnubrögð.
- Hæfni til að takast á við áskoranir undir álagi.
- Nákvæm og öguð vinnubrögð.
- Háskólapróf eða sambærileg menntun í grafískri hönnun æskileg.
- Snillingur í After Effects, Photoshop og Illustrator.
- Þekking á Maya, 3ds Max, Fusion, Nuke, Flame æskileg þó ekki nauðsynleg.
- Víðtæk reynsla í gerð sjónvarpsauglýsinga og hreyfigrafík fyrir sjónvarp, ásamt vinnslu á grafík fyrir prent.

## Einstakur Onliner

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Góð þekking á Final Cut Pro og öðrum forritum sem tengjast myndvinnslu.
- Yfirgripsmikil þekking á stýrikerfum og tölvubúnaði.
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta.
- Nákvæm og öguð vinnubrögð.
- Þægilegt viðmót og lipurð í samskiptum.
- Stundvísi.
- Gott auga.

Umsóknir fyrir bæði störf berist til Sagafilm, Laugavegi 176, 105 Reykjavík eða á sagafilm@sagafilm.is merktar **Eftirvinnsla 2012, fyrir 13.03.2012**




www.sagafilm.is | sagafilm@sagafilm.is

## ÖRYGGISVÖRÐUR
## SECURITY GUARD

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu öryggisvarðar lausa til umsóknar. Umsóknarfrestur er til og með 16. mars 2012. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Security Guard. The closing date for this postion is March 16, 2012. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page: http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

Please send your application and resumé to : reykjavikvacancy@state.gov






# SÖLU- OG MARKAÐSSTARF Í FERÐAÞJÓNUSTU

**Við leitum að öflugum og jákvæðum einstaklingi til starfa á ferðaskrifstofu okkar.**

Starfið felur í sér m.a. samskipti við erlenda og innlenda viðskiptavini og öflun nýrra.

**Hæfniskröfur eru helstar:**

- Reynsla af sölustarfi á ferðaskrifstofu
- Góðir sölu- og skipulagshæfileikar
- Gott vald á íslensku, ensku og fleiri tungumálum
- Að geta unnið sjálfstætt og sýnt frumkvæði
- Góð tölvukunnátta
- Að geti hafið störf sem fyrst

**Umsóknir berist fyrir 17. mars að Hesthálsi 10 eða á info@trex.is**

Trex - Hópferðamiðstöðin ehf er traust ferðaþjónustufyrirtæki er starfað hefur samfellt í 35 ár og er með einn stærsta og fjölbreyttasta hópbifreiðaflota landsins

TREX Travel Experiences

**Hesthálsi 10, 110 Reykjavík**
**Sími: 587 6000 www.trex.is**

# Lektorar við Menntavísindasvið HÍ

*Menntavísindasvið menntar kennara fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla, uppeldis- og menntunarfræðinga, íþrótta- og heilsufræðinga, tómstunda- og félagsmálafræðinga og þroskaþjálfa. Í öllu námi við Menntavísindasvið eru sterk tengsl við starfsvettvang þeirra stétta sem sviðið menntar, s.s. skóla og aðrar stofnanir samfélagsins. Á Menntavísindasviði eru stundaðar fjölbreyttar rannsóknir og þar starfar stór hópur vel menntaðra kennara á breiðu sviði fræða, listsköpunar og starfsgreina.*

## Lektor í íþrótta- og heilsufræði

Meginhlutverk viðkomandi er:

- Kennsla á grunn- og meistarastigi og leiðsögn meistara- og doktorsnema.
- Að vera leiðandi á sérsviði sínu innan Menntavísindasviðs og utan þess.
- Að vinna þverfaglega að uppbyggingu kennslu og rannsókna á sviði íþrótta- og heilsufræði.
- Að byggja upp samstarf við starfsvettvang, einkum leik-, grunn- og framhaldsskóla og íþróttahreyfingar.

Umsækjendur skulu hafa lokið doktorsprófi á sviði íþrótta- og heilsufræði eða skyldum faggreinum, eða hafa staðfest hæfni sína með öðrum hætti til þess að sinna meginhlutverki starfsins. Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi kennslufræðilega þekkingu og reynslu sem tengist sérsviði viðkomandi og hafi innsýn í starfsvettvang, s.s. skólastarf, líkams- og heilsurækt, íþrótta- og æskulýðsmál. Auk þess er krafist góðrar samstarfshæfni og lipurðar í mannlegum samskiptum.

## Lektor í aðferðafræði rannsókna

Meginhlutverk viðkomandi er:

- Kennsla á grunn- og meistarastigi og leiðsögn meistara- og doktorsnema.
- Rannsóknir í menntavísindum í víðum skilningi sem tengjast sérsviði viðkomandi.
- Að vera leiðandi á sérsviði sínu innan Menntavísindasviðs og utan þess.
- Að vinna þverfaglega að uppbyggingu og samþættingu kennslu og rannsókna.

Umsækjendur skulu hafa lokið doktorsprófi eða staðfest hæfni sína með öðrum hætti til að sinna meginhlutverki starfsins og hafa góða þekkingu í megindlegri og/eða eigindlegri aðferðafræði, þ.m.t. starfendarannsóknir. Æskilegt er að umsækjandi hafi staðgóða innsýn í starfsvettvang einhverra þeirra fagstétta sem sækja nám á Menntavísindasviði. Auk þess er krafist góðrar samstarfshæfni og lipurðar í mannlegum samskiptum.

## Lektor í menntunarfræði skóla margbreytileikans (sérkennslufræði og fjölmenningarfræði)

Meginhlutverk viðkomandi er:

- Kennsla á grunn- og meistarastigi og leiðsögn meistara- og doktorsnema.
- Rannsóknir í menntavísindum sem tengjast sérsviði viðkomandi.
- Að vera leiðandi á sérsviði sínu innan Menntavísindasviðs og utan þess.
- Að vinna þverfaglega að uppbyggingu kennslu og rannsókna á sviði skóla margbreytileikans, þ.m.t. að móta meistara- og doktorsnám.
- Að vinna að tengslum kennslu og rannsókna.
- Að byggja upp samstarf við starfsvettvang, einkum leik-, grunn- og framhaldsskóla.

Umsækjendur skulu hafa lokið doktorsprófi á sviði sem tengist skólastefnunni skóla án aðgreiningar, t.d. í sérkennslufræði, fjölmenningarfræði, fötlunarfræði, námskrárfræði eða kennslufræði sem tekur til skipulags, kennslu, mats og þátttöku allra í skóla margbreytileikans, eða hafa staðfest hæfni sína með öðrum hætti til þess að sinna meginhlutverki starfsins. Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi kennslufræðilega þekkingu og reynslu sem tengist sérsviði viðkomandi og hafi innsýn í skólastarf leikskóla, grunnskóla eða framhaldsskóla. Auk þess er krafist góðrar samstarfshæfni og lipurðar í mannlegum samskiptum.

## Lektor í kennslufræði verk- og starfsmenntunar

Meginhlutverk viðkomandi er:

- Forysta um uppbyggingu náms fyrir verk- og starfsmenntakennara í skólakerfinu, m.a. í samstarfi við starfsvettvang.
- Uppbygging rannsókna á verk- og starfsmenntun í samráði við innlenda og erlenda aðila og leiðsögn meistara- og doktorsnema.
- Kennsla og skipulagning náms um kennslufræði verk- og starfsmenntagreina, sem tekur m.a. til kennslufræðiþáttarins, vettvangsnáms, námskrárgerðar, námsmats og skyldra greina.

Umsækjendur skulu hafa lokið doktorsprófi eða hafa staðfest hæfni sína með öðrum hætti til þess að vera leiðandi í rannsóknum og kennslu sem er meginhlutverk starfsins. Æskilegt er að umsækjandi hafi þekkingu á starfi iðnmeistara við kennslu og almennt á kennslu í verk- og starfsmenntagreinum. Auk þess er krafist góðrar samstarfshæfni og lipurðar í mannlegum samskiptum.

**Umsóknarfrestur er til 26. mars.**
**Sjá nánar um störfin á www.starfatorg.is**
**og www.hi.is/skolinn/laus_storf**

HÁSKÓLI ÍSLANDS

PIPAR\TBWA • SÍA • 120636

Landskerfi bókasafna | leitir.is

## Áhugaverð störf á sviði upplýsingatækni

Landskerfi bókasafna hf. (lb.is) leitar að tveimur dugmiklum starfsmönnum í fullt starf.

**Meginverkefni**
- Daglegur rekstur upplýsingakerfanna leitir.is og Gegnir (gegnir.is)
- Uppsetning og innleiðing kerfisnýjunga
- Forritun og gagnavinnsla
- Þjónusta við viðskiptavini

**Nauðsynlegar kröfur**
- Háskólagráða sem nýtist í starfi svo sem á sviði tölvunarfræði, verkfræði og bókasafns- og upplýsingafræði .
- Mjög góð almenn tölvukunnátta
- Geta og vilji til að setja sig inn í flókin tæknileg viðfangsefni
- Geta til að vinna ýmist ein(n) eða í hópi
- Frumkvæði í starfi og öguð vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni og gott viðmót

Reynsla af forritun, rekstri tölvukerfa eða verkefnastjórnun er æskileg. Einnig gott vald á íslensku og ensku.

Upplýsingar um starfið veitir framkvæmdastjóri í síma 514-5051. Einnig má senda fyrirspurnir á netfangið skrifstofa@landskerfi.is.

**Umsóknarfrestur er til 19. mars**

Umsóknir ásamt ferilsskrá skulu stílaðar á Landskerfi bókasafna hf, Höfðatúni 2, 105 Reykjavík eða sendar á netfangið skrifstofa@landskerfi.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Verkefnisstjóri sóknaráætlana | Byggðastofnun | Sauðárkrókur | 201203/014 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, bráðaöldrunarlækn.d. | Reykjavík | 201203/013 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, deild 12 | Reykjavík | 201203/012 |
| Sérfræðingur, rafræn sjúkraskrá | Landlæknir | Reykjavík | 201203/011 |
| Lögreglumaður | Ríkislögreglustjóri, sérsveit | Reykjavík | 201203/010 |
| Sérfræðingur í upplýsingaþjónustu | Landsbókas. – Háskólabókasafn | Reykjavík | 201203/009 |
| Matreiðslumaður | Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins | Reykjavík | 201203/008 |
| Geislafræðingur | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupst. | 201203/007 |
| Doktorsnemi í hagfræði | Háskóli Íslands, hagfræðideild | Reykjavík | 201203/006 |
| Lektor í dönskum bókmenntum | Háskóli Íslands, hugvísindasvið | Reykjavík | 201203/005 |
| Sérfræðingur | Seðlabanki Íslands | Reykjavík | 201203/004 |
| Næringarráðgjafi | Sjúkrahúsið á Akureyri | Reykjavík | 201203/003 |
| Ráðgjafi | Vinnumálastofnun | Selfoss | 201203/002 |
| Sérfræðingur | Ríkislögreglustjóri | Reykjavík | 201203/001 |
| Fulltrúi | Sjúkratryggingar Íslands | Reykjavík | 201202/096 |

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN

# Sérfræðingur í upplýsingaþjónustu

**Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn leitar að hugmyndaríkum og drífandi einstaklingi í starf sérfræðings í upplýsingaþjónustu safnsins.**

**Sérfræðingar í upplýsingaþjónustu veita faglega og fjölþætta upplýsingaþjónustu í þágu háskólasamfélagsins og hvers kyns fræðimennsku. Þeir leiðbeina notendum varðandi heimildaleit og notkun gagnasafna, og sinna kennslu í upplýsingalæsi.**

**Menntunar– og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í bókasafns- og upplýsingafræði
- Starfsreynsla í upplýsingaþjónustu eða kennslu æskileg
- Mjög góð tölvukunnátta og þekking á vef– og samfélagsmiðlum
- Mjög góð íslenskukunnátta í ræðu og riti
- Góð kunnátta í ensku og gjarnan í einu Norðurlandamáli
- Lipurð í samskiptum og sjálfstæði í starfi

Nánari upplýsingar um starfið veitir Halldóra Þorsteinsdóttir, sviðsstjóri miðlunar og rafræns aðgangs, s. 525-5741, halldora@landsbokasafn.is
Umsóknir merktar „Upplýsingaþjónusta" sendist til Vigdísar Eddu Jónsdóttur, starfsmannastjóra, á vigdise@landsbokasafn.is til og með **18. mars 2012**. Við ráðningar er tekið mið af jafnréttisáætlun safnsins.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn | Þjóðarbókhlöðunni | s. 525-5600 | www.landsbokasafn.is
Þekkingarveita í allra þágu

ISS

## *Viltu vinna með hressu fólki?*

*ISS óskar eftir starfsfólki á veitingasvið ISS.*

*ISS er öflugt fyrirtæki með um 800 starfsmenn.*

*ISS er alþjóðlegt fasteigna-umsjóna fyrirtæki og veitir framúrskarandi þjónustu.*

***Við erum að leita að;***

- *aðstoðarfólki í eldhús - föst störf*
- *aðstoðarfólki í eldhús - sumarstörf*
- *matreiðslumönnum í sumarstörf*

umsækjendur verða að vera íslenskumælandi

***Umsóknir og fyrirspurnir sendist á olof@iss.is, einnig er hægt að sækja um á www.iss.is***



xRMSoftware
accelerates success

Við leitum að sérfræðingum í **Microsoft Dynamics CRM** viðskiptahugbúnaði

**Hljóma hugtökin C#, HTML5, Social Media, Cloud Services og Mobile Apps spennandi í þínum eyrum?**

Vegna ört fjölgandi verkefna leitum við nú að fleiri snillingum í okkar hóp. Verkefnin felast í hönnun og forritun á lausnum fyrir viðskiptavini okkar hérlendis og erlendis ásamt vöruþróun ofan á **Microsoft Dynamics CRM** fyrir innlendan og erlendan markað.

Sendu okkur línu á netfangið sh@xrmsoftware.is ef þú fellur undir neðangreinda lýsingu og hefur áhuga á að starfa í spennandi og litlu en ört vaxandi fyrirtæki. Algjörum trúnaði er heitið.

- Góð þekking á .Net forritun og C#
- Reynsla í útfærslu veflausna með HTML, JavaScript og CSS
- Reynsla í notkun vefþjónustna (web services)
- Grunnþekking á SQL fyrirspurnum og gagnagrunnum
- Vakandi auga fyrir góðu notendaviðmóti

**Æskileg reynsla/þekking:**

- Reynsla eða þekking á Microsoft Dynamics CRM
- Reynsla eða þekking tengd viðskiptahugbúnaði
- Þekking á SQL Server Reporting Services (SSRS)
- Þekking á SQL Server Integration Services (SSIS)

xRMSoftware er eina íslenska fyrirtækið sem sérhæfir sig í innleiðingu og ráðgjöf á **Microsoft Dynamics CRM** hugbúnaði.

Meðal viðskiptavina eru mörg af stærri og mest spennandi fyrirtækjum landsins

**www.xrmsoftware.is | Sími: 571 9700**

ERUM VIÐ AÐ
# LEITA AÐ ÞÉR?

BYKO
BÚÐU BETUR, BORGAÐU MINNA.

**Við leitum að drífandi og kraftmiklum einstaklingum til að takast á við krefjandi verkefni í skemmtilegu umhverfi.**

## BYKO Á FISKISLÓÐ
Deildarstjóri í Timbursölu í verslun BYKO á Fiskislóð.

## BYKO Í BREIDD
Sölumenn í lagnaverslun BYKO í Breidd.
Sölumann í múrefnadeild BYKO í Breidd.

Sótt er um störfin á www.byko.is.

---

Reykjavíkurborg
Framkvæmda- og eignasvið

# Járniðnaðarmaður

Framkvæmda- og eignasvið auglýsir eftir handlögnum og úrræðagóðum járniðnaðarmanni til starfa hjá þjónustumiðstöð Gatna- og eignaumsýslu Reykjavíkurborgar á Stórhöfða.

**Starfssvið**
- Ábyrgð á vélaverkstæði hverfastöðvar / þjónustumiðstöðvar.
- Almenn viðhaldsverkefni á verkstæði, viðgerðir og viðhald leiktækja, sláttuorfa / véla o.fl.
- Umsjón með vélum og tækjum.
- Lagerhald: Umsjón með verkfæra- og efnislager.
- Innkaup á varahlutum, verkfærum og rekstrarvörum.
- Mannahald.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Sveinspróf í járniðn eða sambærilegt og haldgóða starfsreynslu.
- Verklagni.
- Reynsla af mannaforráðum.
- Færni í mannlegum samskiptum, skipulagsfærni og hæfileikar til að vinna sjálfstætt.
- Áhuga á að læra nýja hluti í starfi og veita góða þjónustu.
- Ökuréttindi.

Um er að ræða framtíðstarf og æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þorsteinn Birgisson, tæknilegur rekstrarstjóri (thorsteinn.birgisson@reykjavik.is) í síma 411 1111.
**Umsóknarfrestur er til 19. mars nk.** Sótt er um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is undir „ Störf í boði" - „Járniðnaðarmaður".

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavikurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

---

Capacent Ráðningar

VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

**Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.**
**Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is**

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

---

# Við leitum að fjárhagslega sjálfstæðum einstaklingi

WOW air leitar að fjármálastjóra með brennandi áhuga á endurskoðun, bókhaldi og hvers kyns fjármálaumsýslu. Viðkomandi þarf að hafa viðamikla reynslu af rekstraruppgjörum, áætlunargerð, frágangi ársreikninga, fjárstýringu og þarf auk þess að hafa gaman af að leika sér í Excel. Hann þarf að tala reiprennandi íslensku, ensku og geta gert sig skiljanlegan við bókhaldskerfi og tölvur almennt. Fjármálastjóri situr í framkvæmdastjórn félagsins og heyrir beint undir forstjóra. Ekki er verra ef hann hefur gaman af því að ferðast, reikna og umgangast skemmtilegt fólk.

**Erum við nokkuð að tala um þig?**

Sendu umsókn á
**fjarmalastjori@wowair.is**
fyrir 15. mars, 2012.

WOW air

Brandenburg

---

**Finndu sköpunargáfu þinni farveg.** Þú vilt læra meira og nýta hæfileika þína í hópi frábærra fagmanna. Komdu til okkar sem störfum saman undir fána Brimborgar. Virkjum sköpunargáfuna saman. Sendu okkur þína umsókn og tölum svo saman.

**Við erum hátæknifyrirtæki** og bjóðum hágæða vörur frá þekktustu framleiðendum heims. Við bjóðum vörumerki eins og Ford, Volvo, Citroën, Mazda. Volvo vörubíla. Volvo vinnuvélar. Volvo Penta bátavélar. Volvo strætisvagna og Volvo rútur. Hiab bílkrana og Nokian hjólbarða.

**Við horfum öðruvísi á heiminn.** Við trúum því að nýsköpunarþörfin gefi okkur, fjölskyldu okkar og viðskiptavinum forskot á lífið. Forskot sem gerir Brimborg að betri kaupstað, betri þjónustustað og betri vinnustað – öðrum þræði öruggum stað að vera á. Við trúum því að næmur skilningur á óskum og þörfum viðskiptavina okkar sé æðsta markmiðið. Lærðu með okkur.

Umsóknarfrestur er til 15. mars n.k.

# Þjónustustjóri fyrir atvinnutækjaverkstæði
## hjá Brimborg Akureyri

**Stutt lýsing á starfi**
- Ber ábyrgð á daglegum rekstri síns verkstæðis.
- Ber ábyrgð á ánægju viðskiptavina.
- Er í senn verk- og tæknistjóri.
- Tryggir að starfsmenn starfi skv ISO stöðlum sinnar deildar.
- Daglega umsjón og eftirlit með nýtingu starfsmanna.
- Stjórnar skipulagi og verkflæði verkefna.
- Umsjón og ábyrgð með samskiptum við birgja á þjónustusviði.
- Ber ábyrgð á því að þekking og hæfni sé skv. stöðlum Brimborgar og kröfum birgja á hverju sviði.

**Megin hæfniskröfur**
- Réttindi í bifvélavirkjun og/eða vélvirkjun og/eða hafa vélstjóraréttindi.
- Hafi stjórnunarhæfileika.
- Gilt bílpróf skilyrði, meirapróf æskilegt
- Góða samskiptahæfileika.
- Góða þjónustulund.
- Heiðarlegur og áreiðanlegur.
- Stundvís.
- Geta sýnt frumkvæði í starfi og unnið sjálfstætt.
- Grunnþekking á tölvur (PC/Windows umhverfi.)
- Hafa áhuga á bifreiðum - tækjum.
- Góða íslensku- og enskukunnáttu.

**Nánari upplýsingar**

Brimborg leitast við að ráða til samstarfs fagfólk af báðum kynjum með gildismat sem samrýmist kjarnagildum og megin reglum fyrirtækisins. Fólk sem metur mikils orð og gjörðir eins og heilbrigði, ábyrgð, tillitsemi, umburðarlyndi, árangur, frumkvæði, þekkingarleit og samvirkni.

Skelltu þér á netið www.brimborg.is og sæktu um starfið. Nánari upplýsingar veitir Jón Á. Þorvaldsson framkvæmdarstjóri Brimborg Akureyri síma 515 7050.

**Umsóknarfrestur er til 15. mars 2012.**
**Þú sækir um á netinu, www.brimborg.is.**
**Nú er tækifærið - við bíðum eftir þér.**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

VOLVO | Ford | CITROËN | LINCOLN | DAIHATSU | mazda | VOLVO PENTA | HIAB | PIRELLI | nokian DEKK

Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | www.brimborg.is | brimborg@brimborg.is

# Ert þú hress og skemmtileg(ur)? Þá áttu samleið með okkur.

## Starfsmaður í bókhaldsdeild óskast

**Starfssvið:**
- Færsla bókhalds fyrir viðskiptavini
- Afstemmingar
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**
- Haldbær reynsla af vinnu í bókhaldi
- Góð tölvukunnátta- Navision kostur
- Nákvæm og hröð vinnubrögð
- Geta til að starfa sjálfstætt
- Jákvæðni og vilji til að taka þátt í góðu hópstarfi

Í boði eru framtíðarstörf hjá traustu fyrirtæki.
**Umsóknir sendist til umsokn@fjarstod.is fyrir 12. mars.**

Stefna Fjárstoðar er að vera eftirsóknarvert alhliða þjónustufyrirtæki á fjármálasviði með gildunum þekking - þjónusta - þægindi að leiðarljósi í starfi sínu.

FJÁRSTOÐ
Þekking Þjónusta Þægindi

# Löglærður fulltrúi

Lögmenn Höfðabakka leita eftir löglærðum fulltrúa til starfa. Æskilegt er að umsækjendur hafi hdl-réttindi og reynslu af verkefnum tengdum fyrirtækjalögfræði og fjármunarétti.

Umsóknir skulu berast Lögmönnum Höfðabakka, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, b/t Þórðar Bogasonar hrl., eða á tölvupóstfangið logmenn@justice.is eigi síðar en föstudaginn 16. mars 2012. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál. Þórður veitir nánari upplýsingar í síma 587-1286.

*Lögmenn Höfðabakka*

# Fimm í ævintýraleit?

**PIPAR\TBWA auglýsir eftir hugmyndaríku og flinku fólki til starfa á skemmtilegustu auglýsingastofu landsins.* Umsækjendur þurfa bæði að geta unnið sjálfstætt og tekið þátt í hópastarfi og krefjandi verkefnum í líflegu umhverfi. Jákvæðni, gott skap og hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði.**



**\ Texta- og hugmyndasmiður**
Hæfniskröfur:
\ Góð þekking á tungumálinu og reynsla af ritun og meðferð þess
\ Góð reynsla af hugmyndavinnu og handritagerð er kostur
\ Brennandi áhugi á markaðsmálum
\ Hugmyndaauðgi

**\ Grafískur hönnuður með mikla reynslu af skjámiðlun og hreyfigrafík**
Hæfniskröfur:
\ Háskólapróf í grafískri hönnun
\ Góð starfsreynsla í faginu
\ Sérhæfing í hreyfigrafík og forritum á borð við Flash, After Effects, Final Cut o.fl.
\ Hugmyndaauðgi

**\ Viðskiptastjóri í samfélagsdeild**
Hæfniskröfur:
\ Háskólamenntun á sviði viðskipta eða markaðsfræða
\ Góð þekking á samfélagsvefjum
\ Góð reynsla af markaðs- og sölustörfum

**\ PPC- og SEO-sérfræðingur í samfélagsdeild**
Hæfniskröfur:
\ Sérfræðiþekking á PPC og SEO og starfsreynsla á því sviði
\ Góð þekking á samfélagsvefjum og markaðssetningu á netinu

**\ Birtingastjóri**
Hæfniskröfur:
\ Háskólamenntun
\ Góð tölfræðiþekking
\ Góð þekking og reynsla af birtingamálum
\ Góð þekking og reynsla af markaðsgreiningu og úrvinnslu kannana

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að fylla út umsóknarform á Facebook-síðu stofunnar **facebook.com/pipartbwa** fyrir **5. mars** nk. Umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

PIPAR\TBWA

PIPAR\TBWA \ Tryggvagötu 17 \ 101 Reykjavík \ Sími 510 9000 \ www.pipar-tbwa.is

Hjá PIPAR\TBWA starfa 28 manns. Stofan er sú fyrsta á landinu sem hefur sérdeild samfélagsvefja, en þar starfa þegar fimm sérfræðingar. PIPAR\TBWA er hluti af TBWA sem er ein af framsæknustu samstarfskeðjum auglýsingastofa í heiminum. Þar starfa um 12.000 manns á 258 stofum í 77 löndum.

*Samkvæmt ítarlegri könnun sem gerð var meðal starfsfólks PIPARS\TBWA.*

# Íþrótta- og tómstundafulltrúi

**Fjarðabyggð auglýsir starf íþrótta- og tómstundafulltrúa laust til umsóknar.**

Íþrótta- og tómstundafulltrúi ber ábyrgð á íþrótt- og tómstundamálum í Fjarðabyggð. Hann er yfirmaður starfsfólks íþróttamiðstöðva og félagsmiðstöðva í Fjarðabyggð og annast stefnumörkun, þekkingaröflun, þekkingarmiðlun og þróunarstarf í íþrótta- og tómstundamálum.

*Helstu verkefni:*
*Þróun, skipulag og samræming íþrótta- og tómstundamála í Fjarðabyggð.*
*Samhæfing á starfsemi íþróttamiðstöðva og félagsmiðstöðva í Fjarðabyggð.*
*Samstarf við íþrótta- og tómstundafélög í Fjarðabyggð.*
*Tengsl við aðrar íþrótta- og tómstundastofnanir.*
*Þjónusta og faglegur stuðningur við fræðslu- og frístundanefnd.*
*Frumkvæði að samskiptum og aðgerðum til að styrkja íþrótta- og tómstundamál í Fjarðabyggð.*

*Hæfniskröfur:*
*Háskólamenntun sem nýtist við stjórnun og rekstur í íþrótta- og tómstundastarfi. Reynsla af stjórnun, rekstri og félagsstarfi. Færni í mannlegum samskiptum, metnaður og frumkvæði.*

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum LN við viðkomandi stéttarfélag.
Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um stöðuna.

Allar frekari upplýsingar veitir Þóroddur Helgason, fræðslustjóri, í síma 860 8331 eða á netfanginu thoroddur.helgason@fjardabyggd.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 16. mars 2012.**
Umsóknir berist á skrifstofu Fjarðabyggðar, Hafnargötu 2, 730 Fjarðabyggð.

# STERK
## ATVINNUAUGLÝSING Á RÉTTUM STAÐ

**Vertu með atvinnuauglýsinguna þína í Fréttablaðinu, mest lesna blaði landsins.***

*Atvinnuauglýsingarnar í Fréttablaðinu birtast líka á atvinnuvef Vísis.*

FRÉTTABLAÐIÐ
vísir ATVINNA




MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI!*

*Prentmiðlakönnun Capacent Gallup október–desember 2011

**BÓKIÐ AUGLÝSINGAR TÍMANLEGA:**

**VIÐAR INGI PÉTURSSON**
vip@365.is 512 5426

**HRANNAR HELGASON**
hrannar@365.is 512 5441

## Dvalarheimili Aldraðra Suðurnesjum D.S.

### Hjúkrunarheimilið Garðvangur Garði

**Hjúkrunarfræðingar**

Okkur bráðvantar áhugasama hjúkrunarfræðinga til starfa við öldrunarhjúkrun. Bæði er um er að ræða framtíðarstarf/störf og /eða sumarafleysingu, breytileg vinnuprósenta og almennt er unnið á tvískiptum vöktum, ásamt bakvöktum.

**Sjúkraliðar**

Einnig vantar okkur áhugasama sjúkraliða til starfa við öldrunarhjúkrun, ásamt starfsfólki í aðhlynningar störf, um er að ræða sumarafleysingar, breytilega vinnuprósentu og vaktavinnu

### Hjúkrunarheimilið Hlévangur Reykjanesbæ

**Aðhlynning**

Okkur vantar áhugasamt starfsfólk í aðhlynningar störf, um er að ræða sumarafleysingar, breytilega vinnuprósentu og vaktavinnu.

**Hæfniskröfur til starfa eru:**
Íslenskt starfsleyfi (hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar)
Góðrar íslensku kunnáttu er krafist
Faglegur metnaður
Jákvæðni og færni í mannlegum samskiptum
Laun samkvæmt kjarasamningum SFH við bæði aðildarfélögin, öllum umsóknum verður svarað

Umsóknum / fyrirspurnum - ásamt ferilskrá og meðmælendum skulu berast til : Aðalheiðar Valgeirsdóttur framkvæmdastjóra hjúkrunar D.S. Garðbraut 85 250 Garði, netfang er heida@ds.is , sími 895-0740
Einnig er bent á deildarstjóra Garðvangs Þuríði Elísdóttur í síma 422-7400, eða með netpósti thura@ds.is, ásamt deildarstjóra Hlévangs Sveindísi Skúladóttur í síma 421-5700 eða með netpósti sveindis@ds.is

---

www.poulsen.is

# *Sölumaður í þjónustuver*

**Við hjá Poulsen leitum að kraftmiklum og drífandi sölumanni í þjónustuverið okkar.**

***Við leitum að þér sem ert***
-stöðugur einstaklingur
-opinn, ötull og duglegur
-með mikla samskiptahæfni
-trúverðugur og fær um að hugsa tveimur skrefum á undan
-með skipulagnshæfni og sjálfstæð vinnubrögð
-með góða tölvukunnáttu
-gott vald á íslensku og mælandi á ensku

***Við bjóðum***
góða vinnu með góðu starfsöryggi og jákvæðum anda hjá fjölskyldufyrirtæki sem hefur verið starfrækt í meira en 100 ár

Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um

***Upplýsingar***
um starfið veitir Gunnar Einarsson í síma 530 5923 gunnar@poulsen.is

**Allar umsóknir skulu sendar á gunnar@poulsen.is fyrir 13.03.2012**

Poulsen er söluaðili á vörum fyrir málningar- og réttingarverkstæði. Bjóðum upp á heimsþekkt vörumerki á því sviði eins og bílalökk frá Dupont, Spies Hecker, House of Kolor og öðrum tengdum vörum frá Farécla, 3M, DeVillbiss, Evercoat, Pilkington og AGC svo fátt eitt sé nefnt.

Poulsen hefur þjónustað viðskiptavini sína í yfir 100 ár.

Poulsen - Skeifan 2 - 108 Reykjavík
Sími: 530 5900 - poulsen@poulsen.is

Poulsen partur af lífinu

---

# Er séns að við séum að leita að þér?



# Verslunarstjóri

## 10–11 óskar eftir að ráða verslunarstjóra til starfa

### Starfssvið
- Ábyrgð á og dagleg stjórnun verslunar
- Vaktaskipulag
- Vörumóttaka og verðlagning
- Samskipti við viðskiptavini
- Önnur dagleg störf í verslun

### Menntun og hæfniskröfur
- Góð almenn menntun, menntun á sviði verslunarreksturs er mikill kostur
- Reynsla af verslunarstörfum/ verslunarstjórn
- Góðir skipulagshæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Viðkomandi þarf að vera ábyrgur og geta unnið sjálfstætt
- Lifandi áhugi á starfinu, frumkvæði og snerpa

Upplýsingar veitir:
Sigurður Karlsson
Sigurður Guðmundsson og Eiríkur Einarsson húsameistari teiknuðu húsið. Lagður var hornsteinn að byggingunni á sjómannadaginn 4. júní 1944 og var skólinn vígður árið 1945. Í blýhólki sem lagður var í hornsteininn liggja uppdrættir hússins og meginatriði að byggingarsögu skólans, skráð á skinn. Veðurstofan hafði aðsetur í skólanum til ársins 1973. Kennaraháskóli Íslands hafði einnig hluta hússins til afnota um tíma.

*Heimild: Wikipedia*



## VORRALLIÐ ER HAFIÐ

**Stofnmæling botnfiska** á Íslandsmiðum, eða vorrallið, hófst í lok febrúar og stendur yfir næstu þrjár vikurnar. Fimm skip taka þátt í verkefninu: togararnir Bjartur, Ljósafell og Jón Vídalín og rannsóknaskipin Árni Friðriksson og Bjarni Sæmundsson. Alls verður togað á um 600 stöðvum vítt og breitt á landgrunninu á 20 til 500 m dýpi.

Vorrall Hafrannsóknastofnunar hefur verið framkvæmt með sambærilegum hætti á hverju ári síðan 1985. Helstu markmið eru að fylgjast með breytingum á stofnstærð, aldurssamsetningu, fæðu, ástandi og útbreiðslu helstu fisktegunda við landið, og hitastigi sjávar. Enn fremur er safnað sýnum vegna ýmissa rannsókna, t.d. á mengandi efnum í sjávarfangi. Úrvinnsla mælinganna og aldursgreiningar fara fram í lok mars og fyrstu niðurstöður verða kynntar í apríl.

Fylgjast má með ferðum rallskipa á vef Hafrannsóknastofnunarinnar. *www.hafro.is*

## HOLLUR OG GÓÐUR

**Margir leiða líkur að því** að fiskur hafi haldið lífi í þjóðinni hér á árum áður enda inniheldur hann mörg lífsnauðsynleg næringarefni. Aðeins tvö þeirra er þó að finna í fiskafurðum umfram það sem er í annarri fæðu, steinefnið joð og D-vítamín. Joð gegnir mikilvægu hlutverki við myndum skjaldkirtilshormónsins týroxíns sem stjórnar orkunýtingu líkamans. Ef líkaminn færi ekki nægilegt magn af joði úr fæði getur það haft þau áhrif að skjaldkirtillinn stækkar. D-vítamín gegnir fjölda mikilvægra hlutverka í líkamanum og er meðal annars nauðsynlegt fyrir uppbyggingu beina og stuðlar að eðlilegum kalkstyrk í blóði. Afleiðingar mikils D-vítamínskorts geta orðið beinkröm hjá börnum og kalklítil og mjúk bein hjá fullorðnum.

*Heimild: www2.lydheilsustod.is*







Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó við kunnum kannski ekki handtökin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Starfsfólk Íslandsbanka býr yfir áratugareynslu í þjónustu við sjávarútveginn og hjá bankanum starfar stór hópur fólks með sérþekkingu á greininni. Þannig getum við ávallt tryggt fyrirtækjum í þessari undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar þá bankaþjónustu sem hún þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Ragnar Guðjónsson hefur starfað við fjármögnun sjávarútvegs í 40 ár. Ragnar er viðskiptastjóri í sjávarútvegsteymi Íslandsbanka.

sjavarutvegur@islandsbanki.is

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

# SKYR.IS DAGAR

KRINGLUNNI
3.-4. MARS




## Skyr.is í Kringlunni um helgina

**Komdu og smakkaðu nýtt Skyr.is**

Við verðum með kynningu um helgina á nýju og endurbættu Skyr.is á blómatorgi Kringlunnar. Komdu og smakkaðu Skyr.is og fáðu uppskriftir að ljúffengum boost drykkjum fyrir alla fjölskylduna.

50 heppnir gestir sem taka þátt í léttum leik vinna mánaðarbirgðir af Skyr.is.

**Ert þú með SKYR markmið?**

**Markþjálfi** frá **Vendum** verður á staðnum frá 14-16 báða dagana til að veita ráðgjöf og/eða aðstoða þá sem vilja setja sér SKYR markmið.

Nýttu þér tækifærið og fáðu aðstoð sérfræðings við markmiðasetningu sem ber árangur.

Skyr.is
PRÓTEINRÍKT OG FITULAUST

# *Ég er sátt við mitt dagsverk*

Í næstum því fjörutíu ár hefur **Rúrí** skapað sín beittu og áhrifaríku listaverk. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* ræddi við listakonuna skömmu fyrir opnun yfirlitssýningar á verkum hennar í Listasafni Íslands.



Allt er á yfirsnúningi í Listasafni Íslands þegar blaðamaður stingur inn nefinu daginn fyrir opnun yfirlitssýningar á verkum Rúríar. Allir sýningarsalir eru undir, iðnaðarmenn og starfsfólk safnsins á þönum á milli þeirra. Þau gætu örugglega þegið nokkra sýningarsali í viðbót, ef það væri í boði. Verk Rúríar taka oftar en ekki plássið sitt og aldrei áður hafa svo mörg þeirra verið sýnd saman á einum stað.

Það er varla að Rúrí hafi tíma fyrir viðtal, en einhvern tímann verða allir að setjast niður. Þá gefst færi á stuttu spjalli. Spurð um hvaða tilfinningar vakni, þegar hún lítur yfir sinn fjörutíu ára feril, hugsar hún sig stuttlega um. „Ég er sátt við mitt dagsverk," segir hún svo og bætir við. „Mér finnst ég hafa varið tíma mínum ágætlega í listina. Ég gæti ekki hugsað mér betri vinnu. Ég held það skipti máli fyrir hvern og einn að reyna að finna hvaða atvinna hentar honum best. Ég held það hafi heilmikið að gera með hamingju. En listin er líka krefjandi og eins og ég meðtek hana þarf að leggja sig allan fram við hana. Maður vill skila góðu verki frá sér, sem maður getur sjálfur verið sáttur við og vonandi hefur gildi fyrir aðra."

### Margslungin og flókin verk

Það hefur líka tekið sinn tíma að undirbúa sýninguna, hvorki meira né minna en tvö ár. Þegar sextugsafmæli Rúríar nálgaðist þótti tími til kominn að draga saman listrænan feril hennar, sem spannar nær fjörutíu ár. Í fyrra leit fyrri afrakstur þeirra vinnu dagsins ljós, þegar yfirlitsbók um verk hennar kom út. „Elstu verkin hér á sýningunni eru alveg að verða fertug," segir Rúrí, bendir á mynd af einu elsta verki sýningarinnar og fer með ljóðrænan texta sem fylgir honum eftir minni. Það er greinilegt að henni þykir vænt um verk sín og gætir þeirra vel. Það er gott, því öðruvísi hefði vart verið mögulegt að safna saman verkum hennar á eins skipulegan hátt og nú hefur verið gert. Mörg þeirra þurftu þó lagfæringa við áður en hægt var að setja þau upp, þar sem tíminn og önnur eyðileggjandi öfl hafa sett sitt mark á þau.

Sýningarstjórinn og meðhöfundur Rúríar að bókinni hennar, Christian Schoen, kemur nú upp í lyftunni með gínu upp á arminn. Hún klæðist þjóðbúningi Rúríar, frá árinu 1974. Búningnum muna margir eftir, í það minnsta þeir sem komnir eru yfir miðjan aldur. Christian staldrar við og lýsir því hvernig leiðir hans og Rúríar lágu saman. Hann kynntist verkum hennar fyrst þegar hún sýndi á Feneyjatvíæringnum fyrir Íslands hönd árið 2003. Hann segir hana í hópi mikilvægasta listamanna Evrópu. „Eftir því sem ég kynnist verkum Rúríar betur sé ég hversu margslunginn og djúpur listamaður hún er. Það er engin leið að setja hana í einn ákveðinn flokk," segir hann og bætir við að hann vonist til þess að sýningin veki upp margar tilfinningar hjá gestum. Andrúmsloft sýningarrýmanna sé ólíkt, í takti við margbreytileika verka Rúríar.

### Ofbeldi á aldrei rétt á sér

Í verkum sínum tekst Rúrí jafnan á við samtímann og þau málefni sem brenna á þjóðinni hverju sinni. Hún notar dæmi úr fortíðinni, eða hugsanlegri framtíð, til að skoða samtímann. Samband manns og náttúru er henni hugleikið og þar finnst henni ofbeldi of áberandi kraftur. „Ofbeldi finnst mér ekki eiga nokkurn rétt á sér, í hvaða mynd sem er. Hvorki ofbeldi gagnvart einstaklingum, þjóðfélagshópum né þjóðum, eða gagnvart náttúrunni. Ég legg það að vissu leyti að jöfnu. Vitur bóndi gætir þess að rækta og yrkja jörðina á þann hátt að hún nái að viðhalda sér. Í iðnaðarsamfélögum höfum við sagt skilið við þetta viðhorf og menn hafa tekið að rányrkja jörðina. Það er gríðarlega alvarlegt mál sem snertir ekki bara nútímann heldur alla framtíð mannsins á jörðinni. Við eigum enga framtíð nema á jörðinni, það er eins gott að við förum að átta okkur á því."



**VIÐ SAFN FRÁ 1987** „Hugsanlega munu fornleifafræðingar framtíðarinnar finna þessa kassa og það sem í þeim er verða einu sönnunargögnin um tilvist manna á jörðinni„" segir Rúrí. Í kössunum eru mannvistarleifar úr nútímanum. RÉTTABLAÐIÐ/VALLI




2


3


4

**1. Tillaga að breytingu þjóðbúningsins frá 1974**
Á samkomu í Háskólabíói árið 1974, þegar 1.100 ára afmæli Íslandsbyggðar var fagnað, klæddist Rúrí þjóðbúningi úr bandaríska fánanum og lagði til að þeim íslenska yrði breytt á þá vegu. „Árið 1944 lýstu Íslendingar yfir sjálfstæði og 1951 gengu þeir í NATO og heimiluðu hersetu Íslands. Ég gat ekki verið stolt af þjóðinni fyrir það," segir Rúrí um verkið.

**2. Regnbogi I frá 1983**
„Þarna var ég að vinna með hverfulleika, sem spurningamerki á efnishyggju og hlutadýrkun. Það getur enginn eignast regnbogann, en samt gleðjast allir við að sjá hann. Það finnst mér vera staðfesting á því að eignarhalds- og söluverðsviðmið eru bara bull."

**3. Tileinkun frá 2006**
Tileinkun var gjörningur og innsetning við Drekkingarhyl á Þingvöllum 5. september 2006. Verkið tileinkaði Rúrí minningu þeirra stúlkna og kvenna sem voru líflátnar þar á 17. og 18. öld fyrir þær sakir að verða þungaðar og ala börn utan hjónabands.

**4. Regnbogi frá 1991**
Regnboga Rúríar við Leifsstöð þekkja flestir landsmenn, í það minnsta þeir sem hafa farið til útlanda.









NÓG PLÁSS
HAGKVÆMT LEIGUVERÐ

Húsnæðið að Stórhöfða 22-30 er til leigu á mjög hagkvæmum kjörum.

Stærð húsnæðisins er 3.900 fermetrar og rúmast þar skrifstofur, lager, verkstæði og mötuneyti.

**Nánari upplýsingar veitir:**

Jóhannes Rúnarsson, s. 892 6471
johannes@skipti.is

Stærð húsnæðis 3.900 fm



Rúmgóð lóð





Næg bílastæði

Auðveld aðkoma

Góð staðsetning

Skipti

# Ég þoli ekki helvítis Eagles!

Eftirlætissöngvari mafíuforingjans Michael Corleone úr Guðföður-þríleiknum heldur tónleika í Hörpu í ágúst. *Kjartan Guðmundsson* kannaði hvaða tónlistarmenn hafa verið í uppáhaldi hjá fleiri þekktum kvikmyndapersónum í gegnum tíðina.

## Jay og Silent Bob fíla Morris Day og Time





Í myndinni Jay & Silent Bob Strike Back eiga titilpersónurnar, sem leiknar eru af Jason Mewes og Kevin Smith, sér einungis eitt uppáhald í tónlist: Fönkpopparann Morris Day og hljómsveitina Time, sem störfuðu meðal annars náið með sjálfum Prince. Morris Day kemur fram í lok myndarinnar.

## Lillian úr Bridesmaids fílar Wilson Phillips





Wilson Phillips er eftirlætissveit Lillian, bestu vinkonu aðalpersónunnar í grínmyndinni Bridesmaids sem Maya Rudolph leikur. Í lok myndarinnar giftir Lillian sig og að sjálfsögðu leikur þríeykið smell sinn Hold On við það tilefni.

## Vivian Ward fílar Prince



Vivian Ward, hjartahlýja hóran í rómantísku gamanmyndinni Pretty Woman sem Julia Roberts leikur, fílar Prince og syngur risasmellinn Kiss í baði.

## Jeff Lebowski fílar Creedence Clearwater Revival





Jeffrey Lebowski úr Big Lebowski Coen-bræðra, sem leikinn er af Jeff Bridges, er forfallinn aðdáandi CCR og hlustar á lög þeirra við hvert tilefni, eða milli þess sem hann nýtur þess að hlýða á hvalahljóð og lýsingar á keiluleikjum. Að sama skapi hatar Lebowski Íslandsvinina í Eagles og er fyrir vikið hent út úr leigubíl á þjóðveginum.

## Michael Corleone fílar Tony Bennett





Í þriðja hluta Guðföður-þríleiksins eftir Francis Ford Coppola kemur í ljós að glæpaforinginn illræmdi, Michael Corleone sem leikinn er af Al Pacino, kann vel að meta hjartaknúsarann Tony Bennett sem kemur einmitt fram í Hörpu í ágúst. Corleone kýs frekar að hlusta á Bennett en annan söngvara, fjölskylduvininn Johnny Fontane, en sú persóna byggir á Frank Sinatra og er ástæða þess að hinn eldri Corleone gerir kvikmyndaframleiðanda í Hollywood „tilboð sem hann getur ekki hafnað“ eins og frægt er orðið.

## Serpico fílar Jussi Björling





Óvenjulegi lögreglumaðurinn Serpico (Al Pacino) í samnefndri mynd (sem byggð er á sönnum atburðum) fer í taugarnar á samstarfsmönnum sínum með því að vera heiðarlegur og þiggja ekki mútur, en líka með því að leyfa hári sínu að vaxa, drekka te og hlusta á kraftmikinn tenórsöng hins sænska Jussi Björling.

## Patrick Bateman fílar Whitney Houston





Patrick Bateman (Christian Bale), aðalpersónan í myndinni American Psycho, hefur ekki aðeins áhuga á morðum, nauðgunum, limlestingum og mannáti heldur líka tónlist. Whitney Houston heitin er í sérstöku uppáhaldi hjá Bateman og telur hann meðal annars lagið Greatest Love of All „eitt besta og kraftmesta lag sem samið hefur verið um sjálfsverndun og virðingu“. Bateman er líka afar hrifinn af Phil Collins og Huey Lewis.

## Christiane F. fílar David Bowie





Christiane F. úr Dýragarðsbörnunum, sannsögulegri mynd um nöturlegt lífefni barnungs heróínfíkils í Berlín á áttunda áratugnum, er mikill aðdáandi David Bowie, sem sjálfur bjó í borginni um árabil. Í myndinni kemur Bowie fram í tónleikaatriði, en hann gerði einnig tónlistina fyrir myndina.



Tölvutek • Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 • Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900 • www.tolvutek.is

SUMAR 2012




# Almería

**Nánar á urvalutsyn.is**

## Tilvalinn sumaráfangastaður fyrir alla fjölskylduna!

Úrval Útsýn býður aftur upp á ferðir til Almería í sumar, en þessi sumaráfangastaður sló einmitt rækilega í gegn á síðasta ári. Ástæðurnar fyrir velgengninni eru augljósar; þar er um margt að vera, hagstætt verðlag, sólríkar sandstrendur, ekta spænsk menning, mikið úrval af glæsilegum gistingum og ekki sakar hversu ódýrt er að ferðast þangað. Við höfum passað upp á að allir finni gistingu við sitt hæfi. Hvort sem það er þriggja eða fimm stjörnu hótel, hálft fæði eða allt innifalið ættu allir að finna eitthvað við sinn smekk - **á hagkvæmu verði!**



FALLEGUR STRANDBÆR

SAGA OG EKTA SPÆNSK MENNING

FJÖLBREYTT AFÞREYING Í BOÐI!



## PIERRE VACANCES ★★★



FRÁBÆRT VERÐ FYRIR STÓR-FJÖLSKYLDUNA!

HAGSTÆTT VERÐLAG

ÚRVALS GISTI-MÖGULEIKAR



Pierre Vacances eru glænýtt íbúðahótel í Roquetas de Mar. Hótelið er staðsett í rólegu umhverfi og er u.þ.b. 600-700 metra gangur að næsta veitingahúsa, verslana- og þjónustusvæði. Íbúðahótelið stendur við golfvöll og stutt frá ströndinni (ca 500 m) Tvær sundlaugar eru í garðinum ásamt barnalaug og leiksvæði. Frábær kostur fyrir stórar fjölskyldur og þá sem vilja njóta fallegrar gistingar á sanngjörnu verði.

FRÁ: **86.936 kr***

á mann m.v. 3 fullorðna og 3 börn í viku á hótel Pierre Vacances í íbúð með tveimur svefnherbergjum. Verð á mann frá 93.153 kr m.v. 2 fullorðna og 2 börn. Verð á mann frá 114.307 kr. m.v. 2 fullorðna. Brottför: 17. júlí - 7 nætur.

ÚRVAL·ÚTSÝN

Lágmúli 4 108 Rvk | S. 585 4000 | info@uu.is | www.urvalutsyn.is

# Berlínarverkefnið dafnar vel

**Dagur Sigurðsson** þjálfari og **Bob Hanning** framkvæmdastjóri eru höfuðpersónur í þýska handknattleiksfélaginu Füchse Berlin. Félagið hefur náð ótrúlegum árangri á skömmum tíma og er í dag eitt það besta í gjörvallri Evrópu – þó svo að þeir sjálfir hafi það ekki að markmiði að verða bestir. *Eiríkur Stefán Ásgeirsson* ræddi við þá Dag og Hanning um „Projekt Berlin“.

Bob Hanning var í júlí árið 2005 ráðinn framkvæmdastjóri hins nýstofnaða handboltaliðs Füchse Berlin. Það var klofið úr Reinickendorfer Füchse – rótgrónu íþróttafélagi sem hefur verið starfandi í þýsku höfuðborginni síðan 1891. Hanning fékk það verkefni að byggja upp sterkt lið sem hefði þó ákveðin grunngildi að sjónarmiði. Í dag, tæpum sjö árum síðar, er Füchse Berlin orðið eitt sterkasta handboltafélag heims og „Projekt Berlin“ eða Berlínarverkefnið, eins og það er kallað, dafnar vel.

Þjóðverjinn Jörn-Uwe Lommel var þjálfari Füchse Berlin fyrstu fjögur árin og kom hann liðinu upp í þýsku úrvalsdeildina árið 2007. Hann steig svo frá borði vorið 2009 og Hanning ákvað að leita til Dags Sigurðssonar sem tók að sér þjálfun liðsins.

Síðan þá hefur uppgangur liðsins verið með ólíkindum. Füchse Berlin er í öðru sæti þýsku úrvalsdeildarinnar, sterkustu deildar heims, og komið í 16-liða úrslit Meistaradeildarinnar. Árangurinn hefur komið handboltaheiminum í opna skjöldu en Fréttablaðið settist niður með þeim Degi og Hanning í Berlín á dögunum og fór yfir þessa mögnuðu sögu með þeim.



**ÓLÍKIR EN NÁ VEL SAMAN** Bob Hanning, framkvæmdastjóri Füchse Berlin, og Dagur Sigurðsson þjálfari. Árangur liðsins undir þeirra stjórn er með ólíkindum.

NORDIC PHOTOS/GETTY

### Íslenskt fjölskyldumynstur

„Við byrjuðum árið 2005, þegar við vorum í B-deildinni. Við lítum á okkur sem eina stóra fjölskylda með íslensku mynstri – við trúum því að það sé hægt að ná langt með lítið á milli handanna,“ segir Hanning. „Okkar hugsjón er að byggja liðið upp á heimamönnum. Við viljum gefa ungum leikmönnum tækifæri til að spila með okkur, sérstaklega þeim sem koma upp í gegnum okkar starf í yngri flokkunum. Við viljum vera eins góðir og við getum en ef við lendum í sjötta, áttunda eða tíunda sæti er það í góðu lagi líka.“

Það skal tekið fram að blaðamaður ræddi við þá Dag og Hanning hvorn í sínu lagi. Aðspurður segir Dagur að Hanning sé aðalpersónan í sögu þessa unga félags. „Hann þekkir þetta allt saman enda búinn að vera lengi í bransanum. Hann þjálfaði lengi sjálfur og starfaði til að mynda sem aðstoðarþjálfari Heiners Brand hjá þýska landsliðinu og sem aðalþjálfari Hamburg. Eftir að hann hætti hjá Hamburg ákvað hann að gera eitthvað nýtt. Hann kom til Berlínar og tók við stöðu framkvæmdastjóra hjá liði sem var að falla úr B-deildinni. Hann fékk þjálfara og leikmenn sem náðu að halda liðinu uppi og koma því svo upp í úrvalsdeildina stuttu síðar.“

### Ætlaði ekki aftur út

Dagur segir að samstarf þeirra Hannings og Lommels hafi ekki gengið að óskum og því hafi sá fyrrnefndi ákveðið að finna nýjan þjálfara. „Hann ákvað að fá nýtt blóð. Hann var búinn að fylgjast lengi með mér en við kynntumst fyrst þegar ég var að fara sem leikmaður frá Wuppertal árið 2000. Eftir það fylgdist hann með mér bæði í Japan og Austurríki.“

Dagur var í fjögur ár hjá austurríska félaginu Bregenz sem spilandi þjálfari en hætti árið 2007. Þá fluttist hann heim til Íslands ásamt fjölskyldu sinni og tók að sér stöðu framkvæmdastjóra Vals. Árið 2008 var hann ráðinn landsliðsþjálfari Austurríkis en bjó áfram á Íslandi.

Ári síðar hafði Bob Hanning samband.

„Ég veit ekki af hverju hann hafði samband. Ég var kominn heim og ekki að velta því fyrir mér að flytja aftur út,“ segir Dagur. „Þegar við bjuggum í Bregenz sagði ég við Ingibjörgu, konuna mína, að ég hefði í raun ekki áhuga að þjálfa í Þýskalandi nema annað hvort eitt af sex bestu liðunum eða þá félagið í Berlín. Þetta sagði ég án þess að eitthvað annað lægi þar að baki. Það var ekkert sem benti til þess að ég myndi fá tilboð frá Füchse Berlin.“

> Ég vil að við búum til okkar eigin leikmenn og að liðið verði með flottustu aðstöðuna og flottustu umgjörðina. Það er jafn mikil ánægja sem felst í því og verða meistari.

### Dagur er eins og íslenskt eldfjall

Ég spurði Bob Hanning af hverju hann hafi sótt sér þjálfara sem var fluttur til Íslands og aldrei þjálfað í Þýskalandi. Hanning brosti. „Ég hafði fylgst vel með Dagi, allt frá því að hann spilaði með Wuppertal,“ segir hann. „Og þó svo að hann hafi ekki þjálfað áður í Þýskalandi bjó hann yfir mikilli alþjóðlegri reynslu sem leikmaður í Þýskalandi, Japan og Austurríki auk þess sem hann hafði náð góðum árangri sem þjálfari í Austurríki. Dagur er reyndur handboltamaður.“

En það var meira sem bjó að baki, segir Hanning. „Ég vildi fá annað hvort þjálfara frá Þýskalandi eða Skandinavíu. Ég var að leita að þjálfara sem passaði að okkar hugmyndum – þjálfara sem vildi vinna með ungu fólki og taka þátt í að byggja upp öflugt félag. Það var ekki erfitt að koma auga á þessa eiginleika í Degi. Í honum endurspeglast allt það sem okkur finnst mikilvægast og ég trúi því að hann hafi vaxið með okkur og þróast sem þjálfari á þessum árum. Hann er líka tilbúinn að bæta sig á hverjum degi.“

Hanning kom því til Íslands til að funda með Degi. „Við töluðum saman í bílferðinni frá flugvellinum til Reykjavíkur. Ég þurfti ekki að heyra meira og hefði þess vegna getað snúið strax aftur við. Ég vissi að Dagur væri sá þjálfari sem hentaði félaginu einmitt á þessum tímapunkti. Dagur á stóran þátt í góðu gengi okkar. Hann er eins og íslenskt eldfjall en samt einnig yfirvegaður og íhugull. Hann vill alltaf meira og er reiðubúinn til að fara út fyrir þægindasvið sitt.“

### Enginn mikilvægari en félagið

Füchse Berlin kom öllum að óvörum með því að ná þriðja sæti í fyrra, á eftir stórliðum Hamburg og Kiel en á undan liðum á borð við Rhein-Neckar Löwen og Flensburg. Hafi einhver átt von á því að árangurinn væri blaðra sem myndi svo springa á endanum hefur annað komið á daginn.

„Það er engin ein ástæða fyrir þessari velgengni,“ segir Hanning. „Það sem mestu skiptir er að allir sem koma að verkefninu gefa eitthvað af sér. Enginn er mikilvægari en félagið og verkefnið. Það er mikilvægast. Við erum með góðan þjálfara, öflugan fyrirliða og samstilltan leikmannahóp sem vinnur ötullega að því að ná sínum markmiðum.“

Leikmenn Füchse Berlin eru ekki þeir launahæstu í deildinni enda séð til þess að félagið eyði aldrei um efni fram. „Við hugsum vel um okkar leikmenn. Við borgum launin alltaf á réttum tíma og það hefur aldrei brugðist. Við reynum að skapa umhverfi þar sem leikmönnum og fjölskyldum þeirra líður vel. Við viljum að leikmenn taki þátt í verkefninu okkar af lífi og sál og það er einmitt það sem þeir gera.“

Og það er enginn vafi á því að Degi líður vel í höfuðborginni. „Þetta hefur allt saman verið vonum framar,“ segir Dagur. „Ég hélt að það yrði flóknara ferli að starfa fyrir svo stóran klúbb og að ég yrði með allt dæmið yfir mér. En boðleiðirnar eru skýrar – ég sé um allt það sem snýr að íþróttinni og framkvæmdastjórinn um allt annað. Þetta gæti í raun ekki verið einfaldara og stjórnin treystir okkur mjög vel fyrir þessu.“

### Lifum drauminn

Flestir íþróttamenn vilja ná árangri í sinni grein og mætti ætla að markmiðið hjá liði eins og Füchse Berlin, sem er í öðru sæti sinnar deildar, væri að komast í fyrsta sæti. En svo einfalt er það ekki. „Mitt markmið hér í Berlín er ekki að verða bestur,“ segir Dagur og í því kristallast hugsjón félagsins. „Ekki að ég verði besti þjálfarinn og við verðum besti klúbburinn. Ég vil að Füchse Berlin verði flottasti klúbburinn í Þýskalandi. Um það snýst mín vinna. Ég vil að við búum til okkar eigin leikmenn, liðið verði með flottustu aðstöðuna og flottustu umgjörðina. Það er jafn mikil ánægja sem felst í því og verða meistari.“

Dagur myndi þó ekki fúlsa við titlunum. „Auðvitað langar mig líka að vinna titla – það er enginn vafi á því. En ég vil standa mig sem best og það yrði ekkert betra en að Füchse Berlin yrði flottasta félagið í Þýskalandi.“

Ég spurði Hanning að því sama – hvort það væri draumur hans að verða Þýskalandsmeistari – eða jafnvel Evrópumeistari. „Það var draumur fyrir okkur að komast upp í þýsku úrvalsdeildina. Það var draumur að festa félagið í sessi í keppni þeirra bestu og spila fyrir fullri höll, leik eftir leik. Og þennan draum fáum við að upplifa í hverri viku. Við erum lítið félag – fjárhagur okkar er 40 prósent á við fjárhag stóru félaganna – Kiel, Hamburg og Rhein-Neckar Löwen. En samt stöndum við framar Hamburg og Rhein-Neckar Löwen í dag. Hvað er hægt að biðja um meira?“



# Ísland

## í allt sumar

HOBBY
PREMIUM




Komdu á sýninguna hjá okkur um helgina og sjáðu hvernig hægt er að ferðast um fallega landið okkar í sumar.
Á sýningunni er fullur salur af ferðavögnum við allra hæfi hvort sem þú ætlar að ferðast um láglendið eða hálendið.
Vegna mjög hagstæðra samninga við framleiðendur getum við boðið úrval ferðavagna á verði sem kemur verulega á óvart.
Nú er rétti tíminn til að undirbúa næsta sumar og láta draumana rætast. Komdu og veldu rétta ferðavagninn.
**Við tökum gamla vagninn þinn upp í nýjan þó hann sé í geymslu!**
Hjá okkur verður opið um helgina, laugardag frá klukkan 12 til 16 og sunnudag frá klukkan 13 til 17


HOBBY hjólhýsi verð frá 2.990.000


HOBBY Landhaus verð 6.250.000


HOBBY húsbílar verð frá 13.900.000


Bürstner hjólhýsi verð frá 3.875.000


FamilyCamp verð frá 1.190.000


Coachmen fellihýsi verð 2.990.000


Esterella verð frá 3.295.000

VÍKUR
V • E • R • K

***VÍKURVERK – ALLT Í FERÐALAGIÐ!***

**VÍKURVERK EHF - VÍKURHVARF 6 - 203 KÓPAVOGUR - SÍMI 557 7720 - WWW.VIKURVERK.IS**

# Krossgáta

**Lárétt**
1. Bönd sem auðvelda þér að hafa hemil á því sem þú etur? (12)
6. Eldfugl rís úr henni og yrkir stöku um ós (7)
11. Regnblanda er rétt svar (7)
13. Ekki færri en vargar á dellu (8)
14. Það hafa orðið tímamót, áttarðu þig á því? (8)
15. Hér er lýst kærleikum fólks á Kvíabryggju (11)
17. Elti tungl til næstu bæja fyrir yrkinguna um nýjabrumið í sveitinni (15)
18. Þessir hjólbarðar snúa öfugt (4)
19. Bæði fljót og fær og bara æðisleg (6)
20. Féll firnavís í pytt sem náði ekki í nára (9)
22. Eldaði þessi kjánalegi kokkur án klæða? (9)
24. Flumbrugangur fyrir klaka og krydd (4)
26. Lærðu um auðlindanýtingu eins og vera ber (8)
28. Hreinar línur: Skírisskógur á Íslandi? (8)
30. Fæst garðagæfa gegn veði í gaddavír? (11)
32. Klakastrá innan í grýlukertinu (9)
35. Dætur erfðu ekkert (8)
36. Ferskt form þoli landnyrðinginn og frumframleiðsluna (11)
37. Baulubolir fást m.a. með svarthvítu, rauðu og skjöldóttu munstri (10)
38. Óli fór með Vísi í laufskálann (11)
39. Göslast uppá ísinn eftir útungun (7)

**Lóðrétt**
1. Æðisgengin stemning á Tregaströnd (9)
2. Rasslopi dugar vel til veiða (7)
3. Græjuveggur Eggerts Ó er í 160 hlutum (13)
4. Lengja mynd (4)
5. Gullstaur ber minnstan þunga (8)
7. Bjórlummubækur eru þjóðargersemi (12)
8. Oj, strákaslagur um saltbelg fullan af nitri (12)
9. Hræðsla verndar, segja þeir sem hræða (9)
10. Mokstur í grænan voginn (8)
12. Meiri barningurinn, kveður steinbarnið (13)
16. Hér stoppa stefin, segja reglurnar (7)
19. Kjánatal eða merkilegt samskiptakerfi? (7)
21. Hljóða vaktin á lönguföstu (11)
22. Þetta svín er alltaf í steik en ódrepandi samt (9)
23. Bubbi og Tolli sungu þetta í byltingunni (9)
25. Hálfgert óheiðursmerki er ástæða þessara svívirðinga (10)
27. Dæmdur vegna fjölda smáglæpa sem hver um sig nær varla máli (9)
29. Má ég kynna miklimennið kunna: Nóa (8)
31. Öfugt dansar Anna ræl, vegna fótanna að hluta til (7)
33. Fljót að neita mér, þessi gyðja (6)
34. Hin ausa ljúflega (6)





LOFT-KASTALAR

Lausnarorð síðustu viku var **loftkastalar**.

FORLAGIÐ



## Vegleg verðlaun

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Svartur á leik frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Hjörtur Aðalsteinsson, Selfossi.**

## Lausnarorð

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist nokkuð sem einum þykir hnossgæti en öðrum ekki. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 7. mars næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „3. mars“.


# Söngvar

## um alfaraveginn og sjálfan mig

eftir Walt Whitman

Hallberg Hallmundsson sneri á íslensku

*Í þessari bók eru allar þýðingar sem Hallberg gerði á ljóðum Whitmans, meðal annars „Síðast þegar dísarunnar blómstruðu í hlaðvarpanum“, „Ég heyri Ameríku syngja“, „Til hans sem krossfestur var“ og fleiri ljóð“*



-------------------



Þegar bókaútgáfan Bjartur gaf út þýðingu Sigurðar A. Magnússonar á „Söngnum um sjálfan mig“, hætti Hallberg við að gefa út sína þýðingu þrátt fyrir að hún væri tilbúin til prentunar. Nú loks gefst ljóðaunnendum tækifæri til að bera saman þessar öndvegisþýðingar. Rétt fyrir andlát sitt í janúar 2011 bað Hallberg ættingja sína um að koma þeim ljóðaþýðingum hans á prent sem tilbúnar voru í tölvunni hans. Næsta bók sem kemur út fljótlega af þýðingum Hallbergs er meistaraverk Edgar Lee Masters „Spoon River Anthology“.

Dreifing: JPV.

Bókin fæst í öllum helstu bókabúðum


Í ÞÁ TÍÐ: Árið 1991

# Hópur hvítra lögregluþjóna misþyrmir Rodney King

**Lögregluofbeldi gegn blökkumanni vekur mikla athygli og varpar ljósi á undirliggjandi ólgu vegna kynþáttamála í bandarísku samfélagi.**



**MISÞYRMT** Lögreglumennirnir fjórir sem börðu King voru sýknaðir, en tveir þeirra voru svo sakfelldir fyrir alríkisdómi. King hefur aldrei komið lífi sínu á réttan kjöl eftir atvikið.

Á þessum degi fyrir réttu 21 ári, hinn 3. mars árið 1991, var Rodney King, 25 ára gömlum blökkumanni, misþyrmt af hópi lögregluþjóna í Los Angeles. Árásin náðist á myndband og olli gríðarlegri reiði meðal almennings.

Forsaga málsins er sú að King, sem var á skilorði vegna búðarráns tveimur árum áður, varð uppvís að hraðakstri skömmu eftir miðnætti. Í stað þess að verða við tilmælum lögreglu reyndi King að komast undan, en hann sagðist síðar hafa verið hræddur um að verða fangelsaður á ný, þar sem hann var undir áhrifum áfengis.

Eltingarleikurinn magnaðist og fleiri lögreglubílar og þyrla bættust við eftirförina.

Þegar King stöðvaði bílinn loks voru tveir samferðamenn hans handteknir án vandkvæða, en hann var sjálfur með látalæti og neitaði til dæmis að leggjast flatur á jörðina. Fjórir lögreglumenn nálguðust King og hugðust taka hann höndum, en eftir að King streittist á móti varð fjandinn laus. Einn lögregluþjónanna skaut hann tvisvar með rafbyssu og féll hann í jörðina við það. Í framhaldinu börðu þeir King ítrekað, alls 56 sinnum, svo að hann hlaut af alvarleg meiðsli. Hann hlaut brot á fótlegg og höfuðkúpu og beið varanlegan skaða á heila og nýrum.

Nágranni náði atvikinu á myndband sem sýndi aðfarir lögreglumannanna með skýrum hætti.

Þeir voru ákærðir fyrir líkamsárás, en voru sýknaðir fyrir rétti í aprílmánuði. Tíu kviðdómendur af tólf voru hvítir og hvorugur hinna tveggja var blökkumaður.

Sýknanirnar ollu mikilli reiði og furðu sem mögnuðust upp í miklar óeirðir á götum Los Angeles þar sem á sjötta tug manna létust í þriggja daga vargöld.

King kom sjálfur fram á þriðja degi og hvatti til friðar. Þar lét hann hin fleygu orð falla: „Can we all get along?“

Tveir lögreglumannanna voru síðar dæmdir í alríkisrétti til 30 mánaða fangelsis.

King hefur átt við erfiðleika að etja allt upp frá þessu og hefur margoft komist í kast við lögin, jafnan vegna áfengisneyslu.

Hann hefur oft tekið þátt í raunveruleikasjónvarpsþáttum þar sem hann hefur barist við áfengissýki, en honum hefur gengið illa að halda sér á beinu brautinni. Síðast fréttist af honum í fyrrasumar þar sem hann var stöðvaður fyrir ölvunarakstur. - þj

# MYNDAVÉLARÝMING
# LOKADAGUR

**Rýmum fyrir nýjum vélum og bjóðum því myndavélar og tökuvélar með miklum afslætti. Mjög takmarkað magn.**

**Rýmingunni lýkur í dag!**



## RÝMINGUNNI LÝKUR Í DAG
## OPIÐ KL. 11 - 16

JVC CASIO Nikon OLYMPUS Panasonic

## VERÐ FRÁ KR. 9.990

**Takmarkað magn - Fyrstur kemur fyrstur fær!**

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR



*Ástkær systir okkar, mágkona og frænka,*

**Kristín Helgadóttir**
Brekkubæ 3, Reykjavík,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi, miðvikudaginn 29. febrúar. Útförin verður auglýst síðar.

**Logi Helgason**
**O. Stefanía Helgadóttir** **Bergþór Engilbertsson**
**Bryndís Helgadóttir**
**Jón Tryggvi Helgason** **Hrönn Ísleifsdóttir**
**Helgi Þór Helgason** **Soffía Jónsdóttir**
**og fjölskyldur.**



*Þökkum innilega hlýhug, samúð og vináttu við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, sonar, bróður, tengdasonar, barnabarns og frænda sem lést af slysförum þann 12. janúar 2012.*

**Óskar Páll Daníelsson**
Berjavöllum 4, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færum við lögreglu, björgunarsveitarfólki, starfsfólki gjörgæsludeildar E6 Fossvogi og starfsfólki Logalands.

**Elísabet Anna Kolbeinsdóttir**
**Eva Viktoría**
**Herdís Hjörleifsdóttir**
**Daniel Dieter Meyer** **Ingunn Ólafsdóttir**
**Kolbeinn Sigurðsson** **Guðrún Erla Gunnarsdóttir**
**Friðrik Daníelsson** **Matthildur Ragnarsdóttir**
**Bergsteinn Daníelsson**
**Hafdís Maggý Magnúsdóttir** **Hjörleifur Guðbjörn Bergsteinsson**
**og aðrir aðstandendur.**



*Okkar innilegustu þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Hermanns Ólafs Guðnasonar.**

Starfsfólki á Hjúkrunarheimilinu Mörk í Reykjavík, færum við sérstakar þakkir fyrir góða umönnun.

**Elsa P. Níelsdóttir**
**Ólöf Dóra Hermannsdóttir**
**Ragnhildur Hermannsdóttir** **Hjörtur Pálsson**
**Erlendur N. Hermannsson** **Anna María Grétarsdóttir**
**Jóhann Gísli Hermannsson** **Kristín Björg Óskarsdóttir**
**Erla Ósk Hermannsdóttir** **Gunnar S. Gottskálksson**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar og stjúpmóðir, amma og langamma,*

**Ólöf Jóhanna Vilhjálmsdóttir (Lóló)**
Álfheimum 46, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum mánudaginn 27. febrúar, verður jarðsungin frá Langholtskirkju þriðjudaginn 6. mars kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er vinsamlega bent á hjúkrunar- og ráðgjafarþjónustuna Karitas.

**Garðar Jónsson**
**Jóhannes Ágústsson** **Elísabet Guðmundsdóttir**
**Ragna Ágústsdóttir** **Aðalsteinn Bernharðsson**
**Guðmundur Ágústsson** **Sigríður Sigurðardóttir**
**Berglind Garðarsdóttir** **Þórarinn Gunnarsson**
**Sigfús Garðarsson** **Kristjana Kristjánsdóttir**
**Ástríður Garðarsdóttir**
**Bára Garðarsdóttir**
**Einar Páll Garðarsson** **Sigríður Oddný Hrólfsdóttir**
**Margrét Ríkharðsdóttir** **Egill H. Bjarnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför ástkærs sonar, föður, tengdaföður og afa,*

**Halldórs Fannars**
tannlæknis,
Háteigsvegi 20, Reykjavík.

**Hanna Aðalsteinsdóttir**
**Soffía D. Halldórsdóttir** **Daði Friðriksson**
**Halla D. Halldórsdóttir** **Bjarni Adolfsson**
**Halldór Fannar Halldórsson**
**Róbert Fannar Halldórsson**
**og barnabörn.**



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim, er með margvíslegu móti veittu okkur stuðning og sýndu okkur samúð og vinarhug með blómum, skeytum, samúðarkortum og gjöfum við fráfall*

**Ástu Bjarnadóttur**
Strikinu 2, Garðabæ.

Sérstakar þakkir eru hér fluttar Jóni Hrafnkelssyni, lækni, hjúkrunarfræðingum hjá Karitas og starfsliði Líknardeildar Landspítalans í Kópavogi, er önnuðust hana með miklum kærleikshug í veikindum hennar.

**Blessun Guðs fylgi ykkur öllum.**
**Guðmundur Þorsteinsson og fjölskylda.**



*Þökkum innilega hlýhug, samúð og vináttu okkur sýnda við andlát og útför eiginmanns míns, föður og afa,*

**Hilmars Björnssonar**

Sérstakar þakkir færum við Heimahlynningu í Kópavogi fyrir hjálpina sl. mánuði.

**Marie Bögeskov**
**Emilía María Hilmarsdóttir** **Björn Elíasson**
**Björn Bögeskov Hilmarsson** **Ólöf Ævarsdóttir**
**Hjördís Hilmarsdóttir** **Tryggvi R. Guðmundsson**
**Hilmar, Rakel, Anton, María, Kristbjörg, Elísa og Guðrún.**



*Ástkær bróðir, mágur og frændi,*

**Ómar Már Magnússon**
vélfræðingur,
Fífumóa 3c, Reykjanesbæ,

varð bráðkvaddur fimmtudaginn 23. febrúar. Jarðarförin fer fram frá Innri Njarðvíkurkirkju 5. mars kl. 11.00.

**J. Rúnar Magnússon** **Andrea K. Guðmundsdóttir**
**Ólafur S. Magnússon** **Sólbjörg Hilmarsdóttir**
**Viðar Magnússon** **Emelía Bára Jónsdóttir**
**frændsystkini.**



*Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Hafsteinn Sigurðsson**
Silfurgötu 11, Stykkishólmi,

lést fimmtudaginn 1. mars.

**Sigrún Ársælsdóttir**
**Hafrún Brá Hafsteinsdóttir**
**Jón Elvar Hafsteinsson** **Jóhanna Ósk Eiríksdóttir**
**Kristín, Heiða, Hafsteinn og Kristofer Dean**





**ÞÝÐANDINN** „Ég er svo heppinn að frumsýningin á Vesalingunum er í kvöld og ég slepp við að kaupa áfengi eða leigja sal því ég fæ frumsýningarpartý sem gengur inn í afmælisdaginn minn," segir Friðrik Erlingsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### FRIÐRIK ERLINGSSON RITHÖFUNDUR: ER FIMMTUGUR Á MORGUN

# Býr á blaðsíðu eitt í Njálu

Friðrik Erlingsson er tiltölulega nývaknaður þegar hringt er í hann að morgni dags vegna viðtals í tilefni fimmtugsafmælisins. Kveðst hafa vakað fram eftir kvöldið áður, verið á æfingu í Þjóðleikhúsinu og keyrt heim til sín austur á Hvolsvöll á eftir. Hvað er hann að gera á Hvolsvelli? „Nú bý ég á blaðsíðu eitt í Njálu," svarar hann kampakátur. „Er búinn að vera hér með minni konu í fjögur, fimm ár. Hún heitir Kristín Þórðardóttir og er fulltrúi sýslumanns á Hvolsvelli og hrossaræktandi." Sjálfur kveðst hann ekki telja sig hestamann þó hann hafi gaman af að skreppa á bak. En honum þykir tungutakið heillandi sem konan hans og aðrir hestamenn nota þegar þeir byrja að tala um hross. „Ég verð allur ein eyru," segir hann hlæjandi.

Friðrik er orðsins listamaður og fæst bæði við skáldskap og þýðingar. Ástæða þess að hann var á æfingu í Þjóðleikhúsinu er sú að hann vann þýðinguna á Vesalingunum fyrir þá uppfærslu sem verður frumsýnd í kvöld. „Þetta er í fyrsta skipti sem ég þýði svona stórt verk fyrir svið. Ég hef gert þó nokkuð af söngtextum fyrir hina og þessa, þannig að ég telst vera textahöfundur, en Vesalingarnir eru sérstakt verk, allt sungið við stórkostlega tónlist sem textinn þarf að falla vel að. Það var mikið ævintýri að taka þátt í þessu verkefni og ég naut þess í botn."

Friðrik kveðst hafa vaxið upp í Vesturbænum í Reykjavík, ansi víða. „Ég er alinn upp af móður minni og ömmu og staðan var þannig hjá okkur að við fluttum um það bil einu sinni á ári. Þær mæðgur stilltu flutningana samt þannig af að ég var í sama hverfinu alla mína grunnskólatíð. Það kom sér vel og mér þykir vænt um Vesturbæinn," lýsir hann. Kveðst samt hafa leitað út á landsbyggðina á fullorðinsárum og átt heima á Eyrarbakka um hríð í húsi sem föðurfjölskylda hans eigi. „Mér finnst þægilegra að búa á Íslandi en í Reykjavík!" segir hann. „Þar er svo fínt næði til að skrifa."

Meðal nýlegra þýðinga Friðriks eru styttar endursagnir á heimsbókmenntunum fyrir Námsgagnastofnun, Baskervillehundinum, Drakúla, Rómeó og Júlíu og fleiri slíkum. „Ég hef orðið var við að drengir sem hafa kannski átt í erfiðleikum með lestur hafa hellt sér í þessar bækur og viljað fá meira," segir hann. Sjálfur á hann tvo drengi, fimm ára og þriggja. „Við feðgar lesum heilmikið saman. Eldri sonurinn er aðeins byrjaður að lesa sjálfur og er reyndar mjög duglegur. Ég vona að sá áhugi endist."

Í lokin, skyldi Friðrik ætla að halda upp á afmælið? „Ég er svo heppinn að frumsýningin á Vesalingunum er í kvöld og ég slepp við að kaupa áfengi eða leigja sal því ég fæ frumsýningarpartí sem gengur inn í afmælisdaginn minn. Vinir mínir og vandamenn þurfa svo ekkert að stressa sig á þessari dagsetningu því nú hefst afmælisárið og þeir hafa 365 daga til þess að gleðja mig með einhverjum hætti!" **gun@frettabladid.is**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru dóttur, systur, mágkonu og frænku,*

**Vilhelmínu Guðmundsdóttur**
Sléttuvegi 7, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til heimahlynningar og heimahjúkrunar að Sléttuvegi 7, Oddshúsi. Einnig til starfsfólks Ferðaþjónustu fatlaðra í Reykjavík.

**Guðmundur Ottósson** **Anna Þóra Sigurþórsdóttir**
**Grétar Karlsson** **Ólöf Ólafsdóttir**
**og frændsystkini.**

# RISA

# TAX FREE

## helgi á Korputorgi – 3. og 4. mars

TAX FREE
helgi á Korputorgi – 3.

ILVA einfaldlega betri kostur

the PIER

RÚMFATA LAGERINN HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

Europris

KORPU OUTLET

TOYS "R" US

gæludýr is

KRAKKAHÖLLIN 2-12 ára

Umboðssalan

Bílasalan BÍLA KAUP S:577-1111

Tax Free gildir ekki í Bónus.

Tax Free jafngildir 20,3% afslætti nema annað sé tekið fram. Allar verslanir greiða virðisaukaskatt, en bjóða afslátt sem því nemur.

KORPUTORG

PIPAR\TBWA • SÍA • 120536



*Þökkum af alhug auðsýnda samúð, kærleika og stuðning við andlát elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Ólafs Helga Friðjónssonar**

Háabarði 5, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk heimahjúkrunar Karitas.

**Guð blessi ykkur öll.**

**Katla Þorkelsdóttir**
**María Ólafsdóttir**
**Þorkatla Ólafsdóttir** **Kári Vigfússon**
**Hulda Ólafsdóttir** **Jóhannes Þór Sigurðsson**
**Sólrún Ólafsdóttir** **Olgeir Gestsson**
**Guðrún Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Elín Ósk Guðjónsdóttir**

Kópavogsbraut 111, Kópavogi,

lést á heimili sínu mánudaginn 20. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Þórhallur Þrastar Jónsson**
**Sólveig Þórhallsdóttir** **Lárus Einarsson**
**Björn Þrastar Þórhallsson** **Heiðrún Hákonardóttir**
**Ella Þórhallsdóttir** **Pjetur G. Hjaltason**
**Sigríður Þórhallsdóttir** **Guðbjörn Samsonarson**
**Páll Guðjón Þórhallsson** **Ásdís Gíslason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Okkar elskulegi eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Kristján Magnússon**

vélvirkjameistari, Hraunsvegi 14, Njarðvík, Reykjanesbæ,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja að kveldi 28. febrúar í faðmi fjölskyldunnar. Útför fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju miðvikudaginn 7. mars 2012 kl. 14.00.

**Guðbjört Ingólfsdóttir**
**Ingólfur Níels Árnason** **Hildur Hinriksdóttir**
**Magnús Helgi Kristjánsson** **Berglind Bára Bjarnadóttir**
**Berglind Kristjánsdóttir** **Jóhann Kristján Arnarson**
**Einara Lilja Kristjánsdóttir** **Magnús Friðjón Ragnarsson**
**Bergþóra Halla Kristjánsdóttir** **Younes Boumihdi**
**Soffía Kristjánsdóttir** **Viðar Einarsson**
**og barnabörn.**



*Þökkum innilega hlýhug, samúð og vináttu við andlát og útför föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Hauks Pálssonar,**

Sléttuvegi 15, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Landakots á líknardeild og L-2 fyrir hlýju og góða umönnun.

**Guðrún Helga Hauksdóttir** **Jóhann Örn Guðmundsson**
**Gunnar Haraldur Hauksson** **Kristín Jóna Guðjónsdóttir**
**Sigurjón Páll Hauksson** **Sigríður Valdís Karlsdóttir**
**Kristín Hulda Hauksdóttir** **Gylfi Jónasson**
**Haukur Hauksson** **Dögg Jónsdóttir**
**Unnur Erna Hauksdóttir** **Ólafur Örn Valdimarsson**
**Jónas Guðgeir Hauksson** **Sigrún Guðmundsdóttir**
**Júlíana Hauksdóttir** **Loftur Leifsson**
**Guðfinna Hauksdóttir** **Hafliði Halldórsson**
**og fjölskyldur.**



*Hjartans þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Hjartar Árnasonar**

stýrimanns,
Bakkabakka 4a, Neskaupstað.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað fyrir einstaka hlýju og umönnun.

**Bjarni Jóhannsson** **Ingigerður Sæmundsdóttir**
**Gyða María Hjartardóttir** **Jóhann G. Kristinsson**
**Lára Hjartardóttir** **Sigurður Indriðason**
**Kristinn Vilhjálmur, Sigurbjörg, Brynja, Bryndís, Hjörtur Árni, Guðmundur, Sigurbergur, Arna Lind og Jökull.**



*Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Sigríður Aðalbjörg Jónsdóttir**

fyrrum forstöðukona,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði fimmtudaginn 23. febrúar. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 7. mars kl. 13.00.

**Kolbeinn Helgason**
**Guðrún Emilía Kolbeinsdóttir**
**Kristín Kolbeinsdóttir**
**Kolbeinn Vormsson**
**Vormur Þórðarson**



*Þökkum innilega hlýhug, samúð og vináttu við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Guðmundar Magnússonar**

*húsasmíðameistara frá Hellissandi,*
Sóleyjarima 7,

sem andaðist þriðjudaginn 14. febrúar.

**Þorbjörg Gísladóttir**
**Gísli Guðmundsson** **Margrét Geirsdóttir**
**Magnús Guðmundsson** **Þórunn Sveinsdóttir**
**Elín S. Guðmundsdóttir** **Freygarður Þorsteinsson**
**Jón H. Guðmundsson** **Hanna Antonsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Anna Guðrún Sigurðardóttir**

Sólvöllum 9, Selfossi, áður Langholtsvegi 106, Reykjavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands fimmtudaginn 1. mars.

**Sæunn Þorsteinsdóttir** **Ólafur Ólafsson**
**Sigurður Þorsteinsson** **Sigurbjörg Rögnvaldsdóttir**
**María Þorsteinsdóttir**
**Elín Þorsteinsdóttir** **Sverrir Vilbergsson**
**Björk Þorsteinsdóttir** **Einar Eiríksson**
**ömmubörn, langömmubörn og aðrir aðstandendur.**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, kærleika og stuðning við andlát og útför okkar ástkæra,*

**Lofts Gunnarssonar.**

**Þórunn Brandsdóttir** **Björn Erlendsson**
**Gunnar H. Loftsson**
**Kolbrún P. Gunnarsdóttir** **Gunnar Hilmarsson**
**Brandur Gunnarsson** **Þórunn Högnadóttir**
**Ellen Á. Björnsdóttir** **Hafþór Óðinsson**
**Tinna Óðinsdóttir**
**og systkinabörn.**



*Ástkær dóttir okkar, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Svava S. Hjaltadóttir**

lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 24. febrúar. Útförin fór fram í kyrrþey. Við sendum þakkir til allra sem veittu okkur stuðning og sýndu okkur hlýhug.

**Kristín Björg Svavarsdóttir** **Hjalti Guðmundsson**
**Kristín Björg Kristjánsdóttir** **Bernódus Sveinsson**
**Ingibjörg Jónasdóttir** **Jo Berger Myhre**
**Birna Dröfn Jónasdóttir** **Sævar Jökull Björnsson**
**Atli Jónasson** **Magnea Rut Matthíasdóttir**
**og fjölskyldur.**



*Þökkum innilega hlýhug, samúð og vináttu sem okkur var sýnd við andlát og útför ástkæru eiginkonu minnar, dóttur, móður, ömmu, systur og mágkonu okkar,*

**Sigríðar Sigurðardóttur**

Åkarp í Svíþjóð.

**Haukur Viggósson**
**María Finnbogadóttir**
**Finnbogi Már Hauksson**
**María M. Finnbogadóttir**
**Jóhann Steinar Hauksson**
**Una Ragnheiður Hauksdóttir**
**Hákon Sigurðsson** **Katrín Guðjónsdóttir**
**Björg Sigurðardóttir**



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og réttu fram hjálparhönd við andlát og jarðarför*

**Valdemars Gunnarssonar**

mjólkurfræðings,
Kjarnagötu 14, Akureyri,

sem lést þann 27. janúar síðastliðinn.

**Brit Mari Gunnarsson**
**Kristín Irene Valdemarsdóttir** **Jón Marinó Sævarsson**
**Bryndís Elfa Valdemarsdóttir** **Jón Birgir Gunnlaugsson**
**Berglind Mari Valdemarsdóttir** **Sverrir Ásgeirsson**
**og barnabörn.**


ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Vaktsími:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is
Allan sólarhringinn

Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfsdóttir

Hermann Jónasson
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfarastofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242


ÚTFARARÞJÓNUSTA Davíðs Ósvaldssonar ehf.
ÞEKKING–REYNSLA–ALÚÐ
24 tíma vakt
Sími 551 3485
Davíð H. Ósvaldsson S: 896 8284 • Óli Pétur Friðþjófsson S: 892 8947

# Samtök sjálfstæðra skóla

## „Fögnum árangri allra!“

Ráðstefna föstudaginn 9. mars
Hörpunni, Silfurbergi

Ráðstefnustjóri: Áslaug Hulda Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar

ENNEMM / SÍA / NM49981

| | |
|---|---|
| 14.30 | Ráðstefnuskráning |
| 15.00 | Setning<br>Sigríður Anna Guðjónsdóttir, varaformaður SSSK |
| 15.05 | Ávarp<br>Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra |
| 15.20 | Einstaklingsmiðað námsmat<br>Jón Baldvin Hannesson, skólastjóri Giljaskóla |
| 16.00 | Kórsöngur<br>Nemendur í leikskólanum Sjálandi |
| 16.20 | Kaffihlé |
| 16.50 | Samskipti í skólum<br>Hugo Þórisson, sálfræðingur |
| 17.30 | Páll Óskar verður gordjöss! |
| 18.00 | Ráðstefnulok |

Skráning á ráðstefnu hjá gudbjorg@svth.is



A4 KRUMMA® TM

samtök sjálfstæðra skóla



2 NETFRELSI



## Misstir þú af uppáhalds þættinum þínum?

**Smelltu þér núna inn á stod2.is og horfðu á uppáhaldsþáttinn þinn hvar og hvenær sem þér hentar með Stöð 2 netfrelsi.**

Stöð 2 Netfrelsi er skemmtileg nýjung fyrir áskrifendur Stöðvar 2. Njóttu þess að horfa á eftirlætisþættina þína og fjölbreytta afþreyingu í tölvunni, farsímanum eða spjaldtölvunni - **þegar þér hentar.**

SNJALLSÍMI | SPJALDTÖLVA | TÖLVA

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is



**Á HEIMASÍÐU LEGO, WWW.LEGO.COM,** er að finna marga skemmtilega leiki sem börn á öllum aldri geta auðveldlega gleymt sér í.

## Lísaloppa og Kata í ratleik

5

Bragi Halldórsson

„Þetta lítur nú bara út eins og spilið mylla," sagði Kata þegar hún sá næstu þraut. „Mér finnst nú lúdó miklu skemmtilegra." „Hvað eigum við að gera við þessa myllu," bætti hún svo við. „Við eigum að telja hvað það eru margir ferhyrningar í henni," sagði Lísaloppa. „Ferhyrningar," sagði Kata hugsi. „Ekki teningar?" „Nei, ferhyrningar," sagði Lísaloppa. Kata horfði á þrautina nokkra stund. „Það er sem ég segi," sagði hún svo. „Ég kann betur við lúdó."



Getur þú talið hvað ferhyrningarnir eru margir?

Eru þeir:

A. 5

B. 9

D. 14



## BRANDARAKISTAN



**Sonurinn: „Ég held að kennarann sé farið að gruna að þú hjálpir mér með stílana."**
**Faðirinn: „Af hverju heldurðu það?"**
**Sonurinn: „Hann segist ekki trúa því að ég geti skrifað svona mikla vitleysu hjálparlaust."**

**Hvað var erfiðasta starfið á steinöld?**

**Að bera út blöðin.**

**Tommi litli situr við morgunverðarborðið með föður sínum.**
**Faðirinn: „Dreymdi þig eitthvað í nótt?"**
**Tommi svarar ekki en brosir.**
**Faðirinn: „Viltu ekki segja mér hvað þig dreymdi?"**
**Tommi: „Láttu ekki svona pabbi, þú varst með mér."**

*Þú getur sent brandara til* ***krakkar@frettabladid.is***

# LÆT VEÐRIÐ ALDREI STOPPA MIG Í AÐ HLAUPA

**Kári Steinn Karlsson tók þátt í sínu fyrsta götuhlaupi þegar hann var nýbyrjaður að ganga. Nú er hann 25 ára og hleypur maraþon á Ítalíu um helgina en í sumar hyggst hann keppa á Ólympíuleikunum í London.**

***Hvenær kepptir þú fyrst í hlaupi?*** Ég fór að keppa reglulega í götuhlaupum þegar ég var níu ára en byrjaði ekki að æfa hlaup fyrr en ég var fimmtán ára. En fyrsta götuhlaupinu tók ég þátt í þegar ég var nýfarinn að ganga. Býst samt við að mamma og pabbi hafi hjálpað mér mestan hluta leiðarinnar.

***Af hverju urðu langhlaup fyrir valinu?*** Ég byrjaði að safna verðlaunapeningum og var þess vegna duglegur að taka þátt í götuhlaupum með foreldrunum. Þegar ég var fjórtán, fimmtán ára var ég farinn að hlaupa á fínum tímum svo mér var boðið á æfingu hjá frjálsíþróttafélagi og hef ekki snúið til baka síðan.

> Mér finnst mikið frelsi að geta hlaupið langt og hratt án þess að þreytast mikið.

***Hvað er skemmtilegast við langhlaup?*** Mér finnst frábær tilfinning og mikið frelsi að geta hlaupið langt og hratt án þess að þreytast mikið og mér líður alltaf jafn vel eftir æfingar. Svo á ég marga góða vini í hlaupunum og þykir fátt skemmtilegra en að fara í keppnis- og æfingaferðir.

***Um hvað hugsar þú á sprettinum?*** Um allt milli himins og jarðar en allar mínar hugsanir á hlaupum eiga það sameiginlegt að vera jákvæðar. Ég hlusta mikið á tónlist og á það til að gleyma mér alveg í dagdraumum.

***Í hvernig veðri finnst þér best að hlaupa.*** Mér dettur fyrst í hug sól, logn og 20 stiga hiti. Samt finnst mér fjölbreytnin mikilvæg og tel mér trú um að þær erfiðu aðstæður sem íslenskt veðurfar býður upp á styrki mig sem hlaupara. Ég læt veðrið aldrei stoppa mig en ef mikil hálka er neyðist ég til að flýja inn á hlaupabretti hvernig sem veðrið er.

***Hvert er skemmtilegasta hlaupið þitt?*** Fyrsta maraþonið mitt sem ég hljóp síðasta haust. Mér tókst að ná Ólympíulágmarki og slá Íslandsmetið og það var því ólýsanleg tilfinning hlaupa í gegnum marklínuna eftir rúma 42 kílómetra, gjörsamlega búinn á því.

***Áttu fleiri áhugamál?*** Já, frekar týpísk eins og ferðalög, vini, útivist, bíómyndir, armbandsúr og íþróttir. Mér finnst mikilvægt að lífið snúist ekki allt um hlaup heldur sé gott jafnvægi milli félagslífs, íþrótta og annarra þátta í lífi mínu.

***Hvaða leikföng lékstu þér helst með þegar þú varst lítill?*** Ég lék mér nánast öllum stundum með körfubolta og fótbolta hvort sem ég var einn eða með vinum. Ég var líka mikið fyrir að taka tímann á tölvuúr og skrifaði metin mín í hlaupum og þrautum í bók. Svo kepptist ég við að bæta öll þessi met.

***Hvaða matur er í uppáhaldi?*** Ég er mikill sælkeri þegar kemur að mat og á það til að hlusta oftar á magann en skynsemina en það er eitthvað sem ég er að vinna í.

***Hvers biður þú þegar þú ferð með bænirnar þínar á kvöldin?*** Ég er lítið fyrir að biðja um hluti heldur reyni að hafa trú á sjálfum mér. Því geri ég allt sem ég tel þurfa til að hámarka líkurnar á að draumar mínir rætist.

- gun



„Ég lék mér nánast öllum stundum með körfubolta og fótbolta hvort sem ég var einn eða með öðrum," segir Kári Steinn þegar hann rifjar upp æskuna.


## Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.




Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísa ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugi ára.

vísir.is
"...ég sá það á vísi"


## Fingramálning úr eldhúsinu heima

Það er ekkert mál að búa til fingramálningu heima í eldhúsi. Meira að segja málningu sem ekki er hættulegt að smakka dálítið á. Þetta þarftu að nota:

**3 matskeiðar sykur**
**½ teskeið salt**
**½ bolli maísmjöl**
**2 bollar vatn**
**Matarlit**

*Blandaðu þessu öllu saman í litlum potti. Fáðu svo hjálp við að hita blönduna á hellu og hrærðu varlega í, alveg þangað til að blandan er orðin nægilega þykk. Næst skaltu leyfa blöndunni að kólna. Þegar hún er orðin köld skiptir þú henni í nokkrar litlar krukkur og bætir matarlit út í hverja þeirra. Svona getur þú búið til alla þá regnbogans liti sem þér þykja fallegastir.*



Ef þig langar til að mála en átt enga málningu skaltu bara búa hana til sjálfur. Það er ekkert mál. MYND/GETTY










**Ævintýri og ástir**
Ein dáðasta bók Isabel Allende. Sagan af Elísu sem flyst frá Chile til Kaliforníu þegar gullæðið er í hámarki og nýtt samfélag verður til.

~~1.980.-~~ **590.-**

**Klassískur Arnaldur**
Kleifarvatn er ein af þessum bókum sem allir verða að hafa lesið. Sígild bók um átakatíma í íslenskri sögu.

~~1.868.-~~ **990.-**

**Sveppafjör**
Sveppi er höfundur vinsælustu barnamynda síðari ára á Íslandi. Skemmtibókin er einn allsherjar stuðpakki frá upphafi til enda.

~~3.990.-~~ **1.799.-**
















**Skála og syngja Skagfirðingar!**
Allar fyndnustu sögurnar sem Skagfirðingar hafa sagt hverjir öðrum á mannamótum. Einn besti geðbætir sem völ er á.

~~2.980.-~~ **1.490.-**

**Úr stríðshörmungum til Dalatanga** Elfríð upplifði hörmungar stríðsins í Þýskalandi af fullum þunga en kom til Íslands og gerðist vitavörður á Dalatanga. Bók sem kemur á óvart.

~~3.980~~ **2.480.-**

**Íslenskt, já takk!**
Kokkalandsliðið smellir sér í lopapeysurnar og sækir úrvals hráefni úr sveit og af strönd í geggjaða rétti sem allir geta eldað.

~~4.999.-~~ **2.499.-**

**Einn, tveir, þrír**
Tölur, fallegur boðskapur og landafræði koma saman í fallegri og örvandi bók. Það er leikur einn að læra að telja.

~~990.-~~ **690.-**













**Algengri spurningu svarað**
Líffræði mannslíkamans er ekki flókin þegar búið er að sýna hvernig mannfólkið verður til með frábærum myndum og kímnum texta.

~~2.490.-~~ **990.-**

**Baráttan við myrkrið**
Önnur bókin í hinum margrómaða og sígilda þríleik Pullmans sem hófst með Gyllta áttavitnum. Ótrúlega spennandi bækur.

~~1.980.-~~ **990.-**

**Svo ótrúlega fögur**
Óður Páls Stefánssonar ljósmyndara til hinnar ægifögru Afríku. Með hjálp Didier Drogba er farið í ævintýralega fótboltaferð um álfuna.

~~7.990.-~~ **1.990.-**

**Konungur poppsins**
Ein besta saga sem ritúð hefur verið um Michael Jackson, tónlistina og einkalíf hins stórkostlega tónlistarmanns, ris hans og fall.

~~3.700.-~~ **690.-**

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** tarfur, **6.** frá, **8.** hestaskítur, **9.** farvegur, **11.** tveir eins, **12.** laust bit, **14.** enn lengur, **16.** tveir eins, **17.** þjálfa, **18.** for, **20.** persónufornafn, **21.** krakki.

**LÓÐRÉTT**
**1.** þungi, **3.** pot, **4.** peningar, **5.** svelg, **7.** þögull, **10.** dorma, **13.** frjó, **15.** kviður, **16.** verkur, **19.** holskrúfa.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** boli, **6.** af, **8.** tað, **9.** rás, **11.** uu, **12.** glefs, **14.** áfram, **16.** tt, **17.** æfa, **18.** aur, **20.** ég, **21.** krói.
**LÓÐRÉTT: 1.** farg, **3.** ot, **4.** lausafé, **5.** iðu, **7.** fálátur, **10.** sef, **13.** fræ, **15.** magi, **16.** tak, **19.** ró.





# Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins enn einu sinni. Til dæmis lesa 70% íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins – næstum þrefalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.




Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.
Október til desember 2011, meðallestur á tölublað.

Allt sem þú þarft...


# Hneykslanleg hneykslunarárátta

**BAKÞANKAR Davíðs Þórs Jónssonar**



Fátt fer meira í taugarnar á mér en hneykslunarárátta. Þess vegna hneykslast ég mjög gjarnan á því hvað mér finnst fólk hneykslunargjarnt. Þess á milli hneykslast ég á því að fólk skuli ekki hneykslast á því sem mér finnst sannarlega hneykslunarvert. Eftir að ég tók að temja mér þann leiða ósið að dvelja langdvölum á Facebook hefur þessi innri þversögn orðið mér jafnt og þétt ljósari og um leið óskiljanlegri. Það er nefnilega mikið hneykslast á Facebook. Og þótt mér leiðist þessi sífellda hneykslun þá er eins og ég límist við hana og í stað þess að slökkva á tölvunni og fara að gera eitthvað viskulegt er ég, áður en ég veit af, búinn að kynna mér hverja hneykslunarhelluna á fætur annarri og verð jafnan sárhneykslaður á því hvað þær eru í raun lítið hneykslunarefni þegar upp er staðið – svona í hinu stóra samhengi.

**ÉG VIL** ekki gera lítið úr öllum þeim óheiðarleika, sora og óeðli sem veður uppi, hvað þá hinu ógeðfellda hæfileikaleysi íslensks framáfólks til að sjá sök hjá sjálfu sér né einstakri lagni þess við að benda hvert á annað til að finna orsakir alls sem afvega hefur farið. En það hvarflar stundum að mér að þetta þjóni engum tilgangi. Undanfarið hef ég nefnilega hvað eftir annað séð fólk rjúka upp í hneykslun á hinu og þessu (Snorra í Betel, öskudagsbúningum, Jóni Baldvin, passíusálmunum, Geir Jóni o.s.frv.) með þeim afleiðingum að aðrir rjúka upp í hneykslun á því að hneykslast sé á þessu og þá er auðvitað hneykslast á því að þeim skuli finnast slík hneykslun eitthvað hneykslanleg. Hverju skilar þetta?

**ÍSLENDINGAR** eru að ýmsu leyti eins og börn sem búa við heimilisofbeldi. Við vorum blekkt og svívirt af þeim sem áttu að gæta hagsmuna okkar og við treystum til þess. Ekkert hefur verið gert til að endurheimta það traust eða gefa þjóðinni inneign fyrir fyrirgefningu sem er forsenda sáttar og heilbrigðra samskipta. Börn sem búa við heimilisofbeldi eru sjaldan til vandræða inni á heimilinu. Þar hafa þau gefið alla von um réttlæti upp á bátinn. Vanlíðan þeirra brýst út í skólanum og á leikvellinum. Höfum við með öllu gefist upp á stóru réttlætismálunum? Er virkilega svo komið að eina aðferð okkar til að fá útrás fyrir gremjuna og vanlíðanina er að froðufella af bræði og hneykslan á netinu yfir hvaða tittlingaskít sem við getum verið ósammála um?

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# www.kaupumgull.is

# Græddu á gulli á Grand hótel!



Losaðu þig við það sem þú notar ekki lengur!
Staðgreiðum allt gull, silfur, demanta og vönduð úr!

**Vegna mikillar eftirspurnar.**

**Verðum eftirtalda daga á 14. hæð í turninum Grand Hótel**
**Laugardaginn 3. mars frá kl. 09:00 til kl. 19:00**
**Sunnudaginn 4. mars frá kl. 09:00 til kl. 19:00**
**Mánudaginn 5. mars frá kl. 11:00 til kl. 19:00**



Kaupum gegn staðgreiðslu allt gull m.a hringa, hálsfestar, armbönd, gullmynt, Gold Quest gullmynt, styttur, kertastjaka o.fl



## FRÍTT VERÐMAT!

Engin skuldbinding til að selja.



Kaupum gömul og ný úr eins og Rolex, Breitling, Cartier, Patek Philippe ásamt öllum gullúrum.

**Erum á 14. hæð í turninum á Grand Hóteli**



Upplýsingar og tímapantanir
Sverrir s.661-7000





**EINVÍGI ALDARINNAR** Í tilefni þess að í ár eru liðin fjörutíu ár frá skákeinvígi Fischers og Spasskís í Laugardalshöll má sjá sýninguna Einvígi aldarinnar, Fischer og Spassky – 40 ár í Horni á 2. hæð í Þjóðminjasafni Íslands. Á sýningunni eru munir og myndir sem tengjast skákeinvíginu 1972. Sýningin stendur frá 3. mars til hausts 2012.

# Íslensk sönglög í Gerðubergi



**SYSTURNAR** Signý og Þóra Fríða flytja sívinsæl íslensk lög í Gerðubergi.

Ljóðatónleikar Gerðubergs verða endurvaktir í dag, 3. mars, klukkan 15, eftir sjö ára svefn. Þar koma fram Signý Sæmundsdóttir sópransöngkona og systir hennar Þóra Fríða Sæmundsdóttir píanóleikari. Á efnisskránni verða sívinsæl, íslensk sönglög. Meðal höfunda má nefna Sigvalda Kaldalóns, Karl O. Runólfsson, Jón Þórarinsson og Árna Thorsteinsson.

Signý og Þóra Fríða eiga langt og farsælt samstarf að baki. Mörg laganna sem þær flytja á laugardaginn hafa reglulega verið á efnisskrá þeirra bæði hérlendis og erlendis.

Aðgangseyrir á tónleikana er 2.000 krónur en 1.500 fyrir eldri borgara og námsmenn.

**Gallerí Fold í 20 ár** 1992–2012

Listmuna uppboð
Gallerís Foldar

Síðustu forvöð að koma verkum á næsta uppboð eru mánudaginn 5. mars

Áhugasamir geta haft samband í síma 551-0400.


Sigurjón Jóhannsson

Vefuppboð
á myndlist
**hefst í dag 3. mars**

LISTMUNASALA fold
Opið virka daga 10–18, laugard. kl. 11–16, sunnud. 14–16
Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is
uppbod.is

SCHOLA CANTORUM

Ásgeir H. Steingrímsson / trompet
Elísbet Waage / harpa
Frank Aarnink / slagverk
Björn Steinar Sólbergsson / orgel
HÖRÐUR ÁSKELSSON / stjórnandi

MYNDIR ÚR MYRTUSKÓGI

Hafliði Hallgrímsson
heiðraður

Kórtónleikar í Hallgrímskirkju / sunnudaginn 4. mars 2012 kl. 17
Hallgrimskirkja s.510 1000 / listvinafelag.is



**SÝNING ÁRSINS** Ragnar Bragason, annar frá vinstri í fremri röð, segir vonir sviðslistahópsins 16 elskendur standa til að sýningin sé vinaleg, áhugaverð og geri gagn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# ÞAÐ SEM ÍSLENDINGAR VILJA SJÁ

**Sviðslistahópurinn 16 elskendur frumsýnir á morgun Sýningu ársins, verk sem ætlað er að koma til móts við leikhúsþarfir landans.**

„Við erum leitandi hópur sem hefur verið að vinna með leikhúsformið og langaði að komast að því hvað Íslendingar vilja sjá í leikhúsi,“ segir Ragnar Ísleifur Bragason úr sviðslistahópnum 16 elskendur sem frumsýnir á morgun, sunnudaginn 4. mars, verkið Sýning ársins í Rúgbrauðsgerðinni, Borgartúni 6. Samkvæmt hópnum er um að ræða sviðslistaviðburð fyrir alla Íslendinga og leitast hann við að koma til móts við „leikhúsþarfir“ landans með sýningunni.

Uppleggið er að sönnu óvenjulegt, en í samvinnu við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands hefur leikhópurinn látið gera skoðanakönnun á því hvað Íslendingar vilja sjá á sviði. Sýning ársins er svo unnin beint upp úr niðurstöðunum sem fengust frá 1.400 manna úrtakinu. Ragnar segir ýmislegt hafa komið í ljós varðandi leikhúsóskirnar. Til að mynda kjósa þeir sem fylgja Framsóknarflokknum að málum helst að hafa leikara léttklædda á sviðinu, karlmenn vilja upplifa reiði í leikhúsi, kvenfólk kýs heldur ást, og reyndar ellilífeyrisþegar einnig, og fleira í þeim dúr.

„Svo voru þátttakendur líka spurðir um eftirlætis leikara og leikkonur sínar. Í framhaldi af því fengum við þau Ilmi Kristjánsdóttur og Örn Árnason til liðs við okkur og þau leika í atriði sem allir vilja sjá. Einnig eru atriði sem enginn vill sjá samkvæmt rannsókninni, en í niðurstöðum hennar kom meðal annars fram að nokkur munur er á því hvernig lýsing hentar kynjunum. Konur vilja síst sjá litina gulan og appelsínugulan á sviðinu en karlar vilja ekki sjá bláan, fjólubláan og bleikan,“ útskýrir Ragnar.

Hann bætir við að vonir hópsins standi til að sýningin sé vinaleg, áhugaverð og geri gagn, en hún er unnin í mikilli samvinnu allra meðlima hópsins eins og fyrri sýningar. kjartan@frettabladid.is

# Álfadrottning á svið

Nemendaópera Söngskólans í Reykjavík sýnir Álfadrottninguna eftir Henry Purcell í Gamla bíói, leikhúsi í dag, 3. mars klukkan 15.30. Flytjendur eru allir nemendur við framhalds- eða háskóladeild Söngskólans og langt komnir í námi, að sögn Ásrúnar Davíðsdóttur aðstoðarskólastjóra Söngskólans. „Þetta eru söngvarar sem við eigum eftir að heyra meira í í framtíðinni,“ segir hún. „Góður og glæsilegur hópur.“



**SUNGIÐ AF INNLIFUN** Flytjendur eru allir langt komnir í námi við Söngskólann í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Álfadrottningin er, ásamt Artúr konungi, það verk sem kunnast er af svo nefndum maskleikjum sem voru í tísku á Englandi við upphaf óperunnar í Evrópu. Verkið er unnin upp úr Jónsmessunæturdraumi Shakespeares og var frumsýnt 1692 en hefur aldrei verið flutt í heild á Íslandi. Hins vegar hafa oft hafa verið fluttir úr því kaflar og svo verður einnig nú.

Stjórnendur verksins í dag eru Janet Haney píanóleikari sem er, að sögn Ásrúnar, sérhæfð í að vinna með söngvurum og kann meira og minna öll óperuhlutverk, auk þess að spila á píanóið – og Sibylle Köll, tónlistar- og ballettkennari sem sér um listrænar hreyfingar fólksins á sviðinu.

Nemendaópera Söngskólans í Reykjavík hefur starfað frá 1982 og á þeim tíma sett upp þrjátíu og fjórar sýningar – Álfadrottningin er sú þrítugasta og fimmta. - gun




BETRI STOFAN

## DANMÖRK
**Háannatímabil**
Ísland - Danmörk - Ísland
Tveir fullorðnir og tvö börn (3-11 ára) með fólksbíl, gist í 4 manna klefum án glugga.
**Fullt verð kr. 454.600**
**Afsláttur kr. 161.600**
**Tilboð kr. 293.000**

## DANMÖRK
**Háannatímabil**
Ísland – Danmörk – Ísland
Tveir fullorðnir með fólksbíl, gist í 4 manna klefum án glugga.
**Fullt verð kr. 381.400**
**Afsláttur kr. 148.000**
**Tilboð kr. 233.400**

## FÆREYJAR
**Háannatímabil**
Ísland – Færeyjar – Ísl.
Tveir fullorðnir og tvö börn (3-11 ára) með fólksbíl, gist í 4 manna klefum án glugga.
**Fullt verð kr. 285.200**
**Afsláttur kr. 92.900**
**Tilboð kr. 192.300**

## FÆREYJAR
**Háannatímabil**
Ísland – Færeyjar – Ísl.
Tveir fullorðnir með fólksbíl, gist í 4 manna klefum án glugga.
**Fullt verð kr. 208.600**
**Afsláttur kr. 66.300**
**Tilboð kr. 142.300**

**AUSTFAR**
Fjarðargötu 8 ·710 Seyðisfirði · Sími: 472 1111

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

**NORRÆNA**
FERÐASKRIFSTOFAN
Stangarhyl 1 · 110 Reykjavik · Sími: 570 8600

# 45 ára afmæli í Hörpu

45 ára afmælistónleikar Skólahljómsveitar Kópavogs fara fram á morgun, sunnudaginn 4. mars, klukkan 17 í Eldborgarsal Hörpu.

Alls koma fram um 150 börn og unglingar á aldrinum 9 til 19 ára og er hópnum skipt í þrjár hljómsveitir eftir aldri og getu. Æfingar hafa staðið í allan vetur. Tónlist af ýmsum toga, bæði gömul og ný, er á boðstólum á tónleikunum. Af efnisskránni má nefna mars úr Tannhäuser eftir Wagner, lög eftir Sigfús Halldórsson og Mugison, J.S. Bach og Holst, Strauss-valsa og ýmis tónverk samin sérstaklega fyrir blásarasveitir.

Fyrstu æfingar Skólahljómsveitar Kópavogs voru á haustmánuðum árið 1966 en afmælisdagur sveitarinnar er ávallt miðaður við fyrstu tónleikana sem fram fóru við Kársnesskóla þann 22. febrúar 1967. Hljómsveitin hefur alla tíð verið ein af virkustu skólahljómsveitum landsins og hefur haldið fjölda tónleika bæði innan lands og utan.

Stjórnandi er Össur Geirsson.



**45 ÁRA** Hluti Skólahljómsveitar Kópavogs á Vínartónleikum.

ADHD samtökin

**Aðalfundur ADHD samtakanna**
verður haldinn kl. 20:00 miðvikudaginn 14. mars 2012
að Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík.
Venjuleg aðalfundarstörf. Allir velkomnir!
Nánari upplýsingar á www.adhd.is

# Smá djók

dans ★★★☆☆

**ÚPS!**

Íslenska hreyfiþróunarsamsteypan sýnir í Tjarnarbíói

**Leikstjóri:** Víkingur Kristjánsson. **Flytjendur**: Hannes Óli Ágústsson, Katrín Gunnarsdóttir, Melkorka Sigríður og Ragnheiður Bjarnarson, tónlist: Gísli Galdur Þorgeirsson, leikmynd: Tinna Ottesen.

Fimmtudagskvöldið 1. mars frumsýndi Íslenska hreyfiþróunarsamsteypan þriðja dansleikhúsverkið sitt þar sem sóttur er innblástur í verk Williams Shakespeares. Í þetta sinn voru gamanleikirnir skoðaðir í því markmiði að velta fyrir sér húmor þá og nú. Í verkinu voru teknar til umfjöllunar allar gerðir húmors, öll trixin í bókinni sýnd. Þátttakendurnir duttu á bossann, runnu á bananahýði, eltust við draumsýnir og misskilning, sögðu grófa og niðrandi brandara og grínuðust hvert með annað. Þeir voru klaufar, trúðar og allt það annað sem finna má í gamanþáttum, gamanleikritum, gamanmyndum, uppistandi og öðru því sem gaman á að vera að. Efnislega var Shakespeare í fjarlægum bakgrunni þó að vel mætti sjá beina skírskotun í verk hans í sumum atriðunum. Andi hans sveif þó yfir vötnum, ekki síst vegna snilldarlega gerðra búninga. Sviðsmynd verksins var falleg og gaf verkinu klaufalegan en um leið ævintýralegan blæ. Lýsingin vann algjörlega með sviðsmyndinni og tónlistin var þegar henni bar en annars ekki.



**KLAUFAR, TRÚÐAR OG ALLT ANNAÐ** Umfjöllunarefni Úps! er grín í víðri merkingu.

Umfjöllunarefni dansverksins Úps! er grín í víðri merkingu. Sýningin sjálf er líka partur af umfjöllunarefninu að því leyti að hún er uppfull af sviðsettum klaufaskap, mistökum og vandræðagangi sýnendanna. Ofan á allt þetta er æfingaferlið og undirbúningur sýningarinnar partur af gríninu. Afhjúpaðir eru árekstrar sem upp koma í mótunarferlinu meðal annars á milli listformanna, leiklistar og dans, gert er grín að samspili þessara listforma sem og samvinnu einstaklinganna sem unnu að sýningunni.

Þessi marglaga efnistök kölluðu á margbreytilega framsetningu efnisins. Það komu fram kaflar þar sem skýr kóreógrafía réð ríkjum, sýnendur komu líka fram og fluttu sín atriði líkt og uppistand, talað var til áhorfenda í fyrirlestrastíl og gripið var til tækni trúðsins, leikarans og dansarans. Verkið náði því ekki að renna sem fastmótuð heild heldur upplifðist sem samansafn atriða sem öll áttu það sameiginlegt að vera grín. Brotin voru skemmtileg og í sumum þeirra mátti finna hárbeittar athugasemdir innan gamanseminnar. Það að safna saman öllu þessu gríni á einn stað og gera síðan grín að því er í sjálfu sér frábær hugmynd sem hópnum tókst að vinna vel úr. Hugmyndin kallaði samt á sterkari efnistök því að grín er dauðans alvara þó að það sé til gamans gert.

Frammistaða þátttakandanna var ágæt. Þau skiluðu sínu á afslappaðan hátt og mynduðu góða heild. Sýningin Úps! ber þess þó merki, eins og flestar þær danssýningar sem settar eru upp hér á landi, fyrir utan sýningar Íslenska dansflokksins, að danslistamenn fá ekki nægilega mörg tækifæri til að halda sér við í listinni. Því til þess að vera atvinnumanneskja í einhverri grein verður að stunda hana oft og mikið allan ársins hring.

**Sesselja G. Magnúsdóttir**

**Niðurstaða:** Efnisval sýningarinnar er frumlegt og aðstandendum hennar tekst að skemmta áhorfendum með uppátækjum sínum. Það vantar samt upp á skýrari þráð til að skapa sterkari heild.




## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Laugardagur 03. mars 2012**

### ➜ Tónlist

**13.00** Tónlistarveisla verður haldin í Salnum, Kópavogi. Kennarar Tónlistarskóla Kópavogs standa fyrir tvennum tónleikum í TKTK tónleikaröðinni. Almennt verð á tónleikana er kr. 1.000, en frítt er fyrir nemendur skóland, forráðamenn þeirra og öll börn 12 ára og yngri.

**13.00** Skuggamyndir frá Býsans spila fyrir gesti og gangandi á 2.hæð Hörpu. Tónleikarnir eru í samstarfi við Amnesty International undir yfirskriftinni Lykillinn að framtíð þeirra. Aðgangur er ókeypis.

**15.00** Maya Dunietz verður með lifandi flutning í sal Kaldalóns í Hörpu, sem hluti af Tectonics tónlistarhátíðinni.

**15.00** Signý Sæmundsdóttir sópransöngkona heldur tónleika í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi ásamt systur sinni, píanóleikaranum Þóru Fríðu Sæmundsdóttur. Á efnisskránni verða sívinsæl íslensk sönglög eftir nokkur af okkar fremstu tónskáldum. Aðgangseyrir er kr. 2.000, en kr. 1.500 fyrir eldri borgara og námsmenn.

**16.00** S.L.Á.T.U.R og Sinfóníuhljómsveit Íslands flytja Horpma III eftir Guðmund Stein Gunnarsson, og The Ventriloquist eftir Charles Ross í sal Norðurljósa í Hörpu. Tónleikarnir eru hluti af tónlistarhátíðinni Tectonics í Hörpu.

**16.00** Mathias Susaas Halvorsen píanóleikari spilar verk eftir Mozart, Schuman og Poulenc á Gljúfrasteini. Aðgangur er kr. 1.000 og eru allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.



**17.00** Herdís Anna Jónasdóttir sópran ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands og Drengjakór Reykjavíkur, frumflytur verk Frank Denyer, The Colours of Jellyfish í Eldborgarsal Hörpu. Tónleikarnir eru hluti af tónlistarhátíðinni Tectonics.

**17.00** Sinfóníuhljómsveit Íslands, ásamt Katie Buckley, hörpuleikara, frumflytja verk Jesper Pedersen, Electric



Light Orchestra. Tónleikarnir eru hluti af tónlistarhátíðinni Tectonics í Hörpu.

**18.30** Í Norðurljósasal Hörpu flytur Sinfóníuhljómsveit Íslands, auk Bergþórs Pálssonar, sögumanns, verk Benedict Mason, third music for a european concert hall. Tónleikarnir eru hluti af tónlistarhátíðinni Tectonics í Hörpu.

**19.30** Á Nasa verður haldinn stærsti þungarokksviðburður Reykjavíkur þegar sex íslenskar þungarokksveitir keppast um að verða fulltrúi Íslands á Wacken Open Air í ágúst. Miðaverð er kr. 2.500.

**20.00** John Tilbury, píanóleikari, flytur verk Morton Feldman, Palais De Mari, í Eldborgarsal Hörpu. Að því loknu slæst Oren Ambarchi, rafmagnsgítarleikari, í hópinn og flytja þeir spunadúett. Tónleikarnir eru hluti af tónlistarhátíðinni Tectonics í Hörpu.

**21.00** Bar 11 býður upp á Rockabillí tónleika í hæsta gæðaflokki. Rockabillíkóngurinn Smutty Smiff mætir með hljómsveit sína Smutty's 302. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** Helgi Björns og Reiðmenn Vindanna halda tónleika á Græna Hattinum, Akureyri. Miðaverð er kr. 2.900.

**22.00** Lúðrasveit Tónlistarskóla Reykjanesbæjar, Skólahljómsveit Austurbæjar, Skólahljómsveit Kópavogs og Skólahljómsveit Mosfellsbæjar og Grafarvogs flytja verk Luciano Berio, Accordo for four brass bands í anddyri Hörpu. Tónleikarnir eru hluti af tónlistarhátíðinni Tectonics í Hörpu.

**22.30** Lokahóf Tectonics tónlistarhátíðarinnar verður haldið í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi.

**23.00** Magnús Einarsson og Tómas Tómasson skemmta á Ob-La-Dí, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### ➜ Tónleikar

**20.00** Baldursbræður efna til skemmtikvölds þar sem þemað verður Bítlarnir. Hljómsveitin Baldur leikur og syngur Bítlalög, ásamt Karlakór Oddfellowbræðra. Stúlknakvartett syngur



**EINFALDLEGA FLÓKIÐ** Hallgrímur Oddsson gaf nýlega út sína fyrstu sólóplötu.

# Útgáfutónleikar í Fríkirkjunni

Hallgrímur Oddsson, meðlimur Fjallabræðra, gaf nýlega út sína fyrstu sólóplötu sem heitir Einfaldlega flókið.

Hann, ásamt sex manna sveit, blæs nú til útgáfutónleika sem haldnir verða í Fríkirkjunni annað kvöld, sunnudaginn 4. mars, klukkan 21.

Tónlistin er blanda af rokki, blús, kántrí og þjóðlagatónlist, en um útsetningar sér Halldór Gunnar Pálsson, kórstjóri og gítarleikari.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Sunnudagur 04. mars 2012**

### Tónleikar

**17.00** Listvinafélag Hallgrímskirkju stendur fyrir tónleikum til heiðurs Hafliða Hallgrímssyni í Hallgrímskirkju. Kammerkórinn Schola cantorum flytur átta kórverk Hafliða og er yfirskrift tónleikanna Myndir úr Myrtuskógi. Miðaverð er kr. 2.000/2.500.

### Leiklist

**14.00** Leikfélag eldri borgara, Snúður og Snælda, frumsýnir leikritið Rommí eftir D.L.Colurn í Iðnó. Leikstjóri er Bjarni Ingvarsson.

### Félagsvist

**14.00** Félagsvist verður spiluð í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

### Sýningarspjall

**15.00** Sigurlaugur Ingólfsson tekur þátt í spjalli um sýninguna Draumalandið mitt í norðri eftir Karen Agnete Þórarinsson á Kjarvalsstöðum. Þetta er jafnframt lokadagur sýningarinnar.



### Kvikmyndir

**22.00** Þynnkubíó Priksins verður á sínum stað. Allir velkomnir og popp í boði.

### Uppákomur

**14.00** Þjóðminjasafn Íslands býður almenningi að koma með gamla gripi til greiningar hjá sérfræðingum. Að þessu sinni er fólk sérstaklega beðið um að koma með heimasaumuð föt, skartgripi og annað tengt klæðaburði áður fyrr. Allir velkomnir.

### Dansleikir

**20.00** Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík verður haldin í félagsheimili þeirra, Stangarhyl 4. Danshljómsveitin Klassík leikur létta danstónlist til kl. 23:00. Aðgangseyrir er kr. 1.500, en kr. 1.300 fyrir félagsmenn FEB.

### Tónlist

**16.00** Dúettinn Raddir þjóðar, með þeim Sigurði Flosasyni og Pétri Grétarssyni kemur fram á tónleikum í Norræna Húsinu. Tónleikarnir eru liður í dagskrá Jazzklúbbsins Múlans og Norræna hússins. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

### Leiðsögn

**14.00** Boðið verður upp á barnaleiðsögn í Þjóðminjasafni Íslands. Að þessu sinni er leiðsögnin hugsuð fyrir börn á aldrinum 8-11 ára. Leiðsögnin er um 45 mínútur að lengd og í umsjá Steinunnar Guðmundardóttur, safnkennara.

**15.00** Leiðsögn verður um sýninguna Kyrralíf í Hafnarborg, í tilefni sýningarloka hennar.

### Fyrirlestrar

**15.00** Simon Noriega-Olmos heldur fyrirlestur um samband máls og heims í heimspeki Platons. Fyrirlesturinn verður haldinn í ReykjavíkurAkademíunni, Hringbraut 121, 4.hæð, og er á vegum Félags áhugamanna um heimspeki. Allir eru velkomnir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**

og hljómsveitin Pónik rifjar upp gamla takta. Auk þess mun „lengsta lögga landsins“, Geir Jón Þórisson, taka lagið. Allur ágóði skemmtunarinnar rennur óskiptur til kaupa á tækjum og tólum fyrir viðbyggingu Líknadeildar LSH í Kópavogi (krabbameinsdeild). Miðaverð er kr. 3.500.

### Opnanir



**11.00** Sýningin Einvígi aldarinnar. Fischer og Spassky - 40 ár, verður opnuð í Horni á 2. hæð í Þjóðminjasafni Íslands. Á sýningunni eru munir og myndir sem tengjast skákeinvíginu þeirra á milli árið 1972 og er hún haldin í tilefni þess að 40 ár séu liðin frá því einvígi.

**17.00** Jóhanna Helga Þorkelsdóttir, myndlistarmaður, opnar einkasýningu í SÍM, Hafnarstræti 16. Sýningin ber titilinn Í dag er góður dagur og ég er í sólskinsskapi.

### Sýningar

**15.00** Árleg sýning Blaðaljósmyndarafélags Íslands á bestu myndum ársins 2011 verður opnuð í Listasafni Kópavogs, Gerðarsafni. Á sýningunni eru að þessu sinni 72 myndir sem valdar voru af dómnefnd úr um eitt þúsund innsendum myndum. Aðgangseyrir er kr. 500.

**16.00** Nemendaópera söngskólans sýnir valda kafla úr The Fairy Queen eftir Purcell í Gamla bíói - leikhúsi.

**17.00** Magnús Pálsson opnar sýninguna Gengið á vatni í Kling & Bang gallerí að Hverfisgötu 42. Á sýningunni eru fjórir nýir skúlptúrar auk verka á pappír frá 1965.

### Málþing

**10.30** Menningarmiðstöðin Gerðubergi býður til ráðstefnu um barna- og unglingabókmenntir undir yfirskriftinni Fyrir augum hinna yngstu. Dagskráin stendur til klukkan 13:30 og er aðgangur ókeypis.

### Útivist

**10.00** Hjólreiðaferð verður farin frá Hlemmi á vegum LHM. Hjólað verður í 1-2 tíma um borgina og eru allir velkomnir og þátttaka ókeypis. Nánari upplýsingar eru á vef LHM.is.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**






**50% AF BRJÓSTAHALDARAEIGN** kvenna liggur ónotuð í skápunum. Þetta sýna breskar kannanir á vegum fyrirtækisins Under Armour en helstu ástæður þessa ku vera að konur taka útlitið fram yfir þægindi undirfatnaðar við kaup en nota brjóstahaldarann svo aldrei af því hann er óþægilegur.



**MINNI VANDAMÁL.** Gera má ráð fyrir að svefninn batni með aldrinum.

# Áttræðir sofa betur

**HEILSA** Eldra fólk á auðveldara með svefn og þjáist síður af svefntruflunum eða þreytu ef marka má nýja rannsókn sem framkvæmd var í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum.

Niðurstöður rannsóknarinnar, sem náði til 155.000 fullorðinna einstaklinga, voru birtar í blaðinu SLEEP í síðustu viku og báru með sér að fólk 80 ára og eldra hefði yfir minnstu að kvarta í þessum efnum. Svo virðist sem svefnvandamál aukist hjá fólki á aldrinum 40 og 59 ára, sérstaklega konum, en minnka svo aftur. „Þessar niðurstöður eru andstætt við það sem flestir halda,“ sagði Dr. Michael Grandner sem stýrði rannsókninni og bætti við að þær kölluðu eftir því að skoða þyrfti það sem vitað væri um svefn eldra fólks.

Rannsóknin var framkvæmd þannig að lagðar voru spurningar fyrir þátttakendur í gegnum síma og þeir látnir meta sig sjálfir. Grandner viðurkenndi því að minni væntingar eldra fólks til svefns síns gætu haft áhrif á niðurstöður.

# Spergilkál gegn krabbameini

**MATUR** Spergilkál er ekki aðeins hollt og gott, heldur getur það líka spornað gegn og hjálpað til við að lækna krabbamein.

Áður hafa verið gerðar rannsóknir þar sem komið hefur í ljós að spergilkál er fullt af efninu súlfúr sem vinnur gegn vissum genum sem stuðla að krabbameini. Meðal annars birtist rannsókn árið 2010 þar sem súlfúr drap brjóstakrabbameinsfrumur í músum á rannsóknarstofu og náði einnig að koma í veg fyrir að nýjar mynduðust.

Í nýrri rannsókn sem birtist í blaðinu Clinical Epigenetics hefur þó verið varpað ljósi á að súlfúr getur haft áhrif á krabbamein í gegnum svokallaða DNA-metýleringu. Dr. Emily Ho, sem var ein þeirra sem stóð að rannsókninni, sagði DNA-metýleringu virka þannig að hún hjálpi til við að slökkva á vissum genum og stjórni þannig hvaða genahlutar hafi samskipti við frumur líkamans. Þegar krabbamein myndast er það vegna þess að þessi samskipti ruglast.



**FULLT AF SÚLFÚR** Spergilkál er fullt af efninu súlfúr, sem vinnur gegn krabbameinsfrumum.



**TEKKIÐ VINSÆLT** Arnar hefur tekið eftir stóraukinni ásókn í notuð húsgögn eftir 20 ár í bransanum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fólk kaupir og lætur gera upp gömul tekkhúsgögn

**Tekkhúsgögn frá sjöunda áratugnum njóta mikilla vinsælda. Kreppan varð til þess að fólk kaupir mikið af notuðum húsgögnum og lætur gera þau upp hjá bólstrurum.**

**HEIMILI** „Það eru rosalega skemmtilegar breytingar í gangi,“ segir húsgagnasalinn Arnar Laufdal Aðalsteinsson.

Notuð húsgögn njóta gríðarlegra vinsælda í dag og þá sérstaklega tekkhúsgögn. Arnar hefur selt notuð húsgögn í 20 ár og rekur í dag verslunina Notað og nýtt í Kópavogi. Hann segir stemninguna hafa gjörbreyst á síðustu árum, fólk vilji fá peninga fyrir það sem það á og að ásóknin í notuð húsgögn hafi stóraukist. „Ég byrjaði í kringum 1990 með verslun sem hét Skeifan - húsgagnamiðlun,“ segir Arnar. „Ég rak hana í 15 ár og hætti 2007, þá var orðið mjög lítið að gera í þessu. Þá henti fólk þessu *gamla drasli* og keypti nýtt. Svo byrjaði ég aftur nú í haust og mér finnst landslagið hafa gjörbreyst.“

Gamalt tekk nýtur mikilla vinsælda, sérstaklega hjá ungu fólki að sögn Arnars. Hann fær tekkið aðallega úr dánarbúum og segir fólk meðvitað um hversu vinsæl húsgögnin eru. „Ég er oft í smá erfiðleikum með að ná fólki niður á jörðina með verðið á þessu. Sumir halda að ef þeir eigi tekkskáp, þá séu þeir orðnir milljónamæringar,“ segir Arnar í léttum dúr. „En svo er tekk ekki sama og tekk. Þetta gamla danska er til dæmis vinsælla en þetta nýrra sem hefur verið framleitt í Noregi.“

Það hefur einnig færst í aukana að fólk láti bólstra gömul húsgögn. Hafsteinn Sigurbjarnason í HS bólstrun tekur undir það. „Það hefur aukist. Fólk er farið að spá meira í hvort það sé með vandað upplag af húsgögnum í höndunum og hvort það borgi sig að taka þau í gegn. Yfirleitt með vandaðri og betri húsgögn þá borgar það sig,“ segir hann.

atlifannar@frettabladid.is

**Opinn sjóðfélagafundur**

LÍFEYRISSJÓÐUR STARFSMANNA SVEITARFÉLAGA

**Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga**
**Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar**
**Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar**
**Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar**
**Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar**
**Lífeyrissjóður Neskaupstaðar**

**boða til sameiginlegs sjóðfélagafundar á Grand Hótel við Sigtún þann 13. mars nk. kl. 17**

Farið verður yfir rekstur og afkomu Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga og lífeyrissjóða í hans rekstri í ljósi nýútkominnar skýrslu Landssamtaka lífeyrissjóða um úttekt á fjárfestingastefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins 2008.

**Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.**

Nánari upplýsingar og dagskrá verður birt síðar á heimasíðu Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga: www.lss.is og verður þar krækja þar sem hægt verður að fylgjast beint með fundinum á vefnum.

Hægt verður að fylgjast beint með fundinum þann 13. mars á slóðinni: http://www.samband.is/um-okkur/sjodfelagafundur-lss/

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga - Sigtúni 42 – 105 Reykjavík – sími 5 400 700
lss@lss.is – www.lss.is



**Í ELDHÚSINU** Jakob Mielcke, einn af erlendu kokkunum sem taka þátt í Food and Fun-hátíðinni, að störfum í eldhúsinu. MYND/SIGURJÓN RAGNAR

# Beint úr eldhúsinu

**MATUR** Þrír erlendir kokkar keppa í dag í Hörpu um titilinn kokkur ársins á hátíðinni Food and Fun. Þeir munu athafna sig í eldhúsi Hörpudisksins og keppnin verður sýnd beint á sjónvarpsskjáum sem verða í höllinni.

„Þetta er nýbreytni í anda sjónvarpsþáttanna sem eru í gangi. Þetta er svona Gordon Ramsay-fílingur,“ segir Jón Haukur Baldvinsson hjá Food and Fun.

Kokkarnir munu elda forrétt, lamb og bleikju en koma með eftirrétt með sér. Þrír dómarar munu sitja við borð og dæma matinn sem þeir elda. „Fólk getur fylgst með þeim á meðan þeir eru að smakka og getur kynnst hvernig þeir dæma,“ segir Jón Haukur. Spurður hvort mikið verði um öskur og læti líkt og í sjónvarpsþáttum Ramsay efast hann um það. „Þetta er ekki sá stíll. Þeir eru það frægir, nánast allir Michelinkokkar. Þeir eru á sama kaliberi og Gordon, þannig að það verður enginn Gordon að öskra á þá. Það fer frekar að þeir öskri á Gordon.“

Sautján veitingastaðir taka þátt í Food and Fun, sem er haldin í ellefta sinn og lýkur á morgun. Að sögn Jóns Hauks hafa bókanir sjaldan verið jafn margar og núna. Hann segir öruggt að hátíðin verði haldin til 2014 enda var nýlega gerður tveggja ára samningur við Samtök iðnaðarins, Icelandair og Reykjavíkurborg. Iceland Naturally er einnig stór styrktaraðili hátíðarinnar.

Keppnin í dag hefst klukkan 12 og stendur yfir til 15 og eru allir boðnir velkomnir í Hörpuna að fylgjast með.

- fb

# Heimili og hugmyndir

## Flamant dagar

Í öllum Flamant verslunum eru afsláttardagar um þessar mundir, við tökum þátt í því og bjóðum 15% afslátt af öllum Flamant vörum í verslun okkar dagana 3-20. mars.









**Heimili og hugmyndir**

**Suðurlandsbraut 8 | 108 Reykjavík | S: 578 4400 | www.heimilioghugmyndir.is | Erum líka á facebook**



**36 MÁNUÐIR** eru síðan tónlistarkonan Rihanna sagði skilið við rapparann Chris Brown en í nýlegu viðtali við breskan sjónvarpsþátt ljóstraði söngkonan því upp að hún væri loksins tilbúin í nýtt samband.



**GÓÐIR SAMAN** Stefán Máni, höfundur bókarinnar Svartur á leik, og framleiðandinn Þórir Snær stilltu sér upp.

# SVARTUR Á LEIK FRUMSÝND VIÐ MIKINN FÖGNUÐ

**Svartur á leik var frumsýnd á fimmtudagskvöld. Fjöldi fólks lagði leið sína í Smárabíó á myndina, sem gagnrýndur hafa gefið frábæra dóma.**



**GOTT SAMSTARF** María Birta, sem leikur eitt af aðalhlutverkunum í Svartur á leik, og Óskar Þór Axelsson, leikstjóri myndarinnar, fögnuðu góðu samstarfi á frumsýningunni.



**VEL GREIDDIR** Sigurður Kári Kristjánsson og Heiðar Már Guðjónsson voru fínir.



**VÍGALEGIR** Steindi Jr. og Dóri DNA voru hvorki erfiðir né með læti á frumsýningunni.



**REFFILEGIR** Óttarr Proppé og Björn Blöndal mættu í vettvangsferð í Kópavog.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**LÍFRÆN** Sólveig Eiríksdóttir og Elías Guðmundsson mættu og könnuðu eflaust hvort lífrænt popp væri í boði.



**FERSKAR** Dögg Hjaltalín og Rakel Garðarsdóttir voru glæsilegar að vanda.



**STJÖRNUR** Þorvaldur Davíð Kristjánsson og Damon Younger horfðu á sjálfa sig, enda aðalleikarar myndarinnar.

Food & Fun
í Perlunni

Gestur Perlunnar í ár er **Michelinstjörnukokkurinn Philippe Girardon** sem hefur þjálfað flest alla íslenska matreiðslumeistara sem hafa tekið þátt í hinni heimsþekktu Paul Bocuse keppni.

· Humar- og krabbamósaík ·
· Ljós hörpudiskur og tómata crème brûlée ·
· Steiktur lambabógur „confit“ og lambahryggur ·
· Croque-monsieur fourme d'Ambert/Mascarpone ·
· Súkkulaði-Stradivarius með „Pur Caraïbes“ súkkulaði ·

Sími: 562 0200 · perlan@perlan.is · www.perlan.is

# Ekki týpískt þungarokk

„Við erum ekki að spila týpíska þungarokkstónlist, og höfðum því til töluvert breiðari áheyrendahóps,“ segir Ási Þórðarson, trommuleikari hljómsveitarinnar Muck.

Muck gaf frá sér plötuna Slaves nú í febrúar og hefur hún verið að fá góða dóma. Um er að ræða fjórtán laga plötu sem hefur verið í vinnslu í tvö ár. „Við erum búnir að vera að nostra mikið við hana og hún hefur breyst mjög mikið frá því að tökur hófust. Lögin voru upphaflega mun hægari og með allt öðrum áherslum,“ segir Ási og bætir við að á plötunni sé meðal annars að finna fjögur lög sem voru gefin út á svokölluðu tour demo árið 2009, en í allt öðrum búningi.

Hljómsveitin er skipuð fjórum strákum á aldrinum 21 til 23 ára. Karl Torsten Ställborn og Indriði Arnar Ingólfsson annast söng og gítarspil, Loftur Einarsson spilar á bassa og Ási Þórðarson spilar, eins og áður segir, á trommur.

Ási segir strákana hlusta mikið á hljómsveitir á borð við Sonic Youth og að það skíni í gegn á plötunni. „Hvort sem fólk heyrir það eða ekki, þá hafa hljómsveitirnar sem maður hlustar á alltaf áhrif á tónlistina sem maður gerir,“ segir Ási.

Nóg er fram undan hjá hljómsveitinni. Útgáfutónleikar plötunnar Slave verða í kvöld á Gauki á Stöng



**MUCK** Loftur, Ási, Kalli og Indriði eru vel gíraðir fyrir útgáfutónleika plötu sinnar Slaves á Gauk á Stöng í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

og í framhaldinu er fjöldi tónleika og jafnvel lítill Íslandstúr í maí með dönsku hljómsveitinni Hexis. „Við viljum bara spila eins mikið og við getum, það er það eina sem við viljum gera,“ segir Ási að lokum.

**- trs**

# Hin eina sanna skósprengja

# Lokadagar

Aðeins 2 dagar eftir

Allt að 90% afsláttur

**Opið**

virka daga milli kl. 11 og 18
laugardag milli kl. 11 og 16
sunnudag milli kl. 13 og 17

Lágmarks-afsláttur 50%

**VÖRUR FRÁ:**

STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco Kringlan - Smáralind

Kaupfélagið Kringlunni - Smáralind

skór.is KRINGLAN • SMÁRALIND

Þú finnur okkur á: facebook

Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

# Harry Potter og pissupásan

Bíó ★★★☆☆

**The Woman in Black**

Leikstjórn: James Watkins

**Leikarar:** Daniel Radcliffe, Ciarán Hinds, Janet McTeer, Sophie Stuckey, Liz White

Á Englandi í upphafi síðustu aldar ferðast ungur ekkill (leikinn af Harry Potter) til afskekktrar sveitar vegna vinnu sinnar og reynir að koma mannlausu húsi á sölu. Þegar á staðinn er komið reynast þorpsbúar hinir viðskotaverstu og vilja þeir hann burt sem fyrst. Potter lætur sér ekki segjast og fer til að líta á húsið. Upphefst þá einn djöfullegasti draugagangur sem ég hef séð í kvikmynd í allnokkurn tíma og nokkrum sinnum varð ég að halda fyrir augun. Slíkt geri ég almennt ekki, enda er ég stór strákur, en andrúmsloft myndarinnar hreinlega neyddi mig til þess.

Já, það er mikill drungi yfir The Woman in Black og eymd þorpsins þar sem börnin keppast við að fyrirfara sér á sér enga hliðstæðu.



**DRUNGI** Sýnilegur viðbjóður er af skornum skammti í The Woman in Black, en þess í stað spilar myndin með ótta áhorfandans við það sem gæti leynst í myrkrinu.

Sýnilegur viðbjóður er af skornum skammti en þess í stað spilar myndin með ótta áhorfandans við það sem gæti leynst í myrkrinu. Leikstjórinn kann hrollvekjusöguna greinilega upp á tíu og vísar útlitslega til mýgrúts af klassískum hrollvekjum, og allra mest til hinnar bresku The Innocents frá 1961. Stemningu gömlu myndanna blandar hann svo saman við hávaðasaman bregðustíl nýrri mynda, sem er á köflum áhrifamikið en óþarfi þess á milli.

Þessi vel heppnaði hryllingur hélt mér í heljargreipum þar til um miðbik myndar, en þá ákvað sýningarstjórinn að kominn væri tími á pissupásu og dembdi *autotjúnuðu* partýpoppi yfir skelfda áhorfendur þar til seinasti hrollurinn var farinn úr liðinu. Ég átti verulega erfitt með að komast inn í myndina að þessu loknu og lít svo á að þarna hafi verið framið listrænt skemmdarverk. Með hvaða hætti er hægt að réttlæta það að rétt rúmlega 90 mínútna löng kvikmynd sé slitin í sundur með hléi? Að vera kippt út úr hundrað ára gömlu draugahúsi inn í vinsældarlista FM957 eyðilagði The Woman in Black fyrir mér, en ég hallast að því að hún sé frábær hrollvekja. Ég vil þó ekki fullyrða það fyrr en ég sé hana í sjónvarpi.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Eitt besta dæmið um eyðileggingarmátt pissupásunnar, en The Woman in Black er frábær fram að henni.





**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE WOMAN IN BLACK | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| WOMAN IN BLACK VIP | 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | VIP |
| PROJECT X Forsýning | kl. 10:10 | 2D | 16 |
| JOURNEY 2 3D | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 3D | 7 |
| JOURNEY 2 | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 | 2D | 7 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| BEAUTY & THE BEAST - 3D M/ísl. Tali | kl. 2 - 4 - 6 | 3D | L |
| HUGO Með texta | kl. 2 - 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 10 |
| CONTRABAND | kl. 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 | 2D | L |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE WOMAN IN BLACK | kl. 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| FRÍÐA OG DÝRIÐ ísl tal í 3D | kl. 2 | 3D | L |
| HUGO með ísl texta í 2D | kl. 3:50 | 2D | 10 |
| JOURNEY 2: THE MYSTERIOUS ISLAND | kl. 6 | 3D | 7 |
| PRÚÐULEIKARARNIR enskt tal ísl texti | kl. 2 | 2D | L |
| FJÖRFISKARNIR | kl. 3:40 | 2D | L |
| WAR HORSE | kl. 5:30 | 2D | 12 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |

**SAMBÍÓIN SELFOSS**

| | | | |
|---|---|---|---|
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| BEAUTY & THE BEAST (FRÍÐA OG DÝRIÐ) ísl. Tali | kl. 2 - 4 - 6 | 2D | L |
| PUSS IN BOOTS M/ísl. Tali | kl. 2 | 2D | L |
| THE HELP | kl. 5 | 2D | L |
| CONTRABAND | kl. 8 | 2D | 16 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 10:20 | 2D | 12 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | | |
|---|---|---|---|
| PROJECT X FORSÝNING | kl. 8 | 2D | 16 |
| THE WOMAN IN BLACK | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| JOURNEY 2 | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 3D | 7 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl tali | kl. 1 | 2D | L |
| HUGO | kl. 3:10 - 5:20 | 2D | 10 |
| HAYWIRE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| FRÍÐA OG DÝRIÐ m/ísl tali | kl. 1:20 - 3:20 | 3D | L |
| FJÖRFISKARNIR m/ísl tali | kl. 1:20 - 3:30 | 2D | L |
| PRÚÐULEIKARARNIR m/ens tali | kl. 5:40 | 2D | L |
| A FEW BEST MEN | kl. 10:10 | 2D | 12 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE WOMAN IN BLACK | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| JOURNEY 2 3D | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 | 3D | 7 |
| EXTREMELY LOUD AND INCREDIBLY CLOSE | kl. 8 | 2D | 10 |
| A FEW BEST MEN | kl. 10:10 | 2D | 12 |
| SHAME | kl. 10:40 | 2D | 16 |
| BEAUTY & THE BEAST - 3D M/ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 | 3D | L |
| THE HELP | kl. 5 | 2D | L |
| PRÚÐULEIKARARNIR | kl. 2 | 2D | L |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | | |
|---|---|---|---|
| SVARTUR Á LEIK | kl. 8 | 2D | 16 |
| THE WOMAN IN BLACK | kl. 10:20 | 2D | 16 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:10 | 2D | 12 |

MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT




**Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.**




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| SVARTUR Á LEIK | 5.50, 8 og 10.15 |
| JOURNEY 2 3D | 2(950 kr) 4 og 6 |
| SAFE HOUSE | 8 og 10.20 |
| SKRÍMSLI Í PARÍS 2D ISL TAL | 2(750 kr) og 4 |
| THE GREY | 10.15 |
| THE IRON LADY | 5.50 og 8 |
| ALVIN 3 2D ISL TAL | 2(750 kr) og 4 |




**SMÁRABÍÓ** GLERAUGU SELD SÉR — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| SVARTUR Á LEIK | KL. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| SVARTUR Á LEIK LÚXUS | KL. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| TÖFRATENINGURINN | KL. 1 (TILBOÐ) - 3.10 | L |
| HAYWIRE | KL. 5.50 - 8 | 16 |
| GHOST RIDER 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| THIS MEANS WAR | KL. 8 - 10.15 | 14 |
| STAR WARS EPISODE 1 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5.15 | 10 |
| SAFE HOUSE | KL. 10.10 | 16 |
| SKRÍMSLI Í PARÍS 3D | KL. 1 (TILBOÐ) - 3.20 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 1 (TILBOÐ) - 3.10 | L |

**HÁSKÓLABÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| SVARTUR Á LEIK | KL. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| TÖFRATENINGURINN | KL. 3.30 (TILBOÐ) - 6 | L |
| GHOST RIDER 3D ÓTEXTUÐ | KL. 8 | 12 |
| THIS MEANS WAR | KL. 8 - 10.15 | 14 |
| STAR WARS EPISODE 1 3D ÓTEXTUÐ | KL. 10.15 | 10 |
| THE DESCENDANTS | KL. 5.30 | L |
| LISTAMAÐURINN | KL. 4 (TILBOÐ) - 6 - 8 - 10 | L |
| SKRÍMSLI Í PARÍS | KL. 3.30 (TILBOÐ) | L |

**BORGARBÍÓ** SVARTUR Á LEIK KL. 6 - 8 - 10 / HAYWIRE KL. 8 16
SKRÍMSLI Í PARÍS 3D KL. 4 (TILB.) L / THIS MEANS WAR KL. 6 14
GHOST RIDER 2 3D ÓTEXTUÐ KL. 10 12 / ALVIN 3 KL. 4 (TILB.) L







LAUGARDAGUR - SUNNUDAGUR

**SMÁRABÍÓ** midi.is

| | | |
|---|---|---|
| TÖFRATENINGURINN | KL. 1 | L |
| SKRÍMSLI Í PARÍS 3D | KL. 1 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 1 | L |

**HÁSKÓLABÍÓ** midi.is

| | | |
|---|---|---|
| TÖFRATENINGURINN | KL. 3.30 | L |
| LISTAMAÐURINN | KL. 4 | L |
| SKRÍMSLI Í PARÍS 3D | KL. 3.30 | L |







**BÍÓ ★ PARADÍS**

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

**LAUGARDAGUR:** ***BLACK'S GAME (SVARTUR Á LEIK)*** **17:50, 20:00, 22:10** ■ **MACHINE GUN PREACHER 17:30, 20:00, 22:30** ■ THE AWAKENING 20:00, 22:00 ■ THE SKIN I LIVE IN 22:10 ■ THE DESCENDANTS 20:00 ■ MY WEEK WITH MARILYN 18:00 ■ ELDFJALL 18:00 **SUNNUDAGUR:** ***BLACK'S GAME (SVARTUR Á LEIK)*** **17:50, 20:00, 22:10** ■ **MACHINE GUN PREACHER 17:30, 20:00, 22:30** ■ THE AWAKENING 20:00, 22:00 ■ THE SKIN I LIVE IN 20:00 ■ THE DESCENDANTS 22:20 ■ MY WEEK WITH MARILYN 18:00 ■ ELDFJALL 18:00

ÍSL. TEXTI *ENG. SUBS*






# Eiginkona Colins Firth

**Nicole Kidman fer með hlutverk eiginkonu Colins Firth í kvikmyndinni The Railway Man sem fer í framleiðslu í næsta mánuði. Rachel Weisz átti áður að leika hlutverkið en varð að hætta við vegna leiks síns í myndunum The Bourne Legacy og Oz the Great.**

**The Railway Man er drama sem Jonathan Teplitzky leikstýrir. Hún er byggð á sjálfsævisögu Erics Lomax sem starfaði nauðugur viljugur í seinni heimsstyrjöldinni við gerð járnbrautar á milli Taílands og Mjanmar. 250 þúsund manns létust á meðan á gerð hennar stóð.**



**LEIKUR EIGINKONU** Nicole Kidman leikur eiginkonu Colins Firth í The Railway Man.

# Bizkit og Wayne starfa saman

Næsta smáskífulag hljómsveitarinnar Limp Bizkit heitir Ready to Go og það er rapparinn Lil Wayne sem er gestasöngvari í laginu.

Þetta verður fyrsta útgáfa rokkaranna síðan þeir gerðu plötusamning við Cash Money Records. „Þetta verður frábært tækifæri til að sýna heiminum að Limp Bizkit er hluti af okkur. Þetta er ekki bara rokk heldur, hipphopp-rokk," sagði stofnandi útgáfunnar, Brian „Birdman" Williams.

Limp Bizkit hefur átt erfitt uppdráttar síðustu ár. Fred Durst og félögum var sagt upp hjá útgáfunni Interscope Records eftir að sjötta platan Gold Cobra seldist miklu minna en vonir stóðu til. Sveitin er núna með nýja plötu á teikniborðinu sem á að koma út síðar á þessu ári og vonast til að lagið með Lil Wayne muni auka áhugann á henni.



**STARFA SAMAN** Hljómsveitin Limp Bizkit og rapparinn Lil Wayne starfa saman í nýju lagi.

# Top Gun 2 með höfund

Peter Craig hefur verið ráðinn handritshöfundur fyrir framhaldið af Top Gun.

Myndin kom út 1986 við miklar vinsældir. Tom Cruise fór með hlutverk flugmannsins Mavericks í aðalhlutverkinu, Tony Scott leikstýrði og Jerry Bruckheimer framleiddi. Í fyrra ákváðu þeir að búa til framhaldsmynd og núna er kominn handritshöfundur um borð. Hann hefur áður unnið við hasarmyndina The Town og þessa dagana er hann að skrifa handritið að þriðju Bad Boys-myndinni.



**TOM CRUISE** Cruise lék flugmanninn Maverick í Top Gun sem kom út 1986.



**LED ZEPPELIN** Ágóðinn af endurkomutónleikum sveitarinnar fyrir fimm árum rann í styrktarsjóð.

# Zeppelin safnaði í sjóð

**Ágóðinn af endurkomutónleikum Led Zeppelin í O2-höllinni í London í desember 2007 er hluti af fimm milljarða sjóði sem hefur verið gefinn Oxford-háskóla.**

**Það var ekkja Ahmets Ertegun, stofnanda Atlantic Records sem Led Zeppelin var á mála hjá, sem ánafnaði háskólanum peninginn. Hann verður notaður í stofnun styrktarsjóðs í nafni Ertegun-hjónanna. Bassaleikarinn John Paul Jones sagðist vera mjög stoltur af því að tónleikarnir hafi átt þátt í stofnun styrktarsjóðsins.**

DAY

BIRGER ET MIKKELSEN

Kringlan sími: 517 3190

HERRA VOR OG SUMARLÍNA 2012





HOME




www.facebook.com/DAYBirgeretMikkelsen

# sport

sport@frettabladid.is



**STEINGRÍMUR JÓHANNESSON** markahrókur lést á fimmtudaginn aðeins 38 ára að aldri. Steingrímur hafði háð harða baráttu við krabbamein síðustu mánuði. Steingrímur lék með ÍBV, Fylki, Selfoss og KFS á sínum ferli. Hann skoraði 81 mark í 221 leik í efstu deild.



**FERGUSON** Mætir með lið sitt á White Hart Lane um helgina. NORDIC PHOTOS/GETTY

Enski boltinn um helgina:

## Þéttskipaður sunnudagur

**FÓTBOLTI** Að venju verður nóg um að vera í ensku úrvalsdeildinni um helgina. Veislan byrjar í hádeginu í dag þegar Liverpool tekur á móti Arsenal og svo verður þétt dagskrá á morgun þegar boðið verður upp á þrjá leiki í röð.

Augu flestra munu þó sjálfsagt beinast að leik Tottenham og Manchester United. United er í öðru sæti og á í harðri baráttu við nágranna sína í City um toppsætið en Tottenham verður að vinna sigur til að eiga enn raunhæfa möguleika á að blanda sér í titilbaráttuna af einhverri alvöru.

Tottenham hefur átt gott tímabil og kom það Sir Alex Ferguson, stjóra Manchester United, ekki á óvart. „Í sumar ákváðu þeir að halda í Luka Modric þrátt fyrir að hafa fengið tilboð frá Chelsea sem öllum fannst mjög hátt. Það sendi öðrum leikmönnum í liðinu skýr skilaboð og bar góðan árangur. Þar til fyrir 2-3 vikum var Tottenham að spila best allra liða í deildinni,“ sagði Ferguson. **- esá**

**Leikir helgarinnar**

**Laugardagur:**

| | |
|---|---|
| 12.45 Liverpool - Arsenal | Sport 2 & HD |
| 15.00 Man. City - Bolton | Sport 2 & HD |
| 15.00 Wigan - Swansea | Sport 3 |
| 15.00 WBA - Chelsea | Sport 4 |
| 15.00 QPR - Everton | Sport 5 |
| 15.00 Blackburn - Aston Villa | Sport 6 |
| 15.00 Stoke - Norwich | |
| 12.00 Newcastle - Sunderl. | Sport 2 & HD |
| 14.05 Fulham - Wolves | Sport 2 & HD |
| 16.10 Tottenh. - Man. Utd. | Sport 2 & HD |

Landsliðsþjálfari á leið heim:

## Ágúst hættur

**HANDBOLTI** Stjórn norska handboltaliðsins Levanger hefur ákveðið að segja Ágústi Jóhannssyni upp störfum hjá félaginu.

Ágúst var búinn að gefa út fyrir nokkru að hann myndi ekki halda áfram hjá félaginu að tímabilinu loknu. Hann hættir því aðeins fyrr en áætlað var.

Óvíst er hvað Ágúst tekur sér fyrir hendur en hann er nú þjálfari íslenska kvennalandsliðsins. **- esá**



**FRÁBÆR Í GÓLFINU** Andstæðingar Gunnars eiga sér sjaldan umkomuleið þegar hann er búinn að ná þeim niður í búrinu. Það fékk Butenko að reyna fyrir viku. MYND/PÁLL BERGMANN

# Nýt mín ekki í hringnum

**Bardagakappinn Gunnar Nelson segist vera meira fyrir að æfa en keppa. Honum líði ekkert sérstaklega vel þegar hann berst. Gunnar segir að tilganginn við að fara í búrið sé að læra að verja sjálfan sig en ekki að meiða aðra.**

**BARDAGAÍÞRÓTTIR** „Það er ekki það skemmtilegasta við þetta sport að vera í hringnum. Ég get ekki sagt að ég njóti mín eitthvað sérstaklega þar,“ sagði bardagakappinn Gunnar Nelson sem var í ítarlegu viðtali í íþróttaþættinum á X-inu 977 í gær. Í viðtalinu fór Gunnar yfir víðan völl og viðurkenndi meðal annars að hann nyti sín ekki í hringnum.

Gunnar hefur unnið níu bardaga í röð í blönduðum bardagaíþróttum eftir að hafa gert jafntefli í sínum fyrsta.

„Ég hef mikla trú á sjálfum mér og hef æft með mörgum þeim bestu í heiminum. Ég hef því reynslu hvað það varðar,“ sagði Gunnar en hann vildi ekki leggja mat á það hvar hann væri staddur á meðal þeirra bestu í heiminum.

Gunnar var einnig spurður út í hvort það væri eitthvað líkt með blönduðum bardagaíþróttum og hnefaleikum að því leyti að menn veldu sér andstæðinga.

„Það er eflaust allur gangur á því. Það þarf að vera verðugur andstæðingur en það getur verið erfitt að velja. Hvað getur maður sagt um hver sé verðugur og hver ekki? Mér hefur fundist erfitt að velja mér andstæðing. Ef það er einhver sem hefur svipaða reynslu og gert það gott og talinn almennt sterkur verður það að nægja mér. Ég hef verið að mæta mönnum sem hafa aldrei tapað og unnið fleiri bardaga en ég.“

> Sportið gengur ekki út á að meiða mikið. Minn tilgangur er að ég hef áhuga á að læra að verja sjálfan mig.
>
> **GUNNAR NELSON** BARDAGAKAPPI

Gunnar keppti í sínum fyrsta bardaga um síðustu helgi eftir 17 mánaða hlé. Honum líkar betur að æfa en að keppa.

„Ég æfi svona 3-4 tíma á dag eiginlega alla daga. Öll æfing er reynsla og lærdómur,“ sagði Gunnar en hann hefur líka vakið athygli fyrir að æfa á skýlunni einni fata. „Ég byrjaði að prófa það. Fannst það mjög þægilegt og svo er ég vanafastur. Ég er samt líka í stuttbuxum stundum. Mér finnst samt best að vera í skýlunni.“

Undirbúningur Gunnars fyrir keppni er ekki óhefðbundinn á neinn hátt en hann notar samt ekki tónlist né er hann hjátrúarfullur.

„Ég er ekki með neina tónlist í gangi. Byrja að hita mig upp 40 mínútum fyrir bardaga. Þá líðkar maður sig og byrjar að finna flæðið. Svo fæ ég einn á móti mér og við tuskumst aðeins til. Svo fimm mínútum fyrir bardaga þá byrja ég að slaka á.“

Blandaðar bardagaíþróttir eða MMA er mjög gróft sport þar sem ansi margt er leyft. Mörgum finnst að Gunnar sé stundum of drenglyndur í hringnum og nýti ekki alla þá möguleika sem hann hefur til þess að meiða andstæðinginn og draga þar með úr honum mátt.

„Sportið gengur ekki út á að meiða mikið. Hver velur sinn tilgang þarna eins og í lífinu. Ef tilgangurinn er að meiða er það ekki jákvætt. Minn tilgangur er að ég hef áhuga á að læra að verja sjálfan mig. Þar held ég að áhuginn spretti fyrst upp. Það er sjálfsvarnaráhugi. Auðvitað vita báðir einstaklingarnir í hringnum að þeir geta meitt sig og þetta getur verið sárt. Auðvitað er þetta „brútal“ sport en við erum að læra að verjast.“

Gunnar hefur einnig verið að keppa í brasilísku jiu jitsu og hann er ekki hættur þar.

„Ég á pottþétt eftir að keppa á Abu Dhabi-mótinu aftur. Það var mjög skemmtileg keppni. Hún verður vonandi í Japan næst því mig hefur alltaf langað að fara til Asíu,“ sagði Gunnar sem hefur einnig keppt í júdó.

„Mér finnst júdóið mjög skemmtilegt. Það er gaman að mæta júdómönnum því þeir hafa öðruvísi orku og tækni. Ég hef tapað þar og hef oft tapað,“ sagði Gunnar léttur en hann hefur ekki spáð í því að taka þátt í Íslandsglímunni. **henry@frettabladid.is**



**MARKAHRÓKUR** Arnar fagnar hér marki með Leicester. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Farsælum ferli lokið:

## Arnar leggur skóna á hilluna

**FÓTBOLTI** Knattspyrnumaðurinn Arnar Gunnlaugsson hefur endanlega lagt skóna á hilluna. Þetta staðfesti hann í samtali við fréttastofu í dag og sagðist vera sáttur við að hætta á þessum tímapunkti eftir gott tímabil með Fram í fyrra.

Arnar lék með þrettán félögum á ferlinum sem spannar rúm tuttugu ár. Hann gerði garðinn frægan með Skagamönnum og síðan með félögum eins og Feyenoord Bolton og Leicester.

Hann lék einnig meðal annars með FH, KR og Val. Hann er einn mesti markaskorari Íslands frá upphafi. Arnar verður 39 ára á morgun en tvíburabróðir hans Bjarki æfir með FH af fullum krafti. **- hm**



**MARGRÉT LÁRA** Er enn að glíma við meiðsli aftan í lærum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Margrét Lára Viðarsdóttir:

## Spöruð í gær

**FÓTBOLTI** Margrét Lára Viðarsdóttir, markahæsti leikmaður íslenska kvennalandsliðsins frá upphafi, tók ekki þátt í leiknum á móti Svíum í gær. Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari ákvað að gefa henni frí.

„Margrét Lára finnur fyrir meiðslum og stífleika aftan í lærunum. Hún er að fara í mikið og stíft leikjaprógramm með Potsdam stuttu eftir mótið og svo er aftur landsleikur hjá okkur í byrjun apríl. Við hefðum ekki gert neinum greiða með því að spila henni of mikið,“ sagði Sigurður Ragnar. Íslenska liðið mætir næst Kína á mánudaginn og þá má búast við því að Margrét Lára komi aftur inn í íslenska byrjunarliðið. **- óój**


**Íslandsmótið í borðtennis 2012 í TBR-Íþróttahúsinu**

**Mótið hefst laugardaginn 3. mars kl. 11.00** með tvenndarkeppni. Keppt er í 9. flokkum.

**Sunnudaginn 4. mars hefjast úrslitaleikir**

- kl. 11.30 í 1. og 2. flokki karla og kvenna
- kl. 12.30 Úrslitaleikir í tvíliðaleik karla og kvenna
- kl. 14.00 Úrslitaleikir í meistaraflokki karla og kvenna

**Verðlaunaafhending sunnudaginn 4. mars kl. 14.30**

Áhugamenn um borðtennis fjölmennið í TBR-Íþróttahúsið og sjáið spennandi keppni


Sigurður Ragnar Eyjólfsson eftir 1-4 tap á móti Svíum á Algarve í gær:

## Ekki gaman að koma inn í hálfleik

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið tapaði sínum öðrum leik í röð í Algarve-bikarnum í gær þegar liðið lá 1-4 á móti sterku sænsku liði. Slæmur fyrri hálfleikur varð íslenska liðinu að falli en sænska liðið skoraði fjögur mörk á fyrstu 38 mínútum leiksins þar af tvö þeirra á fyrstu tólf mínútunum. Dóra María Lárusdóttir minnkaði muninn í 2-1 með marki úr víti sem Hólmfríður Magnúsdóttir gerði vel í að fá.

„Við vorum í basli í öftustu vörn og í markvörslu í þessum leik og hefðum getað gert betur þar. Það var margt fínt öðru hverju í leiknum og við náðum upp fínu spili. Þær nýttu sín færi vel en þær fengu samt alltof mörg færi í leiknum. Við eigum ekki að gefa svona mörg færi á okkur,“ sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari eftir leikinn.



**HÓLMFRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR** Stóð sig vel í framlínunni. MYND/GETTYIMAGES

„Það er fínt fyrir okkur að fá svona leik á þessum tímapunkti þar sem reynir verulega á vörnina okkar, sérstaklega þar sem við erum að reyna að skoða leikmenn í þessum stöðum,“ sagði Sigurður.

„Það var ekki gaman að koma inn í hálfleik og vera 4-1 undir en mér fannst samt leikmenn vera að reyna að gera vel og að leggja sig fram. Þetta var ekki alslæmt og við erum meira að horfa á frammistöðu leikmanna heldur en úrslit leikjanna í þessu móti,“ sagði Sigurður Ragnar en næsti leikur er við Kína á mánudaginn. **- óój**

Grindvíkingar deildarmeistarar eftir dramatískan sigur, 87-85, á KR:

# Mátti ekki tæpara standa í Röstinni

**KÖRFUBOLTI** Grindvíkingar tryggðu sér deildarmeistaratitilinn með dramatískum sigri á KR í Röstinni suður með sjó. Joshua Brown, leikstjórnandi KR, fékk tækifæri til þess að jafna leikinn af vítalínunni á lokasekúndunum en aðeins fyrra skotið rataði ofan í.

Leikurinn var jafn frá upphafi til enda og ómögulegt að sjá hvort liðið myndi sigra. Í hvert skipti sem hlutirnir virtust vera að snúast á sveif með öðru liðinu svaraði hitt í sömu mynt og úr varð stórkostleg skemmtun fyrir áhorfendur.

Grindvíkingar lönduðu að lokum dramatískum sigri og tryggðu sér um leið deildarmeistaratitilinn þegar fjórar umferðir eru enn óleiknar. Frábær árangur en Grindvíkingar hafa aðeins tapað einum leik í deildinni í vetur. Fögnuður leikmanna og stuðningsmanna var mikill í leikslok.

„Þetta er frábær tilfinning, við getum fagnað smávegis en við eigum mikla vinnu fyrir höndum. Það er úrslitakeppnin sem telur," sagði J'Nathan Bullock sem var atkvæðamikill venju samkvæmt hjá Grindvíkingum.

Helgi Jónas Guðfinnsson, þjálfari Grindavíkur, tók undir með Bullock en sagði sína menn þurfa að vinna í varnarleiknum.

„Það er svo sem ágætt að hafa eitthvað að gera það sem eftir er tímabils," sagði Helgi Jónas sem var ekki viss hvort hans menn fengju að fagna titlinum af krafti um kvöldið.

Hrafn Kristjánsson, þjálfari KR, var svekktur en kvartaði ekki.

„Strákarnir stóðu saman allan leikinn og hefðu vel getað tekið þennan leik," sagði Hrafn.

- ktd



**BARÁTTA** Það var ekkert gefið eftir í Röstinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## ÚRSLIT

*IE-deild karla:*

**Grindavík-KR 87-85**

Grindavík: Giordan Watson 25/4 fráköst, J'Nathan Bullock 23/9 fráköst, Ryan Pettinella 9/4 fráköst, Þorleifur Ólafsson 9, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 8/6 fráköst, Jóhann Árni Ólafsson 5/4 fráköst, Ólafur Ólafsson 3, Björn Steinar Brynjólfsson 3, Páll Axel Vilbergsson 2/7 fráköst, Þorsteinn Finnbogason 0, Ómar Örn Sævarsson 0, Ármann Vilbergsson 0.

KR: Joshua Brown 21/4 fráköst/5 stoðsendingar/5 stolnir, Hreggviður Magnússon 14/7 fráköst, Finnur Atli Magnusson 11/6 fráköst, Dejan Sencanski 9, Martin Hermannsson 8, Skarphéðinn Freyr Ingason 8, Robert Lavon Ferguson 7/6 fráköst, Jón Orri Kristjánsson 4/4 fráköst, Emil Þór Jóhannsson 3, Darri Freyr Atlason 0, Páll Fannar Helgason 0, Björn Kristjánsson 0.

**Fjölnir-Þór Þ. 86-105**

Fjölnir: Calvin O'Neal 26/4 fráköst/5 stoðsendingar, Nathan Walkup 19, Arnþór Freyr Guðmundsson 13/9 fráköst, Jón Sverrisson 13/10 fráköst, Björgvin Hafþór Ríkharðsson 11/4 fráköst, Hjalti Vilhjálmsson 3, Trausti Eiríksson 1, Haukur Sverrisson 0, Tómas Daði Bessason 0, Daði Berg Grétarsson 0, Gunnar Ólafsson 0, Gústav Davíðsson 0.

Þór Þorlákshöfn: Matthew James Hairston 28/14 fráköst/8 varin skot, Darrin Govens 25/5 fráköst/6 stoðsendingar, Guðmundur Jónsson 21, Darri Hilmarsson 13/7 fráköst, Blagoj Janev 9, Baldur Þór Ragnarsson 9, Bjarki Gylfason 0, Þorsteinn Már Ragnarsson 0, Vilhjálmur Atli Björnsson 0, Emil Karel Einarsson 0, Erlendur Ágúst Stefánsson 0.

**ÍR-Valur 102-95**

ÍR: Robert Jarvis 29/7 fráköst, Rodney Alexander 24/8 fráköst, Nemanja Sovic 13, Þorvaldur Hauksson 10, Kristinn Jónasson 7, Níels Dungal 6, Hjalti Friðriksson 6/4 fráköst, Eiríkur Önundarson 5/4 fráköst, Ellert Arnarson 2, Friðrik Hjálmarsson 0, Ragnar Bragason 0.

Valur: Birgir Björn Pétursson 27/6 fráköst, Marvin Andrew Jackson 21/7 fráköst, Ragnar Gylfason 19/6 fráköst, Snorri Þorvaldsson 8/5 fráköst, Alexander Dungal 6, Hamid Dicko 6, Ágúst Hilmar Dearborn 4, Kristinn Ólafsson 2, Benedikt Blöndal 2/4 fráköst, Sigurður Skúli Sigurgeirsson 0, Hlynur Logi Víkingsson 0.

**STAÐAN:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Grindavík | 18 | 17 | 1 | 1641-1419 | 34 |
| **Stjarnan** | **18** | **12** | **6** | **1569-1472** | **24** |
| Þór Þ. | 18 | 12 | 6 | 1545-1447 | 24 |
| **Keflavík** | **18** | **12** | **6** | **1623-1508** | **24** |
| KR | 18 | 11 | 7 | 1595-1543 | 22 |
| **Snæfell** | **18** | **9** | **9** | **1687-1605** | **18** |
| Tindastóll | 18 | 9 | 9 | 1512-1568 | 18 |
| **Njarðvík** | **18** | **8** | **10** | **1513-1529** | **16** |
| ÍR | 18 | 7 | 11 | 1581-1665 | 14 |
| **Fjölnir** | **18** | **7** | **11** | **1536-1638** | **14** |
| Haukar | 18 | 4 | 14 | 1386-1493 | 8 |
| **Valur** | **18** | **0** | **18** | **1370-1671** | **0** |








## > Marisa Tomei

„Ég tæki leik í bíómyndum ekki endilega fram yfir leik á sviði. Það eina sem ég tek fram yfir er launaseðillinn.“

***Marisa Tomei þarf líklegast ekki að hafa áhyggjur af fjárhagsstöðu sinni miðað við fjölda mynda sem hún hefur leikið í. Tomei leikur í myndinni Someone Like You á Stöð 2 Bíó í dag klukkan 08.00 og 14.00.***

# dagskrá
## sunnudagur

## SUNNUDAGSKVÖLD

### > Stöð 2 kl. 21.05
### Homeland

***Claire Danes og Damien Lewis leika aðalhlutverkin í þessari mögnuðu spennuþáttaröð sem hefur slegið í gegn í bandarísku sjónvarpi í vetur. Þættirnir hlutu á dögunum Golden Globe-verðlaunin sem besta dramaþáttaröðin auk þess sem Claire Danes var valin besta leikkonan í dramaþáttum. Hún leikur Carrie Mathieson sem starfar fyrir bandarísku leyniþjónustuna og fær upplýsingar um að hryðjuverkasamtök hafi náð að snúa bandarískum stríðsfanga á sitt band. Skömmu síðar frelsa bandarískir hermenn félaga sinn sem hafði verið í haldi hryðjuverkamanna í átta ár og var talinn af. Hermaðurinn, Nick Brody, snýr heim sem þjóðhetja en Carrie er sannfærð um að hann sé föðurlandssvikari og vinni með hryðjuverkamönnum.***



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.03** Morgunandakt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Á tónsviðinu **09.00** Fréttir **09.03** Íslensk menning **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Reisubók Gúllívers **11.00** Guðsþjónusta í Lindakirkju **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Víðsjá **14.00** Útvarpsleikhúsið: Í Undralandi **15.00** Öryggissjóður verkalýðsins **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Úr tónlistarlífinu: Tectonics hátíðin **17.27** Vinnustofan **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skorningar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óskalögin **19.40** Fólk og fræði **20.10** Hljóðritasafnið **21.05** Tilraunaglasið **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Sker **23.15** Sagnaslóð **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**

**10.30 Hljómskálinn** (1:6) (e)

**11.30 Djöflaeyjan** (e)

**12.10 Meistaradeild í hestaíþróttum** (e)

**12.30 Silfur Egils**

**13.50 Síðustu forvöð - Nashyrningarnir snúa aftur** (Last Chance to See: Return of the Rhino)

**14.55 Helle Thorning-Schmidt** (e)

**15.30 Íslandsmótið í handbolta** BEINT frá leik í N1-deildinni.

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Skellibær** (47:52)

**17.40 Teitur** (24:52)

**17.50 Veröld dýranna** (46:52)

**17.55 Pip og Panik** (3:13)

**18.00 Stundin okkar**

**18.25 Heilabrot** (Hjärnstorm II) Teknir eru fyrir ýmsir þættir í hugsun og hegðun manna.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.40 Landinn**

**20.15 Höllin** (6:20) (Borgen)

**21.15 Sögueyjan: Ísland í Frankfurt** Bókasýningin er haldin í október á hverju ári. Hátt í 200 íslensk verk voru þýdd af þessu tilefni og ný útgáfa Íslendingasagna kom út hjá virtu þýsku bókaforlagi.

**22.15 Sunnudagsbíó - Visnuð blóm** (Broken Flowers)

**00.00 Silfur Egils** (e)

**01.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Someone Like You**

**10.00 Three Amigos**

**12.00 Toy Story 3**

**14.00 Someone Like You**

**16.00 Three Amigos**

**18.00 Toy Story 3**

**20.00 Temple Grandin**

**22.00 Inglourious Basterds**

**00.30 Five Fingers**

**02.00 Journey to the End of the Night**

**04.00 Inglourious Basterds**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**12.00 Spaugstofan**

**12.30 Nágrannar**

**13.10 Nágrannar**

**13.50 Nágrannar**

**14.15 American Dad** (9:18)

**14.35 Friends** (1:24)

**15.00 American Idol** (16:39)

**16.25 Kalli Berndsen - Í nýju ljósi** (9:10)

**16.55 Spurningabomban** (6:10)

**17.40 60 mínútur**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**19.15 Frasier** (23:24) Sígildir og margverðlaunaðir gamanþættir um útvarpsmanninn Dr. Frasier Crane.

**19.40 Sjálfstætt fólk** (21:38) Jón Ársæll heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum, tekur hús á áhugaverðu fólki og kynnist því eins og honum einum er lagið. Þátturinn hefur hlotið flest verðlaun sjónvarpsþátta í sögu Edduverðlaunanna en þetta er tíunda þáttatöðin.

**20.20 The Mentalist** (11:24)

**21.05 Homeland** (1:13) Stórbrotin þáttaröð í anda 24 með Clare Danes í aðalhlutverki.

**22.00 Boardwalk Empire** (4:12) Önnur þáttaröð af þessari margverðlaunuðu seríu sem skartar Steve Buscemi í hlutverki stórkallsins Nucky Thompson, sem réði lögum og lofum í Atlantic City á bannárunum snemma á síðustu öld.

**22.55 60 mínútur**

**23.45 The Daily Show: Global Edition**

**00.10 The Glades** (9:13)

**01.00 Supernatural** (4:22)

**01.40 The Deep** Fyrri hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar frá BBC með þeim Minnie Driver, James Nesbitt og Goran Visnjic í aðalhlutverkum. Þau leika áhöfn á kafbátnum Orpheus sem er í vísindalegum leiðangri en lenda í miklum hremmingum og kafbáturinn strandar þúsundum metra undir norðurheimskautinu. Hópurinn þarf að takast á innbyrðis og finna leið til að komast aftur upp á yfirborðið.

**03.15 The Deep** Seinni hluti

**04.50 The Mentalist** (11:24)

**05.30 Fréttir**

## 2 SPORT *besta sætið*

**09.50 Spænski boltinn: Barcelona - Sporting**

**11.35 The Masters** Útsending frá lokadeginum á fyrsta risamóti ársins.

**16.25 Þýski handboltinn: Fuchse Berlin - Göppingen** BEINT

**18.05 Einvígið á Nesinu** Flestir af bestu kylfingum landsins samankomnir.

**19.00 Kobe Doin' Work** Í þessari mögnuðu mynd fylgjumst við með einum degi í lífi Kobe Bryant.

**20.30 L.A Lakers - Miami** BEINT

**23.30 Spænski boltinn: Real Madrid - Espanyol**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**08.15 Man. City - Bolton**

**10.05 Liverpool - Arsenal**

**11.50 Newcastle - Sunderland** BEINT

**13.55 Fulham - Wolves** BEINT

**16.00 Tottenham - Man. Utd.** BEINT

**18.10 Sunnudagsmessan**

**19.30 Newcastle - Sunderland**

**21.20 Sunnudagsmessan**

**22.40 Tottenham - Man. Utd.**

**00.30 Sunnudagsmessan**

**01.50 Fulham - Wolves**

**03.40 Sunnudagsmessan**

## 2 EXTRA

**15.35 Íslenski listinn**

**16.00 Bold and the Beautiful**

**16.40 Bold and the Beautiful**

**17.20 Bold and the Beautiful**

**17.40 Falcon Crest** (9:30)

**18.30 ET Weekend**

**19.15 Ísland í dag - helgarúrval**

**19.40 The Glee Project** (9:11)

**20.25 American Idol** (14:39) (15:39) (16:39)

**00.35 Damages** (9:13) (10:13)

**02.00 Falcon Crest** (9:30)

**02.50 ET Weekend**

**03.35 Íslenski listinn**

**04.00 Sjáðu**

**04.25 Fréttir Stöðvar 2**

**05.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**14.00** Heilsuþáttur Jóhönnu

**14.30** Gamansaman

**15.00** Frumkvöðlar

**15.30** Eldhús meistranna

**16.00** Hrafnaþing

**17.00** Græðlingur

**17.30** Svartar tungur

**18.00** Tveggja manna tal

**18.30** Tölvur tækni og vísindi

**19.00** Fiskikóngurinn

**19.30** Bubbi og Lobbi

**20.00** Hrafnaþing

**21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur

**21.30** You tube spjallið

**22.00** Hrafnaþing

**23.00** Motoring

**23.30** Eldað með Holta

## N4

**Endursýnt efni frá liðinni viku.**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**10.10 Dr. Phil** (e)

**10.45 Dr. Phil** (e)

**11.30 Dr. Phil** (e)

**12.15 Dynasty** (5:22) (e)

**13.00 90210** (7:22) (e)

**13.50 America's Next Top Model** (12:13) (e)

**14.40 Once Upon A Time** (9:22) (e)

**15.30 HA?** (23:31) (e)

**16.20 BRIT Awards 2012** (e)

**17.50 The Office** (20:27) (e)

**18.15 Matarklúbburinn** (3:8) (e)

**18.40 Survivor** (13:16) (e)

**19.25 Survivor** (14:16) Þeir fimm keppendur sem eftir eru keppa um friðhelgi og pizzu-veislu með því að ráða púslþraut. Á endurlausnareyju er barist upp á líf og dauða.

**20.10 Top Gear Australia** (3:6) Ástralska útgáfa Top Gear páttanna hefur notið mikilla vinsælda en þátturinn er í umsjá þeirra Shane og Ewens. Skrattinn hittir ömmu sína þegar Shane, Ewen og Steve etja kappi við nýsjálenskan frænda The Stig sem þeir kalla The Stug.

**21.00 Law & Order: Special Victims Unit** (23:24)

**21.50 The Walking Dead** (5:13) Rick og Shane rífast um hvort leita ætti að Sophiu eða ekki enda eru uppvakningar á ferli að nóttu sem degi.

**22.40 Blue Bloods** (3:22) (e)

**23.30 Prime Suspect** (6:13) (e)

**00.20 The Walking Dead** (5:13) (e)

**01.10 Whose Line is it Anyway?** (21:39) (e)

**01.35 Smash Cuts** (30:52) (e)

**02.00 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** The Honda Classic 2012 (3:4) **12.00** Golfing World **12.50** The Honda Classic 2012 (3:4) **17.35** Inside the PGA Tour (9:45) **18.00** The Honda Classic 2012 (4:4) **23.00** Presidents Cup Official Film 2009 (1:1) **23.50** ESPN America

## BBC entertainment

**06.15** Fawlty Towers **07.20** EastEnders **09.20** Come Dine With Me **11.50** QI **14.20** Top Gear **15.10** Come Dine With Me **16.50** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **17.35** The Graham Norton Show **19.05** Lee Evans Live from the West End **20.00** Derren Brown: How To Be A Psychic Spy **20.50** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **21.35** QI **22.35** Lee Evans Live from the West End **23.25** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **00.10** Deal or No Deal **04.45** Keeping Up Appearances **05.15** The Weakest Link

## DR 1

**09.25** Isa´s stepz **09.40** Isa´s stepz **09.55** Osman og Jeppe **10.10** Gepetto News **10.40** Conrad og Bernhard **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** BingoBoxen **11.25** Fadumos vej **12.00** Ved du hverm du er? **13.00** Gudstjeneste i DR Kirken **13.45** Verdens børn er blevet voksne **14.15** Krummerne **15.40** Lykke **16.40** Tæt på en dronning **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Oceaner af liv **19.00** Lykke **20.00** 21 Søndag **20.40** Fodboldmagasinet **21.10** Clement Søndag **21.50** McBride **23.15** Generation Udenfor

## NRK 1

**06.30** Skiskyting **09.45** V-cup alpint **11.30** Høydepunkter Vasaloppet **11.50** VM skiskyting **13.15** V-cup langrenn **14.40** VM skiskyting **16.00** Sport i dag **16.30** Underveis **17.00** Bokprogrammet **17.30** Newton **18.00** Søndagsrevyen **18.45** Sportsrevyen **19.30** Fjellfolk **20.10** Erobreren **21.10** Prins Harry og heltene i Arktis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Rally **22.45** Filmens historie **23.45** Broen **00.45** Mesternes mester **01.45** Orions belte **03.15** Team Bachstad **03.45** Norge rundt **06.00** Morgennytt

## svt1

**06.30** Skidor **08.00** Rapport **08.05** Skidor **12.00** Alpint **12.45** Skidor **13.15** Alpint **14.00** Skidor **14.20** Handboll **16.10** Dag **16.35** Fikapaus **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Landet runt **18.00** Sportspegeln **18.30** Rapport **18.55** Regionala nyheter **19.00** Så ska det låta **20.00** Äkta människor **21.00** Damages **21.50** Melodifestivalen 2012 **23.20** Rapport **23.25** Antikrundan **00.25** Rapport **00.30** 30 grader i februari **01.30** Rapport **01.35** Sportspegeln **02.05** Hübinette **02.35** Rapport

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





TEKK COMPANY

Kauptúni og Kringlunni – Sími 564 4400 – www.tekk.is
OPIÐ: MÁN. – FÖS. KL. 10–18 / LAU. KL. 10–17 / SUN. KL. 13–17

2 SPORT
besta sætið

TRYGGÐU ÞÉR BÁÐAR STÖÐVARNAR!

2 SPORT 2
enski boltinn

# SPORT Í MARS

Vinsælustu íþróttir í heimi • sérútgáfa • mars 2012



**MANCHESTER ER NÝR MIÐPUNKTUR EVRÓPU**
United og City í Evrópudeildinni

**RONALDO VS MESSI**
Bestu leikmenn heims í 16 og 8 liða úrslitum Meistaradeildarinnar

**SEX HEIMSMEISTARAR Á RÁSLÍNUNNI**
Formúlan hefst 18. mars

**RAUÐI HERINN ÆTLAR AFTUR Á WEMBLEY**
8 liða úrslit í elstu bikarkeppni í heimi

Stöð 2 Sport og fylgistöðvar
**216 KR.**
Á DAG
KAUPTU ÁSKRIFT Á STOD2.IS

**5 UMFERÐIR Í ENSKA FJÖLMARGIR STÓRLEIKIR**

Liverpool - Arsenal 3. mars
Tottenham - Man. Utd. 4. mars
Liverpool - Everton 13. mars
Man. City - Chelsea 19. mars
Chelsea - Tottenham 24. mars

**TOPPSLAGURINN Í ÞÝSKA HANDBOLTANUM**

LIVERPOOL - ARSENAL Í DAG KL. 12:35

# STEVEN GERRARD

RISAMÁNUÐUR FYRIR RAUÐA HERINN

Kærasti Shakiru ætlar að vinna MEISTARA-DEILDINA

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



> **Stöð 2 Sport 2 kl. 12.35**

**Liverpool - Arsenal**

*Bein útsending frá stórleik Liverpool og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni. Þetta er einn af stærstu leikjum tímabilsins og það má búast við miklu fjöri á Anfield. Hvorugt lið má við því að missa stig í baráttunni um Meistaradeildarsæti.*

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞORGILS JÓNSSON OG KJÁNALEGAR GULLSTYTTUR

# Meðalmennska, prjál og ómark

Ég horfði á hluta af hinni árlegu Óskarsverðlaunahátíð um síðustu helgi og þar rann upp fyrir mér að ég hef nákvæmlega engan áhuga á þessu uppprumpaða glimmerrú#$i sem þetta er orðið.

Ég hafði gaman af þessu hér í denn, þegar Billy Crystal lagði sig fram við skemmtiatriðin, en síðustu ár hefur þetta verið eins fyrirsjáanlegt og leiðinlegt og hægt er. Allt er gert til að sjá til þess að allt verði slétt og fellt. Ekki fer akademían að ráða Ricky Gervais eða einhvern álíka, en er ekki of langt gengið að reyna að halda húmoristum sem gætu gert eitthvað fyndið í burtu frá hátíðinni eins og þeir reyndu (en mistókst) í þetta sinn. Guð forði okkur frá því að eitthvað skemmtilegt gerist! (Hafðu þetta, Ryan Seacrest).

Mestur glansinn er svo sem farinn af þessu havarí í mínum augum. Sorrý, en ef Cher, Cuba Gooding Jr. og Sandra Bullock hafa unnið leikaraverðlaun sem Gary Oldman hefur ekki þótt eiga skilið og Titanic fékk tólf verðlaun, þá er ekkert að marka þau.

Kannski betra að sleppa við þetta ef maður vill ekki eiga á fæti Nicolas Cage-bölvunina. Sá mæti maður hafði átt afbragðsferil fram að Óskarsverðlaununum árið 1995, en hefur á þeim 17 árum sem liðið hafa, leikið aðalhlutverk í aðeins tveimur klassamyndum, en óendanlegri röð af myndum sem eru margar hverjar blettur á kvikmyndasögunni.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.36** Bæn **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **08.00** Morgunfréttir **08.05** Við sjávarsíðuna **09.00** Fréttir **09.03** Út um græna grundu **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Kvika **11.00** Vikulokin **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Flakk **14.00** Til allra átta **14.40** Listræninginn **15.20** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Glæta **17.05** Matur er fyrir öllu **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skurðgrafan **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óperukvöld Útvarpsins: Góðhjartaði ruddinn (Il burbero die buon cuore) **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.20** Fyrr og nú **23.15** Stefnumót **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.20 Gettu betur** (2:7) (Menntaskólinn í Reykjavík - Fjölbrautaskólinn í Garðabæ) (e)
**11.30 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**12.10 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**13.00 Söngkeppni Samfés 2012** Bein útsending frá Söngkeppni Samfés, samtaka félagsmiðstöðva, í Laugardalshöll.
**16.00 Stones í útlegð** (Stones in Exile)
**17.00 Kiljan** (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**17.58 Bombubyrgið** (Blast Lab) (e)
**18.25 Úrval úr Kastljósi**
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Ævintýri Merlíns** (8:13) (The Adventures of Merlin)
**20.30 Hljómskálinn** (1:6) (Íslensku tónlistarverðlaunin) Þessi fyrsti þáttur nýrrar syrpu er helgaður Íslensku tónlistarverðlaununum sem afhent voru í Hörpu 29. febrúar.
**21.35 Júra-garðurinn** (Jurassic Park)
**23.40 Í heljargreipum** (Butterfly on a Wheel) Siðvillingur rænir telpu og heldur foreldrum hennar í heljargreipum í sólarhring. Meðal leikenda eru Pierce Brosnan, Maria Bello og Gerard Butler. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**01.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### 2 BÍÓ

**08.15 10 Items of Less**
**10.00 Rain man**
**12.10 Unstable Fables: 3 Pigs & a Baby**
**14.00 10 Items of Less**
**16.00 Rain man**
**18.10 Unstable Fables: 3 Pigs & a Baby**
**20.00 Angels & Demons**
**22.15 War**
**00.00 Notorious**
**02.05 Zodiac**
**04.00 War**
**06.00 Temple Grandin**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**11.15 The Glee Project** (9:11)
**12.00 Bold and the Beautiful**
**12.40 Bold and the Beautiful**
**13.20 Bold and the Beautiful**
**13.40 American Idol** (14:39)
**15.00 The Block** (9:9)
**16.10 Sjálfstætt fólk** (20:38)
**16.50 ET Weekend**
**17.30 Íslenski listinn** Brynjar Már Valdimarsson og Erna Hrönn Ólafsdóttir kynna íslenska listann þar sem tuttugu vinsælustu lög vikunar eru kynnt ásamt tveimur nýjum sem líkleg eru til vinsælda. Fastir liðir þáttarins eru Betri stofan, Spjallið, Poppskúrinn og fréttir af frægа fólkinu.
**17.55 Sjáðu**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.49 Íþróttir**
**18.56 Lottó**
**19.04 Ísland í dag - helgarúrval**
**19.29 Veður**
**19.35 Spaugstofan**
**20.05 You Again** Gamanmynd með Kirsten Bell, Sigourney Weaver og Jamie Lee Curtis í aðalhlutverkum. Marni er almannatengill sem heldur á heimaslóðir til að vera viðstödd brúðkaup bróður síns og uppgötvar að hann ætlar að kvænast óvini hennar úr menntaskóla.
**21.50 Jesse Stone: Thin Ice** Skotheld spennumynd með Tom Selleck í hlutverki lögreglustjórans harðgera, Jesse Stone. Nú lendir hann og aðstoðarmaður hans í skotárás í ólöglegu umsátri í Boston.
**23.15 Cadillac Records** Mögnuð mynd byggð á raunverulegum atburðum og fjallar um velgengni og gjaldþrot Chess Records.
**01.00 Quarantine** Ekta hrollvekja um sjónvarpsfréttakonuna Angelu Vidal og myndatökumann hennar sem fylgja slökkviliði í neyðarútkall til íbúðarhúss sem talið er í hættu vegna dularfullrar sýkingar.
**02.30 Premonition** Spennandi mynd með Söndru Bullock í aðalhlutverki.
**04.05 ET Weekend**
**04.45 Spaugstofan**
**05.10 Friends** (1:24)
**05.35 Fréttir**

### 2 SPORT *besta sætið*

**09.15 England - Holland**
**11.00 Spænsku mörkin**
**11.35 The Masters 14.40 Fréttaþáttur Meistarad. Evrópu**
**15.10 Golfskóli Birgis Leifs** (7:12)
**15.35 NBA All Star Game**
**17.25 Guru of Go** Paul Westhead.
**18.20 La Liga Report**
**18.50 Spænski boltinn:** BEINT
**21.00 Bernard Hopkins - Chad Daw**
**22.35 Spænski boltinn: Barcelona - Sporting**

### 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**09.20 Premier League Review 2011/12**
**10.15 Man. City - Blackburn**
**12.05 Premier League Preview**
**12.35 Liverpool - Arsenal** BEINT
**14.45 Man. City - Bolton** BEINT
**17.05 Leeds - Southampton**
**19.10 Wigan - Swansea**
**21.00 WBA - Chelsea**
**22.50 QPR - Everton**
**00.40 Blackburn - Aston Villa**
**02.30 Liverpool - Arsenal**

### 2 EXTRA

**16.40 Nágrannar**
**17.20 Nágrannar**
**18.00 Nágrannar**
**18.25 Cold Case** (13:22)
**19.10 Spurningabomban** (6:10)
**20.05 Týnda kynslóðin** (25:40)
**20.35 Twin Peaks** (10:22)
**21.25 Numbers** (9:16)
**22.10 The Closer** (11:15)
**22.55 Bones** (4:23)
**23.40 Til Death** (14-18:18)
**01.10 Cold Case** (13:22)
**01.55 Íslenski listinn**
**02.20 Sjáðu**
**02.45 Spaugstofan**
**03.10 Týnda kynslóðin** (25:40)
**03.35 Spurningabomban** (6:10)
**04.25 Fréttir Stöðvar 2**
**05.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**14.05 Dr. Phil** (e)
**14.45 Dr. Phil** (e)
**15.30 Dynasty** (4:22) (e)
**16.15 Got to Dance** (1:15) (e)
**17.05 Innlit/útlit** (3:8) (e)
**17.35 The Firm** (1:22) (e)
**18.25 The Jonathan Ross Show** (15:19) (e)
**19.15 Minute To Win It** (e)
**20.00 America's Funniest Home Videos** (3:48)
**20.25 Eureka** (9:20)
**21.15 Once Upon A Time** (9:22) Emma kennir í brjóst um heimilislaus systkini og reynir að hjálpa þeim að finna föður sinn áður en þeim er komið fyrir á fóstur. Í ævintýraheimi fær vonda drottningin Hans og Grétu til að stela grip af blindri norn.
**22.05 BRIT Awards 2012** Upptaka frá stærstu verðlaunahátíð Evrópu þar sem allar skærustu stjörnurnar í tónlistarbransanum koma fram. Veitt verða verðlaun í ýmsum flokkum tónlistar fyrir árið 2011. Þetta er 32. skiptið sem þessi verðlaunahátíð.
**23.35 Moonstruck** Rómantísk Óskarsverðlaunamynd frá árinu 1987. Cher leikur ekkju af ítölskum uppruna sem er nýbúin að jarða manninn sinn. Hún reynir í kjölfarið að finna þann eina rétta með sprenghlægilegum afleiðingum.
**01.20 HA?** (23:31) (e)
**02.10 Jimmy Kimmel** (e)
**02.55 Whose Line is it Anyway?** (e)
**03.20 Real Hustle** (5:20) (e)
**03.45 Smash Cuts** (29:52) (e)
**04.10 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** The Honda Classic 2012 (2:4) **10.00** World Golf Championship 2012 (4:5) **13.45** Inside the PGA Tour (9:45) **14.10** The Honda Classic 2012 (2:4) **17.10** Golfing World **18.00** The Honda Classic 2012 (3:4) **23.00** LPGA Highlights (3:20) **00.20** ESPN America

### N4

**Endursýnt efni frá liðinni viku.**

### BBC entertainment

**06.30** EastEnders **07.00** ‚Allo ‚Allo! **08.10** Keeping Up Appearances **09.10** Fawlty Towers **09.45** Fawlty Towers **10.55** My Family **12.00** My Family **12.30** My Family **13.00** QI **13.30** QI **14.00** QI **14.30** QI **15.05** QI **15.35** QI **16.05** QI **16.35** My Family **17.05** Doctor Who **18.20** Doctor Who Confidential **19.15** Strictly Come Dancing **20.30** Strictly Come Dancing **21.15** Hustle **22.10** PAs **23.05** The Whistleblowers **23.55** Deal or No Deal **04.35** My Family **05.10** ‚Allo ‚Allo! **05.45** Keeping Up Appearances

### DR 1

**09.25** Ramasjang Mix **09.50** Aaron Stone **10.15** Splint & Co **10.40** Troldspejlet **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Tidens tegn **11.55** Sign up **12.10** Jamie Olivers Amerika **13.10** Året med den svenske kongefamilie 2011 **14.10** Ved du hvem du er? **15.10** X Factor **16.10** X Factor Afgørelsen **16.40** Før søndagen **16.50** Sporløs **17.20** Held og Lotto **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt **18.05** Limbo 1+2 **19.00** Krummerne **20.30** Wallander - Arven **22.00** Rocky Balboa **23.40** Stor opstandelse

### NRK 1

**06.40** Norge rundt **07.05** Popstokk **07.55** V-cup kombinert **09.00** VM skiskyting **09.25** V-cup langrenn **10.15** V-cup alpint **11.15** VM skiskyting **12.55** V-cup langrenn **14.20** VM skiskyting **15.55** V-cup hopp **17.45** Sport i dag **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Mesternes mester **19.55** VM-kveld fra Ruhpolding **20.25** Valens Rikskringkasting **20.55** Program ikke fastsatt **22.00** Kveldsnytt **22.15** Charlie Wilson's War **23.55** Brille **00.25** Dansefot jukeboks m/chat **02.55** Valens Rikskringkasting **03.25** Popstokk

### SVT 1

**08.45** Vinterstudion **09.00** Alpint **09.45** Vinterstudion **10.00** Alpint **11.05** Vinterstudion **12.00** Alpint **12.45** Vinterstudion **13.00** Skicross **14.30** Vinterstudion **15.00** Rapport **15.05** Bröderna Reyes **16.00** Det ljuva livet i Alaska **16.50** Helgmålsringning **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.15** Go'kväll **18.00** Sverige! **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Melodifestivalen 2012 **20.30** Kommissarie Banks **22.00** Rapport **22.05** Jonathan Ross show **22.50** Bröderna Reyes **23.45** Rapport **23.50** Kniven är enda vittnet

### ÍNN

**17.00** Motoring **17.30** Eldað með Holta **18.00** Hrafnaþing **19.00** Motoring **19.30** Eldað með Holta **20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur **22.00** Tveggja manna tal **22.30** Tölvur tækni og vísindi **23.00** Fiskikóngurinn **23.30** Bubbi og Lobbi **00.00** Hrafnaþing

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



Nýtt tákn um gæði
Þetta er blómlegasta verðið á markaðinum. Settu gamla bílinn uppí nýja Fiesta á hagstæðu verði í dag.
Páskabíllinn er kominn - Ford Fiesta frá aðeins kr. 2.290.000
Komdu í kaffi og kleinur. Kynntu þér spartækni Ford.
Fiesta
Lítið er fallegt
Ford Fiesta Trend
Páskaverð frá: 2.290.000 kr.
Þetta er blómlegasta verðið á markaðinum í dag!
Fáðu nánari upplýsingar á ford.is eða hjá ráðgjöfum.
Spyrðu um framlengda verksmiðjuábyrgð í allt að 5 ár.
Settu gamla bílinn uppí Fiesta
Tökum allar tegundir bíla uppí nýja.
Komdu í Brimborg í dag
Opið 12 til 16.
Kauptu Fiesta, beinskiptan, sjálfskiptan, bensín eða dísil.
Þetta er gleðilegasta verðið á markaðinum.
Opið í dag
Komdu og skoðaðu Fiesta á milli kl. 12 og 16 Bíldshöfða 6.
Settu gamla bílinn uppí Fiesta
Tökum allar tegundir bíla uppí nýja
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | ford.is

## PERSÓNAN

*Óskar Þór Axelsson*



**Aldur:** 38 ára.
**Starf:** Kvikmyndagerðarmaður.
**Foreldrar:** Unnur Óskarsdóttir, á eftirlaunum, og Axel Einarson, sem er látinn.
**Fjölskylda:** Kvæntur Huldu Þórisdóttir. Þau eiga eitt barn og annað er á leiðinni.
**Búseta:** Seltjarnarnes.
**Stjörnumerki:** Krabbi.

Óskar Þór Axelsson er leikstjóri spennumyndarinnar Svartur á leik.

# Frumsýna myndband á Íslandi

Norska poppstjarnan Atle Pettersen og rapparinn Rex koma til Íslands í dag. Tilefnið er frumsýningarpartí á skemmtistaðnum Austur vegna myndbands sem þeir tóku upp hér á landi við lagið Amazing.

„Ég hlakka mikið til að koma aftur til Íslands. Síðast vorum við þar í tvo daga við upptökur á myndbandinu en núna höfum við aðeins meiri tíma til að skoða okkur um á Íslandi," segir Rex, sem skemmti sér vel við tökurnar í Atlantic Studios í Keflavík. „Við vorum með flottan hóp í tökuliðinu, 33 manns. Útkoman var frábær og ég er mjög ánægður með myndbandið. Það hefði ekki verið hægt að gera þetta betur." Eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá var leikstjóri Gus Ólafsson sem hefur starfað í Los Angeles. Listrænn stjórnandi var Haffi Haff.

Rex er 22 ára rappari sem er fæddur í Nígeríu en flutti ellefu ára til Noregs. „Ég hef verið í tónlistinni í sjö ár en núna er ég í fyrsta sinn að komast upp á yfirborðið. Ég hef verið mikið í neðanjarðarsenunni en núna er ég að koma til móts við stærri hlustendahóp. Það má segja að ég sé að taka stóra skrefið," segir Rex.

Spurður út í samstarfið við Pettersen, sem er mjög vinsæll í Noregi, segir hann að það hafi gengið eins og í sögu. „Það var hálfklikkað hvernig þetta byrjaði hjá okkur. Ég sendi honum skilaboð á Facebook og sagðist vera með lag sem ég vildi að hann hlustaði á. Það var fyrir ári síðan. Hann er frábær listamaður og það hefur verið gott að vinna með honum." -fb




**TIL ÍSLANDS** Rex kemur til Íslands í dag ásamt Atle Pettersen. Þeir frumsýna nýtt myndband á Austri í kvöld.








**MÖGNUÐ FRAMMISTAÐA** Damon Younger stendur sig stórkostlega sem illmennið Brúnó í kvikmyndinni Svartur á leik sem var frumsýnd í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### DAMON YOUNGER: EKKI VINSÆLL ÞEGAR ÉG ER AÐ UNDIRBÚA HLUTVERK

# Hrikalegasta illmenni íslenskrar kvikmyndasögu

„Þetta er bara vinna. Þetta er ekkert flókið," segir leikarinn Damon Younger.

Frammistaða Damons í glæpamyndinni Svartur á leik hefur vakið mikla athygli. Brúnó, persóna hans, þykir vera eitt hrikalegasta illmenni sem sést hefur í íslenskri kvikmynd og hann þykir standa sig stórkostlega í hlutverkinu.

Spurður hvernig hann bjó sig undir hlutverkið segir Damon málið einfalt. „Maður þarf bara að fara út að æfa sig. Þegar maður er að undirbúa hlutverk er maður ekki vinsælasti maðurinn í bænum. Ég á þrjá góða vini sem styðja mig í þessu og sitja með mér fram á nótt þegar ég er að æfa mig. Svo biðja þeir mig um að hætta þegar þetta er komið of langt," segir hann. „Ég er klassískt menntaður leikari þannig að þetta er allt mjög skipulagt sem ég er að gera. Þetta er eins og fótbolti, þú getur rétt ímyndað þér, menn æfa og æfa og æfa og æfa. Svo er leikurinn bara 90 mínútur."

Damon fékk hjálp úr ýmsum áttum þegar hann undirbjó hlutverkið, meðal annars frá lögreglunni og mönnum úr undirheimum Reykjavíkur. „Sérsveitarmenn komu og töluðu við mig og aðstoðuðu mig mikið. Svo þekki ég mann sem þekkir mann og hitti nokkra atvinnukrimma og fékk að fylgjast með þeim," segir hann.

Leikarinn Jóhannes Haukur tók sjálfan sig í gegn fyrir hlutverk sitt í myndinni, missti hátt í 20 kíló og styrkti sig mikið. Damon virðist einnig vera vel á sig kominn í myndinni, en hann beitti öðrum aðferðum. „Ég keypti ketilbjöllu eftir að ég sá mynd af Gunnari Nelson. Hann lemur alla, skilurðu? Skiptir engu máli hvernig þeir líta út og hvað þeir eru stórir."

Damon er íslenskur og heitir í raun Ásgeir. Hann lærði leiklist í London og vill ekki ræða nafnabreytinguna. Spurður út í viðbrögðin við frammistöðu sinni í myndinni segist hann hreinlega fara hjá sér. „Þetta er búið að vera alveg fáránlegt. Ég er mjög þakklátur fyrir það. Alltaf gaman að fá viðurkenningu á því sem maður er að gera," segir hann.

Ertu eitthvað farinn að pæla í hvað þú gerir næst?

„Ætli ég fari ekki á Stokkseyri. Að hlusta á brimið. Humarsúpa og eitthvað. Voða þægilegt að vera á Stokkseyri." atlifannar@frettabladid.is


Er matur eins og **sprengja** í maganum á þér?



**Nútíma meðhöndlun á matvælum eyðileggur ensímin í matnum því skortir flesta meltingarensím.**

**Lifestream Bowel+**
meltingarensímin tryggja betri meltingu, meiri upptöku á næringaefnum.
Lagar uppþembu og verki í maga og ristli.
Gott við Candida. Fljótvirkt.

Regluleg inntaka tryggir vellíðan.

**Inniheldur:**
Meltingarensím • HUSK trefjar
5 teg acidofilusgerla • Inulin FOS
probiotic og prebiotics.

Fæst: Apótekum, heilsubúðum, Krónunni og Nettó.




**Bragðgott, 2 tsk á dag**

lifestream
lífræn bætiefni fyrir alla - heilsa til framtíðar


# Rákust á Galliano á tískuvikunni

„Hann var bara ósköp venjulegur með yfirvaraskeggið sitt," segir fatahönnunarneminn Guðrún Helga Kristjánsdóttir um fatahönnuðinn fræga John Galliano sem hún rakst á á tískuvikunni í París.

Vinkonurnar Guðrún Helga og Rakel Jónsdóttir eru staddar í hringiðu tískunnar á tískuvikunni í París en báðar stunda þær nám í fatahönnun hjá Listaháskóla Íslands. Nemendum gefst kostur á að fara í starfsnám í fimm vikur til Parísar og fer dvölinni senn að ljúka hjá stöllunum en báðar hafa þær verið að vinna hjá markaðssetningarfyrirtækinu Totem sem sér um markaðsmál og skipuleggur tískusýningar fyrir fatahönnuði í París.

„Stemningin er mjög skemmtileg í París núna. Hér eru tískubloggarar með myndavélar á lofti hvert sem maður lítur. Maður verður var við margar skemmtilegar týpur út um allt," segir Guðrún Helga og bætir við að þær hafi nú rekist á nokkur þekkt andlit úr tískuheiminum eins og Zandra Rhodes, Bernhard Vilhelm og John Galliano.

John Galliano var einmitt rekinn frá tískuhúsinu Dior í fyrra er hann gerðist sekur um að fara með niðrandi ummæli í garð gyðinga á bar í París, en það var einmitt fyrir utan þann bar sem stúlkurnar rákust á kappann. „Hann var ekki eins flottur og við héldum að hann mundi vera.Hann er samt alltaf svalur."



**ÖÐLAST REYNSLU Í PARÍS** Fatahönnunarnemarnir Guðrún Helga Kristjánsdóttir og Rakel Jónsdóttir koma með tilboð frá tískufrömuðinum Manish Arora heim frá tískuvikunni í París. MYND/ELÍSABETGUNNARS

Stúlkurnar eru í skýjunum með dvöl sína í París og hafa meðal annars unnið fyrir hönnuðinn Manish Arora sem hreifst af vinnu stúlknanna. „Það var mikill heiður að vinna með þessum tískufrömuði og hann bauð okkur að koma til sín í starfsþjálfun til Indlands. Hver veit nema maður skelli sér?" - áp

# Opnaðu **heimilið** fyrir hönnun

vitra.

HJÁ PENNANUM GENGUR ÞÚ AÐ GÆÐUNUM VÍSUM OG FÆRÐ GLÆSILEGAR VÖRUR FRÁ HEIMSÞEKKTUM HÖNNUÐUM.



**Polder sófi**
Hönnuður: Hella Jongerius



**Hang it all special edition**
Hönnuðir: Ray og Charles Eames

ENNEMM / SÍA / NM34792

**NÝJAR VÖRUR**



**HAL stóll**
Hönnuður: Jasper Morrison



**Eames Lounge**
Hönnuðir: Ray og Charles Eames



**Eames kollar**
Hönnuðir: Ray og Charles Eames



**Vitra Toolbox**
Hönnuður: Arik Levy



**Nelson bekkur**
Hönnuður: George Nelson






Verið velkomin í nýja húsgagnaverslun Pennans í Skeifunni
Glæsilegur sýningarsalur

Penninn
Með þér í vinnunni

Penninn húsgögn | Grensásvegi 11 – Gengið inn frá Skeifunni | Opið virka daga kl. 8-18 og laugardaga kl. 11-15 | sími 540 2330 | www.penninn.is

